

2018



Destination Management Plan

Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Okkar áfangastaður



Markaðsstofa
Norðurlands
NORDURLAND.IS

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa frá árinu 2016 staðið sameiginlega að gerð áfangastaðaaætlana fyrir alla landshluta í samvinnu við Markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðarinnar á sínum svæðum.

Áfangastaðaaætlun Norðurlands var unnin af Markaðsstofu Norðurlands fyrir Ferðamálastofu.

ÖNNUR ÚTGÁFA



Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Okkar áfangastaður

Efnisyfirlit

1. Samantekt	X
1.1. Aðferðafræði DMP	X
1.2. Ávinningur fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi	X
1.3. Hverjir eru hagsmunaaðilar?	X
1.4. Markaðssvæði sem heimsækja Norðurland	XI
1.5. Greining á viðskiptavinum	XI
1.6. Markaðsáherslur Norðurlands	XI
1.7. Upplifun gestsins	XIV
1.8. Framtíðarsýn og meginmarkmið	XV
1.9. Aðferðafræði forgangsörðunar DMP verkefna	XV
1.10. Forgangsverkefni DMP	XVI
2. Áfangastaðaaætlanir	17
2.1. Hlutverk og gildi áfangastaðaaætlana	17
2.1.1. Tækifæri og áskoranir	17
2.1.2. Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð	17
2.1.3. Hvað eru áfangastaðaaætlanir?	17
2.2. Svæði áfangastaðaaætlunar Norðurlands	18
2.3. Skipurit áfangastaðaaætlunar DMP á Norðurlandi	19
2.4. Uppbygging og framkvæmd áætlanagerðar á svæðinu	20
2.5. Gagnaöflun	20
2.6. Takmarkanir	20
3. Stöðugreining	21
3.1. Staða ferðapjónustu á Norðurlandi	21
3.1.1. Almenn lýsing á Norðurlandi	22
3.1.1.1 Sveitarfélög	22
3.1.2. Vöruframboð á svæðinu	31
3.1.3. Aðgengi inná svæðið	35
3.1.4. Menntunarstig svæðisins	35
3.1.5. Markaðssetning á Norðurlandi	36
3.1.6. Viðurkenningar	37
3.2. Markaðsgreining	38
3.2.1. Markhópar	38
3.2.2. Markaðssvæði	39
3.2.3. Greining á viðskiptavinum	44
3.3. Ímynd staðar og markaðssérstaða	45
3.3.1. Upplifun gestsins (jákvætt / neikvætt)	45
3.3.2. Staðarímynd	47
3.3.3. Markaðsáherslur	49

3.3.4. Framtíðarverkefni í að styrkja markaðsáherslur	52
3.3.5. Samkeppnisgreining	54
3.4. Mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins	54
3.4.1. Ferðamannatölur fyrir Norðurland	54
3.4.2. Fjöldi gistinguáttanna per ár	59
3.4.3. Hversu mikið eyða gestir á ári	62
3.4.4. Stöðugildi / jafnvægi í störfum	62
3.4.5. Aðrir hagsmunaaðilar ferðapjónustu.....	63
3.5. Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæði.....	63
3.5.1 Kortlagning hagsmunaaðila og hlutverk þeirra	68
3.6. Stefnumótun og markaðsmál.....	69
3.6.1. Áætlanir á landsvísi	69
3.6.2. Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi.....	69
3.6.3. Ferðamálasamtök og ferðamálafélög	72
3.6.4. Markaðsmál.....	72
3.7. SVÓT-greining	74
3.7.1. Styrkleikar	74
3.7.2. Veikleikar	74
3.7.3. Tækifæri.....	75
3.7.4. Ógnir.....	75
3.8. PESTEL greining.....	76
3.8.1. Pólítíska umhverfið	76
3.8.2. Samfélagslega umhverfið:.....	76
3.8.3. Efnahagslega umhverfið	76
3.8.4. Tæknilega umhverfið	77
3.8.5. Lagalega umhverfið	78
3.8.6. Náttúra og umhverfi.....	78
3.9. GAP-greining	78
3.10. Helstu áskoranir.....	80
3.10.1. Árstíðarsveiflur	80
3.10.2. Húsnæðisskortur.....	81
3.10.3. Stjórnun dýralífstengdrar ferðapjónustu.....	81
3.10.4. Umhverfismál	82
3.10.5. Almennaréttur	84
3.10.6. Áskoranir vegna aðstöðumunar NV og NE	84
4. Framtíðarmarkmið	89
4.1. Framtíðarsýn - meginmarkmið.....	89
4.1.1. Stefnuáherslur Norðurlands	89
4.1.2. Priggja ára áætlun Norðurlands	92

4.2. Tengsl við aðra áætlunargerð	93
4.2.1. Áætlanagerð á landsvísu	93
4.2.2. Áætlanagerð á umdæmissvæði	94
4.2.3. Staðbundin áætlanagerð	95
4.3. Starfsmarkmið	95
5. Stefna og aðgerðaáætlun.....	96
5.1. Hvernig ferðaþjónustu viljum við	96
5.2. Helstu markaðir	96
5.3. Möguleikar svæðisins	97
5.3.1. Samgöngur.....	97
5.3.2. Sérhæfðari ferðir.....	97
5.3.3. Upplýsingar	97
5.4. Lágmarkun neikvæðra áhrifa	97
5.4.1. Umferð	97
5.4.2. Skemmtiferðaskip.....	98
5.4.3. Of mikið af ferðamönnum?	98
5.4.4. Samdráttur í fjölda ferðamanna	98
5.5. Aðgerðaáætlun	98
5.5.1. Forgangsverkefni áfangastaðaráætlunar Norðurlands	99
5.5.2. Upplýsingar um önnur verkefni	108
6. Mælikvarðar	111
7. Kostnaður, mannafla og úrræði	112
7.2. Almennt um kostnað, mannafla og úrræði	112
7.3. Forgangsverkefni áfangastaðaráætlunar DMP	112
7.3.1 Samgönguverkefni:.....	112
7.3.2 Innviðaverkefni:.....	112
Heimildaskrá.....	113
Viðauki 1	119
Viðauki 2.....	128
Viðauki 3.....	130

Myndayfirlit

Mynd 1 Umdæmissvæði Markaðsstofu Norðurlands	18
Mynd 2 Skipurit áfangastaðaáætlunar DMP á Norðurlandi.....	19
Mynd 3 Skipting Norðurlands í fjögur vinnusvæði.....	20
Mynd 4 Svæðaskipting ferðaþjónustunnar - Norðurland	20
Mynd 5 Skipting gististaða eftir gistileyfum	31
Mynd 6 Skipting veitingastaða eftir leyfum	32
Mynd 7 Ferðaskrifstofur á Norðurlandi	32
Mynd 8 Ferðakipuleggjendur á Norðurlandi.....	33
Mynd 9 Aðgönguleiðir inn á Norðurland.....	35
Mynd 10 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára - N1	40
Mynd 11 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára - N2	41
Mynd 12 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára - N3	42
Mynd 13 Meðalútgjöld ferðamanna og í hvað þeir eyða	45
Mynd 14 Ferðamenn eru að stærstum hluta ánægðir með dvöl sína á Norðurlandi	46
Mynd 15 Jákvæð og neikvæð upplifun ferðamanna á Norðurlandi	47
Mynd 16 Lífsferill áfangastaðar	49
Mynd 17 Staða markaðsáherslna Norðurlands innan lífsferils áfangastaða	50
Mynd 18 Skipting Norðurland í fjögur vinnusvæði.....	55
Mynd 19 Fjöldi erlendra gesta á Norðurlandi eftir svæðum	56
Mynd 20 - Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum	56
Mynd 21 - Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum	57
Mynd 22 - Erlendir ferðamenn í Skagafirði.....	57
Mynd 23 - Erlendir ferðamenn í Eyjafirði	58
Mynd 24- Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum	58
Mynd 25 - Allar gistinætur á Norðurlandi og Íslandi í heild	59
Mynd 26 - Nýting herbergja á Norðurlandi og Íslandi í heild	59
Mynd 27 Gistinætur á Norðurlandi í heild og eftir svæðum.....	60
Mynd 28 Hlutfallsleg skipting gistinátta á Norðurlandi eftir svæðum	61
Mynd 29 Fjöldi gistinátta á Norðurlandi eftir mánuðum	61
Mynd 30 Skipting gistinátta á tímabil	61
Mynd 31 Innlendar og erlendar gistinætur eftir tímabilum	62
Mynd 32 Stöðugildi í ferðaþjónustu á Norðurlandi	62
Mynd 33 Viðhorf til fjölda ferðamanna á sumrin	64
Mynd 34 Viðhorf til fjölda ferðamanna á veturna.....	64
Mynd 35 Neikvæð áhrif ferðaþjónustu	66
Mynd 36 Kortlagning hagsmunaaðila MN	68
Mynd 37 Lífsferill áfangastaðar	77

Mynd 38 GAP - greining	79
Mynd 39 Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta sumarið 2016.....	80
Mynd 40 Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta vetur 2015- 2016	80
Mynd 41 Umhverfiskerfi Vakans	83
Mynd 42 Framtíðarsýn og meginmarkmið.....	89
Mynd 43 Áætlanagerð á landsvísu	94
Mynd 44 Starfsmarkmið	95
Mynd 45 Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands.....	99

Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúápróun á Norðurlandi borið saman við Ísland í heild	21
Tafla 2 Fjöldi ferðamanna á Norðurlandi borið saman við íbúafjölda.....	22
Tafla 3 Menntunarstig á Norðurlandi árið 2014	36
Tafla 4 Skipting Norðurlands niður í þrjú svæði eftir póstnúmerum.....	39
Tafla 5 Gistinætur - Svæði N1 skipt eftir markaðssvæðum	40
Tafla 6 Skipting gistingu á svæði N2 eftir markaðssvæðum	41
Tafla 7 Skipting gistingu á svæði N3 eftir markaðssvæðum	42
Tafla 8 Gistinætur á Norðurlandi - skipt eftir markaðssvæðum	43
Tafla 9 Gistinætur á Norðurlandi- skipt eftir vetrartímabilum og markaðssvæðum	43
Tafla 10 Áfangastaðaeinkenni	49
Tafla 11 Áfangastaðaeinkenni markaðsáherslna Norðurlands	50
Tafla 12 Fjöldi erlendra gesta á Íslandi og Norðurlandi	54
Tafla 13 Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.....	70
Tafla 14 Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.....	71
Tafla 15 SVÓT - greining.....	74

1. Samantekt

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg viljayfirlýsing um hvernig stýra skuli áfangastað yfir ákveðið tímabil. Hlutverk mismunandi hagaðila eru skilgreind, aðgerðaáætlun sett fram og farið yfir hvernig auðlindum skuli ráðstafað. Áfangastaðaáætlun er besta tækifærið fyrir íbúa og hagaðila áfangastaðar til að gera framtíðaráætlun svo að laða megi þá ferðapjónustu sem þeir vilja inn á svæðið, og til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í áætlanagerðinni er horft á ferðapjónustu út frá víðu sjónarhorni og tillit tekið til margra ólíkra hagaðila við þróun áfangastaðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi þar á milli, og fullnægja þörfum þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaáætlunir gera íbúum kleift að ákveða hvernig áhrif þeir vilja að ferðapjónusta hafi á nánasta umhverfi, efnahag og samfélag og hvaða skref skuli taka að því marki. Sóst var eftir þátttöku allra hagaðila við áætlunargerðina:

- **20** fundir með bæjar- og sveitarstjórnendum.
- **22** ferðamálafulltrúar boðaðir á kynningarfundir og **68** innsend verkefni.
- **43** heimsóknir í ferðapjónustufyrirtæki.
- **130** manns komu á **5** svæðisfundi.
- **5** stýrihópsfundir með stýrihópi Áfangastaðaáætlunar Norðurlands.
- **43** manns mættu á **8** opna viðtalsfundi.
- **960** netföng fengu stöðuskýrsluna „Okkar áfangastaður“.

1.1. Aðferðafræði DMP

Þann 23. mars 2017 gengu Markaðsstofa Norðurlands og Ferðamálastofa frá samningi um áfangastaðaáætlun fyrir Norðurland. Verkefninu var ætlað að skipuleggja og samhæfa þróun og stýringu á öllum þeim þáttum sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi áfangastað, þ.m.t. þörfum gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Verkefnið er eitt af sjö áhersluatriðum Vegvísis ferðapjónustunnar.

1.2. Ávinningur fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi


Markmiðið með verkefninu er að búa til stöðumat á ferðapjónustu á Norðurlandi. Meðal annars er gerð ástandsgreining á stöðu ferðapjónustu út frá innviðum og markaðssetningu, búin er til forgangsrdöun verkefna fyrir svæðið og skert á framtíðarmarkmiðum Norðurlands í ferðapjónustu. Grunnmarkmið þessarar vinnu er að allir hagsmunaaðilar á svæðinu sjái Norðurland sem eina heild og vinni sameiginlega til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

1.3. Hverjir eru hagsmunaaðilar?

Aðalhagsmunaaðilar verkefnisins eru ferðapjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi. Aðrir hagsmunaaðilar eru þeir sem hafa beint eða óbeint hag af ferðapjónustu á viðkomandi svæði, en ferðapjónusta hefur áhrif þvert á atvinnugreinar, eins og þekkt er.

Norðurlandi var skipt upp í fjögur vinnusvæði sem eru eftirfarandi:


Norðurlandi skipt upp í fjögur vinnusvæði



1.4. Markaðssvæði sem heimsækja Norðurland


Árið 2016 var Þýskaland stærst, en þar hafði orðið 11% aukning milli ára, meðan það var 46% aukning á Bandaríkjamönnum á sama tímabili, sem er næststærsta markaðssvæðið. Mest aukning var á fjölda gesta frá Kína en árið 2011 voru Kínverjar með 847 gistinætur á svæðinu en árið 2016 voru þeir með 22.938 gistinætur. Breyting varð á þriðja stærsta markaðssvæðinu en Frakkland jókst um 12% á milli 2015 og 2016, meðan Bretland minnkaði um 8% á sama tímabili.

Gistinætur á Norðurlandi



1.5. Greining á viðskiptavinum

Í skýrslunni er skoðað hver meðalútgjöld ferðafólks á þremur skilgreindum svæðum. Kom í ljós að þau voru 9.169 krónur á sólarhring (á verðlagi ársins 2015) og var mismunandi eftir svæðum hvar útgjöldin voru hæst; í gistingu, afþreyingu eða vegna veitinga.



1.6. Markaðsáherslur Norðurlands

Markaðsáherslur

Náttúru-, ævintýra- og vistvæn ferðapjónusta • Vetrarferðamennska • Saga, menning og listir

Markaðsáherslur Norðurlands má draga saman í þrjá flokka sem eru:

- Náttúru-, ævintýra- og vistvæn ferðapjónusta
- Vetrarferðamennska
- Saga, menning og listir

Með því að skipta þessu upp í áherslur var hægt að meta stöðu hverrar áherslu fyrir sig og þannig greina hvar sóknarfærin liggja. Á svæðisfundum var leitast við að svara: (i) hver sérstaða svæðis væri, (ii) hvað vantar og (iii) hver skilaboð svæðisins ættu að vera.

Náttúra-, ævintýra og vistvæn ferðapjónusta Sérstaða



Náttúra-, ævintýra og vistvæn ferðapjónusta

Hvað vantar



Náttúra-, ævintýra og vistvæn ferðapjónusta Skilaboð



Vetrarferðamennska Sérstaða



Vetrarferðamennska

Hvað vantar



Vetrarferðamennska Skilaboð



1.7. Upplifun gestsins

Árið 2015, var unnið að rannsóknum varðandi ferðavenjur á Norðurlandi á þremur mismunandi stöðum; Húsavík, Mývatnssveit og Siglufirði. Þar kom fram að langstærsti hluti ferðamanna er ánægður eða mjög ánægður (96%) með dvöl sína á hverju svæði fyrir sig.

Ánægja erlendra ferðamanna á Norðurlandi



Það sem greinir Norðurland frá öðrum landshlutum er; jarðfræðin, jarðhitaböð, aðrar náttúrulegar ásamt gönguferðum og dýralífi. Auk þess er afþreying því tengd, svo sem norðurljósin, ásamt mannlífinu, menningu og sögu svæðisins.

Ánægja erlendra ferðamanna á Norðurlandi



Neikvæð upplifun ferðafólks á Norðurlandi beinist að þáttum eins og of háu verðlagi, upplýsingaskorti, skorti á vegmerk-ingum og almenn-ingssalum ásamt of mikilli markaðssetningu (e. *commercial*) á svæðinu. Sú niðurstaða tónar vel við niðurstöðu Ferðamálastofu varðandi það sem ferðafolk telur að megi bæta í ferðaþjónustu á Íslandi í heild. Helstu atriði rannsóknar Ferðamálastofu voru úrbætur á vegamerkingum, of hátt verðlag, ástand vega, skortur á almenningsaleum ásamt því að vetrarferðafolk taldi að takmarka þyrfti fjölda ferðafólks.

1.8. Framtíðarsýn og meginmarkmið

Á Norðurlandi er unnið eftir **framtíðarsýn** sem var mótuð með hliðsjón af mikilvægi þeirra verkefna sem hagsmunaaðilar vinna að á svæðinu. Í þeirri framtíðarsýn kemur fram hvað Norðurland hefur mikið uppá að bjóða, fjölbreytta náttúru og margvíslega afþreyingu sem er forsenda þess að fá fleiri ferðamenn á svæðið.

Framtíðarsýn Norðurlands



Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði.

Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðaþjónustu **allt árið** sem tryggi uppbyggingu **innviða**, greiðar **samgöngur**, fleiri **heilsársstörf** og meiri **framlegð** í greininni.

Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætunarflug hefjist til Norðurlands.

1.9. Aðferðafræði forgangsroðunar DMP verkefna

Í áfangastaðaaætlun DMP Norðurlandi er óskað eftir forgangsroðun verkefna á svæðinu. Það er svo í höndum stjórnvalda hvernig þessi forgangslisti verður notaður á næstu þremur árum.

Markaðsstofa Norðurlands ákvað að fara leið þar sem allir gætu tekið þátt í ferlinu og lagði áherslu á að aðalhagsmunaaðilar verkefnisins myndu ákveða forgangsroðunina.

Í upphafi þessa ferlis var haldinn kynningarfundur með ferðamálafulltrúum og formönnum ferðamálasamtaka á svæðinu. Þar var kynnt hvernig forgangsroðun verkefna yrði unnin. Síðan var sendur póstur á alla ferðamálafulltrúa, formenn ferðamálasamtaka og sveitarstjóra, þar sem óskað var eftir að þeir skiluðu inn Topp 5 lista yfir þau verkefni sem þeir telja mikilvægast fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á þeirra svæði. Með því væri tryggt að niðurstöður stefnumótunar sveitarfélaga gætu komist á forgangslista. Auk þess hefðu hagsmunaaðilar á svæðinu tækifæri til að koma verkefnum á framfæri. Í framhaldi var kynnt að endanleg forgangsroðun yrði ákveðin á svæðisfundum sem haldnir yrðu inná hverju svæði fyrir sig, þar sem fundurinn myndi taka þá ákvörðun.

Mögulegur fjöldi verkefna




115 verkefni



68 verkefni bárust

1.10. Forgangsverkefni DMP

Forgangsörðun verkefna



2. Áfangastaðaaætlunir

Hér verður lýst hlutverki áfangastaðaaætlunar og hvernig sú vinna fór fram á Norðurlandi.

2.1. Hlutverk og gildi áfangastaðaaætlana

Þessi kafli er skrifaður af Ferðamálastofu og birtur í öllum áfangastaðaaætlunum á landsvísu.

2.1.1. Tækifæri og áskoranir

Ferðapjónusta er grein sem hefur vaxið hratt undanfarin ár, ekki síst á Íslandi. Ef henni er rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt.

Einn helsti ábati ferðapjónustu eru gjaldeyristekjur, þá sérstaklega í dreifbýli þar sem mikil árstíðarsveifla er hvað varðar atvinnutækifæri og innkomu. Þar geta gjaldeyristekjur vegna ferðapjónustu skapað mikil tækifæri þar sem aðrir atvinnuvegir geta það ekki. Auk þess getur ferðapjónusta skapað velmegun í samfélögum og haldið uppi eftirspurn eftir þekkingu og menntun sem leiðir af sér betur launuð störf. Þá blæs hún oft lífi í menningu og listalíf svæða og eykur framboð ýmissar þjónustu sem bætir lífsgæði íbúa.

Samfara aukningu ferðamanna eykst þörfin á að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðapjónustu og tryggja að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélaganna. Sérstaklega þarf að huga að því að með auknum áhrifum samfélagsmiðla eykst hættan á umhverfisskaða á svæðum sem eru ekki búin undir skyndilega aukningu í ásókn en fá óvænta umfjöllun. Þá getur mikil ásókn reynt á þolrif heimamanna og haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

2.1.2. Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð

Möguleg jákvæð og neikvæð áhrif ferðapjónustu, sem reifuð eru í þessari skýrslu undirstrika mikilvægi þess að ferðapjónusta sé þróuð, og henni stýrt, á ábyrgan hátt svo jákvæð áhrif séu háværkuð.

Ferðapjónusta tengist fjölmörgum ólíkum atvinnugreinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun. Áfangastaðaaætlunir eru heildstæðar áætlunir um ferðapjónustu sem taka til allra þátta sem snerta þróun ferðapjónustu áfangastaðarins. Markmið þeirra er að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu sem skilar hámarks hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Mikilvægt er að þær að séu samræmdar við aðrar áætlunir hins opinbera.

2.1.3. Hvað eru áfangastaðaaætlunir?

Áfangastaðaaætlun er sameiginleg yfirlýsing um hvernig stýra skuli áfangastað yfir ákveðið tímabil, hlutverk mismunandi hagsmunaaðila eru skilgreind, aðgerðaaætlun sett fram og farið yfir hvernig auðindum/björgum (e. resources) skal skipt. Áfangastaðaaætlun er besta tækifærið fyrir íbúa og hagsmunaaðila áfangastaðar til að gera framtíðaráætlun svo að laða megir þá ferðapjónustu sem þeir vilja inn á svæðið, og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.


Í áfangastaðaaætlanagerð er horft á ferðapjónustu út frá víðu sjónarhorni og tekið tillit til margra ólíkra hagsmunaaðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun áfangastaðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli, og fullnægja þörfum, þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaaætlunir gera íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðapjónusta hafi áhrif á nánasta efnahag og samfélag og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Það er mikilvægt að hafa það hugfast að áfangastaðaaætlun er lifandi skjal sem ætti að vera uppfært og endurskoðað reglulega.

2.2. Svæði áfangastaðaáætlunar Norðurlands

Áfangastaðaáætlun Norðurlands nær yfir stærsta svæðið á Íslandi sem tekið er fyrir í áfangastaðaáætlunum landshlutanna. Umdæmissvæði þess er meira en einn þriðji af landinu og því mikill munur á stöðu ferðaþjónustu innan þessa skilgreinda svæðis. Svæðið markast af starfssvæði Markaðsstofu Norðurlands (MN). Verkefnið er hugsað til þriggja ára.


Norðurlandi skipt upp í fjögur vinnusvæði



Mynd 1 Umdæmissvæði Markaðsstofu Norðurlands

2.3. Skipurit áfangastaðaaætlunar DMP á Norðurlandi

Hér fyrir neðan er skipurit áfangastaðaaætlunar DMP á Norðurlandi.




Mynd 2 Skipurit áfangastaðaaætlunar DMP á Norðurlandi

2.4. Uppbygging og framkvæmd áætlanargerðar á svæðinu

Í upphafi verkefnisins var leitast við að kynna verkefnið sem víðast. Stýrihópur verkefnisins ákvað að skipta áfangastaðnum upp í fjögur vinnusvæði og voru þau ákvörðuð út frá stöðu þeirra í ferðaþjónustu, auk landfræðlegrar legu. Verkefnastjóri boðaði fyrst fundi með sveitar- og bæjarstjórum í öllum 20 sveitarfélögum Norðurlands. Auk þess voru ferðamálafulltrúar á Norðurlandi boðaðir á sérstakan kynningarfund. Í kjölfarið voru haldnir opnir fundir þar sem hagsmunaaðilum á svæðinu og íbúum var boðið, bæði með markpósti og opinni auglýsingu í staðarblöðum, auk kynningar á vefsíðu Markaðsstofu Norðurlands (MN) og á samfélagsmiðlum. Á þeim fundum voru forgangsverkefni ákveðin og umræður um markaðsáherslur Norðurlands, sem MN hefur unnið eftir undanfarin ár, fóru fram. Um 130 manns mættu á fundina. Gefin var út stöðuskýrsla og hún send á ofangreindan hóp ásamt fleiri hagsmunaaðilum í byrjun árs 2018. Í framhaldinu var áhugasömum hagsmunaaðilum boðið að hitta forsvarsfólk Markaðsstofu Norðurlands á fundi til að ræða framvinduna. Einnig var stýrihópur boðaður á vinnufundi til að aðstoða við ýmiss konar greiningar sem þurfti að gera á svæðinu.

Norðurlandi skipt upp í fjögur vinnusvæði



Mynd 3 Skipting Norðurlands í fjögur vinnusvæði

2.5. Gagnaöflun


Mikill tími hefur farið í gagnaöflun í verkefninu og reynt var að fá gögn sem geta gefið upplýsingar um stöðu Norðurlands sem áfangastaðar. Við gagnaöflun voru Mælaborð ferðaþjónustunnar og Hagstofa Íslands helstu upplýsingaveiturnar en einnig var leitað í smiðju Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (RMF), Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar (RRF) og annara rannsóknaraðila ferðaþjónustunnar. Mikill skortur er á áreiðanlegum gögnum um Norðurland og er því tekið saman hvaða gögn vantar í hverjum kafla svo hægt sé að fá skýrari mynd af stöðu áfangastaðarins.

2.6. Takmarkanir

Helstu takmarkanir í ferlinu hafa verið stærð svæðis en eins og sést á myndinni er skilgreint svæði áfangastaðaaætlunar Norðurlands um 1/3 af landinu öllu. Það þýðir að við erum með gríðarlega mismunandi þarfir aðila innan svæðis, sem gera verkefnið flóknara. Auk þess er fjöldi lykilhagsmunaaðila í verkefninu mikill, en það eru 20 sveitarfélög og nokkur hundruð ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Í ljósi þessa, er það mjög umfangsmikið og tímafrekt að tryggja samskipti við hagsmunaaðila á svæðinu.

Mikill skortur á gögnum og rannsóknum þar sem áfangastaðurinn er tekinn fyrir gerir það að verkum að marga þætti áfangastaðaaætlunarinnar er ekki að hægt að vinna sem skyldi. Í skýrslunni kemur það fram í hverjum kafla fyrir sig.

Að endingu var tímarammi þessa verkefnis, eitt ár, of stuttur til að raunhæft væri að ná góðu heildstæðu mati á áfangastaðnum Norðurlandi. Verkefnið gefur þó ágætt stöðumat sem byggir undir áframhaldandi þróun.



Mynd 4 Svæðaskipting ferðaþjónustunnar - Norðurland


3. Stöðugreining

Í greiningu á eiginleikum áfangastaðar verður farið yfir helstu þætti, til að mynda stöðu ferðapjónustunnar á svæðinu, markaðsgreiningu, ímynd staðarins, mat á framlagi ferðapjónustu, mat á áhrifum ferðapjónustu, stefnumótun, SVÓT-greiningu, PESTEL-greiningu, GAP-greiningu og helstu áskoranir.

3.1. Staða ferðapjónustu á Norðurlandi

Íbúum á Norðurlandi hefur fjölgað um 1% frá árinu 2011, á meðan að íbúafjöldi hefur aukist um 6% á landsvísu á sama tíma.¹ Í dag eru íbúar um 36.400 talsins og telst það vera 1,3 manneskja fyrir hvern ferkílómetra. Þó verður að athuga að fjölgunin fellur til á austurhluta svæðisins en fækkun er á vestari hlutanum. Norðurland hefur ekki farið varhluta af brottflutningi kvenna frekar en önnur svæði á landsbyggðinni en rannsóknir sýna að strax á unglingsaldri stefna stelpur frekar á brottflutning en strákar.²

Íbúar á Norðurlandi borið saman við Ísland í heild




Tafla 1 Íbúapróun á Norðurlandi borið saman við Ísland í heild

Sé þróun íbúafjölda borin saman við þróun á ferðamannafjölda á Norðurlandi má sjá að fjölgun ferðamanna helst í hönd við jákvæða íbúapróun.

¹ Hagstofa Íslands. *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018* [tafla]. Tekið af <http://hagstofa.is/>. Sótt 16. apríl 2018

² Byggdastofnun. *Stöðugreining 2017 -Bygðapróun á Íslandi -Apríl 2017*. Tekið af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>. Sótt 16. apríl 2018

Ferðamenn á Norðurlandi borið saman við íbúa svæðisins



Tafla 2 Fjöldi ferðamanna á Norðurlandi borið saman við íbúafjölda.³

3.1.1. Almenn lýsing á Norðurlandi

Norðurland er víðfeðmt og margbreytilegt, bæði hvað varðar samfélag og náttúru. Svæðið nær frá Hrítafirði í vestri að Bakkaflóa í austri. Á svæðinu eru 20 sveitarfélög, þrjú atvinnuþróunarfélög, tvö landshlutasamtök og ein markaðsstofa. Á svæðinu eru þrjú virk verkefni í Brot-hættum byggðum af átta verkefnum á landinu öllu, en því verkefni var hrint af stað af Bygðastofnun árið 2012 til að sporna við fólksfækkun á fámennum stöðum. Þeir staðir eru Öxarfjörður, Grímsey og Hrísey. Einn verkefni lauk í árslok 2017 og var það líka á Norðausturlandi.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er á Norðurlandi og liggur vestan Jökulsár á Fjöllum, frá Dettifossi í suðri og norður að Þjóðvegi 85, um 30 km vegalengd og er svæðið um 120 ferkílómetrar. Hann er í dag hluti af Vatnajökulsþjóðgarði sem var stofnaður árið 2008 og nær yfir um 14% af flatarmáli Íslands eða 14.141 ferkílómetra en norðursvæði þjóðgarðsins nær einnig yfir Ódáðahraun og Krepputungu. Jökulsárgljúfur eru ein stærstu og hrikalegustu árgljúfur á Íslandi og umhverfi þeirra er einstakt. Dettifoss, aflmesti foss Evrópu, er í Jökulsárgljúfrum svo og Ásbyrgi sem bæði eru seglar á Norðurlandi. Í Ásbyrgi er hægt að tjalda, ganga um svæðið, og þar er einnig upplýsingamiðstöð, sem heitir Gljúfrastofa.⁴

3.1.1.1 Sveitarfélög

Húnaþing vestra

Sveitarfélagið Húnaþing vestra var stofnað 7. júní árið 1998 við sameiningu allra hinna sjö gömlu hreppa Vestur-Húnavatnssýslu. Hinn 1. janúar 2012 sameinaðist sveitarfélaginu Bæjarhreppur í Strandasýslu. Helsti þéttbýlisstaður sveitarfélagsins er Hvammstangi en minni þéttbýliskjarnar eru einnig á Laugabakka, Reykjum í Hrítafirði og á Borðeyri.⁵ Sveitarfélagið er landmikið, eða 2.506 km² að flatarmáli.⁶ Íbúar voru 1.193 þann 1. janúar 2018, þar af 580 karlar og 613 konur.⁷ Búa 564 þeirra á Hvammstanga, 47 á Laugarbakka og 30 á Borðeyri.⁸

- Bygðastofnun.is. 2018. Tekið af <https://www.bygdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016.pdf>. Sótt 17. nóvember, 2017. og Northiceland.is. 2018. Tekið af: https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir_ferdamenn_a_nordurlandi_2010_2016.pdf. Sótt 17. nóvember, 2017. og Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir_sveitarfelag/MAN02001.px. Sótt 17. nóvember, 2017.
- Um Jökulsárgljúfur | Vatnajökulsþjóðgarður. Vatnajökulsþjóðgarður. 2018. Tekið af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/jokulsargljufur/natturur-ulkun-og-fraedsia/um-jokulsargljufur>. Sótt 13. febrúar 2018
- Húnaþing. Tekið af <http://www.visithunathing.is/is/hunathing-vestra/sveitarfelagid-hunathing-vestra>. Sótt 3. október 2017
- Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp> Sótt 3. október 2017
- Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir_sveitarfelag/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018
- Markaðsstofa Norðurlands. North Iceland, The official Tourist Guide. Sótt af <https://www.northiceland.is/static/files/Baeklingar/north-iceland-official-tourist-guide-2017-2018.pdf> þann 26. apríl 2018

Rótgrónasta ferðapjónusta í sveitarfélaginu er án vafa sú er tengist stangveiði, enda má þar finna sumar af allra eftirsóttustu ám landsins. Að öðru leyti hefur ferðapjónustan á svæðinu mestmegnis verið byggð á hesta- og gönguferðamarkaði, en hefur vaxið kröftuglega á síðustu árum, og er nú orðin mikilvæg stoð í atvinnulífi sveitarfélagsins. Til að mynda hafa bæst við yfir 100 gistisherbergi á síðustu tveimur árum, veitingastaður hefur opnað og framboð á afþreyingu aukist, þó nokkuð vanti upp á að slíkt geti talist fullnægjandi. Mikið starf er eftir óunnið í uppbyggingu göngustíga og kortlagningu þeirra, byggingu útsýnispalla og almenningssalerna, og uppbygging vegakerfis héraðsins er brýnt úrlausnarefni. Hvað ferðapjónustu í sveitarfélaginu varðar er ástand Vatnsnessvegur, nr. 711, helsti takmarkandi þáttur áframhaldandi vaxtar hennar.

Helstu seglar svæðisins eru Hvítserkur, Kolugljúfur og Borgarvirki, auk selaskoðunarstaða á Vatnsnesi.

Húnavatnshreppur

Sveitarfélagið Húnavatnshreppur varð til þegar að Svínavatns-, Bólstaðahlíðar-, Sveinsstaða-, Torfalækjar- og Áshreppur voru sameinaðir árið 2006.⁹ Sveitarfélagið nær yfir 3.822 km.²¹⁰ Þann 1. janúar 2018 voru íbúar 383 talsins og búa í dreifbýli. Konur voru 179 en karlar 204 talsins.¹¹ Deiliskipulag frá 2009 gerir ráð fyrir þéttbýli hjá Húnavöllum¹² en seinustu áratugina hefur Húnavatnshreppur glímt við mikla fólksfækkun.¹³ Vegna aukinnar ferðapjónustu á svæðinu hefur þó myndast þar grunnur fyrir uppbyggingu á atvinnustarfsemi sem gæti leitt til íbúafjölgunar. Þegar þessi skýrsla er skrifuð standa yfir upphafsumræður um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Húnavatnshreppur hefur að geyma marga segla þegar kemur að ferðapjónustu og má þar nefna Hveravelli, Prístapa og Ólafslund, Þingeyrar og Klausturstofu og Vatnsdalinn ásamt ósnortnu víðerni og öllum náttúruundrunum sem þar er að finna. Einnig standa ferðamönnum til boða hestaferðir og ýmist langar eða stuttar gönguferðir.¹⁴

Blönduósbær

Sveitarfélagið Blönduós, eða Blönduóshreppur líkt og það var áður kallað, fékk kaupstaðarréttindi árið 1988 og var nafninu þá breytt í Blönduósbæ.¹⁵ Blönduós er staðsett við Húnaflóa og er stærsti þéttbýlisstaðurinn í Austur-Húnavatnssýslu og er þjónustukjarni fyrir nærliggjandi umdæmi.¹⁶ Sveitarfélagið er 183 km² að flatarmáli.¹⁷ Íbúar þar voru 895 talsins þann 1. janúar 2018 og þar af 433 konur og 462 karlar.¹⁸ Af öllum íbúum sveitarfélagsins búa 796 þeirra í Blönduósbæ. Atvinna í sveitarfélaginu er þjónusta tengd landbúnaði, margskonar iðnaður, verslun, þjónusta og útgerð. Þegar þessi skýrsla er skrifuð standa yfir upphafsumræður um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Ferðapjónusta þar er fjölbreytt og má þar nefna stangveiði, sundlaug, golfvöll, veitingastaði, gististaði o.fl.¹⁹ Á Blönduósi má finna upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, og nýlega var ráðinn til starfa ferðamálafulltrúi fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

Helstu seglar sveitarfélagsins eru Heimilisíðnaðarsafnið, Textílsetrið, Eyvindarstofa, gönguleiðir t.d. á Hrótey sem er eyja í Blöndu, ánni sem rennur í gegnum Blönduós.²⁰

9 Húnavallaskóli. Tekið af <https://www.hunavatnshreppur.is/hunavallaskoli/page/umskola>. Sótt 5. október 2017

10 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 5. október 2017

11 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

12 Kristjánsdóttir A, Stefánsdóttir Þ, Loftsson Y. Greinargerð með Deiliskipulagi. Kópavogur: Landmótun; 2009:4. Tekið af https://www.hunavatnshreppur.is/static/files/deiliskipulag_thettbyli.pdf. Sótt 5. október 2017

13 Alþingi. Húnavatnshreppur, Fundur Með Fjárlaganefnd Alþingis. Tekið af <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-60.pdf>. Sótt 5. október 2017

14 Alþingi. Húnavatnshreppur, Fundur Með Fjárlaganefnd Alþingis. Tekið af <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-60.pdf>. Sótt 5. október 2017

15 RÚV. 2017. Tekið af <http://ruv.is/frett/blonduosbaer>. Sótt 4. október 2017

16 Blönduósbær. Tekið af <https://www.blonduos.is/>. Sótt 4. október 2017

17 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins (2017). Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 3. október 2017

18 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

19 Byggðastofnun. Samfélag, avinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun. Reykjavík: Byggðastofnun; Maí 2012:78.

20 Blönduósbær. Tekið af <http://www.northwest.is/blonduos.asp>. Sótt 4. október 2017

Skagabyggð

Sveitarfélagið Skagabyggð varð til árið 2002 við sameiningu Vindhælis- og Skagahrepps²¹ en Skagabyggð liggur bæði norðan og sunnan við sveitarfélagið Skagatrönd. Skagabyggð fellur undir Austur-Húnavatnssýslu. Skagabyggð er 489 km² að flatarmáli²² en fjölbreytt landslag og náttúra einkenna sveitarfélagið ásamt mikilli fjölbreytni og fjölda fugla og einnig er jarðfræði svæðisins afar áhugaverð. Íbúafjöldi sveitarfélagsins var 93 þann 1. janúar 2018, með 47 karlmenn á móti 46 konum²³ og eru aðalvinnuvegir þar landbúnaður ásamt sjávarútvegi. Ekkert þéttbýli eða kjarni er innan svæðisins og leita því íbúar mestmegnis til Skagastrandar eða Blönduóss fyrir þjónustu hvers konar. Þegar þessi skýrsla er skrifuð standa yfir upphafsumræður um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Lítil ferðaþjónusta hefur byggst upp í Skagabyggð, en fjölgun ferðamanna, ásamt nýlega ráðnum ferðamálafulltrúa fyrir Austur-Húnavatnssýslu, gætu orðið til vaxtar í þeim efnum.

Helsti segull Skagabyggðar er Kálfshamarsvík sem er lítil vík á norðanverðum Skaga. Þar eru sjávarhamrar úr fallega formuðu stuðlabergi er myndaðist fyrir u.þ.b. tveimur milljónum ára og er sérkennileg náttúrusmið. Í byrjun 20. aldar var útgerð og um 100 manna byggð í Kálfshamarsvík, en um 1940 var byggðin komin í eyði. Stuðlabergið gerir umhverfið stórbrotið ásamt vitanum sem þar stendur. Sunnan við Kálfshamarsvík hefst 40–50 m. há björg við sjóinn og ná þau um 10 km. út á haf, þar má einnig finna nokkuð af sjófugli.²⁴ Annar helsti segull svæðisins er Fossárfoss sem fellur fram af Króksbjargi, en hann hefur mikið aðdráttarafl.

Sveitarfélagið Skagatrönd

Skagatrönd er kaupún á vestanverðum Skaga og bar áður nafnið Höfðakaupstaður. Skagatrönd varð löggiltur verslunarstaður 1602 og á sér því langa sögu sem einn af dönsku verslunarstöðunum. Þéttbýli fór þó ekki að myndast þar fyrr en eftir aldamótin 1900 þegar umbætur urðu í útgerð.²⁵ Sveitarfélagið hefur alltaf byggt afkomu sína á sjávarútvegi. Með breytingum í veiðum og vinnslu sjávarafurða, tækniþreyingum og samþjöppun í eignarhaldi útgerða urðu miklar breytingar á atvinnulífi bæjarins²⁶ og nú er ekki lengur rekin vinnsla sjávarafurða á staðnum. Enn er þó rekinn öflugur fiskmarkaður á höfninni, og þar er mikið um að vera, sérstaklega yfir sumarmánuðina þegar strandveiðitímabilið stendur yfir. Meiri áhersla er nú á rannsóknarstörf og skapandi greinar í gegnum sjávarlíftækniþrið BioPol, Rannsóknasetur Háskóla Íslands og Nes listamiðstöð. Þjónustugreinar eru vaxandi með aukinni ferðaþjónustu. Sveitarfélagið Skagatrönd er 53 km² að flatarmáli²⁷ og í janúar 2018 voru íbúar 473 talsins. Þegar þessi skýrsla er skrifuð standa yfir upphafsumræður um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Í Spákonuhöfi er sýning um Þórdísi spákonu og í Ánesi, sem er lítið uppgert hús frá lokum 19. aldar, hefur verið sett upp sýning um lífnaðarhætti á fyrri hluta 20. aldar. Í gönguleiðabæklingi er greint frá fallegum gönguleiðum um Spákonufellshöfða og Spákonufell.²⁸

Á Skagatrönd er öll almenn þjónusta, tjaldstæði, matvöruverslun, íþróttahús og sundlaug. Þar er að finna glæsilegan golfvöll í fallegu náttúrulegu umhverfi.

21 Skagabyggð. Tekið af <http://skagabyggd.is/stjornsysla.asp>. Sótt 5. október 2017

22 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins (2017). Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 3. október 2017

23 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

24 Skagabyggð.. Tekið af <http://skagabyggd.is/naturuperlur.asp>. Sótt 5. október 2017

25 Nordic adventure Travel (2017). SKAGATRÖND, HÖFÐAKAUPSTAÐUR. Tekið af https://www.nat.is/travelguide/skagatrond_ferdavisir.htm. Sótt 4. október 2017

26 Norðurland vestra. Skagatrönd. Tekið af <http://www.northwest.is/skagatrond.asp>. Sótt 4. október 2017

27 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 3. október 2017 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 5. október, 2017. Samband íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélagið Skagatrönd. Sótt 3. Október 2017 af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>

28 Árnes - Safn. Northwestis. 2017. Tekið af: <http://www.northwest.is/arnes.asp>. Sótt Október 5, 2017.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Árið 1998 voru 11 hreppar sameinaðir og varð þannig til Sveitarfélagið Skagafjörður.²⁹ Sveitarfélagið Skagafjörður er 4.180 km² að flatarmáli³⁰ og því afar víðfeðmt, ásamt því að vera fjölmennasta sveitarfélagið á Norðurlandi vestra, en þann 5. febrúar 2018 voru íbúar þar 3.975³¹ talsins. Hlutfall kvenna og karla er afar jafnt eða um 1980 talsins hvort.³² Þéttbýliskjarnarnir eru Hofsi, Sauðárkrúkur og Varmahlíð ásamt háskólaþorpinu að Hólum. Mannfjöldi á Sauðárkróki er 2.564, á Hofsi eru íbúar 146 og í Varmahlíð eru þeir 128. Atvinnuvegirnir eru fjölbreyttir en þó má nefna sérstaklega landbúnað, sjávarútveg, iðnað og þjónustu.³³

Ferðaðjónusta í Sveitarfélaginu Skagafirði er afar líflæg og fjölbreytt, en úr mörgu er að velja fyrir gesti svo sem hesta- eða gönguferðir, flúðasiglingar, söfn og setur, skíðasvæði, golfiðkun, sundlaugar, söguslóðir og falleg náttúra, fjölskrúðugt dýralíf ásamt fjölmörgum veitinga- og gististöðum. Í Varmahlíð er að finna upplýsingamiðstöð landshlutans fyrir Norðurland vestra.

Helstu seglar svæðisins eru Glaumbær, flúðasiglingar, hestaferðajónusta, sundlaugin á Hofsi, Grettislaug, skíðasvæðið á Tindastól og siglingar út í eyjarnar á firðinum.

Akrahreppur

Akrahreppur, sem áður var kallaður Blönduhlíðarhreppur, tilheyrir Skagafjarðarsýslu og er víðáttumikill hreppur, eða 1.364 km² að flatarmáli,³⁴ en hann er austan Héraðsvatna, norðan frá Kyrfisá suður að Hofsjökli og nær yfir Blönduhlíð og Norðurárdal, Kjálka og Austurdal að utan Bústöðum.³⁵ Þann 1. janúar 2018 voru íbúar í Akrahrepp 194 talsins, þar af 88 karlar og 106 konur.³⁶ Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu og er landbúnaður aðalátvinnuvegurinn. ³⁷

Ferðajónusta í Akrahreppi er ekki stór atvinnuvegur í sveitarfélaginu, enda er það fámenn, en margir möguleikar eru á svæðinu þar sem að Akrahreppur var söguvið margra helstu merkisviðburða Sturlungaaldarinnar en má þar nefna Flugumýrarbrennu,³⁷ Örygsstaðabardagann³⁸ og Haugsnesbardagann, en Sigurður Hansen hefur einmitt sviðsett þann bardaga með því að staðsetja einn grjóthnullung fyrir hvern þann mann sem tók þátt í þeim bardaga á líklegum vígvelli. ³⁹

Fjallabyggð

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til árið 2006 með sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, sem eru þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins en þeir eru tengdir saman með Héðinsfjargöngunum. Sveitarfélagið er staðsett nyrst á Tröllaskaga.⁴⁰ Fjallabyggð er 364 km² að stærð⁴¹ en

29 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>.

30 Sótt 3. október 2017
Sveitarfélagið Skagafjörður. Samband íslenskra sveitarfélaga. 2017. Tekið af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/nordurland-vestra/sveitarfelagid-skagafjordur/>. Sótt 5. október, 2017.

31 Upplýsingaveita Sveitarfélaga sambandsins. 2017. Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>. Sótt 5. október, 2017.

32 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

33 Sveitarfélagið Skagafjörður. RÚV. 2017. Available at: <http://ruv.is/frett/sveitarfelagid-skagafjordur>. Accessed October 5, 2017.

34 Héraðskjalasafn Skagfirðinga. 2017. Tekið af http://atom.skagafjordur.is/index.php/akrahreppur;isaar?sf_culture=en&limit=70. Sótt 5. október, 2017.

35 Akrahreppur. Samband íslenskra sveitarfélaga. 2017. Tekið af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/nordurland-vestra/akrahreppur/>. Sótt 5. október, 2017.

36 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

37 Skagafjörður S. Flugumýri | Sveitarfélagið Skagafjörður. Sveitarfélagið Skagafjörður. 2017. Tekið af <https://www.skagafjordur.is/sturlungaslod/sogustadir/flugumyri>. Sótt 5. október, 2017.

38 Hvað er Haugsnesbardagi, getið þig sagt mér frá honum? Vísindavefurinn. 2017. Tekið af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=70993>. Sótt 5. október, 2017.

39 Hauganesbardagi í túninu heima | Feykir.is. 2017. Tekið af <http://www.feykir.is/is/frettir/hauganesbardagi-i-tuninu-heima>. Sótt 5. október 5, 2017.

40 Fjallabyggð 2006. Kosningasaga. 2017. Tekið af <https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/nordurland-eystra/fjallabyggd/fjallabygd-2006/>. Sótt 17. nóvember, 2017.

41 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. Upplýsingaveita sambandsins. 2017. Tekið af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=.../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitarf%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

þar eru búsettir 2.015 einstaklingar sem skiptast í 993 konur og 1.022 karla.⁴² Á Ólafsfirði eru íbúar 796 talsins og á Siglufirði 1.201.⁴³ Sjávarútvegur og ýmiss konar iðnaður sem tengist hugviti og handverki eru helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins⁴⁴ ásamt því að ferðaþjónusta hefur verið í örum vexti. Fjallabyggð er fjölbreytt sveitarfélag þegar kemur að framboði á ferðaþjónustu- og afþreyingu. Hér má nefna góð skíðasvæði, snjósléðaferðir, fjöldann allan af gönguleiðum, stangveiði og sjóstöng, siglingar, golfvelli og sundlaugar. Í Fjallabyggð er einnig blómlegt menningarlíf með galleríum og listamannavinnustofum. Fjöldi veitingahúsa er að finna, og gístmöguleikar eru miklir. Þar er líka talsvert af söfnum og setrum og má þar helst nefna Ljóðasetur Íslands, Sildarminjasafnið, Þjóðlagasetur og Pálshús.⁴⁵

Dalvíkurbyggð

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð varð til árið 1998 við sameiningu Dalvíkurkaupstaðar, Svarfaðardals- og Árskógshrepps.⁴⁶ Dalvíkurbyggð er staðsett við vestanverðan Eyjafjörð utanverðan. Þéttbýliskjarnir eru Dalvík, Árskógssandur og Hauganes ásamt búsetukostum á Árskógsströnd og í Svarfaðardal.⁴⁷ Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð er 598 km² að stærð⁴⁸ og í byrjun árs 2018 bjuggu þar 1.880 einstaklingar sem skiptast í 912 konur og 968 karla.⁴⁹ Á Dalvík eru íbúarnir 1.334 talsins, á Hauganesi eru íbúar 115 talsins og á Árskógssandi eru þeir 94.⁵⁰

Atvinna í sveitarfélaginu byggist mest á iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta í Dalvíkurbyggð er í hröðum vexti en þar eru einnig rótgróin fyrirtæki að bjóða þjónustu sína. Dæmi um ferðaþjónustu sem þar er, eru hvalaskoðun, fuglaskoðun, hestaleiga, þýluskíðun og fjallaleiðsögn enda sveitarfélagið vinsælt göngusvæði. Þá sigla ferjur til Grímseyjar og Hríseyjar frá Dalvíkurbyggð. Skoðunarferðir í brugghús Kalda eru alltaf vinsælar, sem og hin nýju bjórböð, en þau eru einu sinnar tegundar á landinu. Gott úrval er af veitinga- og gístmöguleikum.

Hörgársveit

Sveitarfélagið Hörgársveit varð til árið 2010 við sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps en Hörgárbyggð varð til í janúar 2001 þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust. Sveitarfélagið er að stærstum hluta dreifbýli en þéttbýliskjarni hefur myndast á Lónsbakka.⁵¹ Sveitarfélagið er 893 km² að stærð⁵² og þar bjuggu, í ársbyrjun 2018, 580 einstaklingar sem skiptast í 283 konur og 297 karla.⁵³

Atvinna í sveitarfélaginu byggist mestmegnis á landbúnaði en ferðaþjónusta vex hratt.

42 Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan hvers árs-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10a992ae-9896-4f7d-93b9-3589a78a4156. Sótt 17. apríl, 2018

43 Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2017. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7709f232-cc84-4b06-a782-4d1b1c2341b7. Sótt 17. nóvember, 2017.

44 Atvinna í Ólafsfirði | Fjallabyggð. Fjallabyggð. 2017. Tekið af <https://www.fjallabyggd.is/is/ibuar/fjallabyggd/ertu-ad-flytja-i-fjallabyggd/um-olafsfjord/atvinna-i-olafsfirdi>. Sótt 17. nóvember, 2017.

45 Ferðafólk | Fjallabyggð. Fjallabyggð. 2017. Tekið af <https://www.fjallabyggd.is/is/gestir/ferdafolk>. Sótt 17. nóvember, 2017.

46 Árskógshreppur 1911-1998. Kosningasaga. 2017. Tekið af <https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/nordurland-eystra/dalvikurbyggd/araskogshreppur/>. Sótt 17. nóvember, 2017.

47 Ísland í hnotskurn - Dalvík. Íslandihnotskurn.is. 2017. Tekið af <http://www.islandihnotskurn.is/Page.aspx?ID=67>. Sótt 17. nóvember, 2017.

48 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. Upplýsingaveitasamband.is. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitar%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

49 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

50 Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2017. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7709f232-cc84-4b06-a782-4d1b1c2341b7. Sótt 17. nóvember, 2017.

51 Vefur Hörgársveitar - Sveitarlýsing. Horgarsveit.is. 2017. Tekið af http://www.horgarsveit.is/default.asp?sid_id=8368&tid=1&Tre_Rod=005|001|&qsr. Sótt 17. nóvember, 2017.

52 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. Upplýsingaveitasamband.is. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitar%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

53 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

Í sveitarfélaginu er nóg í boði fyrir gesti, svo sem hjóla-, hesta- og buggyferðir ásamt hinum ýmsu gönguleiðum. Gásir er einn merkasti minjastaður Norðurlands. Boðið er upp á köfun frá Hjalteyri, hvalaskoðun og bæði hótél og veitingastaðir eru til staðar. Margir valkostir standa til boða þegar kemur að gistingu, t.a.m. í gistiheimilum, smáhýsum o.s.frv.⁵⁴

Akureyrarkaupstaður

Akureyrarkaupstaður fékk kaupstaðarréttindi árið 1786 og þrátt fyrir að missa þau átta árum síðar⁵⁵ voru þau endurheimt árið 1862⁵⁶ en við það varð kaupstaðurinn aðskilinn frá Hrafnagilshrepp.⁵⁷ Árið 2004 sameinaðist Hríseyjarhreppur Akureyrarkaupstað⁵⁸ og fimm árum síðar sameinaðist Grímseyjarhreppur sveitarfélaginu⁵⁹.

Akureyrarkaupstaður er fjórða fjölmennasta sveitarfélagið á landinu, en næst fjölmennast á eftir höfuðborgarsvæðinu.⁶⁰ Þéttbýliskjamar sveitarfélagsins eru Akureyri, Hrísey og Grímsey,⁶¹ en í sveitarfélaginu búa 1. janúar 2018 18.787 einstaklingar, þar af 9.405 konur og 9.382 karlar.⁶² Á Akureyri eru íbúarnir 18.342 talsins, í Hrísey eru þeir 153 og í Grímsey 67. Flatarmál sveitarfélagsins er 138km².⁶³

Hrísey er eyja í utanverðum Eyjafirði og er önnur stærsta eyjan við Ísland, næst á eftir Heimaey. Hún er um 7,5 km að lengd og 2,5 km að breidd og rís hæst um 110 metra yfir sjávarmál.⁶⁴

Grímsey er 5,3 km² að flatarmáli og er 5,5 km að lengd og rís hæst 105 m. yfir sjávarmáli en hún liggur á heimskautsbaug, 41 km. frá norðurströnd Íslands.⁶⁵

Atvinnumál blómstra á Akureyri en þar má finna hina ýmsu opinbera þjónustu ásamt framhaldsskólum og háskóla. Sjávarútvegur er einnig undirstaða sveitarfélagsins en Samherji er þar með höfuðstöðvar. Framleiðsluiðnaður, verslun og þjónusta eru einnig af ýmsum toga og fer ferðaþjónusta hratt vaxandi.

Ferðaþjónusta er fjölbreytt í sveitarfélaginu. Ýmiss konar afþreying er í boði líkt og gönguleiðir, hvalaskoðun, sundlaugar, jeppaferðir, ásamt ferðum í Grímsey og Hrísey. Menning sveitarfélagsins er í hávegum höfð enda margt í boði líkt og Minjasafnið og Nonnahús ásamt ríkulegri safnaflóru. Einnig er gífurlega gott úrval af veitinga- og gististöðum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á svæðinu og ekki má gleyma innanlands- og millilandaflugvælinum sem staðsettur er á Akureyri.⁶⁶ Menningarfélag Akureyrar rekur fjölbreytta og glæsta menningarstarfsemi á Akureyri og þar er einnig að finna lystigarð sem er bæði grasa- og skrudgarður.

Eyjafjarðarsveit

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit varð til við sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps árið 1991. Í Eyjafjarðarsveit búa 1.020 manns sem skiptast að jöfnu í konur og karla² en sveitarfélagið er 1.775 km² að stærð og en einungis lítill partur af sveitarfélaginu liggur við sjó við botn Eyjafjarðar en bróðurparturinn liggur fram á Sprengisand í átt að Hofsjökli³.

54 Vefur Hörgársveitar. Horgarsveit.is. 2017. Tekið af http://www.horgarsveit.is/default.asp?sid_id=58237&tld=1. Sótt 17. nóvember, 2017.

55 Akureyrarstofa flutti á afmælisdaginn | Akureyrarbær. Akureyrarbær. 2017. Tekið af <https://www.akureyri.is/is/frettir/akureyrarstofa-flutti-a-afmaelisdaginn>. Sótt 17. nóvember, 2017.

56 Akureyrarkaupstaður er 155 ára í dag | Héraðsskjalasafnið á Akureyri. Herakis. 2017. Tekið af <https://www.herak.is/news/akureyrarkaupstadur-er-155-ara-i-dag/>. Sótt 17. nóvember, 2017.

57 Sveitin okkar -. Svo.is. 2017. Tekið af <http://svo.is/eyjafjardarsysla/municipality/hrafnagilshreppur>. Sótt 17. nóvember, 2017

58 Sveitin okkar -. Sveitin.len.is. 2017. Tekið af <http://sveitin.len.is/public/eyjafjardarsysla/municipality/hriseyjarhreppur>. Sótt 17. nóvember, 2017.

59 Sveitin okkar -. Sveitin.len.is. 2017. Tekið af <http://sveitin.len.is/public/eyjafjardarsysla/municipality/hriseyjarhreppur>. Sótt 17. nóvember, 2017.

60 Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2017. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=5ea200cc-d032-4214-9cba-89a8fa876941. Sótt 17. nóvember, 2017.

61 Sveitarfélög | Fjölmenningarsetur. Mccis. 2017. Tekið af <http://www.mcc.is/sveitarfelagid/nordurlandeystra/akureyrarkaupstadur>. Sótt 17. nóvember, 2017.

62 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfoldi__2_byggdir__Byggdajakjarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae55a. Sótt 17. apríl, 2018.

63 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. Upplýsingaveitasambandis. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../data-base/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%ETI+sveitar%E9laga+++>. Sótt Október 13, 2017.

64 Hríseyjar F. Um Hrísey | Hrísey. Hrísey. 2018. Tekið af <http://www.hrisey.is/is/um-hrisey>. Sótt 16. Apríl, 2018.

65 Grímsey | Byggðastofnun. Byggðastofnun. 2018. Tekið af <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/grimsey>. Sótt 16. apríl, 2018.

66 Norðurlands M. Leitarniðurstöður | Norðurland. Norðurland. 2017. Tekið af <https://www.northiceland.is/is/north/search?q=akureyri&page=3>. Sótt 17. nóvember, 2017.

Öflugur landbúnaður er rekinn í Eyjafjarðarsveit ásamt því að þar má finna stærsta mjúlkurbú landsins en margir íbúar sveitarfélagsins nýta sér nálægðina við Akureyri og aðra staði og sækja vinnu þangað⁴.

Ferðapjónusta í Eyjafjarðarsveit byggir á ýmsu, t.d. Smámunasafninu, árlegri handverkshátíð, Jólahúsinu, kirkjum, stangveiði, hestaleigu, golfvöllum ásamt sundlaug, íþróttasvæði og góðum kaffi- og veitingastöðum ásamt hinum ýmsu gistimöguleikum⁵.

Svalbarðsstrandarhreppur

Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur er í austanverðum Eyjafirði en Svalbarðseyri er þéttbýliskjarni þess. Sveitarfélagið er 55 km² að stærð⁶⁷ og þar búa 483 einstaklingar, þar af 284 karlar og 199 konur.⁶⁸ Í þéttbýliskjarnanum Svalbarðseyri eru íbúar 326 talsins.⁶⁹ Atvinna í Svalbarðsstrandarhreppi byggist á ýmsu, t.d. er þar mikill landbúnaður og þar eru Urtasmiðjan, Grænegg og gróðrarstöðvar ásamt Kjarnafæði.⁷⁰

Ferðapjónusta er vaxandi í sveitarfélaginu og þar er Safnasafnið ásamt ferðaskrifstofu, gistiheimili og tveimur hótélum, en vegna nálægðar sveitarfélagsins við Akureyri eru nýsköpunar- og uppbyggingarmöguleikar miklir.⁷¹

Grýtubakkahreppur

Sveitarfélagið Grýtubakkahreppur er við austanverðan Eyjafirð, en árið 1973 keypti sveitarfélagið Grenivík af ríkinu, en þar hefur lengi verið eini þéttbýliskjarninn í hreppnum.⁷² Grýtubakkahreppur er 432 km² að stærð⁷³ og þar búa 372 manns sem skiptast í 177 konur og 195 karla.⁷⁴ Íbúafjöldi í þéttbýliskjarnanum Grenivík er 281.⁷⁵

Atvinnulíf í Grýtubakkahreppi er fjölbreytt en sjávarútvegur hefur spilað þar stærsta hlutverkið síðan 1947 og er í dag rekin útgerð frá Grenivík, ásamt því að stunduð er töluverð smábátaútgerð, en fiskvinnslan Gjögur er stærsti vinnustaður svæðisins. Önnur fyrirtæki eru í sveitarfélaginu, t.d. Sparisjóður Höfðhverfinga, kartöflurækt, vélsmiðja, harðfiskverkun og lyfjafyrirtæki en einnig er stundaður þar landbúnaður.⁷²

Ferðapjónusta í Grýtubakkahreppi er vaxandi og ýmislegt í boði, til dæmis hinar ýmsu gönguleiðir með eða án leiðsagnar, veiði í vötnum, hestaferðir, Útgerðaminjasafnið, Gamli bærinn í Laufási, Jónsabúð, ferðir á Kaldbak, sundlaug, og golfvöllur. Ýmsir möguleikar eru í boði þegar kemur að gistingu hvort sem er á tjaldsvæðum eða í gistihúsum.⁷⁶

Pingeyjarsveit

Sveitarfélagið Pingeyjarsveit varð til árið 2002. Síðan stækkaði sveitarfélagið árið 2008 þegar Aðaldælahreppur og Pingeyjarsveit sameinuðust. Sveitarfélagið hélt nafninu Pingeyjarsveit. Sveitarfélagið spannar 5.988 km².⁷⁷

67 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitar%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

68 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

69 Markaðsstofa Norðurlands. North Iceland, The official Tourist Guide. Sótt af <https://www.northiceland.is/static/files/Baeklingar/north-iceland-official-tourist-guide-2017-2018.pdf> þann 26. apríl 2018

70 Fyrirtæki | Svalbarðsstrandarhreppur. *Svalbarðsstrandarhreppur*. 2017. Tekið af: <https://www.svalbardsstrond.is/is/starfsemi-fyrirtaeki/fyrirtaeki>. Sótt Nóvember 21, 2017.

71 Fyrirtæki | Svalbarðsstrandarhreppur. *Svalbarðsstrandarhreppur*. 2017. Tekið af <https://www.svalbardsstrond.is/is/starfsemi-fyrirtaeki/fyrirtaeki>. Sótt 21. nóvember, 2017.

72 Um sveitarfélagið | Grenivík. *Grenivík*. 2017. Tekið af <https://www.grenivik.is/is/mannlifid/um-sveitarfelagid-1>. Sótt 17. nóvember, 2017.

73 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitar%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

74 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

75 Markaðsstofa Norðurlands. North Iceland, The official Tourist Guide. Sótt af <https://www.northiceland.is/static/files/Baeklingar/north-iceland-official-tourist-guide-2017-2018.pdf> þann 26. apríl 2018

76 Norðurlands M. Leitarniðurstöður | Norðurland. *Norðurland*. 2017. Tekið af <https://www.northiceland.is/is/north/search?q=greniv%C3%ADk>. Sótt 17. nóvember, 2017

77 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../%2F-database%2FYmislegt%2F&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitar%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

Í Þingeyjarsveit bjuggu, árið 2018, 962 manns og eru þar af 410 konur og 552 karlar.⁷⁸

Í sveitarfélaginu er gróskumikið mannlíf enda atvinnuvegir fjölpættir, s.s. landbúnaður, fræðsla, fiskvinnsla, skógrækt, ferðaþjónusta, matvælaframleiðsla og margt fleira. Tveir grunnskólar eru í sveitarfélaginu; Stórutjamaskóli og Þingeyjarskóli.⁷⁹ Einnig er þar Framhaldsskólinn að Laugum.

Ferðaþjónusta hefur farið vaxandi í Þingeyjarsveit og er þar mikil umferð ferðamanna þar sem Þjóðvegur liggur í gegnum sveitarfélagið á milli þriggja segla: Akureyrar, Húsavíkur og Mývatnssveitar. Nú eru þar starfandi um 60 rekstraraðilar í ferðaþjónustu og stöðugildum í greininni fer fjöldi. Bæði er um að ræða gististaði og afþreyingu. Svæðið hefur mikla möguleika í ferðaþjónustu en þarf að vera afar virkt að grípa ferðafólkið þegar það ferðast á milli seglanna þriggja.⁸⁰

Skútustaðahreppur

Skútustaðahreppur er víðfeðmasta sveitarfélagið á Norðurlandi og spannar 6.035 km². Árið 2018 bjuggu 493 í Skútustaðahreppi, 245 konur og 248 karlar.⁸¹ Snemma árs 2018 fjölgaði íbúum upp í 500 og er það í fyrsta skipti síðan 1993 sem íbúafjöldi er svo mikill.⁸² Íbúafjöldi Skútustaðahrepps er 371 manns.⁸³

Á árum áður var meginatvinna Mývetninga bundin landbúnaði og silungsveiði úr Mývatni. Á síðari árum hafa þar orðið verulegar breytingar á. Landbúnaður er enn þónokkuð stundaður en ferðaþjónusta er orðin fyrirferðarmikil og fólksfjöldun undanfarinna ára er tilkomin vegna heilsársstarfa sem hafa skapast við hana.

Ferðaþjónusta hefur lengi verið stunduð í Mývatnssveit og er orðin stærsta atvinnugreinin á svæðinu. Þar eru nokkur hótél, veitingastaðir, tjaldsvæði og fleiri fyrirtæki sem tengjast ferðamennsku og eru gistiþáss vel á annað þúsund. Ferðaþjónusta er orðin að heilsárs atvinnugrein.⁸⁴

Ferðaþjónustan í Skútustaðahreppi hefur farið ört vaxandi síðustu ár. Í dag eru í kringum 225 heilsársstöðugildi í ferðaþjónustu og gert er ráð fyrir því að þau verði orðin 350 árið 2020. Gististaðir eru 15 og 18 með Airbnb og afþreyingarfyrirtækin í sveitinni eru að minnsta kosti 10, þar má nefna Jarðböðin, Vogafjós, Geo Travel, Amazing North, Mýflug, Snow Dogs, Mývatn Tours, Mývatn Activity og Fuglasafnið o.fl. Árið 2016 voru þar tæplega 500.000 ferðamenn, þar af 300.800 erlendir ferðamenn yfir sumartímann og 139.100 yfir vetrartímann. Íslenskir ferðamenn sem heimsóttu Mývatnssveit árið 2016 voru um 40.000.⁸⁵

Ferðamenn koma aðallega til að skoða náttúruna, Mývatn, Dimmuborgir, Leirhnjúk, Víti og í dag eru Jarðböðin við Mývatn einn stærsti ferðamannastaður landsins en þangað fóru rúmlega 218 þúsund baðgestir árið 2017.⁸⁶

Norðurþing

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Norðurþing er víðfeðmt og spannar tæplega 3.800 km².⁸⁷

78 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

79 Þingeyjarsveit. (2017). Um sveitarfélagið | Þingeyjarsveit. Tekið af <https://www.thingeyjarsveit.is/is/mannlif/um-sveitarfelagid>. Sótt 13. Október, 2017

80 Silja Jóhannesdóttir. 01-Þingeyjarsveit. 2018.

81 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

82 Skútustaðahreppur. Skutustadahreppur.is. 2018. Tekið af <http://www.skutustadahreppur.is/v/20021>. Sótt 16. apríl, 2018.

83 Markaðsstofa Norðurlands. North Iceland, The official Tourist Guide. Sótt af <https://www.northiceland.is/static/files/Baeklingar/north-iceland-official-tourist-guide-2017-2018.pdf> þann 26. apríl 2018

84 Skútustaðahreppur. Skutustadahreppur.is. 2017. Tekið af <http://skutustadahreppur.is/v/19493>. Sótt 13. október, 2017.

85 Soffía Jónsdóttir. DMP-Norðausturland. 2017.

86 Yfir 218 þúsund gestir í Jarðböðin. Mbl.is. 2018. Tekið af https://www.mbl.is/fretti/innlent/2018/04/07/yfir_218_thusund_gestir_i_jardbodin/. Sótt 16. apríl, 2018

87 Tafla: Flataarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=...%2F-database%2FYmislegt%2F&lang=3&ti=Flatarm%E1+sveitarf%E9laga+++>. Sótt 13. október, 2017.

Íbúafjöldi hins sameinaða sveitarfélags í ársbyrjun 2007 var ríflega 3.000 en árið 2018 eru íbúar 3.234 og þar af 1.837 karlar og 1.397 konur.⁸⁸ Í Norðurþingi eru þrír byggðakjarnar, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Húsavík er langstærsta byggðin með tæplega 2.400 íbúa eða 76% íbúa sveitarfélagsins. Á Raufarhöfn búa tæplega 200 íbúar og 100 á Kópaskeri. Í dreifbýli eru íbúar flestir í Öxarfirði eða um 180, en Reykjahverfi og Kelduhverfi telja hvort um sig tæplega 100 íbúa.

Atvinnulíf Norðurþings er frekar fjölbreytt en undirstöðuatvinnugreinar eru sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta. Einnig er ræktun á grænmeti stór þáttur í atvinnulífinu. Í Norðurþingi er góð þjónusta, þrír grunnskólar, framhaldsskóli og heilbrigðisstofnun.

Ferðaþjónusta hefur verið að sækja í sig veðrið á þessum slóðum undanfarin ár, og í dag koma ferðamenn aðallega til að skoða hvali, fara í Ásbyrgi og skoða Dettifoss. Húsavík er vel þekkt fyrir hvalaskoðun og eru þar fjögur hvalaskoðunarfyrirtæki og metnaðarfullt hvalasafn. Bærin er þekktur sem höfuðborg hvala í Evrópu. Einnig standa yfir framkvæmdir við sjóböð á Húsavík sem munu opna í lok júlí 2018 og geta komið til með að taka á móti 100 þúsund gestum á ári.⁸⁹ Ferðaþjónusta er smám saman að aukast í dreifðari byggðum Norðurþings og vonir standa til að Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, Fuglastígurinn og Norðurstrandarleið muni byggja undir það.

Tjörneshreppur

Sveitarfélagið Tjörneshreppur leit dagsins ljós í núverandi mynd 1. janúar 1933. Það er 199 ferkílómetrar að stærð og þar búa 58 einstaklingar. Þar af 31 kona og 27 karlar.⁹⁰ Hvergi í sveitarfélaginu er byggðakjarni og íbúar sækja meira og minna þjónustu til Húsavíkur. Aðalatvinnuvegur sveitarfélagsins er landbúnaður og þá aðallega sauðfjárbúskapur.

Ferðaþjónusta hefur verið að byggjast upp og í dag er rekið þar eitt gistiheimili yfir sumarmánuðina, eitt tjaldsvæði, eitt orlofshús í einkarekstri og eitt safn að Mánárbakka. Við ferðaþjónustu eru um þrjú til fimm stöðugildi, sem er ágætt fyrir sveitarfélag af þessari stærðargráðu.

Svalbarðshreppur

Svalbarðshreppur í Þistilfirði er 1.155 km² að stærð.⁹¹ Þar búa 92 einstaklingar og þar af eru 41 kona og 51 karl.⁹² Enginn byggðakjarni er í sveitarfélaginu og er þjónusta mikið sótt til Þórshafnar.

Aðalatvinnuvegur er landbúnaður en síðustu ár hefur þeim sem vinna við ferðaþjónustu fjölgað og á svæðinu eru rekin í dag tvö gistiheimili og eitt safn.

Langesbyggð

Sveitarfélagið Langesbyggð varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006. Langesbyggð er 1.332⁹³ ferkílómetrar að stærð⁹⁴ með tvo byggðakjarna, Þórshöfn og Bakkafjörð. Íbúar voru 481 talsins árið 2017, 214 konur og 267 karlar. Á Þórshöfn búa 352 manns og 65 á Bakkafirði.⁹⁵

Aðalatvinnuvegir sveitarfélagsins eru sjávarútvegur og landbúnaður. Einnig er talsvert um ferðaþjónustu og í dag eru að koma fram nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtæki sem nýta sér netið til þess að selja vörur.

88 Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2017-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2017. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoladi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03105.px/. Sótt 13. október, 2017.

89 Framkvæmdir við sjóböð skammt norðan við Húsavík eru í fullum gangi | BYGGINGAR.IS. *Byggingarbuildingsgroup.com*. 2018. Tekið af <http://byggingar.buildingsgroup.com/archives/11302>. Sótt 16. apríl, 2018.

90 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoladi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

91 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=..%2F-database%2Fmislegt%2F&lang=3&ti=Flatarm%E1+sveitar%E9laga++>. Sótt 13. október, 2017.

92 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoladi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

93 Tafla: Flatarmál sveitarfélaga. *Upplýsingaveitasamband.is*. 2017. Tekið af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=..%2F-database%2Fmislegt%2F&lang=3&ti=Flatarm%E1+sveitar%E9laga++>. Sótt 13. október, 2017.

94 Um Langesbyggð. *Sveitarfélagið Langesbyggð*. 2017. Tekið af <http://www.langesbyggd.is/is/um-langesbyggd>. Sótt 13. október, 2017.


95 Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018-Hagstofa Íslands - Talnaefni. *Hagstofa Íslands - Talnaefni*. 2018. Tekið af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoladi__2_byggdir__Byggdajarnar/MAN03106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3b6b4e66-3bb4-4c3e-b493-466549eae5a. Sótt 17. apríl, 2018.

Í Langanesbyggð eru starfrækt nokkur fyrirtæki tengd ferðaþjónustu og þar má t.d. nefna gistiheimili, verslanir og veitingahús. Þá er einnig gott íþróttahús og sundlaug á Þórshöfn. Helsta afþreying á svæðinu er í formi útivistar og gönguferða, en finna má nokkrar merktar gönguleiðir. Langanes teygist um 40 km. út í hafið og þar er fjölbreytt fuglalíf en undir Skoruvíkurbjargi er klettadrangur sem heitir Stóri Karl. Þar er mesta súluvarp á Norðurlandi.⁹⁶ Kirkjustaðurinn Sauðanes er fornfrægur kirkjustaður, höfuðból og menningarsetur og má þar finna minjasýningu, upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn auk veitingasölu.^{97,98} Við Skoruvíkurbjarg á Langanesi var settur upp útsýnispallur árið 2014 og dregur hann sífellt fleira fuglaáhugafólk að.⁹⁹ Á Sauðanesflugvelli sem ekki er lengur í notkun er að finna gönguslóða að flugvélarflaki sem á skirskotun í söguna¹⁰⁰ og hafa ferðamenn aukið komur sínar þangað til að taka myndir en landið er í einkaeigu.

3.1.2. Vöruframboð á svæðinu

3.1.2.1. Skipting gististaða á Norðurlandi

Skipting gististaða á Norðurlandi eftir flokkum gistileyfa



Mynd 5 Skipting gististaða eftir gistileyfum

Ofangreindar lýsingar má finna hjá sýslumönnum¹⁰¹ en hafa verður í huga að tölurnar hér að ofan sýna aðeins hlutfall gildra leyfa, en ekki herbergjafjölda, og gefa því afmarkaða mynd af mikilvægi hverrar gistitegundar fyrir sig þegar kemur að herbergjafframboði. Þessar upplýsingar sýna þó með skýrum hætti innan hvaða hluta geirans flest fyrirtækin starfa. Búast má við að þessi hlutföll riðlist á næstu árum, þar sem ýmislegt bendir til að samruna- og sameiningatímabil sé framundan í ferðaþjónustu á Norðurlandi, sem og annarsstaðar á landinu.^{102,103} Þó má gera ráð fyrir að slík þróun fari hægar af stað á þeim svæðum sem minnst eru heimsótt í dag. Við þær aðstæður er líklegt að ný leyfi verði í hærra hlutfalli en nú eru gefin út fyrir stærri rekstrareiningar, og að minni rekstrareiningar verði að lægra hlutfalli heildarinnar.

Eðli málsins samkvæmt er ómögulegt að henda reiður á ólöglega gistingu.

96 Norðurlands M. Langanes, Fuglalíf, fjöruferðir, fuglaskoðun, gönguferðir | Norðurland. *Norðurland*. 2018. Tekið af <https://www.northiceland.is/is/north/place/langanes>. Sótt 17. nóvember, 2017.

97 Norðurlands M. Sauðanes, kirkjustaður, menningarsetur, Langanes | Norðurland. *Norðurland*. 2018. Tekið af <https://www.northiceland.is/is/north/place/sau-danes>. Sótt 17. nóvember, 2017.

98 Afþreying. *Sveitafélagið Langanesbyggð*. 2018. Tekið af <http://www.langanesbyggd.is/is/ferdamenn/afthreying>. Sótt 17. nóvember 2017.

99 Útsýnispallur við Skoruvíkurbjarg vígður. *Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga*. 2018. Tekið af <http://www.atthing.is/2014/25/05/utsynispallur-vid-skoruvikurbjarg-vigdur/>. Sótt 17. nóvember 2017.


100 Minnsti flugmanns sem brotlenti á Langanesi. *RÚV*. 2018. Tekið af <http://www.ruv.is/frett/minnsti-flugmanns-sem-brotlenti-a-langanesi>. Sótt 18. nóvember 2017.

101 UMSÓKN UM REKSTRARLEYFI TIL SÖLU GISTINGAR OG/EDA VEITINGU VEITINGA. *Sýslumenn.is*. 2018. Tekið af [http://www.syslumenn.is/media/ey-dublod/Rekstrarleyfi-umsoknareydublad-\(1\).pdf](http://www.syslumenn.is/media/ey-dublod/Rekstrarleyfi-umsoknareydublad-(1).pdf). Sótt 16. mars, 2018.

102 Silja Jóhannesdóttir. Segir „öldu samruna“ líða yfir ferðaþjónustuna. *Kjarninn*. 2018. Tekið af <https://kjarninn.is/frettir/2017-08-17-segir-oldu-samruna-li-da-yfir-ferdathjonustuna/>. Sótt 11. apríl, 2018.

103 Bylgja samruna í ferðaþjónustu - S@mkeppnisráðgjöf. *Samkeppnisráðgjöf*. 2018. Tekið af <http://www.samkeppnisradgjof.is/samhjoppun-i-ferdathjonustu/>. Sótt 11. ágúst, 2017.


Skipting veitingastaða á Norðurlandi eftir flokkum leyfa



3.1.2.2. Skipting veitingastaða á Norðurlandi

Mynd 6 Skipting veitingastaða eftir leyfum

Ferðaskrifstofur á Norðurlandi - Dreifing eftir svæðum



Minni og meðalstórir staðir, sem ekki eru opnir langt fram eftir kvöldi, eru þungamiðja veitingareksturs á Norðurlandi.

3.1.2.3. Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur á Norðurlandi


Mynd 7 Ferðaskrifstofur á Norðurlandi

Það sem einkum greinir ferðaskipuleggjanda frá ferðaskrifstofu er að ferðin eða viðburðurinn sem seldur er má ekki taka lengri tíma en sól-arhring. Það er að segja, um leið og gisting bætist við vöruna þarf ferðaskrifstofuleyfi.¹⁰⁴ Einnig má segja að í flestum tilfellum, þó alls ekki öllum, séu ferðaskipuleggjendur aðeins að selja sínar eigin vörur, en ferðaskrifstofur selja oftar vörur annara. Hvað vöruframboð varðar er nauðsynlegt að taka fram að mjög erfitt er að ná yfirsýn yfir vöruframboð ferðapjónustunnar á Norðurlandi því hvergi er haldinn samhæfður gagnagrunnur yfir það, og leyfisveitingar og eftirfylgni er á margra höndum. Hér er því enn eitt dæmið um slæmt skipulag málaflöksins.¹⁰⁵

¹⁰⁴ Spurt og svarað um leyfismál | Ferðamálastofa. *Ferðamálastofa*. 2018. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/spurt-og-svarad-um-leyfismal>. Sótt 20. mars, 2018.

¹⁰⁵ Ríkisendurskoðun. Stjórnsýsla ferðamála skoðuð sérstaklega. *Ríkisendurskoðun*. 2018. Tekið af: <https://rikisendurskodun.is/stjornsysla-ferdamala-skodud-serstaklega/>. Sótt 20. janúar 2018.

Ferðakipuleggjendur á Norðurlandi - Dreifing eftir svæðum



Afþreying í boði

- | | | | |
|-------------------|---------------------|--------------------|-------------------|
| • Skiði | • Veði á ís | • Brimbretti | • Hestasýningar |
| • Fjallaskíði | • Skautar | • Köfun | • Kvikmyndaferðir |
| • Þyrluskíði | • Norðurljósaferðir | • Kanósiglingar | • Gönguferðir |
| • Gönguskíði | • Hvalaskoðun | • Velliðunarferðir | • Hlaup |
| • Snjóþrúgur | • Selaskoðun | • Spa og dekur | • Hjólréiðar |
| • Ísklifur | • Bátsferðir | • Flot | • Golf |
| • Snjósleðaferðir | • Stangveiði | • Sundlaugar | |
| • Jeppaferðir | • Skotveiði | • Náttúrulaugar | |
| • Snjótrodaferðir | • Hestaferðir | • Söfn og setur | |
| • Hundasleðar | • Rafting | • Matur | |

Mynd 8 Ferðakipuleggjendur á Norðurlandi

3.1.2.4. Afþreying á Norðurlandi

Á Norðurlandi er ýmiss konar skipulögð afþreying í boði, en þar má meðal annars nefna:

Þrátt fyrir þessa miklu fjölbreytni eru aðstæður víða á Norðurlandi þannig að markmassa (e. critical mass) eða nægilegan fjölda skortir. Á mörgum stöðum er gisti-, veitinga-, og afþreyingarframboð ekki nægjanlegt eða nægjanlega fjölbreytt, til að staðbundin ferðaþjónusta nái fram margföldunaráhrifum og fyrirtækin styðji nógu vel hvert við annað.

3.1.2.5. Viðburðir á Norðurlandi

Markaðsstofa Norðurlands (MN) hefur tekið þátt í þróun og kynningu á viðburðum á Norðurlandi en þátttaka MN í skipulagi á viðburðum er minniháttar. Þegar viðburðir eru þess eðlis að geta vaxið á alþjóðamarkaði þá kemur MN að markaðssetningu þeirra, ef skipuleggjendur óska þess. Viðburðir sem eiga möguleika á alþjóðavæðingu þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði: Viðburðurinn þarf að draga fram sérkenni Norðurlands eða laða að ferðamenn yfir lágönn. Þessir viðburðir þurfa einnig að vera haldnir reglulega eða að minnsta kosti annaðhvort ár á dagsetningu sem sett er ár fram í tímann. Önnur skilyrði sem eiga við eru að upplýsingar um viðburðinn og markaðssetningu hans séu til á ensku og að erlendir þátttakendur séu velkomnir sem gestir, þ.e. að þess sé gætt að móttaka þeirra sé fagleg. Með kynningu á viðburðum er átt við á heimasíðu, í fréttabréfum, ferðabók og annarsstaðar á vegum MN. Farið var í sérstakt þróunarverkefni árin 2012-2013 þar sem ferðaþjónustuaðilar komu saman og settu upp þessar forsendur fyrir kynningu viðburða. Markmiðið var að efla stóra viðburði á Norðurlandi, viðburði sem draga að sér erlenda ferðamenn með sérstaka áherslu á að fjölga viðburðum utan háannar. Niðurstaða verkefnisins var tímalína um viðburði þar sem ákveðið úrval viðburða er kynnt.


Dæmi um viðburði á lágönn á Norðurlandi:

- Iceland Winter Games á Akureyri
- AK – Akureyri Extreme
- Super Ski Troll Race á Tröllaskaga
- Orkugangan Húsavík
- Jólasveinabaðið í Mývatnssveit
- Laufskálarétt, Skrapatungurrétt og Víðidalstungurétt
- Local Food Festival víða um Norðurland
- Dömulægir dekur dagar á Akureyri

Fjölmargir viðburðir eru haldnir á svæðinu sem eru misstórir og flestir eru yfir sumartímann. Nokkrir viðburðir eiga sér langa sögu og eru stórir og sumir eru enn í þróun. Dæmi um rótgróna og vaxandi viðburði á Norðurlandi eru:

- Fiskidagurinn mikli á Dalvík
- Handverkshátíðin að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit
- Jökulsárhlaup
- Mærudagar á Húsavík
- Fire and Ice Ultra Run
- Akureyrarvaka
- Iceland Summer Games á Akureyri
- Trilludagar (áður Síldarhátíðin á Siglufirði)
- Ýmsar bæjarhátíðir í flestum sveitarfélögum s.s Eldur í Húnaþingi og Hrutadagar á Raufarhöfn

3.1.3. Aðgengi inná svæðið



Mynd 9 Aðgönguleiðir inn á Norðurland

„Samgöngur eru augljós grunnþáttur ferðamennsku þar sem þær tryggja hreyfanleika ferðafólks en þær eru líka mikilvægt aðráttarafi svæða í sjálfu sér.“¹⁰⁶

Til Norðurlands má komast eftir láði, legi og lofti. Vægi hvers samgöngubáttar fyrir sig er misjafn eftir svæðum og árstímum. T.d. eru komur skemmtiferðaskipa einskorðaðar við tímabilið frá mars til október¹⁰⁷ og Norðurland býr enn við lokun fjallvega yfir vetrartímann m.a. að stærstu seglum á svæðinu. Ljóst er að greiðar samgöngur, innanlands- og millilandaflug, almenningssamgöngur, siglingar hverskonar, og akstur á einka- og fólksflutningabifreiðum, eru frumforsenda þess að Norðurland fái keppt á jafningjagrundvelli við aðra landshluta; bæði í ferðaþjónustu- og samfélagsþróunarlegu tilliti. Þarf því engan að furða þá áherslu sem áætlun þessi leggur á samgöngumál, sem og aðra innviðauppbýggingu, enda hafa verið til áætlanir, forgangsraðanir og skýrslur um þessi mál á Norðurlandi árum saman, sem hægt hefur verið að skila óhöggðuðum til ríkisvaldsins árvisst, því lítið sem ekkert hefur miðað í þeim málum. Þá vegi sem hér þó eru, þarf að moka oftar að vetri, hefja oftar að sumri, og betur þarf að standa að opnun hálendisvega.

3.1.4. Menntunarstig svæðisins


Þegar menntunarstig er skoðað þá má sjá að landshlutinn er ríkur af fólki með iðnnám og verknám, eða um 19%, á meðan landið í heild telur einungis um 2% og telur þar mest lágt hlutfall á höfuðborgarsvæðinu. Á Norðurlandi eru um 22-27% með háskólamenntun á meðan að á landinu í heild eru um 40% fólks með háskólamenntun.

¹⁰⁶ Lund K, Jóhannesson G. Samgöngur og hreyfanleiki: Áfangastaðurinn Strandir. In: *Þjóðarspejillinn 2012*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; 2012:2. Tekið af http://www.rmfi.is/static/research/files/katrinlund_gunnar_johannes_samgongur_og_hreyfanleiki.pdf. Sótt 21. mars, 2018.

¹⁰⁷ Faxaflóahafnir - Skemmtiferðaskip. *Faxaflóahafnir*. 2018. Tekið af <http://www.faxaflaoahafnir.is/cruiseships/index.php?csyear=2018>. Sótt 20. febrúar, 2018.

Það er munur á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra, í þá átt að fleiri á Norðurlandi vestra eru einungis með grunnskólamenntun, á meðan fleiri hafa klárað stúdentsprófið eða háskólanám á Norðurlandi eystra.¹⁰⁸

Menntunarstig á Norðurlandi miðað við Ísland í heild



Tafla 3 Menntunarstig á Norðurlandi árið 2014

3.1.5. Markaðssetning á Norðurlandi

Tölfræði um Markaðstofuna 2017:

- 90 þús. sumarkort
- 25 þús. vetrarkort
- 45 þús. ferðahandbækur
- 6 markaðsstofur í samstarfi
- 96 blaðamenn
- 150 ferðaskrifstofur
- 314.000 heimsóknir á www.northiceland.is
- 60.000 heimsóknir á www.nordurland.is
- 29.000 fylgjendur á samfélagsmiðlum
- 6.000.000+ sjá birt efni á Visit North Iceland samfélagsmiðlum

Markaðsstofa Norðurlands (MN) er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum og er ein af sex Markaðsstofum Landshlutanna. MN vinnur að samræmingu markaðs- og kynningarmála í ferðapjónustu fyrir Norðurland fyrir ferðapjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi gagnrætt innlendum og erlendum ferðamönnum. Helsta hlutverk MN er að stuðla að auknu samstarfi ferðapjónustu og sveitarfélaga í landshlutanum í þeim tilgangi að fjölga ferðamönnum á svæðinu og lengja dvöl þeirra.

MN hefur starfað frá árinu 2003 þegar hún var stofnuð undir heitinu Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi og var í eigu Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra og Norðurlands vestra.

Á Norðurlandi eru 19 sveitarfélög aðilar að MN auk þess sem tekjur koma frá ríkissjóði, Ferðamálastofu og samstarfsfyrirtækjum í ferðapjónustu.

Hlutverk

- Að taka þátt í að móta og styrkja ímynd Norðurlands sem ferðamannasvæðis.
- Að vinna með ferðapjónustufyrirtækjum og ferðamálafulltrúum á Norðurlandi.
- Að mynda tengsl við upplýsingamiðstöðvar og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Að aðstoða hagsmunaaðila við að setja saman, samræma og markaðssetja nýjungar og viðburði innan svæðisins, leita uppi markhópa og aðstoða við markaðssetningu.
- Að hvetja til nýsköpunar í ferðapjónustu á svæðinu, veita aðstoð og ráðgjöf.

¹⁰⁸ Byggdastofnun.is. 2018. Tekið af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>. Sótt 20. febrúar, 2018.

- Halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk ferðaþjónustunnar á ýmsum sviðum markaðsmála og vörupróunar.
- Að kynna Norðurland í gegnum vefinn og samfélagsmiðlana, með útgáfu bæklinga og þátttöku í vinnufundum, sýningum og markaðsverkefnum innanlands og erlendis.
- Að koma að helstu þróunarverkefnum ferðaþjónustunnar á Norðurlandi á hverjum tíma.

Markaðsstofan gefur út ferðabók og afþreyingarkort á hverju ári. Ferðahandbókin er prentuð í 45.000 eintökum og kemur út í maí árlega. Ferðahandbókinni er dreift til upplýsingarmiðstöðvar um allt land, til samstarfsfyrirtækja MN á Norðurlandi og einnig er hún fylgigagn á öllum helstu viðburðum sem að MN sækir. Í bókinni eru upplýsingar um samstarfsfyrirtæki MN, áhugaverða staði, viðburði og þéttbýlisstaði. Kort eru gefin út einu sinni yfir vetrartímann og tvisvar yfir sumartímann. Vetrarkortin eru prentuð í 25.000 eintökum og sumarkortin í 45.000 eintökum í hvort skipti. Kortunum er dreift á stærri upplýsingarmiðstöðvar á landinu og þétt á Norðurlandi. Kortin eru hönnuð sem afþreyingarkort með það að markmiði að vekja athygli á fjölbreyttri afþreyingu á svæðinu og dreifa fólki enn betur með aukinni upplýsingagjöf.

Vefmiðlar Markaðsstofunnar eru þónokkrir en sú síða sem telur mest er **www.northiceland.is**. Á þessari síðu má finna upplýsingar um öll ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu og eru samstarfsfyrirtæki dregin sérstaklega fram með myndum og textum. Síðan er tengd gagnagrunni Ferðamálastofu og eru þar einungis fyrirtæki sem hafa öll tilskilin leyfi. Síðan er notuð sem kynningarvettvangur fyrir Norðurland sem áfangastað og geymir allar upplýsingar um fjórðunginn, fréttir af innra starfi og annað sem þar á við. Samfélagsmiðlar eru virkir og þá einna helst Facebook og Instagram. Markaðsstofan er skráð á alla helstu samfélagsmiðla sem notaðir eru í dag.

Helstu markaðsaðgerðir MN eru almannatengsl og kynnisferðir. Markaðsstofan tók á móti, eða aðstoðaði beint, 96 erlenda blaðamenn árið 2017 og voru þeir aðallega frá stærri dagblöðum og ferðatímaritum. Færst hefur í aukana að taka á móti áhrifavöldum samfélagsmiðla og fer þeim ört fjölgandi. Kynnisferðum fyrir ferðaskrifstofur fjölga og 150 aðilar komu frá yfir 100 skrifstofum árið 2017. Markaðsstofan skipuleggur bæði ferðir fyrir innlendar og erlendar ferðaskrifstofur ásamt því að aðstoða nokkrar við hugmyndavinnu og skipulag á sínum eigin kynnisferðum sem eru ekki í þessari tölu.

3.1.6. Viðurkenningar

Norðurland hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar á virtum ferðamiðlum síðustu ár. Viðurkenningar eru staðfesting á ágæti áfangastaðar og í þeim felast oftast en ekki mikil kynning eða kynningartækifæri. Mikið magn af viðurkenningum í ferðaþjónustu eru í boði á heimsvísu en sumar eru taldar verðmætari en aðrar.

Á síðustu fimm árum (2013-2018) standa þessar viðurkenningar uppúr:

- › **North Iceland:**
 - › *Lonely Planet's top 10 European destination 2013*
 - › *Forbes: The 10 Coolest Places to Go in 2017: #6 North Iceland*
- › **Akureyri Capital of North Iceland:**
 - › *Lonely Planet's #1 European destination 2015*
 - › *The Guardian: Top destination on the hotlist for where to go on holiday in 2018*

Að baki hvírrar viðurkenningu er ómæld vinna sem þarf að eiga sér stað til þess að koma áfangastaðnum á framfæri. Blaðamenn koma að vali og mikilvægt er að hlúa vel að erlendum almannatengslum til þess að auka vonir áfangastaðarins til þess að hljóta viðurkenningar af þessum toga.

Ferðaþjónustuaðilar geta hlotið viðurkenningu án vitneskju MN. Til þess að gefa dæmi um slíkt má nefna að CNBC hefur forbirtingarrétt í Bandaríkjunum þegar Lonely Planet tilkynnir stærri viðurkenningar. Þegar Norðurland fékk viðurkenningu sem einn af 10 bestu áfangastöðum í Evrópu árið 2013 þá var haft samband við Markaðsstofuna varðandi birtingar á viðurkenningunni. Í kjölfarið náði grein um Norðurland birtingu í yfir 320 vefmiðlum vestanhafs.

3.2. Markaðsgreining

Í uppbyggingu á áfangastað er mikilvægt að greina hvaða markhóp og markaðssvæði áfangastaðurinn hefur verið að vinna með. Hér fyrir neðan eru markhópar, markaðssvæði og viðskiptavinir áfangastaðarins Norðurlands skilgreindir.

3.2.1. Markhópar

Á undanföllum árum hefur Markaðsstofa Norðurlands unnið markaðsetningu fyrir svæðið út frá þremur markaðsáherslum sem eru:

- Náttúru-, ævintýra-, og vistvæn ferðapjónusta
- Vetrarferðamennska
- Saga, menning og listir

Eru þessar markaðsáherslur tilkomnar vegna styrkleika svæðisins og upplifunar ferðamanna á svæðinu. Þegar Markaðsstofan ákvað á hvaða markhópa yrði herjað var ekki til heildstæð greining á markhópum Íslands. Var því ákveðið að styðjast við markhópagreiningu Boston Consulting Group,¹⁰⁹ þar sem greindir voru 11 mismunandi markhópar Íslands. Markaðsstofa Norðurlands ákvað að vinna með tvo af þessum markhópum:

- Older relaxers – „eldri í slökun“:
- Leita að menningu og rólegri afþreyingu.
- 50 ára og eldri, með meðal- til háar tekjur.
- Frá þekktum mörkuðum s.s. V-Evrópu og Bandaríkjunum.
- Tilbúnir til að ferðast utan háannar; vaxandi fjöldi í þessum hóp.

Affluent Adventures – vel stætt ævintýrafólk

- Borga vel fyrir afþreyingu og ævintýri, bæði mjúka og harða.
- Yngri hópur, meðalháar tekjur.
- Frá þekktum mörkuðum, mjög vaxandi hópur.

Samnefnari með þessum hópum er að þeir dvelja sex til átta daga á landinu sem gerir þessa hópa líklegri til að ferðast um landið og koma til Norðurlands.¹¹⁰

Þessir hópar voru þeir hópar sem skýrslan lagði mesta áherslu á. Auk þess töluðu þeir mest við áherslur ferðapjónustu á Norðurlandi. Út frá þessum markhópum hefur Markaðsstofa Norðurland á undanföllum árum útbúið sitt markaðs- og kynningarefni.

Markhópagreining Íslandsstofu

Í október 2017 kynnti Íslandsstofa nýja markhópagreiningu fyrir íslenska ferðapjónustu, þar sem greindir voru þeir markhópar sem þykja hvað ákjósanlegastir fyrir ferðapjónustu á landinu. Tilgangur verkefnisins er að stunda hnitmiðaða og öfluga markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Í þessari greiningu voru rannsakaðir 14.000 ferðamenn á sjö markaðssvæðum (Bandaríkin, Kanada, Frakkland, Bretland, Þýskaland, Sviss og Danmörk), þar sem þeir voru greindir út frá þáttum svo sem persónugerð, neyslu, ferðagildum og fleira.

Í þeirri greiningu voru þrír markhópar greindir:

- Lífsglaði heimsborgarinn (e. The Fun-loving Globetrotter)
- Sjálfstæði landkönnuðurinn (e. The Independent Explorer)
- Mankindalegi menningarvitinn (e. The Cultural Comfort Seeker)

Eru þessir hópar skilgreindir út frá lífsháttum, persónugerð og hvernig þeir mæta íslenski ferðapjónustu í þörfum og markmiðum.¹¹¹ Markaðsstofa Norðurlands mun nota þessa markhópa og greina áfangastaðinn Norðurland út frá þessum hópum í framtíðar markaðsstarfi.

¹⁰⁹ *Icelandictourismis*. 2018. Tekið af <http://www.icelandictourism.is/servlet/file/store36/item699669/version1/report%20from%20bcg%20on%20the%20future%20of%20tourism%20in%20iceland.pdf>. Sótt 25. apríl, 2018.

¹¹⁰ Northern Sights: The future of tourism in Iceland. *www.icelandictourism.is*. 2013.

¹¹¹ Ný markhópagreining fyrir íslenska ferðapjónustu. *Íslandsstofa*. 2017. Tekið af <http://www.islandsstofa.is/frettir/ny-markhopagreining-fyrir-islenska-ferdathjonustu/975>. Sótt 28. febrúar, 2018.

Þar sem litlar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar á áfangastaðnum er nauðsynlegt að næstu skref verði að greining verði gerð á áfangastaðnum Norðurlandi út frá þessum markhópum, og kanna hvort þessir markhópar séu að koma inná svæðið.

3.2.2. Markaðssvæði

Í upphafi verkefnisins var leitast eftir að fengin yrðu gögn um gistinætur og markaðssvæði út frá póstnúmerum. Í þessum kafla verður hvert svæði skoðað og svo allt Norðurland tekið saman.

Ferðamálastofa fékk Hagstofuna til að taka út tölur um gistinætur út frá póstnúmerum niður á ákveðin svæði, sem eru eftirfarandi:

Skipting eftir póstnúmerum

Norðurland 1	Norðurland 2	Norðurland 3
530 Hvammstangi	551 Sauðárkrókur	640 Húsavík
531 Hvammstangi	560 Varmahlíð	641 Húsavík
540 Blönduós	565 Hofsó	645 Fosshóll
541 Blönduós	566 Hofsó	650 Laugar
545 Skagatrönd	570 Fljót	660 Mývatn
	580 Siglufjörður	670 Kópasker
	600 Akureyri	671 Kópasker
	601 Akureyri	675 Raufarhöfn
	602 Akureyri	680 Þórshöfn
	603 Akureyri	681 Þórshöfn
	610 Grenivík	685 Bakkafjörður
	611 Grimsey	
	620 Dalvík	
	621 Dalvík	
	625 Ólafsfjörður	
	630 Hrísey	

Tafla 4 Skipting Norðurlands niður í þrjú svæði eftir póstnúmerum


Ekki var hægt að fá tölur út frá svæðaskiptingu áfangastaðaráætlunar Norðurlands og auk þess var ekki hægt að fá tölur fyrir 2017 áður en þessi skýrsla var kláruð. Ákveðið var að skoða sérstaklega eftirfarandi markaðssvæði:

- Bandaríkin
- Bretland
- Þýskaland
- Kína
- Kanada
- Frakkland
- Holland
- Sviss
- Spánn
- Danmörk
- Ítalía
- Önnur lönd

3.2.2.1. Svæði Norðurland 1 (N1)

Svæðið frá Hvammstanga til Skagastrandar heyrir undir Norðurland 1 (N1). Við skoðun er skýrt að Þýskaland er stærsta markaðssvæðið.

Gistinætur á svæði N1




Tafla 5 Gistinætur - Svæði N1 skipt eftir markaðssvæðum

Bandaríkin eru næststærsta markaðssvæðið á eftir Þýskalandi árið 2016 og hefur það hlutfallslega aukist næstmest á árunum 2011-2016, en Kína hefur aukist mest eða um 3900 ferðamenn á þessum sex árum. Frakkland er síðan þriðja stærsta markaðssvæðið. Áhugavert er að sjá breytingu á breska markaðnum 2015-2016 en þar hefur orðið 30% fækkun á gistinóttum milli ára. Líklegt er að Bretlandsmarkaður eigi eftir að stækka mikið á næstu árum með tilkomu Super Break inn á svæðið með beinu leiguflugi, þó að Super Break hafi ekki skipulagt neinar ferðir inn á svæðið sem fellur undir N1 í þessari greiningu enn sem komið er. Auk þess er áhugavert að sjá aukningu ferðamanna frá Kanada, en þar var hlutfallslega mest aukning milli ára 2015-2016 samanborið við önnur markaðssvæði sem hér er verið að skoða.

Þegar veturinn er skoðaður sérstaklega kemur fram að það er ekki mikil breyting milli ára á fimm stærstu lykilmarkaðssvæðum eins og sjá má á mynd hér að neðan:

Vetrartímabil á N1 svæði




Mynd 10 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára - N1

Mögulegt rannsóknarverkefni væri að skoða hvort tækifæri felist í að beina spjótum að ákveðnum markhópum og markaðssvæðum til að byggja upp skilgreind svæði enn frekar yfir vetrartímabilið.

3.2.2.2. Svæði Norðurland 2 (N2)

Svæði N2 er frá Sauðárkróki til Grenivíkur. Við skoðun kemur fram að Bandaríkin og Þýskaland eru stærstu markaðssvæði fyrir svæði N2. Þýskaland er með um 3.000 fleiri gistinætur en Bandaríkin.

Gistinætur á svæði N2




Tafla 6 Skipting gistinátta á svæði N2 eftir markaðssvæðum

Það sem er áhugaverðast við þessar tölur er að lykilmarkaðssvæði breytast ekki mikið milli ára en hægt er að álykta að töluverð tækifæri til vaxtar verði á svæðinu á næstu árum. Einnig er áhugavert að skoða að á milli árunum 2015–2016 hefur orðið 38% aukning á Bandaríkjamönnum inn á svæðið og á árunum 2011–2016 jókst fjöldi gistinátta um 72.000 á svæðinu. Næst kemur Bretland, en þar var 11% samdráttur milli árunum 2015–2016, auk þess að Frakkland er nánast jafnstórt og Bretland eða um 37 þúsund gistinætur á svæði N2. Gistinóttum ferðamanna frá Kína hefur fjölgað um 11 þúsund gistinætur frá árinu 2011 til 2016.

Ef vetrartímabilið er skoðað þá kemur í ljós að ekki er mikil breyting milli tímabila á þeim markaðssvæðum sem eru á svæðinu.

Vetrartímabil á N2 svæði




Mynd 11 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára – N2

3.2.2.3. Svæði Norðurland 3 (N3)

Svæði N3 nær frá Mývatni til Bakkafljóðar. Þar eru þrír stærstu markaðir; Þýskaland, Bandaríkin og Bretland líkt og á öðrum svæðum.

Gistinætur á svæði N3




Tafla 7 Skipting gistinátta á svæði N3 eftir markaðssvæðum

Kanadamarkaður hefur hlutfallslega aukist mest milli ára 2015–2016 miðað við önnur svæði eða 69%. Auk þess var 67% aukning á ferðamönnum frá Bandaríkjunum og 54% aukning á ferðamönnum frá Kína á sama tímabili. Bæði þessi markaðssvæði hafa stækkað hratt og þegar Kína er skoðað voru gistinæturnar 239 árið 2011 en eru 10.207 árið 2016. Bretland stendur hins vegar í stað milli ára og voru aðeins 2% fleiri gistinætur árið 2016 en árið 2015.

Þegar vetrartímabilið er skoðað er töluverð mikil breyting milli tímabila og þá aðallega á Bandaríkjamarkaði en þar varð 67% aukning á fjölda gistinátta tímabilið 2015 – 2016. Var fjöldi gistinátta fyrstu fjóra mánuði ársins 2016, 18% af heildarfjölda gistinátta. Árið 2015 voru síðustu fjórir mánuðir ársins 20% af heildarfjölda gistinátta.

Vetrartímabil á N3 svæði




Mynd 12 Breyting á vetrarmarkaðssvæðum á milli ára – N3

3.2.2.4. Norðurland í heild

Pegar Norðurland er skoðað í heild sinni þá kemur í ljós að töluverð breyting varð á helstu markaðssvæðum á þessu sex ára tímabili. Mesta aukningin er aðallega frá Bandaríkjunum, Kína, Bretlandi og Kanada. Mest aukning hefur verið frá Kína en árið 2011 voru Kínverjar með 847 gistinætur á svæðinu en árið 2016 voru þeir með 22.938 gistinætur. Síðan koma Bandaríkin, Bretland og Kanada með mestu aukningu á tímabilinu 2011–2016. Árið 2016 var Þýskaland stærst, en þar hafði orðið 11% aukning milli ára, meðan það var 46% aukning á Bandaríkjamönnum á sama tímabili, sem er næststærsta markaðssvæðið.

Það verður að teljast líklegt að Bandaríkin verði orðið stærsta markaðssvæðið sem kemur til Norðurlands á næstu árum. Hins vegar hefur orðið breyting á þriðja stærsta markaðssvæðinu þar sem Frakkland jókst um 12% milli 2015–2016, meðan Bretland minnkaði um 8% á sama tímabili.


Gistinætur á Norðurlandi



Tafla 8 Gistinætur á Norðurlandi - skipt eftir markaðssvæðum

Auk þess er áhugavert að sjá hvað Kanada stækkar og jókst sá markaður mest milli áranna 2015–2016 eða um 64%, eða 31 þús. gistinætur. Önnur markaðssvæði halda sig við svipaða aukningu nema Danmörk sem hefur minnkað um 20% milli áranna 2014–2016. Þegar veturinn er skoðaður eru helstu breytingar aðallega á tveimur markaðssvæðum. Þar má sjá Bandaríkin aukast mest eða 39 þús. gistinætur á tímabilinu 2011 til 2016. Á sama tímabili jukust gistinætur frá Kína um sjö þúsund.

Gistinætur skiptar eftir vetrartímabilum



Tafla 9 Gistinætur á Norðurlandi- skipt eftir vetrartímabilum og markaðssvæðum

Það verður spennandi að fylgjast með markaðssvæði eins og Hollandi þar sem aukningin var 44% milli tímabilsins sept. 2014–apríl 2015 á móti sept. 2015–apríl 2016. Síðan hafa markaðssvæði aðeins dalað eins og Bretland og Kanada á síðasta tímabili og Danmörk hefur minnkað um 31% á sama tímabili.

3.2.3. Greining á viðskiptavinum

Tekjuminnna fólk á vinnumarkaði, yngri en 34 ára, og þá helst karlmenn, var líklegri til að leggja leið sína á Norðurland árið 2015 til 2016 og dvelja að meðaltali í eina til tvær nætur. Fólk frá mið- og suður-Evrópu, og þá helst Spáni, var líklegast til að heimsækja Norðurland en gestir frá Norðurlöndunum, mið- og suður-Evrópu og Bretlandi var líklegast til að dvelja lengst í landshlutanum. Fólk sem ferðast á eigin vegum á bílaleigubílum var líklegri að fara á Norðurland heldur en það fólk sem nýtir sér hópferðabíla eða áætlanarbíla. Frí var helst tilgangur ferðalags fólks á leið sinni um Norðurland en viðburðir, tengdir tómstundum, fylgdi fast á eftir yfir sumartímann, á meðan að heimsókn til vina og ættingja var líklegri yfir veturinn. Ferðafólk sem kemur til landsins með Norrænu er heldur líklegri til að koma á Norðurland yfir sumartímann og gista þar heldur en það sem kemur með flugi til Íslands.¹¹²¹¹³¹¹⁴ Áhugavert er að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður úr könnun meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli frá árinu 2012 en 28% þeirra ferðamanna ferðast heldur í hóp enda stærsti hluti þeirra í keyptum skipulögðum ferðum af ferðaskrifstofu eða 39%. Erlendir ferðamenn sem komu í gegnum Akureyrarflugvöll dvöldu einnig mun lengur á svæðinu, eða flestir í fjórar til sjö nætur¹¹⁵.

Hvar eru ferðamenn að gista?	Hvar eru ferðir til Norðurlands keyptar?	Hvaða afþreyingu eru ferðamenn að velja?
		

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála, vann árið 2015, að rannsóknum varðandi ferðavenjur á Norðurlandi á þremur mismunandi stöðum; Húsavík, Mývatnssveit og Siglufirði. Niðurstöðurnar sýndu að mismunandi var eftir svæðum hvað það var sem kveikti áhugann á ferðalaginu en allar rannsóknirnar sýndu þó að ákveðið hafi verið að heimsækja svæðin áður en komið var til Íslands.¹¹⁶¹¹⁷¹¹⁸ Hvað varðar Mývatn var það fegurð og náttúra svæðisins sem fékk flestu stiginn¹¹⁹ á meðan að hvalimír fengu flestu stiginn á Húsavík¹¹⁸ en Siglufjörður varð helst fyrir valinu sem áfangastaður vegna þess að svæðið var hluti af hringferð.¹¹² Ekki eru til gögn varðandi önnur svæði á Norðurlandi en hvað Ísland í heild varðar var það almennur áhugi á náttúru og landinu í heild sem var líklegasta uppspretta hugmyndar að Íslandsferð.¹¹⁹ Langflestir öfluðu sér upplýsinga um svæðin þrjú á Norðurlandi hjá ferðaskrifstofu, á meðan þeir sem aflu sér upplýsinga um landið í heild gera það frekar á vefsíðum.¹¹¹¹¹² Í sömu rannsóknum Lilju varðandi sömu þrjú svæðin gistir langstærsti hluti gesta á tjaldsvæðum en hótél og gistiheimili eru í öðru og þriðja sæti. Aftur á móti kom fram í könnun meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli frá árinu 2012 að stærsti hluti þess hóps gisti á hóteli eða 43% en minnsti hópurinn á tjaldstæði eða um 4%. Þetta er á skjön við þá sem heimsóttu Norðurland á eigin vegum á árunum 2015 til 2016.¹¹⁶¹¹⁷¹¹⁸¹¹⁹

112 Maskína. *Erlendir Ferðamenn á Íslandi, sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 91, 92, 93, 260 og 355. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf. Sótt 12. Mars, 2018

113 Maskína. *Erlendir ferðamenn á Íslandi, vetur 2015-2016*. Ferðamálastofa; 2017: 98, 129, 130, 140, 141, 304, 305 og 399. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vetur_15_16_isl_mpdf. Sótt 12. Mars, 2018

114 Guðmundsson, R. *Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016*. Akureyrir: Markaðsstofa Norðurlands; 2017:24. Tekið af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir_ferdamenn_a_nordurlandi_2010_2016.pdf. Sótt 12. mars, 2018.

115 Bjarnadóttir E, Huijbens E. *Millilandaflug Um Akureyrarflugvöll - Könnun Meðal Brottfararfarþega Sumarið 2012*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2012:47, 49, 51, 63, 66, 72. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/akflugvollur-2012.pdf>. Sótt 22. mars, 2018.

116 Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:22, 26, 27, 29, 32 og 33. Tekið af http://www.rm.f.is/static/research/files/myvatn_07-2016-redpdf. Sótt 12. mars 2018


117 Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir í Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 29, 32 og 33. Tekið af <http://www.rm.f.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf>. Sótt 12. mars 2018

118 Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 28, 30, 33, 34. Tekið af <http://www.rm.f.is/static/research/files/2016-10-husavik.pdf>. Sótt 12. mars 2018

119 Bjarnadóttir E, Huijbens E. *Millilandaflug Um Akureyrarflugvöll - Könnun Meðal Brottfararfarþega Sumarið 2012*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2012:47, 49, 51, 63, 66, 72. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/akflugvollur-2012.pdf>. Sótt 22. mars, 2018.

Hvað varðar afþreyingu á svæðunum þremur var ljósmyndun, heimsókn á söfn og gönguferðir líklegast til að verða fyrir valinu en hvala- og fuglaskoðun ásamt náttúruböðum og mat úr héraði var einnig oft nefnt.¹⁶¹¹⁷¹¹⁸ Í könnun meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli frá árinu 2012 voru jarðböð, safnaheimsóknir, gönguferðir, söguslóðir og hvala- og fuglaskoðun helst fyrir valinu og því ljóst að áhugasvið erlendra ferðamanna er enn svipað.¹¹⁵

Meðalútgjöld ferðafólks á svæðunum þremur voru 9.169 krónur á sólarhring á verðlagi ársins 2015 og var mismunandi eftir svæðum hvar útgjöldin voru hæst; í gistiþjónustu, afþreyingu eða vegna veitinga.¹²⁰¹²¹¹²²



Mynd 13 Meðalútgjöld ferðamanna og í hvað þeir eyða

Pegar kemur að heildarútgjöldum fyrir allt landið í heild var ferðafólk líklegra til að eyða meira en 200.000 krónum á meðan á dvölinni á Íslandi stóð fyrir utan flugfargjald og fyrirfram greiddar pakkaferðir yfir sumartímann¹ á meðan að vetrargestir höfðu fjölbreyttara neyslunmynstur en einungis 12.2% þeirra voru að eyða vfir 200.000 krónum í dvölinni en 60.3% eyddu minna en 100.000 krónum.¹²³

3.3. Ímynd staðar og markaðssérstaða

Í þessum kafla verða tekinn fyrir atriði sem greina ímynd staðar og hver markaðssérstaða sé.

3.3.1. Upplifun gestsins (jákvætt / neikvætt)

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir vann, árið 2015, að rannsóknum varðandi ferðavenjur á Norðurlandi á þremur mismunandi stöðum; Húsavík, Mývatnssveit og Siglufirði. Í rannsóknum þessum kom fram að um 96% er ánægðir eða mjög ánægðir með dvöl sína á hverju svæði fyrir sig.¹²⁴¹²⁵¹²⁶

120 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjuskönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:22, 26, 27, 29, 32 og 33. Tekið af http://www.rmfi.is/static/research/files/myvatn_07-2016-redpdf. Sótt 12. mars 2018

121 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjuskönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 29, 32 og 33. Tekið af <http://www.rm.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf>. Sótt 12. mars 2018

122 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 28, 30, 33, 34. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/2016-10-husavikpdf>. Sótt 12. mars 2018

123 Maskina. *Erlendir Ferðamenn á Íslandi, sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa:91, 92, 93, 260 og 355. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf. Sótt 12. mars 2018

124 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:36 og 37. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf>. Sótt 12. mars 2018

125 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyrir: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:36 og 37. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf>. Sótt 12. mars 2018

126 Rögvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:37 og 38. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/2016-10-husavik.pdf>. Sótt 12. mars 2018

Ánægja erlendra ferðamanna á Norðurlandi



Mynd 14 Ferðamenn eru að stærstum hluta ánægðir með dvöl sína á Norðurlandi

Norðurland er einstakur áfangastaður sem enginn ætti að láta framhjá sér fara og eru ferðamenn og heimamenn sammála um að það sé margt sem greini landshlutann frá öðrum; jarðfræðin, jarðhitaböð og aðrar náttúrulegar ásamt gönguferðum og dýralífinu. Auk þess er afþreying því tengd, svo sem og norðurljósin, ásamt mannlífinu, menningu og sögu svæðisins.¹²⁷

Ánægja ferðafólks snýr að miklu leyti að fegurð staðarins og gestrisni heimafélks, en það er í samræmi við rannsókn Ferðamálastofu á upplifun ferðafólks á landinu öllu árin 2015 og 2016. Þar kom fram að náttúran og landslagið ásamt gestrisninni væri það sem fólk man helst eftir ásamt norðurljósum, jökullónum og ísjökum.¹²⁸

Hvað varðar neikvæða upplifun ferðafólksins á svæðum Norðurlands var hátt verðlag, upplýsingaskortur og skortur á vegmerkingum og almenningssalernum ásamt of mikilli mannmergð (e. commercial) á svæðinu helstu ábendingar gesta.¹²⁹ Sú niðurstaða tónar vel við niðurstöðu Ferðamálastofu varðandi það sem ferðafólk telur að megi bæta í ferðaþjónustu á Íslandi í heild, en helstu atriði þeirrar rannsóknar voru úrbætur á vegmerkingum, of hátt verðlag, ástand vega, skortur á almenningssalernum ásamt því að vetrarferðafólk taldi að takmarka þyrfti fjölda ferðafólks.¹³⁰

127 Norðurlands M. Norðurland. *Norðurland*. 2018. Tekið af <https://www.northiceland.is/is>. Sótt 22. mars, 2018.

128 Maskína. *Erlendir ferðamenn á Íslandi, vetur 2015-2016*. Ferðamálastofa; 2017:400 og 441. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vetur_15_16_isl_mpdf sótt 12. mars 2018 og Maskína. *Erlendir Ferðamenn á Íslandi, sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa:394 og 447. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf. Sótt 12. mars 2018

129 Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:36 og 37. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf> Sótt 12. mars 2018 og Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015, Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:36 og 37. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf> Sótt 12. mars 2018 og Rögnvaldsdóttir, L.B. *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:37 og 38. Tekið af <http://www.rmfi.is/static/research/files/2016-10-husavikpdf> þann 12. mars 2018

130 Maskína. *Erlendir ferðamenn á Íslandi, vetur 2015-2016*. Ferðamálastofa; 2017:400 og 441. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vetur_15_16_isl_mpdf sótt 12. mars 2018 og Maskína. *Erlendir Ferðamenn á Íslandi, sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa:394 og 447. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf. Sótt 12. mars 2018

Ánægja erlendra ferðamanna á Norðurlandi



Mynd 15 Jákvæð og neikvæð upplifun ferðamanna á Norðurlandi

3.3.2. Staðarímynd

Pegar það kemur að markaðssetningu áfangastaðar er nauðsynlegt að greina hvað svæðið hefur uppá að bjóða og hver upplifun gesta svæðisins er. Með því að gera greiningar á svæðum er hægt að draga betur fram hvernig best sé að markaðssetja viðkomandi stað.

Markaðsstofa Norðurlands hefur á undanförunum árum gengið langt í að besta þessa vinnu og árið 2011 var farið í greiningarvinnu með lykilhagsmunaaðilum á svæðinu þar sem greint var hvað svæðið stendur fyrir og hvaða tónfall (e. tone of voice) á að vera á markaðsefni áfangastaðarins. Urðu fyrir valinu eftirfarandi atriði: Kyrrð, töfrar og orka. Í framhaldi af þeirri vinnu var gerður ímyndarbæklingur sem dregur fram hvað svæðið stendur fyrir, og að hluta til, hvernig það greinir sig frá öðrum landsvæðum. Hefur Markaðsstofan leitast eftir því að fá fjármagn til fleiri rannsókna til að greina ímynd svæðisins betur, þar sem skortur hefur verið á svæðisbundnum rannsóknum og/eða rannsóknum þar sem gögn eru niðurgreinanleg nákvæmlega eftir svæðum og/eða póstnúmerum. Hér að neðan eru teknir fyrir helstu seglar svæðisins og síðan fylgir nánari útskýring á þeim markaðsáherslum sem MIN vinnur með.

3.3.2.1. Helstu seglar áfangastaðarins Norðurlands

Hvítserkur

15 metra hár brimsorfinn klettur er stendur í sjó við Vatnsnes austanvert. Mikið fuglalíf er við og á klettinum, eins og sjá má á fugladritinu sem einkennir Hvítserk.

Kolugljúfur

Í Víðidal hefur Víðidalsá sorfið gljúfur sem kennd eru við skessuna Kolu og þar sem áin steypist niður gljúfrið eru Kolufossar.

Borgarvirki

Borgarvirki er gostappi, og stendur klettaborg þessi 177 metra yfir sjávarmáli, en þaðan er víðsýnt um héraðið. Þetta er sérstakt náttúruundur sem hefur verið breytt af mannahöndum í gegnum aldirnar. Fornar sögur segja að þar hafi verið héraðsvirki.

Hveravellir

Hveravellir eru jarðhitasvæði, norðan undan Kjalhrauni og eitt af stærstu jarðhitasvæðum landsins, staðsett við Kjalveg og einstök vin á miðhálandinu á milli Langjökuls og Hofsjökuls. Hveravellir eru jarðhitasvæði á heimsmaelikvarða. Þar dvaldist Fjalla-Eyvindur um skeið ásamt Höllu konu sinni. Á Hveravöllum er að finna náttúrlaug.

Drangey

Drangey rís sæbrött fyrir miðjum Skagafirði. Hún er að mestu úr móbergi, hrikalegt hamravígi sem rís næstum 200 metra úr hafi. Milljónir sæfugla verpa í klettum eyjarinnar og hefur varpið verið nytjað frá söguöld. Eins og segir í Grettissögu hafðist Grettir þar við ásamt Illuga bróður sínum í þrjú ár, og voru bræðurnir þar vegnir.

Goðafoss

Goðafoss er foss í Skjálfandafjöti, steinsnar frá Þjóðvegi 1 við Fosshól. Fossinn dregur nafn sitt af þeim atburði er Þorgeir Ljósvefninga-goði fleygði heiðnu goðunum í fossinn.

Aldeyjarfoss

Aldeyjarfoss er einn fegursti foss landsins, og myndast afar vel, enda ramma stuðlabergsmyndanir fossinn inn á myndrænan hátt.

Ásbyrgi

Ásbyrgi er skógivaxið skeifulaga gljúfur í Öxarfirði, og þar liggja margar góðar gönguleiðir. Ásbyrgi er í Vatnajökulspjóðgarði og er rekin þar gestastofan Gljúfrastofa.

Dettifoss í Jökulsárgljúfrum

Dettifoss er aflmesti foss Evrópu, en þar falla 200 rúmmetrar af vatni á hverri sekúndu. Dettifoss er 45 metra hár og 100 metra breiður. Skemmtileg gönguleið, 34 km. löng, er meðfram ánni að Ásbyrgi.

Melrakkaslétta

Slétta milli Öxarfjarðar og Pistilfjarðar, á henni vestanverðri er rauðleitur, 73 metra hár, klettadrangi sem nefnist Rauðinúpur. Lengra til norðurs er lítill tangi er nefnist Hraunhafnartangi, en hann er nyrsti hluti meginlands Íslands, og aðeins þrjá km. suður af heimskautsbaugi.

Rauðanes

Nesið er staðsett suður af Viðarfjalli, miðja vegu milli Raufarhafnar og Þórshafnar. Frá þessu litla og fallega nesi má sjá klettadranga í hafi, bjarg sem heitir Stakkatorfa, hella og bratta kletta þar sem margir fuglar verpa.

Langanes

Ílangt nes milli Pistilfjarðar og Bakkaflóa, en lögun þess minnir nokkuð á höfuðstóra gæs. Lélegur vegur liggur að Fonti yst á nesinu, en sérkenni hans eru brött björg á suður- og norðurströndunum sem heita Skoruvíkurbjarg og Skálavíkurbjarg. Þar má finna eyðiporpið Skála sem byggðist upp og lagðist af á 37 árum.¹³¹

Askja

Í Dyngjuflöllum er 50 km² askja. Í gosinu 1875 féllu 11 km³ í suðausturluta Öskju saman og úr varð Öskjuvatn, sem er 217 metrar á dýpt, og þar með dýpsta vatn á Íslandi, og norður af því, gjóskugígurinn Víti.

Mývatnssvæðið

Mývatnssvæðið liggur á Mið-Atlandshafshryggnum og markit athyglisverðasta þar er að sjá tengist jarðhita og eldvirkni. Krúnudjásnið er sjálft Mývatn, 37 km² að stærð sem gerir það að fjórða stærsta stöðuvatni landsins. Vatnið er hins vegar grunnt og meðaldýpt aðeins 2,5m. Í vatninu eru yfir 50 eyjar og hólmar, mestmegnis eru þetta gervíggar eru til orðu er hraun rann út í vatnið. Meðal athygliverðra staða eru gervíggarir við Skútustaði, Höfði, Dimmuborgir, Hverfjall, Hverir, Krafla, og Jarðböðin við Mývatn. Mývatnssveit er einnig talin eitt besta fuglaskoðunarsvæði landsins, og Evrópu gjörvallrar. Yfir sumarmánuðina eru samankomnar fleiri andategundir við og við Mývatn en á nokkrum öðrum stað á jarðri. Mývatn og vatnasvæði þess eru friðland, friðlýst með lögum um verndaráætlun Mývatns og Laxár.

131 Norðurlands M. Skálar á Langanesi, eyðiporpið | Norðurland. *Norðurland*. 2018. Tekið af <https://www.northiceland.is/is/north/places/history-and-culture/skalar-in-langanes-peninsula>. Sótt 9. apríl, 2018

3.3.3. Markaðsáherslur


Eins og komið hefur fram hefur farið töluverð vinna í að greina ímynd Norðurlands og taka saman gögn sem draga fram þær markaðs-áherslur sem áfangastaðurinn Norðurland stendur fyrir. Út frá því er hægt að draga saman markaðsáherslur Norðurlands í þrjá flokka sem eru:

- Náttúru-, ævintýra- og vistvæn ferðaþjónusta
- Vetrarferðamennska
- Saga, menning og listir

Með því að skipta þessu upp í áherslur var hægt að meta stöðu hvernar áherslu fyrir sig og þannig greina hvar sóknarfærin liggja. Eins og kemur fram í kafla 4.2.1, „Þriggja ára áætlun Norðurlands“, er stefnt að því gera markaðsáætlun fyrir hverja áherslu fyrir sig, og með þeirri ráðstöfun verður árangur mismunandi áherslna einnig mælanlegur. Til þess að gera stöðumat á hverri áherslu fyrir sig þá er hægt að setja upp hverja þeirra í lífsferil áfangastaðar.

3.3.3.1. Lífsferill áfangastaðar

Út frá þessum markaðsáherslum er hægt að meta hvernig viðkomandi þáttur stendur í lífsferli áfangastaða. Lífsferill áfangastaða sem settur var fram af Richard Butler (1980),¹³² er notaður til að greina hvar viðkomandi áfangastaður er staddur, og hvers konar upplifun gestir eru að fá á svæðinu. Það er greint út frá fimm ákveðnum þáttum.¹³³ Út frá hverjum þætti eru síðan fimm atriði metin, sem eru markaðshlutdeild, heimsóknir, afþreying/segjar, atvinna og aðgengi, sjá töflu hér að neðan.¹³⁴



Mynd 16 Lífsferill áfangastaðar

¹³² Butler, R.W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management and resources. *The Canadian Geographer*, XXIV (1), 5-12.

¹³³ Huijbens E, Gunnar Þór Jóhannesson. *Ferðamál Á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning; 2013.

¹³⁴ *Central Alberta Destination Management Plan*. Canada; 2015. Tekið af http://visitreddeer.com/wp-content/uploads/2016/02/Final_Destination_Plan_Low-Res.pdf. Sótt 16.mái, 2017.

Áfangastaðaeinkenni

Lífsferill áfangastaða	Markaðshlutdeild	Heimsóknir	Afþreying / Seglar	Atvinna	Aðgengi
Uppgötvun	Óþekkt	Lítið	Fáir í eigu heimamanna	Fá eða engin störf í ferðapjónustu á staðnum	Takmarkað
Tengsl	Óþekkt	Lítið	Vantar kritískan massa - í eigu heimamanna	Takmarkaður fjöldi starfa í ferðapjónustu á staðnum	Bætt
Vöxtur	Þekkt	Meðal - hátt	Fjölbreytni eykst	Störfum í ferðapjónustu fjölga á staðnum	Gott
Stöðnun	Vel þekkt	Hátt - nær hámarksgestagetu	Kritískum massa náð - Fjárfesting kemur utanfrá	Mörg störf í ferðapjónustu á staðnum stendur í stað	Ákjósanlegt
Enduruppgötvun	Engin hnignun	Stöðnun, fer fram úr hámarksgetu	Öldrun - Aðdráttaraflíð fer minnkandi	Fjöldi starfa í ferðapjónustu á staðnum stendur í stað	Hámarkað-of mikið
Hnignun	Hnignun	Hnignun	Hnignun í gæðum	Störfum í ferðapjónustu fækka á staðnum	Hámarkað-of mikið


Tafla 10 Áfangastaðaeinkenni

Út frá þessum forsendum er síðan hægt að sjá hvernig markaðsáherslur Norðurlands koma út að mati MN:

Áfangastaðaeinkenni

Lífsferill áfangastaða	Markaðshlutdeild	Heimsóknir	Afþreying / Seglar	Atvinna	Aðgengi
Lífsferill áfangastaða	Markaðshlutdeild	Heimsóknir	Afþreying / Seglar	Atvinna	Aðgengi
Náttúru-, ævintýra og vistvæn ferðapjónusta	Þekkt	Meðal - Hátt	Fjölbreytni eykst	Störfum í ferðapjónustu fjölga á staðnum	Bætt
Vetrarferðamennska	Þekkt	Meðal - Hátt	Fjölbreytni eykst	Störfum í ferðapjónustu fjölga á staðnum	Bætt
Saga, menning og listir	Óþekkt	Lítið	Vantar kritískan massa - í eigu heimamanna	Takmarkaður fjöldi starfa í ferðapjónustu á staðnum	Ákjósanlegt

Tafla 11 Áfangastaðaeinkenni markaðsáherslna Norðurlands



Mynd 17 Staða markaðsáherslna Norðurlands innan lífsferils áfangastaða

3.3.3.2. Lýsing á verkefnum undir áhersluatriðum

Undanfarnir ár hafa verið keyrð ákveðin markaðsverkefni sem styðja við lykilmarkaðsáherslur Norðurlands. Þau eru Birding Iceland, Ski Iceland og Local food.

Birding Iceland

Verkefnið Birding Iceland er samstarfsverkefni Fuglastígsins á Norðurlandi eystra, Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra og Akureyrarstofu sem starfar fyrir Eyjarfjarðarsvæðið. Verkefnið heldur utan um þrjá fuglastíga, hvern á sínu svæði. Verkefnið er samstarfsvettvangur í markaðssetningu og þróun á fuglatengdri ferðapjónustu á öllu Norðurlandi og byggir á þróunarverkefni sem Fuglastígur á Norðausturlandi vann þegar þróaður var fyrsti fuglastígurinn (e. Birding Trail). Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2014 og í dag er til heimasíða, stærsta fuglasýning í Evrópu hefur verið heimsótt fjórum sinnum og heildrænt skipulag fyrir uppbyggingu á svæðinu liggur fyrir. Næstu skref í uppbyggingu eru að framfylgja skipulagi eins og kostur er. Norðurland eystra hefur tryggt fjármagn í uppbyggingu á þremur fuglaskýlum. Ferðahandbók sem er ætluð þessum markhópi er í forvinnslu og frekari tölur um upplifun ferðamanna í fuglatengdri afþreyingu munu liggja fyrir á næstu misserum.

Ski Iceland

Árið 2013 var ákveðið að leggja enn meiri áherslu á veturinn í kynningarstarfi Markaðsstofunnar. Sama ár var Ski Iceland samstarfið formgert og eru skíðasvæðin á Norðurlandi sem bjóða upp á reglulega þjónustu hluti af verkefninu, þ.e. skíðasvæðin á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði og í Skagafirði. Verkefnið var að gera skíði að aðgengilegri vöru fyrir erlenda ferðamenn ásamt því að koma því í almenna landkynningu að skíði væru góður, sjálfbær afþreyingarmöguleiki sem væri nú þegar búið að fjárfesta þó nokkuð í af hálfu sveitarfélaga. Haldin er árleg kynningarferð fyrir aðila sem hafa áhuga á að efla vetrarferðamennsku á svæðinu og hefur hún skilað tilætluðum árangri. Heimasíða er starfrækt sem sýnir opnun og veður á hverju svæði og gerir þá vöruna aðgengilegri fyrir þá sem eru á svæðinu. Sérstakur skíðapassi er til sem heitir 5x5 sem býður viðskiptavinum upp á að skíða á öllum svæðum í fimm daga og að skila búnaði á þeim öllum sama hvar hann er leigður. Mikið og gott starf hefur átt sér stað og eru skíði nú hluti af almennri kynningu hjá MN. Með samstarfi erlendra ferðaskrifstofa er nú til heimasíða sem heitir **www.ski-iceland.co.uk** sem sérhæfir sig í skíðaferðum norður og mun ferðaskrifstofan Super Break taka sérstaka skíðapakka í sölu sem ráðgert er að kynna á árinu.

Local Food

Á Norðurlandi eru sérstakir matarklasar sem eiga það allir sameiginlegt að vinna að þróun og kynningu á matvælum úr heimabyggð. Klasarnir eru: Matarkista Skagafjarðar, Local Food í Eyjarfirði og Þingeyska matarbúrið. Annað hvert ár er haldin sýning sem hét Matur-Inn, en ber nú nafnið Local Food Festival. Markaðsstofan tók þátt í að draga að borðinu aðila á öllu svæðinu til að taka þátt í sýningunni og alþjóðavæða nafnið. Verkefnið er mikið bundið við þessa einu sýningu. Breskur hópur ferðapjónustuaðila tengdum matarferðapjónustu tók þátt í sýningunni 2015 sem vakti mikla athygli. Í tengslum við þá heimsókn voru matarferðapjónustufyrirtæki heimsótt og haldið var málþing um mat tengdan nýsköpun og nýtingu á upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt. Ráðgert er að nýta þróun á matarupplifun hjá verkefninu Norðurstrandarleið inn í næstu sýningu og halda áfram samtalinu þvert yfir Norðurland með það að markmiði að koma mat úr héraði í brennidepil.

3.3.3.3. Samráð við hagsmunaaðila

Á svæðisfundum sem haldnir voru vegna áfangastaðaráætlunar DMP á Norðurlandi, var ákveðið að kafa meira í þessi þrjú markaðsáhersluatriði til að fá dýpri skilning á því hvernig hagsmunaaðilar sjá svæðið út frá þeim. Var þátttakendum fundarins skipt upp í þrjá hópa þar sem þeir voru beðnir um að svara eftirfarandi:

DÆMI: Út frá áherslunni Náttúra-, ævintýra- og vistvæn ferðapjónusta, voru þátttakendur beðnir um að svara:

- 1 Hver er **sérstaða** svæðisins út frá náttúru-, ævintýra- og vistvænni ferðapjónustu?
- 2 Hvað **vantar** inn á svæðið út frá náttúru-, ævintýra- og vistvænni ferðapjónustu?
- 3 Hver ættu **skilaboð** svæðisins að vera út frá náttúru-, ævintýra- og vistvænni ferðapjónustu?

Allir fengu að svara þessum spurningum út frá þessum 3 markaðsáhersluatriðum. Hér að neðan kemur samantekt á öllu Norðurlandi en í Viðauka 1 er þessi vinna útlustuð út frá hverju svæði fyrir sig.

Samantekt á náttúru-, ævintýra- og vistvænni ferðapjónustu á Norðurlandi.

Öll svæðin töldu sérstöðu sína vera fjölbreytni þess og náttúrufergurð. Á öllum svæðum eru í boði fallegar göngu- og akstursleiðir en þegar kemur að annari afþreyingu er misjafnt á milli svæða hvort mikið sé í boði. Saga svæðanna er mikilvæg í öllum tilvikum. Sérstaða svæðanna allra kemur að einhverju leiti að fuglum og veiði, ásamt öðrum dýrum, en jarðfræðin kemur einnig sterk inn.

Öll svæðin nefna að samgöngum og aðgengi sé ábótavant ásamt mikilvægi aukningar á afþreyingarmöguleikum. Mikilvægi uppbyggingar innviða sem og aukin markaðssetning er einnig samnefni þegar kemur að öllum svæðunum.

Skilaboðin hjá flestum svæðunum tengjast rólegri ferðamennsku (e. Slow travel) þó sum svæðin bjóði einnig uppá háskaferðamennsku (e. Extreme Adventure). Matarmenningin og saga svæðisins er mikilvæg ásamt norðurljósum og miðnætursólinni en annar samnefni er að íbúar svæðanna vilja leyfa ferðafólki að upplifa „alvöru Ísland“ og eiga þá við að hægt sé að upplifa dreifbýlismenningu og hráa náttúru.

Lykilorð: Dýralíf, jarðfræði, gönguleiðir, uppbygging, samgöngur, afþreying, Slow Travel, sagan, matarmenning.

Samantekt á vetrarferðamennsku á Norðurlandi

Öll svæðin voru sammála um að þeirra sérstaða væru norðurljós, kyrrð og ró ásamt víðáttu og hestamennsku. Öll svæðin utan eins nefndu möguleika í skíðamennsku og eins sérstöðuna sem felst í náttúrunni.

Öll svæðin eru sammála um að það vanti betri afþreyingarmöguleika. Að sama skapi nefndu öll svæðin utan eins þörf á bættum samgöngum og uppbyggingu á gistingu.

Menningararfur svæðanna ætti, samkvæmt íbúum, að nýta sem skilaboð til ferðafólks ásamt kyrrðinni og rónni.

Lykilorð: Myrkur, skíði, afþreying, norðurljós, kyrrð og ró, hestar, samgöngur, menningararfur, fjölbreytni.

Samantekt á sögu, menningu og listum á Norðurlandi

Íbúar svæðanna telja sögu síns svæðis vera mestu sérstöðuna. Íbúarnir telja að hin ýmsu söfn og setur séu mikil sérstaða ásamt hátíðum og viðburðum. Landbúnaðurinn er sérstaða sem íbúar vilja fræða gesti um, ásamt því að kynna ferðafólk fyrir matarmenningu svæðanna. Íbúar telja uppbyggingu á ferðaþjónustu, hvort sem er á afþreyingu, innviðum eða samgöngum ábótavant á svæðunum. Þeir telja nauðsynlegt að veittur sé stuðningur til hvers kyns uppbyggingar eða stuðningur við frumkvöðla. Einnig er þörf á upplýsingum, bæði samantekt og miðlun til ferðafólks, sem og því að efla samvinnu og markaðssetningu.

Söguferðaþjónusta, kyrrð og ró eru helstu skilaboð svæðanna allra. Íbúar telja að á Norðurlandi sé hægt að koma til að finna nánd við samfélögin, söguna og náttúruna allt árið um kring og kynnast betur hinu „alvöru“ Íslandi.

Lykilorð: Saga, söfn, setur, viðburðir, uppbygging, stuðningur, upplýsingar, nánd, friður og ró, landbúnaður, alvöru Ísland.

3.3.4. Framtíðarverkefni í að styrkja markaðsáherslur

Þegar niðurstöður vegna markaðsáherslna eru skoðaðar kemur margt fram sem hægt er að vinna með áfram líkt og aðrar áherslur í markaðsetningu, kynningarefni og annarri framsetningu Markaðsstofunnar. Auk þess koma fram markaðspróunarverkefni sem væri hægt að vinna í.

3.3.4.1. Verkefni eitt: Uppbygging á sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Lýsing: Úr niðurstöðum svæðisfunda kemur skýrt í ljós að hagsmunaaðilar telja að eitt af stærstu tækifærum í uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu sé sögutengd ferðaþjónusta. Þá er ekki verið að meina að ekkert hafi nú þegar verið gert, heldur að pakka þurfi henni betur inn svo hægt sé að markaðssetja hana betur fyrir svæðið.

Núverandi staða: Staðan í dag er sú að öll sveitarfélög á Norðurlandi hafa sögu að segja, og hafa mörg þeirra byggt upp safn til að gera henni skil. Hins vegar er lítil samvinna aðila innan áfangastaðarins um að byggja frásögnina upp saman, þar sem sögur eins og Grettissaga, orrustur o.fl. ganga þvert á svæðismörk. Auk þess má tengja þjóð-, Íslendinga, og fornsögur saman og nýta þá innviði sem eru til staðar eins og torfbæi, kirkjur, laugar o.fl.

Aðgerða sem er þörf: Að greina hvornig hægt sé að pakka sögutengdri ferðaþjónustu saman þannig það sé hægt að markaðssetja hana betur fyrir erlenda ferðamenn.

Ávinningur: Verkefnið fellur vel að núverandi áherslum. Auk þess yrði byggð upp og þróuð vara sem byggir á styrkleikum svæðisins.

Fjárförð: Greina þarf fjárförð verkefnisins. Fyrir verkefnið þarf byggja upp samtal við mismunandi svæði og fá þau til að vinna saman.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands, sveitarfélög, ferðamálasamtök, ferðaþjónustufyrirtæki og ferðamálafélög

Lykilorð: Innviðaupbygging, skipulag, markaðssetning, saga, menning, listir, samvinna.

3.3.4.2. Verkefni tvö: Uppbygging á gönguferðamennsku á Norðurlandi.

Lýsing: Gönguferðamennska er afþreying í miklum vexti um allan heim. Meðal annars út frá niðurstöðum svæðisfundar, og vegna eftirspurnar, er mikilvægt að taka saman og setja upp gagnagrunn á gönguleiðum á Norðurlandi.

Núverandi staða: Staðan í dag er sú að næstum öll sveitarfélög á Norðurlandi eru búin að útbúa göngukort á sínu svæði. Fyrir hinn hefðbundna ferðamann og ferðaskipuleggjendur er erfitt að finna upplýsingar út frá ákveðnum svæðum.

Aðgerða sem er þörf: Að safna saman gögnum þar sem ekki er hægt að sækja gögn um gönguleiðir á einum stað í dag og mikilvægt er að taka saman þessar upplýsingar og setja upp með sömu aðferð á öllu svæðinu út frá, meðal annars, GPS punktum, merkingum, erfiðleikastuðli o.fl.

Ávinningur: Verkefnið styrkir uppbyggingu á áfangastaðnum og leiðir til þess að við náum meiri árangri í þeirri viðleitni að fá ferðamenn til að stoppa lengur. Auk þess fellur þetta vel við önnur verkefni sem er verið að vinna að eins og Norðurstrandarleið.

Fjárförð: Það þarf að greina fjárförð verkefnisins. Fyrir verkefnið þarf byggja upp samtal við mismunandi svæði og greina hvernig uppsetning sé best.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands, sveitarfélög, ferðamálasamtök og ferðaþjónustufyrirtæki

Lykilorð: Innviðaupbygging, skipulag, markaðssetning, gönguferðamennska, samvinna, afþreying.

3.3.4.3. Verkefni þrjú: Jarðfræði á Norðurlandi.

Lýsing: Jarðfræði á áfangastaðnum Norðurlandi er mjög fjölbreytt og hefur margt upp á að bjóða. Allt frá því að vera köld svæði í virk svæði, firðir í sléttur, fossar og lækir, hraun og sandur o.fl.

Núverandi staða: Staðan í dag er sú að flest öll ferðaþjónustufyrirtæki tala um jarðfræði svæðisins í sínum ferðum. Hins vegar er spurning hvort það sé hægt að nýta þessa einstöku jarðfræði meira en nú er gert.

Aðgerða sem er þörf: Að greina hvort það sé hægt að nýta jarðfræði svæðisins betur til að geta náð til fleiri markhópa. Auk þess að taka saman og gera aðgengilegar betri lýsingar á jarðfræði á svæðinu.

Ávinningur: Verkefnið styrkir uppbyggingu á áfangastaðnum og leiðir til þess að við náum meiri árangri við að fá ferðamenn til að stoppa lengur. Auk þess fellur þetta vel við önnur verkefni sem er verið að vinna að eins og Norðurstrandarleið.

Fjárförð: Greina þarf fjárförð verkefnisins. Auk þess að greina þessi tækifæri og hvernig þau tala best við okkar markhópa.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurland, ferðaþjónustuaðilar og sveitarfélög

Lykilorð: Innviðaupbygging, upplýsingar, markaðssetning, jarðfræði, samvinna, afþreying

3.3.4.4. Verkefni fjögur: Tækifæri í myrkrinu á Norðurlandi.

Lýsing: Á svæðisfundum var mikið talað um myrkið sem söluvöru og aðdráttarafl.

Núverandi staða: Ekkert er verið að vinna með eða markaðssetja myrkur sem aðdráttarafl.

Aðgerða sem er þörf: Að greina hvort og þá hvernig tækifæri séu til að nýta myrkur í uppbyggingu fyrir áfangastaðinn Norðurland. Skoða meðal annars verkefni eins og International Dark-Sky Association.

Ávinningur: Verkefnið styður við uppbyggingu á áfangastaðnum Norðurland.

Fjárförð: Greina þarf fjárförð verkefnisins. Fyrir verkefnið þarf byggja upp samtal við mismunandi svæði og greina hvernig uppsetning henti verkefninu best.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands, sveitarfélög, ferðamálasamtök og ferðaþjónustufyrirtæki

Lykilorð: Innviðaupbygging, skipulag, markaðssetning, myrkur, samvinna, afþreying.

3.3.5. Samkeppnisgreining

Ekki hafa verið skilgreins helstu samkeppnislönd áfangastaðarins Norðurlands og því er ekki hægt að gera samkeppnisgreiningu á þessum tíma. Ástæða þess að ekki hefur verið gerð samkeppnisgreining á Norðurlandi er aðallega sú að ekki hefur verið tími né fjármagn til að fara í slíka vinnu. Forsendur í samkeppnisgreiningu eru: áfangastaðir sem bjóða upp á svipaðar vörur og þjónustu, áherslur á svipuð markaðsvæði og markhópa og svipaða þróun milli árstiða.¹³⁵

Markaðsstofa Norðurlands er með það markmið að gera slíka greiningu og er áfangastaðaaætlun DMP Norðurlands stór partur í þeirri vinnu. Auk þess fékk MN styrk úr Sóknaráætlun 2018 bæði hjá Eyþingi og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til að gera markaðsrannsókn á ferðaþjónustuaðilum þar sem meðal annars verður skoðað hverjir séu markhópar, markaðssvæði, ferðahegðun, sérstaða o.fl. sem hjálpar við greiningu á samkeppnismörkuðum okkar. Með þessum gögnum verður hægt að fara í greiningu á samkeppnismörkuðum áfangastaðarins Norðurlands.

3.4. Mat á framlagi ferðaþjónustu til svæðisins

Til að geta metið framlag ferðaþjónustu á skilgreind svæði er nauðsynlegt að til séu svæðisbundin gögn sem gefi góða innsýn á stöðu mála. Hins vegar er mikill skortur á slíkum gögnum, auk þess sem að skilgreind svæði áfangastaðaráætlunar er ekki að tala við tölur frá Ríkisskattsjóra né Hagstofutölur. Því er nauðsynlegt að gerð verði bragarbót á greiningum á framlagi ferðaþjónustu á svæðinu. Hér að neðan verður lagt mat á framlagið út frá viðkomandi svæðum.

3.4.1. Ferðamannatölur fyrir Norðurland


Eftirfarandi kafli er unninn úr skýrslum Rannsóknna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar sem unnar voru fyrir Markaðsstofu Norðurlands. Árið 2017 var áætlað að 573 þúsund ferðamenn hafi lagt leið sína að til Norðurlands sem eru 29% af þeim 2.004 þúsund ferðamönnum sem komu til Íslands með flugi eða ferju.^{136/137} Fjöldi erlendra ferðamanna vex í jafnvægi við landið í heild en hlutfall þeirra sem heimsækja Norðurland hefur haldist á milli 24% og 29% síðastliðin ár. Á mynd hér að neðan fylgir gráa línan kvarðanum til hægri og súlurnar þeim til vinstri.

¹³⁵ *A Practical Guide To Tourism Destination Management*. 1. Útg. Spain: World Tourism Organization; 2018. Tekið af <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284412433>. Sótt 4. maí, 2017.

¹³⁶ *Northiceland.is*. 2018. Tekið af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir_ferdamenn_a_nordurlandi_2010_2016.pdf. Sótt March 13, 2018. og 59. *Ferdamalastofa.is*. 2018. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/byggdastofnun-ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016pdf>. Sótt 13. mars, 2018.

¹³⁷ Rögnvaldur Guðmundsson *Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf; 2018:1. Tekið af <http://file:///C:/Users/GAUJAH-1/AppData/Local/Temp/Erlendir%20ferdamenn%20á%20Norðurlandi%202010-2017-1.pdf>. Sótt 11 apríl, 2018.

Fjöldi erlendra gesta á Íslandi og Norðurlandi



Tafla 12 Fjöldi erlendra gesta á Íslandi og Norðurlandi

Norðurlandi má skipta niður í fjögur svæði; Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Stærð svæðisins á kortinu hér að neðan afmarkast af fjölda erlendra ferðamanna seinustu ár en ljóst er að mesta framboð þjónustu sem og uppbygging í kringum ferðaþjónustu er á fjölsóttustu svæðunum.¹³⁸

Skipting Norðurlands í fjögur vinnusvæði




Mynd 18 Skipting Norðurland í fjögur vinnusvæði

138 Rögnvaldur Guðmundsson *Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf; 2018:1. Tekið af <http://file:///C:/Users/GAUJAH-1/AppData/Local/Temp/Erlendir%20ferðamenn%20á%20Norðurlandi%202010-2017-1.pdf>. Sótt 11. apríl, 2018.

Líkt og sjá má á grafi hér að neðan er fjöldi ferðamanna mismunandi eftir svæðum en öll svæðin hafa bætt við sig fjölda ferðamanna seinustu ár, en aukning á milli ára er hlutfallslega svipuð á milli svæða.


Fjöldi erlendra gesta á Norðurlandi eftir svæðum



Mynd 19 Fjöldi erlendra gesta á Norðurlandi eftir svæðum

Ef lítið er á markaðshlutdeild allra svæðanna árið 2017 og hún borin saman við stöðuna 2010 er ljóst að ekki hafa orðið miklar breytingar. Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur bæta örlitlu við sig á meðan að hlutdeild Skagafjarðar dregst saman um 2%. Húnavatnssýslur halda óbreyttu hlutfalli af heildarfjölda gesta sem fóru um svæðið.

Próun markaðshlutdeildar á milli svæða




Mynd 20 - Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

Húnavatnssýslur

Áætlað er að 451 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslum árið 2017, þar af 63% yfir sumarmánuðina þrjá, en það er 23% allra erlendra ferðamanna sem komu til Íslands það árið. Miklar breytingar hafa orðið í fjölda ferðamanna sem og skiptingu þeirra yfir árið frá því árið 2010 en þá fóru 135 þúsund erlendir ferðamenn um Húnavatnssýslum og þar af 86% yfir sumarmánuðina þrjá.¹³⁹

Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum




Mynd 21 - Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

Skagafjörður

Áætlað er að 429 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2017, þar af 65% yfir sumarmánuðina þrjá, en það er 21% allra erlendra ferðamanna sem komu til Íslands það árið. Breytingar hafa orðið bæði í fjölda ferðamanna sem og skiptingu þeirra yfir árið frá því árið 2010 en þá fóru 142 þúsund erlendir ferðamenn um Skagafjörðinn og þar af 85% yfir sumarmánuðina þrjá.

Erlendir ferðamenn í Skagafirði




Mynd 22 - Erlendir ferðamenn í Skagafirði

139 Rögvaldur Guðmundsson Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf; 2018:1. Tekið af <http://file:///C:/Users/GAUJAH-1/AppData/Local/Temp/Erlendir%20ferðamenn%20á%20Norðurlandi%202010-2017-1.pdf>. Sótt 11. apríl, 2018.

Eyjafjörður

Áætlað er að 543 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2017, þar af 64% yfir sumarmánuðina þrjá, en það er 27% allra erlendra ferðamanna sem komu til Íslands það árið. Breytingar hafa orðið í bæði fjölda ferðamanna sem og skiptingu þeirra yfir árið frá því árið 2010 en þá fóru 151 þúsund erlendir ferðamenn um Eyjafjörðinn og þar af 87% yfir sumarmánuðina þrjá.¹⁴⁰

Erlendir ferðamenn í Eyjafirði




Mynd 23 - Erlendir ferðamenn í Eyjafirði

Píngeyjarsýslur

Áætlað er að 529 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Píngeyjarsýslum árið 2017, þar af 65% yfir sumarmánuðina þrjá, en það er 27% allra erlendra ferðamanna sem komu til Íslands það árið. Breytingar hafa orðið í bæði fjölda ferðamanna sem og skiptingu þeirra yfir árið frá því árið 2010 en þá fóru 143 þúsund erlendir ferðamenn um Píngeyjarsýslur og þar af 89% yfir sumarmánuðina þrjá.¹⁴¹

Erlendir ferðamenn í Píngeyjarsýslum



Mynd 24- Erlendir ferðamenn í Píngeyjarsýslum


140 Rögvaldur Guðmundsson. Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf; 2018:1. Tekið af <http://file:///C:/Users/GAUJAH-1/AppData/Local/Temp/Erlendir%20ferðamenn%20á%20Norðurlandi%202010-2017-1.pdf>. Sótt 11. apríl, 2018.

141 Rögvaldur Guðmundsson. Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf; 2018:1. Tekið af <http://file:///C:/Users/GAUJAH-1/AppData/Local/Temp/Erlendir%20ferðamenn%20á%20Norðurlandi%202010-2017-1.pdf>. Sótt 11. apríl, 2018.

3.4.2. Fjöldi gistinátta per ár

Heildarfjöldi gistinátta á Norðurlandi hefur aukist síðastiðin ár í samræmi við landið í heild en árið 2017 voru þær 1.050 þúsund miðað við 536 þúsund árið 2010.¹⁴² Á mynd hér að neðan má sjá þróun í fjölda gistinátta á Norðurlandi miðað við landið í heild en súlur sýna fjölda gistinátta á Norðurlandi miðað við á sinn til vinstri á meðan línumar sýna fjölda allra gistinátta á landinu í heild miðað við á sinn til hægri.


Erlendar og innlendar gistinætur á Norðurlandi og Íslandi í heild



Mynd 25 - Allar gistinætur á Norðurlandi og Íslandi í heild

Nýting herbergja hefur einnig vaxið stöðugt frá árinu 2010 til 2017 á Norðurlandi, og helst það einnig vel í hendur við Ísland í heild.¹⁴³ Grafið hér að neðan sýnir þróun í nýtingu allra herbergja á landinu öllu sem og á Norðurlandi; hér er ekki eingöngu um erlendar gistinætur að ræða.

Nýting herbergja á Norðurlandi og Íslandi í heild



Mynd 26 - Nýting herbergja á Norðurlandi og Íslandi í heild

¹⁴² *Gistinætur á hótélum 1997-2018-Hagstofa Íslands* - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_1_hotelgistiheimili/SAM01102.px/. Sótt 13. mars, 2018.

¹⁴³ *Nýting herbergja og rúma á hótélum 2000-2018-Hagstofa Íslands* - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_1_hotelgistiheimili/SAM01104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4570fc4d-9f9d-4971-a830-3a47b-1de4772. Sótt 13. mars, 2018.


Meðallengd dvalar erlendra ferðamanna á Norðurlandi hefur aukist yfir vetrartímann en dregist saman yfir sumartímann samkvæmt rannsóknunum Ferðamálastofu. Veturinn 2014-2015 var meðallengd dvalartíma 2,96 nætur; veturinn 2015-2016 hafði þessi dvöl lengst í 4,75 nætur en á móti kom að meðallengd sumarið 2014 var 3,9 nætur en sumarið 2016 var hún komin niður í 2,95 nætur.¹⁴⁴¹⁴⁵¹⁴⁶¹⁴⁷ Samkvæmt könnun meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli sumarið 2012 dvöldu erlendir ferðamenn sem komu á Norðurland í gegnum Akureyrarflugvöll að meðaltali lengur en aðrir gestir, eða í 7,45 nætur að meðaltali, ásamt því að dvelja lengur á Norðurlandi¹⁴⁸ sem rennir stöðum undir mikilvægi flugvallarins fyrir landshlutann.

3.4.2.1. Gistinætur út frá pósthúmerum

Líkt og áður sagði var í upphafi verkefnisins leitast eftir því að fá gögn um gistinætur og markaðssvæði út frá pósthúmerum. Ferðamálastofa fékk Hagstofuna til að taka út tölur út frá pósthúmerum niður á ákveðin svæði sem er lýst í kafla 3.2.2 Markaðssvæði.

Aukning og samdráttur bæði erlendra og innlendra gistinátta á svæðunum þremur er í samræmi við Norðurland í heild þó svo að hlutfallslega mesta fjölgunin hafi verið á svæði N3.

Gistinætur á Norðurlandi í heild og eftir svæðum



Mynd 27 Gistinætur á Norðurlandi í heild og eftir svæðum

Flestar gistinætur, bæði erlendar og innlendar, hafa undanfarin ár verið á svæði N2 sem kemur lítið á óvart þar sem að mesta framboð gistingar er þar, hér verður þó ekki lagt mat á það hvað komi fyrst, eftirspurnin eða framboðið.

144 Maskína. *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi, Vetur 2015-2016*. Ferðamálastofa; 2017:98, 129, 130, 140, 141, 304, 305 & 399. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vetur_15_16_isl_mpdf. Sótt 12. mars, 2018.


145 Maskína. *Ferðamálastofa Erlendir Ferðamenn Á Íslandi Sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 2017:91, 92, 93, 260 og 355. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskysla_islensk.pdf. Sótt 12. mars, 2018.

146 Maskína. *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi - Vetur 2013/2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 2014:10. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-10-24_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_maskinuskysla_islenska.pdf. Sótt 22. mars, 2018.

147 Maskína. *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi - Sumar 2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 2014:10. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-12-17_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_an_vaka_maskinuskysla_islenska.pdf. Sótt 22. mars, 2018.

148 Bjarnadóttir E, Huijbens E. *Millilandaflug Um Akureyrarflugvöll - Könnun Meðal Brottfararfarþega Sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2012:51 & 63. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/akflugvollur-2012.pdf>. Sótt 22. mars, 2018.


Hlutfallsleg skipting gistinátta á Norðurlandi eftir svæðum



Mynd 28 Hlutfallsleg skipting gistinátta á Norðurlandi eftir svæðum

Enn er mikil skipting á milli árstíða þegar kemur að fjölda gistinátta en axlirnar og veturinn eru þó að vaxa hægt og þétt.

Fjöldi gistinátta á Norðurlandi eftir mánuðum



Mynd 29 Fjöldi gistinátta á Norðurlandi eftir mánuðum

	Háönn (júní-ágúst)	Axlir (maí & sept.)	Lágönn (okt.-apríl)	Alls gistinætur
2011	79%	9%	12%	530.300
2012	75%	12%	13%	587.800
2013	75%	11%	14%	753.100
2014	76%	10%	14%	917.200
2015	70%	15%	15%	894.300
2016	64%	16%	19%	1.043.600

Mynd 30 Skipting gistinátta á tímabil

Ef bornar eru saman innlendar og erlendar gistinætur á Norðurlandi má sjá að erlendum gistinóttunum fer ört fjölgandi á árunum 2011 til 2016 á meðan innlendu gistinæturnar standa nánast í stað á milli ára, líkt og sjá má í töflu hér fyrir neðan. Axlirnar vaxa hraðast þegar kemur að erlendum gistinóttum á meðan veturinn vex hraðast á innlenda markaðnum. Sumrin dragast saman á báðum mörkuðum.

INNLENDAR

	Sumar (júní-ágúst)	Axlir (maí & sept.)	Vetur (okt.-apríl)	Heildar innlendar gistinætur
2011	69%	3%	29%	221.554
2012	66%	11%	23%	209.874
2013	70%	9%	21%	274.345
2014	74%	8%	18%	285.618
2015	63%	11%	26%	197.329
2016	59%	11%	31%	221.844

ERLENDAR

	Sumar (júní-ágúst)	Axlir (maí & sept.)	Vetur (okt.-apríl)	Heildar innlendar gistinætur
2011	87%	5%	8%	307.977
2012	80%	12%	8%	377.969
2013	78%	12%	10%	478.770
2014	77%	11%	11%	631.582
2015	72%	16%	12%	697.005
2016	66%	18%	16%	821.727

Mynd 31 Innlendar og erlendar gistinætur eftir tímabilum

Nokkuð jöfn aukning hefur verið á erlendum gistinóttum á milli ára, en árið 2015 var hægari vöxtur yfir sumartímann og árið eftir hraður vöxtur yfir axlatímann.


3.4.3. Hversu mikið eyða gestir á ári

Í skýrslu sem Landsbankinn tók saman árið 2015 má sjá á greiðslukortaveltu að ferðamenn skildu eftir rúma átta milljarða á Norðurlandi eystra og 1,8 milljarð á Norðurlandi vestra.¹⁴⁹ Eins og sjá má á töflu 2. fjölga ferðamönnum um 18% á milli 2015 og 2017 og reikna má með að eyðsla haldist að einhverju leyti í hendur við fjölgun þó að það sé ekki línulegt samband. Í rannsóknunum Lilju Rögnvaldsdóttur er greind eyðsla gesta á dag á ákveðnum stöðum á Norðurlandi. Allt gefur þetta ágætis vísbendingar um eyðslu gesta á Norðurlandi, en eins og áður hefur verið komið inn á er mikill skortur á fullnægjandi gögnum, aðgengi að þeim, og samhæfingu þeirra gagna til að hægt sé að festa hendur á eyðslu gesta á ári hverju á Norðurlandi í heild, og undirsvæðum þess. Því væri óábyrgt á þessari stundu að áætla eyðslu gesta með þeim takmörkuðu gögnum sem eru til staðar.

3.4.4. Stöðugildi / jafnvægi í störfum

Stöðugildum í ferðaþjónustu á landinu í heild hefur á árunum 2010 til ársins 2017 fjölgað um rúm 13.000 á veturna og á sumrin tvöfaldast úr rúmlega 14.000 árið 2010 upp í rúmlega 30.000 árið 2017. Það hefur verið misjafnt hversu stórt hlutfall þessarar heildar er á Norðurlandi en það hefur verið á bilinu 24%-29%. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig þessi fjöldi hefur þróast á Norðurlandi.

Stöðugildi á Norðurlandi í ferðaþjónustu



Mynd 32 Stöðugildi í ferðaþjónustu á Norðurlandi¹⁵⁰

149 Landsbankinn.is. 2018. Tekið af <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Umraedan/Radstefnur/Ferdathjonusta-2015/Ferdathjonusta-2015.pdf>. Sótt 15. apríl, 2018.

150 Fjöldi launþega í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu 2008--Hagstofa Íslands - Talnaefni. Hagstofa Íslands - Talnaefni. 2018. Tekið af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__ferdainadurhagvisar/SAM08051.px/table/tableViewLayout1/?rid=5e54d9a4-e083-42f7-914d-c66032515f91. Sótt 15. apríl, 2018.

3.4.5. Aðrir hagsmunaaðilar ferðapjónustu

Á Íslandi er talsvert af annars stigs hagsmunaaðilum þegar kemur að ferðapjónustu. Fyrsta stigs hagsmunaaðilar líkt og kaffihús, veitingastaðir og þess háttar þjónusta eykst fjötleiga um leið og ferðamenn mæta á svæðið. Önnur starfsemi fer ekki varhluta af þessari þróun en á Íslandi má nefna dæmi um þvottahús sem segir að sitt lífsviðurværi sé að þvo þvotta sem falla til af gistiheimilum og hótélum. Á Hvammstanga, til dæmis, er þrjónaverksmiðja sem byggir sína innkomu að miklu leyti á ferðamönnum.

Áhrif ferðapjónustu má sjá ótrúlega víða í samfélaginu og í litlum samfélögum úti á landi er þetta einkar áberandi. Það má sjá að t.d. íbúapróun á Norðurlandi er jákvæð í takt við aukningu ferðamanna og þó það sé ekki eini þátturinn sem stuðlar að þeirri þróun má leiða líkum að því að sú þjónusta sem myndast í kringum ferðapjónustu dragi að fleiri á svæðið. Með aukinni ferðapjónustu er meiri þörf á góðri fjarskiptapjónustu því fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta markaðssett sig í gegnum netið og verið í samskiptum við viðskiptavinum. Þannig myndast þrýstingur á yfirvöld að standa sig í þeim málum¹⁵¹ sem aftur færir almennum íbúum meiri þjónustu. Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk þarf slíka þjónustu en ungu fólki fækkar á landsbyggðinni en eldra fólk fjölga.¹⁵²

Árið 2015 var hagvöxtur jákvæður á Norðurlandi og er talið að hluti af honum komi til vegna ferðapjónustu. Þó má sjá aðeins mun á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra og árið 2015 voru launatekjur á ársverk 14% undir landsmeðaltali á Norðurlandi vestra.¹⁵³ Við höfum ekki aðgang að nýri tölum.

Í dag skýra atvinnugreinar sem tengjast ferðapjónustu að verulegu leyti hagvöxt á Íslandi frá 2008-2015 og munar mest um þann vöxt greinarnar á Norðurlandi ef Suðurland og Höfuðborgarsvæðið er talið frá.¹⁵⁴ Mest aukning í atvinnutekjum á landinu öllu á árunum 2008-2016 var í greinum sem tengjast ferðapjónustu.¹⁵⁵ Við greiningu er hægt að sjá að viðbótartekjur á hverju gistinótt voru hæstar á Norðurlandi eystra en minnstar á Norðurlandi vestra. Það mátti einnig sjá við þá greiningu að mestu skiptir að ferðamenn gisti á svæðinu því viðbótartekjurnar myndast við gistinætur en ekki fjölda ferðamanna.¹⁵⁶

3.5. Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæði

Það er ljóst að Norðlendingar líkt og aðrir landsmenn telja ferðamenn hæfilega marga á sumrin en á veturna mættu vera fleiri. Þá eru um 45% sem finnast ferðamenn vera hæfilega margir að vetri til en um 53% sem finnast þeir vera heldur eða allt of fáir. Tæplega 18% Norðlendinga telja meira ónæði af ferðamönnum í dag en áður sem er þó um 6% minna en landsmenn í heild. Þolmörk Norðlendinga eru því ennþá meiri fyrir ferðamönnum en annars staðar á landinu.¹⁵⁷

151 The End of Rural Communities: Why Young People Leave. *Psychology Today*. 2018. Tekið af <https://www.psychologytoday.com/us/blog/nurturing-resilience/201511/the-end-rural-communities-why-young-people-leave>. Sótt 7. mars, 2018.

152 Byggdastofnun.is. 2018. Tekið af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>. Sótt 7. mars, 2018.

153 Byggdastofnun.is. 2018. Tekið af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvotur/hagvotur_landshluta_2008-2015.pdf. Sótt 7. mars, 2018.


154 Byggdastofnun.is. 2018. Tekið af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvotur/hagvotur_landshluta_2008-2015.pdf. Sótt 7. mars, 2018.

155 Byggdastofnun.is. 2018. Tekið af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2016.pdf>. Sótt 7. mars, 2018.

156 Karlsson V, Jóhannesson H, Pétursson J. Tourists and municipal finance. *Irpais*. 2018. Tekið af <http://www.irpa.is/article/view/a.2017.13.2.3/pdf>. Sótt 8. mars, 2018.


157 Rmfis. 2018. Tekið af <http://www.rmf.is/static/research/files/nordurlandpdf>. Sótt 8. mars, 2018.

Viðhorf til fjölda ferðamanna á sumrin



Mynd 33 Viðhorf til fjölda ferðamanna á sumrin

Viðhorf til fjölda ferðamanna á veturna



Mynd 34 Viðhorf til fjölda ferðamanna á veturna

Gerð var stór úttekt á áhættuþáttum af almannavörnum og koma ferðamenn þar talsvert við sögu.¹⁵⁸ Þar er m.a. horft til slysa á sjó, ám og vötnum vegna vaxandi ásóknar í hvalaskoðun og flúðasiglingar. Nú er hafin gerð samhæfðra viðbragðsáætlana vegna fjölgunar hvalaskoðunarbáta frá Húsavík, Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss og ferjuslyss á Seyðisfirði. Skemmtiferðaskipunum fylgir ekki bara áhætta um sjóslyss heldur hafa einnig komið upp skæðar matareitranir um borð og verið er að þróa hugbúnaðarkerfi fyrir viðbragðsaðila sem getur þá sent viðvaranir vegna hættu í alla farsíma á ákveðnum svæðum. Hlutfallslega eru mjög margir ferðamenn að koma inn á Norðurland en hér er t.d. þriðja stærsta höfnin á landinu. Þess utan eru ferjur og hvalaskoðunarbátar afar algengir. Almenn séð, er mikil þörf fyrir viðbragðsáætlanir vegna hópslysa og þar sem mikið álag er á vegum þarf að huga að rútuslysum. Í Eyjafirði og Fjallabyggð er t.d. mikil áhersla á að útbúa hópslysaáætlun fyrir umdæmið enda mikill fjöldi ferðamanna þar á svæðinu. Á öllu svæðinu má finna hættulega vegakafla og því eru fleiri svæði sem þyrftu að vinna að slíkri áætlun.¹⁵⁹

158 *Almannavarnirgreis*. 2018. Available at: <http://almannavarnir.gre.is/wp-content/uploads/2016/05/Inngangur-%C3%81h%C3%A6ttusko%C3%B0un-og-umd%C3%A6min.pdf>. Sótt 13. mars, 2018.

159 *Almannavarnirgreis*. 2018. Available at: <http://almannavarnir.gre.is/wp-content/uploads/2016/05/Inngangur-%C3%81h%C3%A6ttusko%C3%B0un-og-umd%C3%A6min.pdf>. Sótt 13. mars, 2018.

Peir umhverfisþættir sem þarf að horfa til á svæðinu eru ágangur ferðamanna á viðkvæm svæði sem ekki eru undir það búin, sem og mengun almennt af samgöngum. Þar eru skemmtiferðaskip vaxandi þáttur og þó verið sé að gera þau umhverfisvænni þá er þar enn langt í land. Talið er um að 128.000 farþegar muni koma bara til Akureyrarhafnar árið 2018 og því stór hluti af heildarferðamennsku á svæðinu og því mikilvægt að horfa til skemmtiferðaskipa.¹⁶⁰

Umhverfisstofnun gefur á hverju ári út skýrslu sem lýsir ástandi friðlýstra svæða. Friðlýst svæði á Norðurlandi sem hafa verið flokkuð í hættu á svokallaðan rauðan lista sem eru þá í mestri hættu eru Mývatn og Laxá. Mikill fjöldi ferðamanna kemur að Mývatni og eru þar viðkvæm vistkerfi en fjárskortur og landeigendamála koma í veg fyrir nauðsynlega uppbyggingu.

Á appelsínugulum lista eru svæði sem eru í hættu en ekki jafn aðkallandi og á Norðurlandi eru þetta Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og Skútustaðagigar. Dettifoss datt inn á appelsínugula listann árið 2016 vegna ágangs ferðamanna og er það tiltekið sérstaklega í þessari úttekt. Tilgangur þessarar vinnu er til að aðstoða við opinbera stefnumótun og forgangsroðun krafta og fjármuna.¹⁶¹

Yfirgnæfandi meirihluti Norðlendinga telja ferðamenn auka fjölbreytni bæði í heimabyggð og mannlífsins eða á milli 92% og 95% og um 90% segjast vera stolt yfir því að ferðamenn vilji sækja Norðurland heim. Þó er áhugavert að einungis um 57% Norðlendinga telja að ferðamenn hafi breytt íslensku samfélagi til hins betra. Þeir sem starfa í ferðaþjónustu eða geta hugsað sér að starfa í henni eru líklegri en aðrir til að sjá jákvæðar hliðar á ferðaþjónustunni. Rúmlega 90% Norðlendinga telja ferðaþjónustuna efnahagslega mikilvæga og um 83% telja ferðamennsku efla verslun í heimabyggð. Norðlendingar eru einnig líklegastir til að finna minnst allra fyrir því að ferðamenn takmarki aðgengi að þjónustu fyrir heimamenn. Jákvæðast töldu menn fjölbreytileikann sem fylgir ferðamönnum, atvinnusköpunin og tekjurnar.¹⁶² Norðlendingar hafa mestar áhyggjur af almenningssaleum og vegakerfi þegar kemur að álagi varðandi ferðamenn og telja brýnt að bætt verði þar úr. Þeir eru þó marktækt minna áhyggjufullir en landsmenn í heild. Neikvæðast er umferðin og sóðaskapur.¹⁶³

Í það heila virðast íbúar á Norðurlandi nokkuð meðvitaðir um jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið og í heild jákvæðir í garð ferðamanna.

Stýrihópur og verkefnastjórar fóru einnig í greiningarvinnu á neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu á samfélagið á Norðurlandi. Þetta eru niðurstöður þeirrar vinnu:

160 Pétur Ólafsson. Hafnasamlag Norðurlands bs. 2017.

161 *Rauði Listinn- Svæði í Hættu*. Umhverfisstofnun; 2017. Tekið af <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/Rau%C3%B0listask%C3%BDrsla%202017%20finale.pdf>. Sótt 15. apríl, 2018.

162 *Rmfis*. 2018. Tekið af <http://www.rmf.is/static/research/files/nordurlandpdf>. Sótt 15. apríl, 2018.

163 *Rmfis*. 2018. Tekið af <http://www.rmf.is/static/research/files/nordurlandpdf>. Sótt 15. apríl, 2018.

Neikvæð áhrif ferðapjónustu í dag?

Hvað er að núna?	Hvernig breytum við því?	Hver er ábyrgðin??
Neikvæð umræða, sérstaklega um samgöngumál og húsnæði.	Vinna áfram að Okkar auðlind. Afleiddu áhrifin eru mikil, t.d. Perlan Þvottahús, garnbúðin á Hvammstanga og veitinga-sölur. Fá aðrar atvinnugreinar til að átta sig á þessu og sérstaklega taka á orðræðunni hjá starfsfólki. Greina hverju ferðapjónustan er að skila inn í einstaka greinar og koma þeim uppl. áleiðis.	Markaðsstofa Norðurlands, ferðapjónustuaðilar.
Þolmörk íbúa – áreiti	Betri merkingar, á ensku svo ferðamenn komist auðveldar á milli. Minna sífellt á að það er meiri þjónusta út af ferðalöngum.	Vegagerðin, ferðapjónustaðilar sem merkja ekki aðgengi. Sveitarfélagið hvað varðar orðræðu.
Öryggisþáttur - útlendingar sem stoppa úti í kanti eða kunna ekki að keyra á íslenskum vegum. Meiri hætta í umferðinni. Aukið óöryggi.	Akgreinavarar í flestum bílum en það dugar ekki þegar akgreinar eru ekki afmarkaðar með málningu. Rífflur á miðjum veginum. Námskeið á netinu eins og t.d. í Ástralíu.	Vegagerðin
Skemmtiferðaskipin- eldri borgarar sem hafa áhrif á heilbrigðisþjónustu og álag þar.	Heilbrigðisstofnanir þurfa að vera í samskiptum við hafnir. Skoða aukningu þegar stór skemmtiferðaskip koma og vera viðbúin.	Heilbrigðisstofnanir og hafnaryfirvöld.

Mynd 35 Neikvæð áhrif ferðapjónustu


Okkar auðlind

Verkefnið „Okkar Auðlind“ sem Markaðsstofa Norðurlands hefur verið að vinna að frá miðju ári 2017, hefur það að markmiði að auka jákvæða umræðu um áhrif ferðapjónustu á samfélög. Í atvinnugrein sem hefur vaxið svona hratt eins og ferðapjónusta eru óhjákvæmilega vaxtarverkir. Það er því mikilvægt að koma fram með jákvæðar og uppbyggilegar sögur frá ferðapjónustunni, sem sýna hversu virkan þátt ferðapjónustufyrirtæki taka í samfélaginu.

Í verkefninu eru tekin upp viðtöl við ferðapjónustuaðila vítt og breitt um Norðurland, rædd er við gömul og ný fyrirtæki, af öllum stærðum og gerðum og af ólíkum tegundum ferðapjónustu. Leitað er svara við spurningum eins og hvaða áhrif ferðapjónustan hefur á samfélagið, náttúruna og efnahaginn, hverjar eru helstu áskoranir og hvernig menn sjá ferðapjónustuna þróast á næstu árum. Nú þegar er búið að taka um 15 viðtöl við ferðapjónustufyrirtæki. Það er markmið verkefnisins að því verði komið á framfæri á Norðurlandi sem og á landinu öllu að við séum með öflugra, fjölbreytta og góða ferðapjónustu sem hver og einn hafi ávinning af að styðja við, hvetja áfram og byggja upp. Kröftug ferðapjónusta er ein mikilvægasta auðlind Íslendinga.

3.5.1 Kortlagning hagsmunaaðila og hlutverk þeirra

Hagsmunaaðilar Markaðsstofu Norðurlands eru margir og fjölbreyttir. Á myndinni hér fyrir neðan er búið að taka saman þá helstu en taka skal fram að listinn er ekki tæmandi. Í Áfangastaðáætlun Norðurlands eru lykilhagsmunaaðilarnir ferðapjónustufyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.



Mynd 36 Kortlagning hagsmunaaðila MN

3.6. Stefnumótun og markaðsmál

Pegar kemur að þeim áætlunum sem geta haft áhrif á stefnumótun og markaðsmál er mikilvægt að kanna hvaða áætlanir eru gerðar á landsvísu og hvort sveitarfélög hafi tekið tillit til ferðapjónustu í aðalskipulagi.

3.6.1. Áætlanir á landsvísu

Pegar skoðaðar eru allar þær áætlanir sem gerðar eru á landsvísu og tengjast ferðapjónustu eru þær ansi margar. Hins vegar hafa þær mismikil áhrif á ferðapjónustu á Norðurlandi, en þau áhrif verða tekin fyrir í kafla 4.2.1. Hér kemur listi yfir nokkrar þær áætlanir á landsvísu sem geta haft áhrif á áfangastaðaaætlanir.

- Vegvísir í ferðapjónustu 2015
- Samgönguáætlun 2015 – 2018 (samþykkt 2016)
- Samgönguáætlun 2015 – 2026 (ekki afgreidd)
- Landsáætlun
- Bygðaaætlun 2014 – 2017
- Rammaáætlun
- Landsskipulagsstefna 2015 – 2026
- Viðbragðsáætlun Almanna- og atvinnuáætlun
- Ferðamálaáætlun 2011 – 2020
- Framtíðarsýn og stefnumótun ferðapjónustu á Íslandi
- Fjármálaáætlun – ferðapjónusta (2018 – 2022)
- Fjármálaáætlun – Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa (2018 – 2022)
- Löggæsluáætlun (2016 – 2019)
- Fjármálaáætlun – Markaðseftirlit neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar (2018 – 2022)
- Menningarstefna (2013)
- Fjármálaáætlun: Orkumál (2018 – 2022)
- Fjármálaáætlun: Sjúkrahúsþjónusta
- Stefna í almanna- og öryggismálum ríkisins (2015 – 2017)
- Náttúruminjaskrá
- Stefnumörkun í loftlagsmálum (2007 – 2050)
- Fjármálaáætlun: Sveitarfélög og byggðamál
- Fjármálaáætlun: Umhverfismál
- Stefna Minjastofnunar Íslands
- Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis.

3.6.2. Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi

Á Norðurlandi eru 20 sveitarfélög sem hafa mismikið unnið að mótun stefnu vegna ferðapjónustu. Í M.Sc. ritgerð Guðrúnar Dóru Brynjólfssdóttir (2016), kemur fram hvaða sveitarfélög á Norðurlandi hafa unnið kafla um ferðapjónustu í aðalskipulagi. Markmið aðalskipulags er að sýna hver stefna sveitarfélags er og stuðla að markvissari þróun sem tekur tillit til heildarhagsmuna, tryggja öryggi íbúa og miðla málum ólíkra hagsmunaaðila á viðkomandi svæði.

Norðurland vestra

Þegar Norðurland vestra er skoðað kemur fram að einungis tvær greinargerðir aðalskipulagsáætlana af mögulegum sjö sveitarfélögum á Norðurlandi vestra hafa sérkafla um ferðaþjónustu.

Norðurland vestra	Sveitarfélag	Í efnisyfirliti sérkafla um ferðaþjónustu		Heiti aðalskipulags	Viðfangsefni og efnistöð	Skipulagslög	Í endurskoðun
		Já	Nei				
5706	Akrahreppur		x	Aðalskipulag Akrahrepps 2010 - 2022		nr. 73/1997	
5604	Blönduósbaer		x	Aðalskipulag Blönduósbaer 2010 - 2030		nr. 73/1997	
5508	Húnaþing vestra	x		Aðalskipulag Húnaþing vestra 2014 - 2026	Stefnumörkun í dreifbýli - byggð-afþreyingar og ferðamannasvæði, Stefnumörkun í þéttbýli- Afþreyingar- og ferðamannasvæði	nr.123/2010	
5612	Húnavatnshreppur		x	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2022		nr.73/1997	
5611	Skagabyggð	x		Aðalskipulag Skagabyggðar 2010 - 2022		nr.73/1997	
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður		x	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009 - 2021		nr.73/1997	
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd		x	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010 - 2022		nr.73/1997	

Tafla 13 Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra¹⁶⁴

Í aðalskipulagi **Húnaþings Vestra** 2014–2026, er kafla um afþreyingar- og ferðamannastaði, í stefnumörkun í dreifbýli og þéttbýli. Auk þess er kafla sem heitir Ferðamannastaðir, en þar er kort sem sýnir staði sem byggja á mismunandi þjónustustigi og tegund aðstöðu.

Í aðalskipulagi **Skagabyggðar** 2010 – 2022, er talað um ferðaþjónustu í kaflanum atvinnulíf – byggðarforsendur, þar er talað um þá fimm þætti sem líklega verða uppistaða í ferðaþjónustu Skagabyggðar.

Aðrar aðalskipulagsáætlanir eru ekki með sérkafla um ferðaþjónustu í efnisyfirliti. Það er hins vegar minnst á ferðaþjónustu og má nefna að bæði aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar og aðalskipulag Húnavatnshrepps fjalla um ferðaþjónustu og þá aðallega almenna uppbyggingu og samvinnu í ferðaþjónustu. Í aðalskipulagi Blönduósbaer og Sveitarfélagsins Skagastrandar er lítið fjallað um ferðaþjónustu.¹⁶⁵

¹⁶⁴ Guðrún Brynjólfssdóttir. Skipulag, staða og stefnumótun ferðaþjónustu í aðalskipulagi sveitarfélaga á Íslandi. *Skemmanis*. 2016. Tekið af <https://skemman.is/handle/1946/25097>. Sótt 23. mars, 2018.

¹⁶⁵ Guðrún Brynjólfssdóttir. Skipulag, staða og stefnumótun ferðaþjónustu í aðalskipulagi sveitarfélaga á Íslandi. *Skemmanis*. 2016. Tekið af <https://skemman.is/handle/1946/25097>. Sótt 23. mars, 2018.

Norðurland eystra

Á Norðurlandi eystra eru þrettán sveitarfélög og hafa sex þeirra sérkafla um ferðapjónustu í sínu aðalskipulagi. Síðan má nefna að Svalbarðshreppur hefur ekki gert aðalskipulag.

Norðurland eystra	Sveitarfélag	Í efnisyfirliti sérkafla um ferðapjónustu		Heiti aðalskipulags	Viðfangsefni og efnistöð	Skipulagslög	Í endurskoðun
		Já	Nei				
6000	Akureyrarkaupstaður		x	Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018		nr.73/1997	
			x	Aðalskipulag Hríseyjarhrepps 1988 - 2008		nr.19/1964	
		x		Aðalskipulag Grímseyjarhrepps 1996 - 2016	Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar-stefnumörkun- atvinnulíf	nr.19/1964	
6400	Dalvíkurbyggð		x	Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020		nr.73/1997	
6513	Eyjafjarðasveit		x	Aðalskipulag Eyjafjarðasveitar 2005 - 2025		nr.73/1997	
6250	Fjallabyggð	x		Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008 - 2028	Samfélag- menning og ferðamál	nr.73/1997	x
6602	Grýtubakkahreppur		x	Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010 - 2022		nr.123/2010	
6515	Hörgársveit	x		Aðalskipulag Hörgársveit 2012 - 2024	Dreifbyli- byggð- afþreyingar- og ferðamannasvæði, þéttbyli- byggð- afþreyingar- og ferðamannasvæði	nr.123/2010	
6709	Langanesbyggð	x		Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027	Samfélag- menning og ferðamál	nr.73/1997	
6100	Norðurþing	x		Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030	Áskoranir og tækifæri- Vatnajökulsþjóðgarður og ferðapjónusta, Framsækin ferðapjónusta	nr.73/1997	
6607	Skútustaðahreppur		x	Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023		nr.123/2010	
6706	Svalbarðshreppur		x	Ekert aðalskipulag í gildi			
6601	Svalbarðsstrandahreppur		x	Aðalskipulag Svalbarðsstrandahrepps 2008 - 2020		nr.73/1997	
6611	Tjörmeshreppur	x		Aðalskipulag Tjörmeshrepps 2008 - 2020	Skipulagstillagan- verslun, þjónusta og ferðamennska	nr.73/1997	
6612	Píngeyjarsveit	x		Aðalskipulag Píngeyjarsveitar 2010 - 2022	Verslunar- og þjónustusvæði- ferðapjónusta	nr.73/1997	

Tafla 14 Skipulag sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Í aðalskipulagi **Hörgársveitar** 2012–2024, er kafli um afþreyingar- og ferðamannasvæði, þar sem tilgreind eru markmið og leiðir til að bæta þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Í bæði aðalskipulagi **Fjallabyggðar** 2008–2028 og aðalskipulagi **Langanesbyggðar** 2007–2027, er kafli sem heitir menning og ferðamál, þar sem nefnd eru atriði varðandi ferðaðþjónustu og greint frá leiðum og stefnum að þeim markmiðum.

Í aðalskipulagi **Tjörneshrepps** 2008–2020, er kafli um verslun, þjónustu og ferðamennsku, en þar eru nefndar nokkrar leiðir til eflingar ferðaðþjónustu.

Aðalskipulag **Pingeyjarsveitar** 2010–2022, er ferðaðþjónusta undir kaflanum verslunar – og þjónustusvæði, en þar eru nefnd svæði og þar sem rekin er starfsemi í ferðaðþjónustu.

Í greinargerð aðalskipulags **Norðrúpings** 2010–2030, kemur ferðaðþjónusta oft fram en þó út frá mismunandi áherslum. Í kaflanum framsækin ferðaðþjónusta eru nefnd markmið og því lýst að ferðaðþjónusta sé ein af lykilatvinnuvegum á svæðinu.

Af þessum sjö sveitarfélögum sem ekki hafa verið sérstaklega nefnd er ekki sérkafli um ferðaðþjónustu í aðalskipulagi. Auk þess ber að nefna að Grímsey gerði aðalskipulag með sérkafla um ferðaðþjónustu en hefur nú sameinast Akureyrarkaupstað.¹⁶⁶

3.6.3. Ferðamálasamtök og ferðamálafélög

Á Norðurlandi eru tvö ferðamálasamtök og sjö ferðamálafélög. Dreifast þau víðsvegar um svæðið og eru mikilvæg fyrir uppbyggingu ferðaðþjónustu á Norðurlandi. Þau koma öll fram í kafla 3.5.1 um kortlagningu hagsmunaaðila.

3.6.4. Markaðsmál

Í markaðsetningu geta margir utanaðkomandi þættir haft áhrif á árangur og markaðslega uppbyggingu áfangastaðar. Þegar skoðaðar eru áætlanir á landsvísi sem geta haft áhrif á þróun ferðaðþjónustu á Norðurlandi þá eru áætlanir líkt og samgönguáætlun, landsáætlun, mögulega stefnumótun ferðaðþjónustu á Íslandi, ferðamálaáætlun og fjármálaáætlun mikilvægar. Sveitarfélög eru einnig miklir áhrifavaldar í þessu samhengi þar sem þau stýra aðalskipulögum síns sveitarfélags og má þar nefna í samhengi að mörg sveitarfélög hafa sett inn sérkafla um ferðaðþjónustu í sín aðalskipulög.

Síðan eru atburðir á erlendum mörkuðum sem geta haft töluverð áhrif á markaðsetningu áfangastaða, eins og hryðjuverkaógn, slæm efnahagsleg staða markaða og breyting á ferðavenjum ferðamanna. Í greiningu World Economic Forum eru teknir saman þeir áhrifaþættir sem geta hafa áhrif á samkeppnishæfni í ferðamennsku.¹⁶⁷

¹⁶⁶ Guðrún Brynjólfssdóttir. Skipulag, staða og stefnumótun ferðaðþjónustu í aðalskipulagi sveitarfélaga á Íslandi. *Skemmanis*. 2016. Tekið af <https://skemman.is/handle/1946/25097>. Sótt 23. mars, 2018.

¹⁶⁷ Ringbeck J, Pietsch T. *How To Succeed As A Tourism Destination In A Volatile World*. World Economic Forum; 2018.

Mynd: Hvatar og gerendur samkeppnishæfni ferðamennsku og ferðaþjónustu



Mynd: Hvatar og gerendur samkeppnishæfni ferðamennsku og ferðaþjónustu

Til allra þessara þátta þarf að taka tillit. Auk þess getur náttúran látið á sér kræla á Íslandi, þar sem atburðir eins og eldgos, jarðskjálftar og ofsaveður geta sett strik í reikninginn. Áhugavert er samt að nefna að í rannsókn sem gerð hefur verið um hvaða áhrif Eyjafjallajökulgos hafði haft á ímynd Íslands, kemur fram að hún hafi ekki haft neikvæð áhrif á ímynd Íslands, heldur hafi ímyndin styrkst.¹⁶⁸ Það er því að mörgu að hyggja þegar skoðaðir eru utanaðkomandi þættir sem gætu haft áhrif á markaðsmál áfangastaða.

168 Ásgerður Ágústsdóttir. Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli 2010. 2018.

3.7. SVÓT-greining

SVÓT-greining er þekkt tæki sem greinir styrk, veikleika, ógnir og tækifæri fyrirtækja, stofnana, áfangastaða o.fl. SVÓT er stefnumótandi aðferðafræði sem dregur saman með skilvirkum hætti þá styrkleika og veikleika sem felast í innri gerð þess fyrirbæris sem á að greina, og þær ógnir og þau tækifæri sem felast í ytra umhverfi þess.

Eftirfarandi SVÓT-greining var unnin af stýrihópi og verkefnisstjórum Áfangastaðáætlunar DMP á Norðurlandi.

Styrkleikar	Veikleikar
Norðlensk náttúra og lífríki	Innviðir
Hinn norðlenski vetur	Dýrtíð
Norðlendingar	Mannekla
Norðlensk ferðaþjónusta	Árstíðarsveifla
Norðlensk matvæli	Fjárfestar
Tækifæri	Ógnir
Millilandaflugvöllurinn	Upplýsingaveita
Samgöngu- og innviðaupbygging	Hagkerfi og fjármál
Ferðir utan háannar, sérhæfðar ferðir	Pólitískt athafna- og sinnuleysi
Nýsköpun	Náttúruógnir
Samstarf	Neikvæð upplifun
Náttúran	Samkeppni
Háskólar og rannsóknir	Grunngerð

Tafla 15 SVÓT - greining

3.7.1. Styrkleikar

Náttúran: Viðemi, fjölbreytt og óspillt náttúra. Fjöldi náttúruperla. Fjöll, firnindi og fáfarnar slóðir. Eldvirkni, jarðhiti. Nálægð fjalla og sjávar. Nálægð byggðar og náttúruperla. Fjölbreytt lífríki, ríkulegt dýralíf: Fuglar, hvalir og selir. Einstakt lífríki.

Hinn norðlenski vetur: Norðurljós. Snjór, skíðasvæði, fjallasport, einstök vetrarfigurð, fjöllin, þryluskíði og ísdorg.

Norðlendingar: Norðlendingar eru bógóðir og greiðvirkir. Á Norðurlandi er þjónustulundað starfsfólk, fólk sem þekkir staðhætti og er tilbúið að miðla þekkingu sinni.

Norðlensk ferðaþjónusta: Ferðaþjónusta er gamalgróin atvinnugrein, sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu og nóg framboð af gístmöguleikum. Góð samvinna er innan greinarinnar og sumstaðar eru innviðir boðlegir.

Norðlensk matvæli: Norðurland býður upp á fjölbreytni og heilnæmi í matvælaframleiðslu.

3.7.2. Veikleikar

Innviðir: Innviði ýmist vantar, eða þeir eru illa þjónustaðir og/eða ekki fjármagnaðir. Viðhaldi vega er ábótavant. Vetrarþjónusta á vegum er víða slæm. Vegum er lokað sökum vetrarþjónustuskorts. Það vantar uppbyggingu á ferðamannastöðum t.d. göngustíga og útsýnispalla. Almenningsalemi skortir. Vegi þarf að leggja. Samgöngur á Norðurlandi þarf að bæta. Grunnþjónusta er víða ábótavant. Flugsamgöngur – bæði innanlands og millilanda – þarf að stórefla með tíðara áætlanaflogi.

Dýrtíð: Hér er verðlag orðið hærra en viðskiptavinir okkar umbera, en lægra en svo að afkoma fyrirtækja sé vænleg.

Mannekla: Okkur skortir þjálfað og hæft starfsfólk, bæði heilsárs og á háönn.

Árstíðarsveifla: Þó árstíðarsveiflan hafi minnkað þá er hún enn eitt stærsta vandamál geirans.

Fjárfestar: Okkur skortir aðgengi að þolinmóðu og framsýnu fjármagni inn í greinina, sérstaklega til nýsköpunarverkefna.

Upplýsingaveita: Þéttirðið net upplýsingamiðstöðva, sem reknar eru á heilsársgrundvelli, af hinu opinbera, án gróðasjónarmiða, skortir.

3.7.3. Tækifæri

Samgöngu- og innviðaupbygging: Það er hvergi í Evrópu alþjóðaflugvöllur nær skíðasvæði heldur en á Akureyri. Beint millilandaflug, ásamt tengiflugi frá Keflavíkurflugvelli, um endurbættan flugvöll er stórt tækifæri fyrir Norðurland. Almennar samgöngubætur, og stórbætt vetrarþjónusta á vegum úti, bæði fyrir ferðafólk á eigin vegum, í skipulögðum hópferðum, og með almenningssamgöngum myndi gjörbreyta samkeppnisaðstöðu ferðaþjónustu á Norðurlandi, auk þess að gjörbylta lífsgæðum norðlendinga sjálfra.

Ferðir utan háannar, sérhæfðar ferðir: Styttri ferðir til Akureyrar, sem getur nýst sem áhugaverður áfangastaður þeirra sem vilja njóta þess að vera í borgarferð en í mikilli snertingu við náttúruna. Mikil tækifæri felast í svokölluðum MICE-ferðum (e. Meetings, Incentives, Conferences, Exhibitions). Árstíðartengdar ferðir, s.s. jóla- og áramótaferðir, páskaferðir, vetrarferðir. Óhefðbundnar ferðir, s.s. hunda-sleðaferðir. Sérhæfing sem tónar við þau þemu sem eru einkenni Norðurlands. Óhefðbundnar ferðir.

Nýsköpun: Á Norðurlandi er fjöldi vannýttra tækifæra til verðmætasköpunar. Mikilvægt er að hið opinbera styðji vel við nýsköpunarumhverfið til að tækifærin nýtist sem best.

Samstarf: Aukið samstarf fagaðila í ferðaþjónustu, bæði innan geirans og þverfaglega, er stórt tækifæri, en þarfnast aðkomu sameiginlegs vettvangs ef vel á að vera. Efling sameiginlegrar markaðssetningar með veitingu eyrnamerks markaðssetningar- og kynningarfjár til Markaðsstofu Norðurlands væri gott skref í rétta átt. Innra kynningarstarf, þar sem fagaðilar kynnast Norðurlandi betur í heild, og ná tengslamyndun og staðarþekkingu, er tækifæri.

Náttúran: Enn eru tækifæri til betri nýtingar náttúru okkar, margar náttúruþerlur eru ýmist óþekktar eða óaðgengilegar, og óbyggðirarnir kalla – í víðernunum eru tækifæri til einstakrar þróunar sjálfbærrar ferðamennsku. Norðurland ætti að verða fyrsti áfangastaðurinn til að fá vottun sem umhverfisvænn áfangastaður.

Háskólar: Á Norðurlandi er öflugt fræðasamfélag, en þó má efla þá háskóla sem til eru, ásamt því að fjölga háskólum á Norðurlandi. Það hefur sýnt sig að fræðasamfélög ýta undir ferðamennsku. Oft beint í tengslum við skólann eða rannsóknir eða bara sem forvitnisvaldur hjá öðrum ferðamönnum. Samstarf ferðaþjónustu og fræðasamfélags er mikið tækifæri fyrir báða. Auknar rannsóknir á málefnum sem tengjast ferðaþjónustunni eru öllum til hagsbóta.

Önnur tækifæri: Uppfæra skíðasvæðin á Norðurlandi – gera þau að alvöru áfangastað á heimsvísu. Lækka skatta. Jarðhiti og eldstöðvar. Listafólkið.

3.7.4. Ógnir

Hagkerfi og fjármál: Almennt efnahagslíf í heiminum. Verðlag. Íslenska krónan. Skattlagning. Gengisskráning. Markaðsbrestur.

Pólitískt athafna- og sinnuleysi: Lélegt viðhald vega. Áhuga- og skilningsleysi stjórnvaldamanna á greininni. Áhuga- og skilningsleysi stjórnvaldamanna á málefnum landsbyggðarinnar. Skortur á fyrirbyggjandi aðgerðum. Skilningsleysi á aðstæðum flugvalla á landsbyggðinni. Ísavia. Aðstöðumunur Keflavíkurflugvalla og Akureyrarflugvalla gagnvart hinu opinbera. Skuldsett uppbygging í Keflavík. Kostnaður við eldsneytisflutninga til flugvalla.

Náttúruógnir: Náttúruvá. Hamfarir. Óstöðugt og óútreiknanlegt veðurfar.

Neikvæð upplifun: Slæmt orðspor sem smitar frá sér, vegna dýrtíðar, slægrar þjónustu og skorts á boðlegum innviðum.

Samkeppni: Óheilbrigð samkeppni innanlands. Ytri samkeppnisaðilar að færast í aukanna (Grænland, Finnland, Noregur).

Grunngerð: Þ.m.t. fjarlægð mikils hluta Norðurlands frá áætlunaflogi erlendis frá, og fjarlægð okkar frá meginlöndum jarðarkringlunnar.

3.8. PESTEL greining

Hér kemur greining Ferðamálastofu á PESTEL sem stendur fyrir pólitískt, samfélagslegt, efnahagslegt, tæknilegt, lagalegt og náttúrulegt umhverfi. Greiningin er unnin fyrir landið í heild og birt í öllum Áfangastaðáætlunum DMP.

3.8.1. Pólitíska umhverfið

Tíðar kosningar á undanförmum árum hafa skapað töluverða óvissu í pólitísku umhverfi Íslands en í aðdraganda þeirra hefur töluvert verið rætt um ferðaþjónustu. Almennir ríkir jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar meðal stjórnmálaflokka sem eru sammála um að þörf er á uppbyggingu innviða og að vel sé stutt við þessa mikilvægu atvinnugrein.

Eitt helsta deilumál síðasta kjörtímabils var hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar og lagt hefur verið til að skoða aðrar leiðir til gjalddöku. Afstaða almennings gagnvart gjalddöku og rétt landsmanna til að ferðast óheft um landið hefur verið töluvert í umræðunni. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er ráðgert að ljúka við þá vinnu sem er hafin við að leysa úr árekstrum almennaréttar og ferðaþjónustu. Þar kemur einnig fram að á kjörtímabilinu verði mörkuð langtímafestna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi vinna er hafin, en hópur þvert á ráðuneyti vinnur nú að stefnu ríkisins í ferðaþjónustu. Þá er áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála.¹⁶⁹

3.8.2. Samfélagslega umhverfið:

Ferðaþjónusta getur haft áhrif á nær alla þætti samfélagsins sem er ein af lykilstöðum sjálfbærrar ferðamennsku.

Áhrif ferðaþjónustu á húsnæðismarkaðinn hefur verið mikið í umræðunni. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áhrif Airbnb á íslenskan húsnæðismarkað hafa skapað neikvæða umræðu en niðurstöður rannsóknar Seðlabanka Íslands benda til þess að árleg hækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis sem rekja megi til aukinna umsvifa Airbnb á síðustu þremur árum sé um 2%. Þessi hækkun er um 15% af heildarhækkun íbúðarverðs á sama tíma.¹⁷⁰

Könnun sem Rannsóknamiðstöð ferðamála vann árið 2017 sýnir að níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífs og að ferðaþjónustan sé mikilvæg í heimabyggð. Könnunin sýndi að meirihluti Íslendinga telur fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin hæfilegan en um fjórðungur telur fjöldann þó vera of mikinn. Könnunin sýndi einnig að í flestum landshlutum sjá landsmenn ferðaþjónustuna sem blómstrandi atvinnugrein sem eflir byggð, auki fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu sem heima menn njóta góðs af. Vísendingar um neikvæða áhrifaþætti koma þó einnig fram. Þannig er nokkuð stór hópur landsmanna hræddari nú en áður við að keyra á vegum úti og margir kannast við að forðast nú að sækja heim ákveðna fjölsóttu ferðamannastaði.¹⁷¹

3.8.3. Efnahagslega umhverfið

Ferðaþjónustan hefur gengt lykilhlutverki í bata íslenska efnahagskerfisins eftir hrun bankanna 2008. Vöxtur greinarinnar hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, en ýmis teikn eru nú á lofti um að hægt hafi á vextinum þó svo að fjölgun ferðamanna hér á landi sé enn hlutfallslega meiri en í mörgum samanburðarlöndum.

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda síðustu ár hafa haft ýmis jákvæð áhrif á efnahagslífið. Má þar helst nefna lagabreytingar til losunar gjald-eyrishafna, sem tók gildi í áföngum í október 2016 og janúar 2017. Eftir þá breytingu má segja að fjármagnshöft séu nánast með öllu afnumin.


Samkvæmt nýrri þjóðhagsspa Seðlabankans sem birt var í febrúar 2018 var hámarki hagvaxtartímans náð seinni hluta árs 2016, en eftir það hafi tölur sýnt að heldur minni hagvöxtur hafi verið árið 2017 en áður var talið og það sama er talið líklegt að gildi um árið 2018. Seðlabankinn telur þetta endurspegla hækkun raungengis og „aðlögun ferðaþjónustunnar að sjálfbærum vexti eftir hraðan vöxt undanfarin ár“. Talningar Ferðamálastofu á brottförum frá Keflavíkurflugvelli sýna að hlutfallsleg fjölgun farþega er lægri frá 2016 til 2017 (24,2%) en frá 2015 til 2016 (40,1%). Tekið skal fram að þó hægt hafi á straumnum fjölga ferðamönnum til Íslands ennþá hlutfallslega meira en til helstu nágrannalanda.

¹⁶⁹ Stjórnarráð Íslands, *Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflinu Alþingis*, 30. nóvember 2017. Tekið af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlising/> Sótt 27. febrúar 2018.

¹⁷⁰ Seðlabanki Íslands, *Ný rannsóknarritgerð um mat á áhrifum Airbnb á íbúðamarkað*, 27. febrúar 2018. Tekið af <https://www.seðlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2018/02/27/Ny-rannsoknarritgerd-um-mat-a-ahrifum-Airbnb-a-ibudamarkad/> Sótt 7. Mars, 2018.

¹⁷¹ Ferðamálastofa, *Landsmenn sátir við ferðamenn og ferðaþjónustu*, 5.3.2018. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/lands-menn-sattir-vid-ferdamenn-og-ferdathjonustu> Sótt 7. mars 2018

Ýmsar ástæður hafa verið taldar upp fyrir hægari fjölgun ferðamanna og hægari vexti ferðaþjónustunnar en þar má helst nefna styrkingu íslensku krónunnar, aukna neyslu innanlands og ýmsar breytingar á lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu (s.s. vegna Brexit) en vöxtur á Bretlandsmarkaði fór úr 30% milli ára 2015 og 2016 niður í 1,9% vöxt milli ára 2016 og 2017. Ef lítið er til ferðamálafræðanna



Mynd 37 Lífsferill áfangastaðar

s.s. kenningar Butlers (1980)¹⁷² um þróun líftíma ferðamannastaða (*Butler's Tourism Area life Cycle*) má ætla að breytingar sem þessar séu hluti af eðlilegri þróun áfangastaða. Af myndinni hér fyrir neðan má ætla að Ísland sé nú að færa sig ofar á kúrfuna þar sem hægist á vexti og meiri stöðugleiki tekur við. Um leið vekur kenningin athygli á mikilvægi þess að gripið sé til að aðgerða til að viðhalda þeim stöðugleika svo ekki taki við hnignun.

3.8.4. Tæknilega umhverfið

Veraldarvefurinn og stóraukin notkun snjalltækja hefur opnað nýja möguleika fyrir ferðaþjónustuna, þá sérstaklega hvað varðar markaðssetningu staða. Samfélagsmiðlar gera fyrirtækjum og áfangastöðum kleift að senda markvissari skilaboð til vænlegra kaupenda s.s. hópa áhugafólks um ljósmyndun, fjallgöngur, fuglaskoðun um allan heim og auka tækifæri til að nálgast þá á fjölbreyttan hátt. Að sama skapi deilir fólk sjálft myndum af upplifunum sínum sem um leið verða hvati fyrir aðra að upplifa þær líka.

Áhrif samfélagsmiðla geta líka verið neikvæð, til dæmis þegar athygli er vakin á stöðum sem ekki eru í stakk búinir til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Þetta á sérstaklega við ef þekktir einstaklingar með milljónir fylgjenda birta af sér myndir á ákveðnum stöðum sem aðdáendur reyna svo að líkja eftir. Slíkar myndir og myndbönd geta í sumum tilvikum hvatt til óábyrgrar ferðahegðunar og því er mikilvægt fyrir áfangastaði að fylgjast vel með því sem í gangi er á samfélagsmiðlum hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir áfangastað eins og Ísland þar sem viðkvæm náttúra er helsta aðdráttarflíð.

Íslandsstofa hefur með mjög góðum árangri nýtt veraldarvefinn til markaðssetningar á Íslandi síðustu ár og með því laðað að fjöldann allan af ferðamönnum frá hinum ýmsu mörkuðum.

Þegar til landsins er komið eru góðar síma- og nettengingar afar mikilvægur þáttur í að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið og ýta undir vörubróun. Á landi eins og Íslandi þar sem veður eru oft válynd, færð erfið og önnur náttúruvá eins og eldgos og flóð stöðugt yfirvofandi er mikilvægt öryggisatriði að búa yfir tækjum og tólum til að koma mikilvægum öryggisupplýsingum á framfæri við ferðamenn. Slysavarnarfélagið Landsbjörg/Safetravel hefur unnið afar gott starf hvað þetta varðar og heldur áfram að vinna að bættum öryggismálum ferðamanna í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.

Ennþá vantar þó töluvert upp á að hið opinbera nýti tæknina í þaua til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins og má segja að Ísland sé nokkuð á eftir sínum helstu samanburðarlöndum hvað það varðar m.a. hvað varðar nýtingu framfara í útvarpstækni, net- og símasamband á vegum og notkun leiðsögukerfa til samskipta. Flest þessara atriða eru í stöðugri skoðun en skortur á fjármagni og skilvirkari stefnumótun hafa hægt á framþróun.

¹⁷² Butler, R.W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management and resources. *The Canadian Geographer*, XXIV (1), 5-12.

3.8.5. Lagalega umhverfið

Lagalegt umhverfi á Íslandi hefur mikil áhrif á ferðaþjónustu, enda snertir hún flest svið samfélagsins. Horfið hefur verið frá hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, en sú ákvörðun var afar umdeild. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjalddtöku skoðaðar á næstu misserum. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar eins og áður hefur komið fram. Áformað er að setja lög vegna innleiðingar tilskipunar ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þá er einnig áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála. Lagalegir þættir geta haft mikil áhrif á ferðaþjónustu og því er mikilvægt að rödd ferðaþjónustunnar heyrist og að samtal við stjórnvöld sé mikið og gott.

3.8.6. Náttúra og umhverfi

Hrein og ósnert náttúra er eitt helsta aðdráttarafl Íslands og ein helsta ástæða þess að ferðamenn sækja landið heim. Í drögum að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum eru sett fram drög að stefnu stjórnvalda í þessum efnum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, enda náttúran einn helsti grundvöllur.

3.9. GAP-greining

Verkefnastjórar ásamt stýrihópi unnu GAP-greiningu þar sem farið var yfir hvað telst vanta í dag og hamlar vexti ferðaþjónustu. Óskastaðan er sú sem framtíðarsýn Norðurlands felur í sér og var spurningum um vöntun á fæmi, gögnum og hvað þurfi til að varan sé nógu góð svarað út frá henni. Þá var reynt að sjá hvernig hægt væri að brúa það bil. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður.

Óskastaðan felst í Framtíðarsýn Norðurlands

Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðapjónustu allt árið sem tryggi uppbyggingu innviða, greiðar samgöngur, fleiri heilsársstörf og meiri framlegð í greininni. Ein grundvallarforsenda þess að ná þessum markmiðum í nánustu framtíð er að beint millilandaflug hefjist til Norðurlands



Mynd 38 GAP - greining


3.10. Helstu áskoranir

Þegar litið er til helstu áskorana áfangastaðarins Norðurlands, þá eru mörg atriði sem hægt er að taka fyrir. Lykiláskoranir í stjórnun ferðaþjónustu felast aðallega í óstöðugleika greinarinnar sem kemur fram í árstíðarsveiflum, húsnæðisskorti, stjórnun dýralífstengdrar ferðaþjónustu, umhverfismálum og almannarétti. Auk þessara atriða er verið að vinna í uppbyggingu samgangna, sem nýtast bæði varðandi vegamál og flug á svæðið. Þessum atriðum er betur lýst í kafla um stefnuáherslur Markaðstofunnar.

3.10.1. Árstíðarsveiflur


Ein af helstu áskorunum ferðaþjónustu á Norðurlandi eru árstíðarsveiflur. Í könnun Ferðamálastofu frá sumrinu 2016 kemur fram að af heildarfjölda ferðamanna sem heimsóttu Ísland, voru aðeins 50,2% sem heimsóttu Norðurland meðan hlutfallið er 95,6% í Reykjavík.¹⁷³ Þegar vetur 2015–2016 er skoðaður er hlutfallsskipting ferðamanna sem heimsóttu hvern landshluta fóru 17,3% á Norðurland meðan 96,7% voru í Reykjavík og 55% fóru á Suðurland. Auk þess eru sveiflumar miklar innan Norðurlands, en eins og kemur fram í gögnum Ferðamálastofu um gistinguferðir út frá póstinúmerum var skiptingin á hlutfalli þeirra sem gista árið 2016 þannig að á Svæði N1 var með um 9%, Svæði N2 var með 55% og Svæði N3 35%.

Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta sumarið 2016



Mynd 39 Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta sumarið 2016

Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta vetur 2015- 2016



Mynd 40 Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta vetur 2015- 2016

173 Ferðamálastofa.is. 2018. Tekið af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskysla_islensk.pdf. Sótt 22. mars, 2018.

Eitt af stefnumálum MN er uppbygging á beinu millilandaflugi á Norðurland með verkefninu Air 66N, sem er með það markmið að fjölga ferðamönnum á svæðinu og þá sérstaklega utan háannar. Hafa nú þegar tvö verkefni byrjað út frá þessu og fengið stuðning úr Flug- þróunarsjóði en það var áætlanarflug Air Iceland Connect frá Keflavík til Akureyrar sem stóð yfir frá febrúar 2017 til maí 2018 og síðan leiguflug bresku ferðaskrifstofunnar Super Break sem hófst 12. janúar 2018, stóð til 2. mars og hefst síðan aftur af auknum krafti með bæði fjölgun fluga og stækkun flugvéla 10. desember 2018.

3.10.2. Húsnæðisskortur

Húsnæðisskortur er töluverður á Norðurlandi sem hefur þau áhrif að erfitt er að manna störf í ferðaþjónustu á svæðinu. Hafa fyrirtæki leyst þetta á mismunandi hátt og má nefna að Fosshótel við Mývatn byggði yfir 20 herbergi fyrir starfsfólk hótelsins. Þar sem ferðaþjónusta er ekki orðin heilsársatvinnugrein er þó markaðsleg áhætta enn fylgjandi því að byggja hús eða aðstöðu fyrir starfsfólk. Félagsmálaráðuneytið vinnur nú í átaki sem mun taka á þeim vanda sem skortur á íbúðarhúsnæði er á landsbyggðinni. Dæmi eru um að fyrirtæki missi af starfsfólki einfaldlega vegna skorts á húsnæði. Verið er að vinna að tillögum á viðbrögðum við þessum vanda og mun Íbúðalánasjóður skila skýrslu í maí eða júní 2018.¹⁷⁴

3.10.3. Stjórnun dýralífstengdrar ferðapjónustu

Náttúran er helsta aðdráttaraflíð fyrir ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands.¹⁷⁵ Gestir okkar telja að vernda beri náttúruna með betri hætti og yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga eða 79% eru þeirrar skoðunar að neikvæð áhrif ferðamanna á náttúruna séu of mikil.¹⁷⁶ Þrátt fyrir það hefur ríkið ekki markað sér stefnu eða gert stjórnumaráætlun vegna dýralífstengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Opinber stefna og stjórnumaráætlanir ættu að vera byggðar á siðferðislegum ramma með vistkerfismiðaðri nálgun.¹⁷⁷ Stjórnumaráætlanir víðsvegar í heiminum einbeita sér oft að því að lágmarka neikvæð áhrif ferðamennsku, en það er líka mikilvægt að heimamenn komi að þróun stjórntækja dýralífsferðamennsku. Það er mikilvægt í því samhengi að skoða umhverfið¹⁷⁸ á heildrænan hátt, til að öðlast skilning á þörfum heimamanna, og tryggja stuðning almennings.¹⁷⁹ Þau undirstöðuatriði sem við ræðum í þessum kafla má gjarnan nota til áætlanagerðar fyrir dýralífstengda afbreytingu umgjörvallt Ísland.

Mörg fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir á Norðurlandi (hvort heldur er um að ræða hvala-, sela-, eða fuglaskoðun) hafa markað sér síða- og umgengnisreglur, ásamt umhverfisverndarstefnum, sem eru um margt til fyrirmyndar. Núverandi staða krefst hinsvegar einnig aðkomu hins opinbera. Það er knýjandi þörf á þróun árangursríkra nálgana frá stjórnvöldum sem greiða götu ábyrgðar dýralífstengdri ferðaþjónustu á Íslandi. Það er margskjalfest að ferðaþjónustustarfsemi getur haft neikvæð áhrif á dýralífið, en meðal þeirra áhrifa má telja breytingar á náttúrulegu atferli og útbreiðslu dýra, og í sumum tilfellum hafa afleiðingarnar verið alvarlegar hjá dýrategundum sem áttu undir högg að sækja fyrir.¹⁸⁰ Tilgangur ábyrgðar vinnureglna í dýralífstengdri ferðaþjónustu er að bregðast við þessum áskorunum á heildrænan hátt, með tilliti til hagsmuna allra hagsmunaaðila—dýralífs, heimamanna, fyrirtækja, markaðsstofa, ríkisstofnana, sjálfstæðra stofnana og gesta—með því leiðarljósi að ná fram jákvæðum áhrifum, eins og aukinni meðvitund um verndun dýralífs meðal gesta og hagsmunaaðila.¹⁸¹ Ásamt því að hafa jákvæð áhrif á afkomu heimamanna.¹⁸²

- 174 Atak í uppbyggingu á landsbyggðinni. *Stjornarradid.* 2018. Tekið af <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/velferddarraduneytid/felags-og-jafnrettismalarad-herra/stok-raeda-felags-og-jafnrettismalaradhera/2018/02/13/Atak-i-uppbyggingu-a-landsbyggdinni/>. Sótt 22 mars, 2018.
- 175 Anna Dóra Sæþórsdóttir, C. Michael Hall, and Jarkko Saarinen, "Making Wilderness: Tourism and the History of the Wilderness Idea in Iceland," *Polar Geography* 34, no. 4 (2011): 249–73, doi:10.1080/1088937X.2011.643928.
- 176 Oddný Póra Óladóttir, "Tourism in Iceland in Figures" (Reykjavík, 2017), <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/juli/tourism-in-iceland-2017.pdf>.
- 177 G. L. Burns, "Animals as Tourism Objects: Ethically Refocusing Relationships between Tourists and Wildlife," in *Animals and Tourism: Understanding Diverse Relationships*, ed. K. Markwell (Channel View Publications, 2015), 44–59; Georgette Leah Burns, "Ethics in Tourism," in *The Routledge Handbook of Tourism and Sustainability*, ed. C. M. Hall, S. Gossling, and D. Scott (Routledge, 2015), 117–26.
- 178 Simon P. James, *Environmental Philosophy: An Introduction* (Cambridge: Polity Press, 2015).
- 179 Regina Scheyvens, "Ecotourism and the Empowerment of Local Communities," *Tourism Management* 20, no. 2 (1999): 245–49, doi:10.1016/S0261-5177(98)00069-7; Lesego S. Sebele, "Community-Based Tourism Ventures, benefits and Challenges: Khama Rhino Sanctuary Trust, Central District, Botswana," *Tourism Management*, 2010.
- 180 Kovacs, K.M., Aguilar, A., Auriolos, D., Burkanov, V., Campagna, C., Gales, N., Gelatt, T., Goldsworthy, S.D., Goodman, S.J., Hofmeyr, G.J.G., Härkönen, T., Lowry, L., Lydersen, C., Schipper, J., Sipilä, T., Southwell, C., Stuart, S., Thompson, D., Trillmich, F., (2012) Global threats to pinnipeds. *Marine Mammal Science* 28, 414–436; Cassini MH, Szteren D, Fernández-Juricic E. Fence effects on the behavioural responses of South American fur seals to tourist approaches. *J Ethol.* 2004;22(2):127–133. doi:10.1007/s10164-003-0112-0; Granquist SM, Sigurjonsdottir H. The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (*Phoca vitulina*) in Iceland. *Appl Anim Behav Sci.* 2014;156:85–93. doi:10.1016/j.applanim.2014.04.004.
- 181 K Higginbottom, "Wildlife Tourism: An Introduction," in *Wildlife Tourism: Impacts, Management and Planning*, ed. Karen Higginbottom (Common Ground Publishing Pty Ltd, 2004), 1–14.; Sekercioglu, C. H. (2002) 'Impacts of birdwatching on human and avian communities', *Environmental Conservation*. Cambridge University Press, 29(3), pp. 282–289. doi: 10.1017/S0376892902000206.
- 182 Moren Tibabo Stone and Gyan P Nyaupane, "Protected Areas, Wildlife-Based Community Tourism and Community Livelihoods Dynamics: Spiraling up and down of Community Capitals," *Journal of Sustainable Tourism*, August 16, 2017, 1–18, doi:10.1080/09669582.2017.1349774; Sandra M. Granquist and Per-Ake Nilsson, "Who's Watching whom?—An Interdisciplinary Approach to the Study of Seal-Watching Tourism in Iceland," *Journal of Cleaner Production* 111 (2016): 471–78, doi:10.1016/j.jclepro.2014.11.060.

Stjórnunaraðgerðir dýralífsferðamennsku eiga að beinast að stefnu og stjórnun sem hafa vistkerfismiðuð gildi og taka gagnkvæm áhrif allra þátta náttúrunnar til skoðunar í stað þess að einblína einungis á eðli gestahópsins.¹⁸³ Það er mikilvægt að vera meðvitaður um að gestir gera sér ekki alltaf grein fyrir því hverslags hegðun er viðeigandi í kringum villt dýr;¹⁸⁴ og oft er raunin sú að gestir trufla dýralífið óvilljandi vegna þekkingarleysis.¹⁸⁵ Gestir eru hins vegar líklegir til þess að vera hlynntir því að fá náttúruverndarupplýsingar, sem sýnir að þá langar til að kunna að lágmarka umhverfisáhrif sín.¹⁸⁶ Rannsóknir benda til þess að upplýsingar sem veittar eru gestum þar sem bakgrunnur og ástæður tilmællanna eru útskýrð séu árangursríkari en upplýsingar án útskýringa til að hafa áhrif á hegðun gesta til lágmarkunar neikvæðra áhrifa á dýralífið.¹⁸⁷ Betri skilningur á dýralífi, almennt séð, getur leitt til tilfinningatengsla¹⁸⁸ og kann að draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á dýralífið og bæta upplifun ferðamannsins.¹⁸⁹

Stjórnun dýralífstengdrar ferðaþjónustu er flókin sökum fjölda hagsmunaaðila og fjölbreyttrar túlkunar á dýralífsstjórnunarbörfum. Það er áriðandi að þekking og stjórnunaraðferðir sem byggja á þverfaglegum rannsóknum verði höfð með í ráðum þegar stjórnunaraðgerðir í átt að ábyrgri ferðaþjónustustjórnun eru þróaðar. Þróun dýralífsferðaþjónustu getur ekki einungis haft áhrif á vistkerfi staðarins heldur einnig á afkomu samfélagsins¹⁹⁰ og skoða ætti stjórnun dýralífsferðamennsku frá kerfislegu sjónarmiði; hvernig einstakar stjórnunaraðgerðir hafa áhrif á önnur svæði.¹⁹¹

Mælt er með eftirfarandi stjórnunaraðgerðum:

- Samræma og nýta þverfaglegar rannsóknir og þekkingu úr samfélaginu
- Nýta staðbundna þekkingu og sköpunarkraft
- Nýta siðferðislegar stjórnunaraðgerðir með vistkerfismiðuðum gildum
- Skoða stjórnunaraðgerðir heildrænt með þeirri vitund að þær kunni að hafa áhrif á afkomu samfélagsins á staðnum
- Þróa upplýsingagjöf sem útskýrir ástæður boða og banna til að bæta hegðun gesta

3.10.4. Umhverfismál

Ferðamennska og umhverfið er samtvinnað, því það helsta sem dregur ferðamenn til Íslands er stórbrotin náttúra. Því fylgja vandkvæði, því mikilvægt er að sama náttúra og er aðdráttaraflíð sé varin fyrir ágangi ferðamanna. Sjónarmið um náttúruvernd almennt eiga þar við, svo og ef varan er eyðilögð þá vantar aðdráttaraflíð.

Á Íslandi eru öflug náttúruverndarsamtök og enn í dag er tekist á um hversu langt eigi að ganga í verndun á stjórnsýslustiginu. Kortleggja þarf hvar þyrfti að setja upp aðgangsstýringu og frekari upplýsingar, bæði fyrir ferðamennina sjálfa og náttúrunna. Bæði í skýrslu sem ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra gerði um þolmörk ferðamennsku¹⁹² og með Landsáætlun er í dag verið að vinna að þessum málum sem er vel.¹⁹³

Ýmislegt er gert til að vinna með þá áskorun sem felst í að hafa vöru eins og náttúruna og aðgerðir til vernda hana. „Vakinn er t.d. sérhannað gæðakerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu sem byggir á erlendi fyrirmynd. Þau fyrirtæki sem taka þátt njóta liðsinnis starfsfólks Vakans

183 James SP. *Environmental Philosophy: An Introduction*. Cambridge: Polity Press; 2015.

184 Nilsson P-Å. *Tourist Background and Local Acceptance: A Case Study of Tourists in Northern Iceland*. Akureyri; 2012.

185 Sandra Magdalena Granquist and Hrefna Sigurjonsdottir, "The Effect of Land Based Seal Watching Tourism on the Haul-out Behaviour of Harbour Seals (*Phoca vitulina*) in Iceland," *Applied Animal Behaviour Science* 156 (2014): 85–93, doi:10.1016/j.applanim.2014.04.004.

186 Roy Ballantyne, Jan Packer, and Karen Hughes, "Tourists' Support for Conservation Messages and Sustainable Management Practices in Wildlife Tourism Experiences," *Tourism Management* 30, no. 5 (2009): 658–64, doi:10.1016/j.tourman.2008.11.003.

187 Sarah Marschall, Sandra Magdalena Granquist, and Georgette Leah Burns, "Interpretation in Wildlife Tourism: Assessing the Effectiveness of Signage on Visitor Behaviour at a Seal Watching Site in Iceland," *Journal of Outdoor Recreation and Tourism* 17, no. March 2016 (2017): 11–19, doi:10.1016/j.jort.2016.11.001.

188 Danielle McIntosh and Pamela A. Wright, "Emotional Processing as an Important Part of the Wildlife Viewing Experience," *Journal of Outdoor Recreation and Tourism* 18, no. June 2015 (2017): 1–9, doi:10.1016/j.jort.2017.01.004.

189 Granquist and Nilsson, "Who's Watching whom?—An Interdisciplinary Approach to the Study of Seal-Watching Tourism in Iceland."

190 Stone and Nyaupane, "Protected Areas, Wildlife-Based Community Tourism and Community Livelihoods Dynamics: Spiraling up and down of Community Capitals."

191 Mary Emery and Cornelia Flora, "Spiraling-Up: Mapping Community Transformation with Community Capitals Framework," *Community Development* 37, no. 1 (2006): 19–35, doi:10.1080/15575330609490152.

192 *Althingiis*. 2018. Tekið af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>. Sótt 12. október, 2018.

193 Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. *Alþingi*. 2018. Tekið af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2016.020.html>. Sótt 12. október, 2018.

við að taka út reksturinn á grundvelli ítarlegra gæðaviðmiða, fá staðfestingu á því sem vel er gert og tækifæri til að bæta það sem betur má fara.¹⁹⁴

Undir ofangreindu gæðakerfi er umhverfiskerfi sem fyrirtækjum er boðið sérstaklega að taka þátt í og fá viðurkenningu. Frá og með 1. janúar 2019 verða fyrirtæki að uppfylla lágmarksskiilyrði umhverfiskerfisins til að fá gæðamerki Vakans.

Þetta er gert því mikilvægi náttúrunnar fyrir íslenska ferðapjónustu er eins og áður sagði ótvírætt og mikilvægt að undir gæðamál heyrir umhverfismálin. Viðskiptavinir eru einnig byrjaðir að gera auknar kröfur til fyrirtækja um að þau séu samfélagslega ábyrg og leggi sitt af mörkum til að vernda umhverfið.¹⁹⁵

Umhverfiskerfið er flokkað í þrennt: gull, silfur og brons.



Mynd 41 Umhverfiskerfi Vakans

Gátlistinn „Á leið til sjálfbærrar ferðapjónustu“ er grundvöllur þess að fá umhverfismerki Vakans og þau fyrirtæki sem stefna að silfur- eða gullmerki þurfa að skila útfylltum vöktunarblöðum vegna úrgangs, rafmagns, heits vatns eða eldsneytis auk gátlistans.

Á Norðurlandi eru 16 fyrirtæki í Vakanum og þar af 11 með umhverfismerki. Fjögur eru í gullflokki og eitt í silfur, önnur í bronsflokki. Það eru 13 fyrirtæki í umsóknarferli hjá Vakanum og þar af níu sem sækja um umhverfismerki líka.

Fyrir utan Vakann er að mörgu að hyggja í umhverfismálum. Skemmtiferðaskip hafa verið að sækja talsvert í það að koma til hafnar á Norðurlandi og sumarið 2018 munu allavega sjö hafnir á svæðinu taka á móti skemmtiferðaskipum.¹⁹⁶ Hafnir Norðurlands hafa verið í markaðsvinnu í gegnum regnhlífasamtökin Cruise Iceland og hefur Akureyrarhöfn sett upp bækling og heimasíðu í tengslum við það. Einnig hefur Raufarhafnarhöfn útbúið bækling og er stefnan að gera svipaðan bækling fyrir Húsavíkurhöfn og heimasíðu fyrir báðar hafnir. Einnig er tekið á móti umboðsaðilum í FAM ferðum sem Cruise Iceland skipuleggur.

Búið er við um 128.000 farþegum með skemmtiferðaskipum sumarið 2018 á Norðurland. Akureyrarhöfn er ein af þremur stærstu höfnum á Íslandi hvað varðar komu skemmtiferðaskipa. Skipunum fylgir óhjákvæmilega talsverð mengun og það er umhugsunarvert hvort að eigi að bjóða upp á aðgengi óhindrað. Í rannsókn sem gerð var árið 2014 um Ísafjarðarbæ, en þar hefur koma skemmtiferðaskipa margfaldast undanfarnir ár, kom fram að á þeim tíma var geta bæjarins til að taka á móti skipunum og farþegum í lagi en mikilvægt væri að fara að huga að áætlun til að ekki yrði farið út fyrir öll þolmörk samfélags og umhverfis.¹⁹⁷ Árið 2017 var einnig gerð könnun meðal íbúa og er greinilegt að mótstaða íbúa eykst en um 60% telja skipakomu of tíðar. Hafa verður í huga að um 550 manns svöruðu könnuninni en á Ísafirði búa um 2.500

194 Vakinn. Vakinn. 2018. Tekið af <https://www.vakinn.is/>. Sótt 12. október, 2018.

195 Umhverfi | Vakinn. Vakinn. 2018. Tekið af <https://www.vakinn.is/is/gaedakerfi/umhverfi>. Sótt 12. október, 2018.

196 Rmfis. 2018. Tekið af <http://www.rmf.is/static/research/files/mottaka-skemmtiferdaskipa-rmf-2017-03pdf>. Sótt 17. febrúar, 2018.

197 Skemmanis. 2018. Tekið af https://skemman.is/bitstream/1946/20649/1/MOB_Thesis_Final.pdf. Sótt 17. febrúar, 2018.

manns. Í þeirri könnun kom líka fram að 40% íbúa telja komur skemmtiferðaskipa góðar fyrir bæjarlífið á móti 35% sem segja hið gagnstæða.¹⁹⁸ Í fámennari bæjum geta komur þessara skipa skipt sköpum um viðhald hafna eins og t.d. á Akureyri þar sem hlutfall innkomu af skemmtiferðaskipum hefur farið úr 3% upp í 37% af heildartekjum á árunum 1998 til 2017.¹⁹⁹ Hafnir eru þorpunum oft lífsnauðsynlegar vegna útgerðar og skipafarþegar skila einnig miklu til ferðaþjónustufyrirtækja á svæðunum.

Samkvæmt lögum skulu skip nota dísilolíu við bryggju en geta nýtt svartolíu þegar komið er út fyrir ákveðna fjarlægð frá bryggju. Einnig er þeim öllum skylt að nota rafmagn við bryggju ef það er í boði og eru skipafélög að stefna á fleiri rafknúin skip á næstu árum. Því miður er mjög flókið að verða við þeirri þörf á rafmagni sem þarf en slíkar framkvæmdir kosta milljarða.²⁰⁰ Skipafélögin eru einnig að búa skip sín betur með tilliti til umhverfisins, betri síur til að varna því að söt berist út í andrúmsloftið og nýta sólarrafhlöður, svo að eitthvað sé nefnt.

Vakning er á meðal fyrirtækja á Norðurlandi og sum hafa tekið stór skref í átt að umhverfissvænni starfsemi. Þar má t.d. nefna hvalaskoðunarfyrirtæki sem hefur haldið merkjum umhverfismála á lofti undanfarnin ár með því að kynna til sögunnar fyrsta rafknúna hvalaskoðunarbátinn á Íslandi. Þau eru með í heildina 10 bátar og eru tveir þar af rafknúinir. Þau stefna á að rafvæða meira í náinni framtíð.

3.10.5. Almennaréttur

Samkvæmt almennarétti er öllum heimil för um landið, með mjög takmörkuðum undantekningum, eða eins og segir í lögum um náttúruvernd: „Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttshafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélnúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Þó er í sérstökum tilvikum heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og stiga [sic.] för manna og dvöl á afgirtu óræktaðu eignarlandi í byggð ef það er nauðsynlegt vegna nýtingar þess eða vermdunar.“²⁰¹

Réttur þessi er forn, hluti af norrænni menningu okkar, og hefur undirbyggt löggjöf landsins öldum saman.

Hinsvegar verður ekki framhjá því lítið að margar helstu áskoranir sem fram eru komnar vegna aukinna umsvifa ferðaþjónustunnar eru tilkomnar vegna almennaréttarins; meðal þeirra nægir að nefna gistingu í tjöldum og svefnbílum utan skipulagðra tjaldstæða, rútufarma farþega er ganga um eignarlönd með íslenski leiðsögn í óþökk landeigenda, og mikið álag á náttúruna, dýralíf og búfénað – svo fátt eitt sé nefnt. Eða, eins og hæstvortur ráðherra ferðamála segir sjálf: „Almennarétturinn, sem um aldir hefur tryggt okkur umgengnisrétt um landið, getur ekki falið í sér rétt til að valda óásættanlegum náttúruspjöllum. Það gengur heldur ekki upp að túlka hann þannig að í krafti hans megi skilyrðislaust stunda hópferðir í atvinnuskyni um viðkvæm svæði.“²⁰²

Það að lagaákvæði séu gömul þýðir ekki að þau eigi að standa óhögguð. Líkurnar á því að ákvæðin þarfnist endurskoðunar hljóta þvert á móti að aukast eftir því sem lagabókstafurinn eldist. Hvað almennaréttinn, frá 13. öld, varðar þá var hann settur í lög löngu áður en nokkrum manni gæti flogið það í hug að með þotum kæmu til landsins á þriðju milljón farþega árlega. Það er æskilegt að Alþingi taki almennaréttinn til umræðu hið fyrsta.

3.10.6. Áskoranir vegna aðstöðumunar NV og NE

Norðurland er gríðarstórt og fjölbreytt; landfræðilega og innan ferðaþjónustunnar. Í því felst að staða greinarnar er ákaflega misjöfn innan fjórðungsins. Skýrsla Íslandsbanka²⁰³ sýnir glögg aðstöðu- og þróunarmun Norðurlands eystra og Norðurlands vestra. Einnig ber að hafa í huga að staðan er mjög fjölbreytt innan þessara tveggja landshluta, en hér, eins og oftast, eru gögn ekki niðurgreind á landsvæði á nákvæmari hátt en þetta. Eins og sést á grafinu hér að neðan hefur hlutfallsleg fjölgun gistinátta á Norðurlandi vestra (NV) verið mun hægari en á Norðurlandi eystra (NE).

198 Meirihluti telur skemmtiferðaskipin of mörg. *RÚV*. 2018. Available at: <http://www.ruv.is/frett/meirihluti-telur-skemmtiferdaskipin-of-morg>. Accessed April 25, 2018.

199 Pétur Ólafsson. Hafnasamlag Norðurlands bs. 2017.

200 Pétur Ólafsson. Hafnasamlag Norðurlands bs. 2017.


201 Lög um náttúruvernd. *Alþingi*. 2018. Tekið af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.060.html>. Sótt 9. febrúar, 2018.

202 Reyk fjörð Gylfadóttir Þ. Álagsstýring og almennaréttur. *Medium*. 2018. Tekið af <https://medium.com/@thordiskolbrun/%C3%A1lagsst%C3%BDring-og-almannar%C3%A9ttur-52a5f3c3eb34>. Sótt 4. apríl, 2018.

203 11. Íslensk ferðaþjónusta. *Íslandsbanki.is*. 2018. Tekið af https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/l%C3%81slensk%20fer%C3%B0a%C3%BE-jo%C3%81nusta-apri%C3%81l-2018_vef.pdf. Sótt 12. apríl, 2018.

Árleg hlutfallsleg fjölgun seldra gistinátta


Á öllum tegundum skráðra gististaða eftir landsvæðum á tímabilinu 2010-2017



Á NE eru líka fleiri aðfluttir erlendir ríkisborgarar en á NV.

Aðfluttir erlendir ríkisborgarar sem hlutfall af íbúafjölda eftir landsvæðum

Árið 2016




Þar sem erlendir starfsmenn vinna að stórum hluta í ferðaþjónustu og byggingariðnaði sem tengist ferðaþjónustu,²⁰⁴ er hlutfallslegur fjöldi þeirra nokkuð góð vísibending um hve líflæg ferðaþjónusta landshlutans sé.

NE er með miklu hærra rekstrarteknahlutfall innan ferðaþjónustunnar en NV.


204 Kristinn Ingi Jónsson. Útlendingar á vinnumarkaði aldrei fleiri þótt tölur sé líklega vanmetnar - Vísir. [visir.is](http://www.visir.is/g/2017170919683). 2018. Tekið af <http://www.visir.is/g/2017170919683>. Sótt 12. febrúar, 2018.

Fjöldi og rekstrartekjur ferðapjónustunnar á landsbyggðinni eftir landsvæðum árið 2016




Á NV er eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja lakast.

Eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir landsvæðum




Og á NV er framlegð fyrirtækja í ferðapjónustu minnst.

Framlegð árið 2016 eftir landsvæðum



Og mun ólíklegra er að fyrirtæki á NV standi undir skuldsetningu sinni.

Arðsemi og skuldsetning árið 2016 eftir landsvæðum




Af þessu leiða tvö meginvandamál: Annarsvegar, er flókið að móta heildræna stefnu fyrir Norðurland þegar að svæðin eru svona ólík. Hinsvegar, er erfiðara að draga almenna fjárfesta inn á Norðurland vestra þegar horfumur þar eru dræmari – þrátt fyrir öll þau tækifæri sem þar leynast.

Það er því ljóst að samkeppnishæfni og aðstöðumunur NV og NE verður ekki leiðréttur nema með auknum fjárfestingum frá hinu opinbera. Opinber ákvarðanataka virðist þó ekki meðvituð um þetta. Sem dæmi má taka Landsáætlun²⁰⁵ frá því í mars 2018.

²⁰⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. *Stefnumarkandi Landsáætlun Um Uppbyggingu Innviða Til Verndar Náttúru Og Menningarsögulegum Minjum..* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið; 2018:7-8.

Skipting úthlutunar Landsáætlunar til Norðurlands Mars 2018



■ Norðurland vestra ■ Norðurland eystra

Til að leiðrétta stöðu NV og þeirra svæða innan NE þar sem uppvöxtur er hægari, þarf að blása til einbeittar sóknar, með fulltingi allra hagsmunaaðila, og öfluggu fjárfestinga- og markaðssetningarátaki hið allra fyrsta.

4. Framtíðarmarkmið

Þegar skoðað er hvert við viljum fara og hvar við viljum vera er nauðsynlegt að greina hvaða atriði skipta ferðapjónustu á Norðurlandi mestu máli. Það hefur verið gert og er Markaðsstofa Norðurlands að vinna eftir ákveðnum áherslum til að komast þangað sem við viljum vera. Hér að neðan verða skoðaðir helstu þættir í þeim markmiðum.

4.1. Framtíðarsýn - meginmarkmið

Á Norðurlandi hefur verið unnið eftir **framtíðarsýn** sem mótuð var með hliðsjón af mikilvægi þeirra verkefna sem hagsmunaaðilar hafa verið að vinna að á svæðinu. Einkenni þessarar **framtíðarsýnar** er að Norðurland hefur mikið uppá að bjóða hvað varðar fjölbreytta náttúru og margvíslega afþreyingu sem gefur tækifæri á að fá fleiri ferðamenn á svæðið.

Í þeirri framtíðarsýn sem Norðurland vinnur eftir er tekið fram hvaða **meginmarkmið** hagsmunaaðilar meta sem lykilþætti í að ná auknum árangri í ferðapjónustu á svæðinu. **Meginmarkmið** eru vegvísar teknir úr framtíðarsýn Norðurlands til að láta hana verða að veruleika. Var ákveðið að við gerð áfangastaðaaætlunar DMP fyrir Norðurland að nota þessa **framtíðarsýn** þar sem hún á enn við og verður viðeigandi næstu þrjú ár. Á svæðisfundum á svæðinu var óskað eftir viðbrögðum við þessari framtíðarsýn og hvort þörf væri á breytingu á henni, en niðurstaðan var skýr: framtíðarsýnni þarf ekki að breyta.

Framtíðarsýn Norðurlands



Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðapjónustu **allt árið** sem tryggi uppbyggingu **innviða**, greiðar **samgöngur**, fleiri **heilsársstörf** og meiri **framlegð** í greininni.

Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætlunarflug hefjist til Norðurlands.

Stefnuáherslur Norðurlands



Verkefni ► **Air 66N** • **Norðurstrandarleið** • **Forgangsöröðun vegamála** • **Forgangsverkefni DMP / MN**

Mynd 42 Framtíðarsýn og meginmarkmið

4.1.1. Stefnuáherslur Norðurlands

Á undanförmum árum hefur Norðurland unnið að ákveðnum verkefnum sem kölluð eru stefnuáherslur Norðurlands. Þessar áherslur koma út frá þeirri **framtíðarsýn** og **meginmarkmiðum** sem Norðurland hefur unnið eftir og mun vinna eftir næstu þrjú ár. Þessi verkefni eru talin upp hér á eftir.

4.1.1.1. Flugklasinn Air 66N

Flugklasinn Air 66N var stofnaður í október 2011, eftir talsverðan undirbúning sem þá hafði staðið í rúmt ár. Flestir stofnaðila voru ferðapjónustufyrirtæki, eða rúmlega 20, en einnig tóku þátt 10 af 20 sveitarfélögum á Norðurlandi. Verkefnið hefur frá upphafi verið í umsjá Markaðsstofu Norðurlands. Meginmarkmið flugklasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Önnur markmið eða undirmarkmið flugklasans eru m.a.:

- Að reglulegt millilandaflug sé til Norðurlands um Akureyrarflugvöll.
- Að opna nýjan áfangastað á Íslandi fyrir erlenda ferðamenn allt árið.
- Að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið.
- Að bæta dreifingu á eftirspurn eftir ferðapjónustu m.t.t. fjölda og landsvæða.
- Að skapa ný tækifæri til þróunar og nýsköpunar í ferðapjónustu.
- Að efla þjónustu við ferðamenn m.t.t. opnunartíma og framboðs.
- Að fjölga heilsársstörfum í ferðapjónustu.

Annar ávinningur:

- Betri möguleikar fólks á svæðinu til beinna erlendra flugsamgangna.
- Betri möguleikar fyrirtækja á svæðinu til samstarfs og/eða landvinninga á erlendum vettvangi.

Starf flugklasans skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar er markaðsstarfið – að kynna áfangastaðinn Norðurland með Akureyri sem gátt með sameiginlegri og öflugri markaðssetningu á Norðurlandi. Það felur m.a. í sér:

- Kynnisferðir fyrir erlenda og innlenda ferðaskipuleggjendur og blaðamenn.
- Þátttaka á sýningum og fyrirtækjastefnumótum (Routes Europe, WTM, ITB, Mid-Atlantic o.fl.).
- Nýtingu veflausna og samfélagsmiðla.
- Framleiðslu kynningarmyndbanda og útgáfu ímyndarbæklinga.
- Nýsköpun og vörupróun, samstarf innanlands og erlendis.
- Þróunarverkefni um innvið og þjónustuframboð.
- Þróun og kynningu á þjónustupökkum m.v. þarfr skilgreindra markhópa (Fuglaverkefni, Ski Iceland o.fl.).
- Þátttöku í verkefnum á erlendum mörkuðum í samstarfi við ferðaskrifstofur og flugfélög með beina kynningu á Norðurlandi.
- Bein samskipti við flugrekstraraðila – boðsferðir til Norðurlands.

Árangurinn af markaðsstarfinu er m.a. fjölmargar viðurkenningar frá Lonely Planet, Forbes Magazine og The Guardian þar sem Akureyri og Norðurland eru valin sem topp áfangastaður í Evrópu. Einnig er sívaxandi áhugi ferðaskrifstofa og flugrekstraraðila á Norðurlandi sem áfangastað.

Tengiflug Air Iceland Connect (AIC) milli Akureyrar og Keflavíkur er einnig afurð af starfi flugklasans. Það hófst í febrúar 2017 og er mikilvæg tenging Norðurlands við Keflavíkurlugvöll. Rannsóknamiðstöð ferðamála á Akureyri er að vinna könnun meðal farþega sem hafa nýtt sér þetta flug og mun flugklasinn nýta niðurstöðum í sinni vinnu. Fyrstu upplýsingar úr könnuninni benda til þess að almennt hafi farþegar verið ánægðir með þjónustuna, en helstu hnökrar hafi verið aðstaða á Keflavíkurlugvelli. Má vænta niðurstaða könnunarinnar í júní 2018.

Stærsti árangur flugklasans hingað til náðist þegar breska ferðaskrifstofan Super Break ákvað að hefja leiguflug til Akureyrar frá Bretlandi. Um var að ræða 14 brottfarir frá 11 mismunandi flugvöllum í Bretlandi í janúar og febrúar 2018. Óhætt er að segja að viðtökum hafi verið framar vonum og seldust um 95% sætanna. Framkvæmdin gekk að flestu leyti vel og segja talsmenn Super Break að hvergi hafi þau mætt jafn samstarfsfúsum og jákvæðum ferðaþjónustuaðilum eins og á Norðurlandi.

Gestirnir voru undantekningarlítið afar ánægðir með heimsóknina hingað, fólkið, náttúruna, þjónustuna og nánast alla hluti. Búið er að setja í sölu pakka fyrir næsta vetur og salan lofar góðu nú þegar. Það eru dæmi um að fólk sem kom núna í vetur sé búið að bóka aftur fyrir næsta vetur og það segir margt um ánægju gestanna. Jafnframt áformar Super Break að selja pakka hingað sumarið 2019 og eru þær vörur nú í vinnslu.

Hinn meginþáttur starfs flugklasans snýst um að þrýsta á stjórnvöld og stofnanir til þess að vinna verkefninu framgang. Það felur í sér fjölþætt samstarf við bæði heimaaðila og utanaðkomandi sem koma að flugmálum með einum eða öðrum hætti. Þar má nefna sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga á Norðurlandi, Austurbrú, Isavia, Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöð, Háskólann á Akureyri, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Fulltrúi flugklasans situr einnig fundi flugnefndar á aðalfundum SAF og situr í vinnuhópi stjórnar Flugþróunarsjóðs. Flugklasinn hefur ásamt MN staðið fyrir ráðstefnum og fundum um samgöngumál þar sem þrýst er á um úrbætur og stefnu varðandi opnun nýrra gátta inn í landið.

Nokkur árangur hefur náðst á þessum vettvangi. Stærsti árangurinn var þegar stjórnvöld stofnuðu Flugþróunarsjóðinn, sem ætlaður er til þess að fjárfesta í millilandaflugi um Akureyri og Egilsstaði. Hefur sjóðurinn reynst afar mikilvægur starfi flugklasans, því það að slíkur sjóður sé til staðar styður gríðarlega við allar umleitanir til flugrekenda um að hefja flug til Akureyrar. Reiknuð hafa verið áhrif af mögulegum fjárfestingum Flugþróunarsjóðs sem sýna mikinn þjódhagslegan ávinning af slíkri fjárfestingu. Þar var meðal annars sett upp dæmi um flug tvisvar í viku allt árið með 180 sæta vél, 70% sætanýtingu, 75% hlutdeild erlendra ferðamanna og 9.828 ferðamenn. Vænt aukning árlegrar landsframleiðslu yrði meira en 1.570 m.kr eða um 1,6 milljarðar, þar myndu opinberir aðilar fá um 600 milljónir í sinn hlut. Þetta dæmi myndi kosta flugþróunarsjóð um 20 milljónir úr leiðaþróunardeild og að minnsta kosti 10 milljónir úr markaðsdeild. Sem sagt fjárfesting frá flugþróunarsjóði uppá 30 milljónir ætti að skila opinberum aðilum 600 milljónum. Arðsemi þess að fjárfesta í auknu millilandaflugi er því ótvíræð.

Flugklasinn hefur beitt sér fyrir því að fá ILS aðflugsbúnað fyrir aðflug úr norðri á Akureyrarflugvöll. Isavia hefur fyrir nokkru byrjað að undirbúa uppsetningu slíks búnaðar, en ekki var búið að tryggja fjármögnun frá ríkinu. Flugferðir Super Break sýndu fram á mikilvægi þess að hafa slíkan búnað og nú lítur út fyrir að hann verði settur upp fyrir næsta haust og mun það auka nýtingarmöguleika flugvallarins.

Stjórn Eypings hefur samþykkt að láta vinna uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll. Er áætluninni ætlað að taka á þeim verkefnum sem þarf að vinna á næstu árum til að byggja flugvöllinn upp til framtíðar fyrir aukna flugumferð, einkum fyrir millilandaflug. Vonir standa til að hægt verði að hefja þessa vinnu fljótlega og skýrsla liggi fyrir um mitt sumar.

Flugklasinn mun halda áfram á sömu braut í markaðsvinnunni. Lokamarkmiðinu er enn ekki náð og því mikilvægt að halda starfinu áfram til þess að byggja á þeim árangri sem þó hefur náðst nú þegar. Í því samhengi er afar mikilvægt að tryggja áframhald á starfsemi Flugþróunarsjóðsins, en hann hefur einungis verið fjármagnaður til 2019.

Hvað varðar innra starfið, þá eru enn margar hindranir sem eftir er að ryðja úr vegi s.s. hærra eldsneytisverð á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Einnig er mikil þörf á stærra flughlaði og stærri flugstöð á Akureyri svo flugvöllurinn geti sinnt sínu hlutverki sem varaflugvöllur og tekið á móti auknu millilandaflugi. Enn er hægt að bæta aðflug inn á völlinn með s.k. GPS aðflugum sem stórauka nýtingarmöguleika vallarins og verður væntanlega tæknin sem byggt verður á í framtíðinni.

Stærsta verkefnið framundan er að þrýsta á að gerð verði flugstefna fyrir allt landið, þar sem ákveðið er hvar eigi að vera flugvellir og hvaða hlutverki þeir eiga að gegna hver um sig, uppbyggingar- og viðhaldsáætlun í samræmi við það og fjármögnun fyrir verkefnið í heild sinni. Einnig með hvaða hætti eignar- og rekstrarfyrirkomulagi flugvallar landsins verði háttað til framtíðar.

4.1.1.2. Norðurstrandarleið

Arctic Coast Way eða Norðurstrandarleið er nýr ferðamannavegur á Norðurlandi sem byggir á evrópskum fyrirmyndum af árangursríkum ferðamannaverkefnum í dreifðari byggðum. Markmið verkefnisins er að byggja upp nýtt aðdráttarafl í ferðaþjónustu á Norðurlandi auk þess að styrkja innvið og efla byggð á svæðinu. Megináherslan er á sjávarbyggðir og sjávarþengda þjónustu meðfram strandlengjunni frá Hrútafirði í vestri og að Bakkafirði í austri. Þannig byggir verkefnið á þeim sérkennum sem svæðið býr yfir nú þegar, dregur þau fram og kynnir sem eina spennandi heild.

Unnið hefur verið að verkefninu síðan í ársbyrjun 2016 en það hófst sem samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Akureyrarbæjar og Norðurhjarar en Markaðsstofa Norðurlands var fengin til að leiða verkefnið frá lokum árs 2016 þegar ráðinn var verkefnisstjóri. Stýrihópur verkefnisins samanstendur af fulltrúum frá fyrrgreindum aðilum auk fulltrúa frá aðilum sem hafa bæst við inn í verkefnið eftir að það tók á sig endanlega mynd.

Verkefninu var strax í upphafi skipt upp í nokkra áfanga en í 1. áfanga fólst eftirfarandi:

- Ákveða endanlegt nafn leiðarinnar.
- Ganga frá og klára endanlega útfærslu af landfræðilegri legu leiðarinnar.
- Klára viðræður við öll sveitarfélög eða samtök á leiðinni sem hefðu aðkomu að uppbyggingu hennar.

Áfangi 2:

- Búa til kynningarefni um leiðina, þar með talið heimasíðu.
- Skilgreina skilyrði fyrir þátttöku ferðaþjónustaaðila í verkefninu.
- Þróa vörur/segla og upplifun á viðkomustöðum leiðarinnar í samstarfi við ferðaþjónustuaðila.
- Kynna leiðina og markaðsetja hana gagnvart ferðaskrifstofum.
- Vinna í kortagrunni og áherslum leiðarinnar.

Áfangi 3:

- Forgangsraða úrbótum á leiðinni til dæmis merkingum, bílastæðum, aðgengi að seglum og svo framvegis.
- Kynna forgangsroðun úrbóta fyrir þeim sveitarfélögum sem liggja á leiðinni og fá þau til að gera úrbætur í samræmi við forgangsroðun.

Nú stendur yfir vinna við verkefni í áföngum 1 og 2 og er stefnt að formlegri opnun Norðurstrandarleiðar 8. júní 2019 á Degi hafsins. Í þróun verkefnisins var ákveðið að bæta við sérstakri matartengdri áherslu enda er fjölbreyttur og hreinn norðlenskur matur einn af helstu styrkleikum svæðisins. Þessi áhersla er unnin í góðu samstarfi við Matarauð Íslands.

Verkefnið stuðlar að nýtingu auðlinda svæðisins til atvinnusköpunar með því að nýta eina af stærstu auðlindum okkar Íslendinga, sjóinn, sem meginaðdráttarafi leiðarinnar. Með því að þræða strandlengjuna frá vestri til austurs veitum við ferðamanninum ekki bara innsýn í mannlíf og menningu þeirra litlu sjávarþorpa sem á leiðinni eru, heldur gefum við honum líka tækifæri til að upplifa og drekka í sig þann mergjaða kraft sem sjórinn býr yfir.

Verkefnið stuðlar að aukinni fjölbreytni atvinnutækifæra með því að efla minni byggðarlög og styðja við atvinnuþróun og uppbyggingu á svæðunum. Ein helsta ógn við byggðaðróun í landinu er fábreytni í atvinnulífi, sérstaklega á minni stöðum, og er verkefnið vel til þess fallið að taka þátt í að snúa þessari þróun við. Sem dæmi getur hefðbundin lítil fiskvinnsla fengið nýtt og stærra hlutverk með því að hugsa sig inn í ferðaþjónustu.

Verkefnið stuðlar að þekkingaryfirfærslu á svæðið með öflugum samstarfi á milli aðila og svokallaðri jafningjafræðslu sem óhjákvæmilega verður til þegar um svo náið samstarf er að ræða. Ferðaþjónustuaðilar læra hver af öðrum. Einnig skapar það þekkingu á svæðinu að takast á við svo stórt og umfangsmikið verkefni eins og hér um ræðir en þeir aðilar sem næst verkefninu standa efla sína eigin þekkingu með því að takast á við verkefnið.

Reglulega eru gefnar út stöðuskýrslur um framgang þróunar Norðurstrandarleiðar og má finna skýrslumál á nordurland.is.

4.1.1.3. Vegamál

Markaðsstofa Norðurlands hefur síðan 2011 haldið utan um flugklasann Air 66N og verið þannig virkt í baráttunni fyrir bættum flugsamgöngum. Það var m.a. vegna þeirrar vinnu sem þótti eðlilegt að MN beitti sér einnig fyrir bættum vegsamgöngum, enda mikið hagsmunamál fyrir alla ferðaþjónustu á svæðinu.

Fyrstu formlegu afskipti MN af vegamálum hófust vorið 2015. Þá fór fulltrúi MN á fund með Vegagerðinni á Akureyri annars vegar og hins vegar ferðaþjónustufyrirtækjum sem starfrækja skipulagðar ferðir í Öskju á sumrin. Flest fyrirtækin lögðu á það mikla áherslu að reyna að flýta opnun Öskjuleiðar eins og hægt var og veita undanþágu til þeirra sem aka á stærri dekkjum að fara fyrir en opnað er fyrir almennri umferð. Það var svo að beiðni Vegagerðarinnar að fulltrúi MN gerðist talsmaður þessara fyrirtækja í samtali þeirra og Vegagerðarinnar um þessi mál. Allar götur síðan hefur MN haldið opnu samtali við Vegagerðina og komið á framfæri áherslum ferðaþjónustunnar í vegamálum á Norðurlandi.

Markaðsstofa Norðurlands hélt í september og október 2015 átta fundi um vegamál um allt Norðurland. Tilgangur fundanna var að fá upplýsingar beint frá ferðaþjónustuaðilum á hverju svæði fyrir sig hvar þörfin væri brýnust fyrir úrbætur í vegamálum og hvaða verkefni ætti að setja í forgang. Boðaðir voru ferðaþjónustuaðilar og sveitarstjórnarmenn á hverju svæði og þeim gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Auk þessara funda hefur Markaðsstofan átt samtali við fjölmarga hagsmunaaðila í greininni um málefnið. Í nóvember 2015 vann MN skýrslu úr þeim gögnum sem búið var að afla, þar sem dregnar voru fram áherslur heimamanna og brýnustu verkefnin á hverju svæði fyrir sig. Þessi skýrsla var sérstaklega kynnt Vegagerðinni og öll ítagögn verkefnisins jafnframt send til Vegagerðarinnar svo hægt væri að nýta þau þar innanhúss, m.a. við gerð samgönguáætlunar.


Jafnframt hélt Markaðsstofa Norðurlands samgöngugæping í nóvember 2015, þar sem efni skýrslunnar var kynnt. Vegamálastjóri hélt einnig erindi og tók þátt í pallborðsumræðum um málefnið. Annað samgöngugæping var haldið í febrúar 2016 þar sem vegasamgöngur voru einnig til umræðu – að þessu sinni með tilliti til almenningssamgangna.

Skýrslan sem var unnin 2015 er enn í fullu gildi, því litlar breytingar eða úrbætur hafa orðið síðan hún var unnin. MN hefur sent frá sér fjölda ályktana um brýn verkefni í vegamálum á Norðurlandi, tekið þátt í fundum um vegamál og vakið athygli á brýnni þörf og ýmsum annmörkum á vegakerfinu og þjónustu við það.

Fulltrúi MN er áfram tengiliður ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi við Vegagerðina. Markaðsstofa Norðurlands mun halda áfram að beita sér fyrir sameiginlegum hagsmunum ferðaþjónustunnar þegar kemur að vegasamgöngum eins og undanfarin ár. Sú barátta heldur áfram og snýr bæði að Vegagerðinni beint sem og að öðrum stofnunum og embættismönnum sem með málaflokkinn fara.

4.1.2. Þriggja ára áætlun Norðurlands

Í upphafi áfangastaðáætlunar var staða mála á svæðinu greind og sett upp ákveðin framtíðarsýn á hvað þyrfti að gera og hvernig það yrði gert, út frá þörfum svæðisins. Var ákveðið að gera þriggja ára áætlun um hvernig við myndum ná tilætluðum árangri í stefnumótun og markaðssetningu áfangastaðarins. Í upphafi var þessi áhersla um framkvæmd áfangastaðáætlunar kynnt Ferðamálastofu og var meginástæða þess einfaldlega stærð og umfangs svæðis.



4.1.2.1. Árið 2017-2018 - fyrsti hluti

Lagt var til að á þessu tímabili yrði gert stöðumat á svæðinu. Þar á meðal yrði reynt að fá yfirsýn á öll gögn og rannsóknir sem til eru fyrir áfangastaðinn. Að auki yrði tekin saman forgangsörðun verkefna á svæðinu sem er eitt af áhersluatriðum í áfangastaðaaætlun DMP fyrir landið. Var kynnt sú hugmynd við Ferðamálastofu að skipta upp verkefninu þannig að stefnumótun yrði unnin á næsta ári, þar sem skilgreint svæði áfangastaðarins Norðurlands er stærsta svæði sem tekið er fyrir í áfangastaðaaætlun á landsvísu. Það var ekki samþykkt, þannig að stuðst er við þá stefnu og framtíðarsýn sem hefur verið unnið eftir á undanförunum árum á Norðurlandi.

4.1.2.2. Árið 2018-2019 - annar hluti

Á þessu tímabili yrði farið í stefnumótunarvinnu á öllu svæðinu, þar sem gerð yrði ný stefnumótun út frá þeim gögnum sem komu meðal annars í áfangastaðaaætlun DMP á svæðinu. Stefnumótunin yrði gerð með því fyrirkomulagi að gefa öllum lykilhagsmunaaðilum á svæðinu tækifæri á að taka þátt í þeirri stefnumótun. Slík vinna krefst þess að verkefnið sé vel kynnt svo að allir séu tilbúnir að taka þátt. Var það von Markaðsstofunnar að stjórnvöld sýndu því áhuga að taka þátt í slíku með því að styrkja áframhaldandi vinnu við DMP.

4.1.2.3. Árið 2019-2020 - þriðji hluti

Í framhaldi af stefnumótun ferðapjónustu á Norðurlandi verður lögð áhersla á að Markaðsstofa Norðurlands verði skilgreind sem Destination Management Organisation (DMO). World Tourism Organization (2007) hefur skilgreint markmið DMO fyrirtækis, að vera í farabroddi og samræma þær áherslur sem koma fram í áfangastaðaaætlun. Þeirra hlutverk er ekki að leiða þær áherslur/verkefni heldur fá réttar auðlindir til að koma því áfram.²⁰⁶ Með því er verið að ákveða að MN verði leiðandi aðili í innleiðingu DMP áætlunar á svæðinu. Þar með er samt ekki verið að gera ráð fyrir því að Markaðsstofan beri ábyrgð á verkefnum, heldur hennar hlutverk skilgreint sem aðila sem hjálpi við að koma verkefnum áfram. Auk þess verði Markaðsstofa Norðurlands leiðandi aðili í þróun áfangastaðarins.

Út frá stefnumótun áfangastaðarins og markaðsáherslunum á svæðinu, náttúru, vetri og menningu, verði gerð markaðsáætlun fyrir svæðið með það í huga að ná betri árangri í markaðssetningu. Sú áætlun verður síðan endurmetin á hverju ári fyrir sig og árangur hennar mældur.

4.2. Tengsl við aðra áætlunargerð

Ferðapjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensk samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina. Áfangastaðaaætlanir landshlutanna taka á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæða auk þess sem skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun ferðapjónustunnar innan svæðisins. Því er mikilvægt að áfangastaðaaætlanir landshlutanna séu uppfærðar í takt við helstu stefnumótunarverkefni og áætlanir ríkis og sveitarfélaga og að sama skapi sé litið til áfangastaðaaætlana þegar opinber stefna stjórnvalda er unnin. Ferðapjónustan hefur snertifleti við margar þær áætlanir sem unnar eru á landsvísu og því afar mikilvægt að litið sé til áfangastaðaaætlana s.s. við gerð samgönguáætlunar, byggðaaætlunar, landsskipulagsstefnu og stefnumótunar ríkisvaldsins fyrir ferðapjónustu á Íslandi. Þá er einnig mikilvægt að áfangastaðaaætlanir landshlutanna og stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til veldar náttúru og menningarsögulegum minjum vinni saman og séu uppfærðar í takt við hvor aðra.

4.2.1. Áætlanagerð á landsvísu

Þegar opinber áætlanagerð er skoðuð kemur fram að margir aðilar koma að borðinu og margt getur haft áhrif á áfangastaðaaætlun svæða. Því er mikilvægt að skoða hverjir eru helstu aðilar sem koma að opinberri áætlanagerð vegna ferðapjónustu og það síðan greint út frá landsvísu, umdæmissvæði og staðbundinni áætlunargerð.

206 A Practical Guide To Tourism Destination Management. 1st ed. Spain: World Tourism Organization; 2018. Tekið af: <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284412433>. Sótt May 4, 2017.

				Stoðkerfi
Á landsvísu	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Ferðamálastofa
	- Ferðamálaráðuneyti - Skrifstofa ferðamála	Landsáætlun	Samgönguáætlun	- Útgefandi leyfa - Framkvæmdasjóður ferðamála - Verkkaupi á DMP áætlun
Umdæmissvæði	Landshlutasamtök	Atvinnuþróunarfélög	Markaðsstofa	Stjórnstöð ferðamála
	- Eyþing - Sóknaráætlun - Svæðisáætlun - Samtök sveitarfélaga Norðurland Vestra - Sóknaráætlun	- Atvinnuþ. Eyjafjarðar - Atvinnuþ. Þingeyinga - Samtök sveitarfélaga Norðurland Vestra	Markaðsstofa Norðurlands	- Samstarfsvettvangur - Vegvísir ferðapjónustunnar 5 ára tímabundið verkefni
Staðbundin	Sveitarfélög	Ferðamálasamtök	Ferðamálafélög	Íslandsstofa
	20 sveitarfélög	2 ferðamálasamtök	7 ferðamálafélög	- Markaðsetning á landsvísu - Ísland allt árið

Mynd 43 Áætlanagerð á landsvísu

Í tengslum við áfangastaðaaætlun DMP á Norðurlandi þá eru það helst eftirfarandi aðilar sem hafa áhrif: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Umhverfis og auðlindaráðuneyti, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála. Út frá framtíðarsýn Norðurlands er samgönguáætlun út frá vegum og flugi ein mikilvægasta áætlunin sem getur haft áhrif á uppbyggingu á Norðurlandi. Auk þess eru styrkir til uppbyggingar innviða sem koma frá Landsáætlun og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða mjög mikilvægir.

4.2.2. Áætlanagerð á umdæmissvæði

Margt getur haft áhrif á áætlanagerð á umdæmissvæði og því er mikilvægt að greina hvaða aðilar geti haft áhrif á slíkt ferli.

Þegar áætlanagerð á umdæmissvæði á Norðurlandi er skoðuð þá eru þrír stoðaðilar sem hafa áhrif á ferðapjónustu á svæðinu. Fyrst ber að nefna landshlutasamtök en þau halda utan um Sóknaráætlunir landshlutans þar sem hægt er að sækja styrki í ákveðin verkefni m.a. ferðapjónustuverkefni. Eitt af verkefnum Eyþings 2017 var gerð heildstæðrar áætlunar eða svæðisskipulags vegna ferðapjónustu á svæðinu sem yrði mótuð af hagsmunum umhverfis og samfélags og til grundvallar markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða á svæðinu. Nú þegar er búið að gera forverkefni sem leitt var af Alta, sem fengið var til að vinna verkefnistillögu að verkefninu. Átti þessi vinna að gerast samhliða Áfangastaðaaætlun Norðurlands en nú hefur stjórn Eyþings ákveðið að fresta þessari vinnu um óákveðinn tíma.²⁰⁷


207 Forgangsverkefni Eyþings um svæðisskipulag ferðamála. *eythingferdamal*. 2018. Tekið af <https://www.eythingferdamal.com/>. Sótt 23. mars, 2018.

Atvinnuþróunarfélögin hafa tekið þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og leitt verkefni sem tengjast beint ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna Fuglastíg á Norðausturlandi sem leitt var af Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Síðan er Markaðsstofa Norðurlands að vinna út frá sinni framtíðarsýn og stefnu sem þegar hefur verið komið inn á.

4.2.3. Staðbundin áætlanagerð

Staðbundin áætlanagerð innan áfangastaðarins hefur töluvert aukist á undanförmum árum. Nú þegar hafa sex sveitarfélög/ferðamálafélög gert stefnumótun í ferðaþjónustu út frá sínu svæði innan áfangastaðarins Norðurlands. Slík vinna er mikilvæg fyrir minni svæði til að hagsmunaaðilar átti sig á hvað þau standa fyrir og hvert þau vilja stefna. Einnig er það nauðsynlegt að slík stefnumótun tali við heildarstefnu í ferðaþjónustu á áfangastaðnum. Síðan er mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi að slíkri áætlun eins og ferðaþjónustufyrirtæki, ferðamálasamtök, ferðamálafélög og aðrir, þannig að það tryggi gæði og vægi stefnunnar. Væri það hjálplegt framgangi geirans ef önnur sveitarfélög myndu gera slíkt hið sama.

4.3. Starfsmarkmið



Mynd 44 Starfsmarkmið

Til að hægt sé að ná þeim meginmarkmiðum sem koma fram í framtíðarsýn er nauðsynlegt að setja upp skýrar aðgerðir út frá þeim og eru því sett fram starfsmarkmið sem eru til skemmri tíma. Aðalmunurinn á meginmarkmiðum og starfsmarkmiðum er sá að starfsmarkmið eru mælanleg.²⁰⁸ Í aðgerðaáætlun DMP Norðurlands er starfsmarkmiðunum skipt upp í þrjá flokka sem eru **vegaframkvæmdir**, **nýr áfangastaður** og **uppbygging á núverandi stað**. Undir þessum þremur flokkum eru síðan 15 mælanlegar aðgerðir sem eru forgangsverkefni á Norðurlandi og má sjá nánar í kafla 5.5.1 Forgangsverkefni áfangastaðaaætlunar Norðurlands. Þessi forgangsverkefni sem unnin eru, eru áætluð á næstu þremur árum.

208 Ingason, H. Jónasson, H. *Stefnumótunarfærni*. Reykjavík: JPV; 2011.

5. Stefna og aðgerðaáætlun

Í þessum kafla verða greindir ákveðnir þættir í hvernig þróun ferðamála verður á Norðurlandi á næstu árum.

5.1. Hvernig ferðapjónustu viljum við

Þegar kemur að greiningu á hvers konar ferðapjónustu eða ferðamenn við viljum fá þá vantar mikið af forsendum og rannsóknum til að geta tekið ákvarðanir um slíkt. Í grunninn er verið að leita eftir ferðamönnum sem nýta þá vöru og þjónustu sem í boði er á svæðinu og að upplifun þeirra af svæðinu sé sem best. Auk þess eru ákveðnir þættir eins og eyðsla og dvalartími sem skipta miklu máli um hvers konar ferðapjónustu við viljum fá.

Til að greina þá þætti hvers konar ferðapjónustu við viljum fá eða hvaða ferðamenn við erum að leitast eftir þarf að gera markaðsrannsóknir sem greina þarfir ferðamannsins, bæði út frá áþreifanlegri þjónustu eins og gistingu og aðdráttarafli, en líka óáþreifanlegri þjónustu eins og skemmtun, afslöppun eða ævintýrum. Með því að greina tilfinningalegan þátt ferðamannsins er hægt að ákveða hvernig við náum viðkomandi ferðamanni sem hefur áhuga á því vöruframboði sem er í boði er á Norðurlandi.²⁰⁹ Gerðar hafa verið rannsóknir sem greina sumt af þessum atriðum en aldrei hefur slíkt verið gert heildstætt út frá áfangastaðnum Norðurlandi. Er því ekki hægt að lýsa hvers konar ferðapjónustu eða ferðamenn við viljum í framtíðinni, nema með nákvæmari rannsóknum og gögnum á áfangastaðnum öllum.

5.2. Helstu markaðir

Markaðsstofa Norðurlands hefur frá 2011 lagt áherslu á þrjú ákveðin markaðssvæði í sinni markaðssetningu, en þau eru Bretland, Þýskaland og Danmörk. Markaðssókn á Danmörku breyttist síðan 2013 eftir að flugi þangað var hætt og fór áherslan þá yfir á Skandinavíu og þá helst tengt skiðunum. Eins og kemur fram í greiningu sem Ferðamálastofa gerði á gistingu út frá markaðssvæði á áfangastaðnum þá eru Bretland og Þýskaland okkar stærstu markaðssvæði meðan Skandinavía hefur staðið í stað eða minnkað. Í Danmörku til dæmis varð minnkunin um 20% á milli árána 2014–2016. Þýskaland hefur verið stærsta markaðssvæði sem kemur til Norðurlands undanfarin ár og líklegasta skýringin á því er sú að það vöruframboð sem er í boði veki áhuga þeirra. Í nýrri markhópagreiningu Íslandsstofu kemur fram að í Þýskalandi eru Lífsglaði heimsborgarinn (31%) og Sjálfstæði landkönnuðurinn (21%) stærstu hóparnir og er hægt að færa rök fyrir því að þeir hópar tali vel við vöruframboð Norðurlands.

Aðaltakmarkanir við greiningu og stefnu um markaðssvæði eru skortur á gögnum og upplýsingum og þá sérstaklega um þau atriði sem hafa áhrif á val ferðamannsins um að koma á viðkomandi áfangastað. Einnig má nefna atriði eins og virði ferðamanns frá viðkomandi landi, dvalartíma, áhugamál, upplifun o.fl. Það þarf því að gera fleiri rannsóknir fyrir Norðurland til þess að hægt sé að ná betri árangri með viðkomandi markaðssvæði og markhópa.

Hins vegar hefur Markaðsstofan ákveðið að leggja áherslu á fleiri markaðssvæði fyrir næstu þrjú ár, þar sem áherslur hafa töluvert breyst á undanföllum árum. Skoðaðir verða þrír áherslurmarkaðir til viðbótar við þá þrjá sem þegar eru til staðar. Eru það Bandaríkin, Frakkland og Holland. Bandaríkin hafa verið það markaðssvæði sem hefur vaxið hraðast í íslenski ferðapjónustu á undanföllum fimm árum og eru ferðamenn frá Norður-Ameríku orðnir stærsti markhópurinn sem kemur til Íslands. Auk þess eru þeir orðnir næststærsta markaðssvæði á Norðurlandi eins og sjá má í kafla 3.2.2 Markaðssvæði. MN hefur frá árinu 2014 unnið að markaðssetningu á því svæði með þátttöku á sýningum og vinnustofum sem í boði hafa verið hjá Íslandsstofu auk þess sem MN kom að sérstökum markaðsherferðum í samstarfi ferðapjónustufyrirtækja. Næstu skref eru að gera betri greiningarvinnu á þessum markaði til að kortleggja hvaða markaðssvæði innan Bandaríkjanna henti vel vöruframboði Norðurlands. Þar þarf sérstaklega að skoða hvaða tækifæri eru á þeim áfangastöðum þar sem beint áætlunarflug er frá Bandaríkjunum. Líka yrðu skoðaðir ákveðnir sérhópar eins og fuglaskoðun, menning, vetrarferðamennska o.fl. sem Norðurland hefur nú þegar uppá að bjóða. Út frá markhópagreiningu Íslandsstofu um Bandaríkin, er Lífsglaði heimsborgarinn með 51% hlutdeild ferðamanna og næstur kemur Makindalegi menningarvitinn með 21% hlutdeild.

Ástæða þess að Frakkland og Holland eru markaðssvæði sem lögð er áhersla á, er stöðug aukning til Íslands frá þeim svæðum á undanföllum árum. Hefur ferðamönnum frá Frakklandi fjölgað um 52% milli 2015–2017 á Íslandi öllu.²¹⁰ Var aukningin frá Hollandi á sama tímabili 66%.²¹¹ Eins og kemur fram í kafla 3.2.2 Markaðssvæði er Frakkland nú orðið þriðja stærsta markaðssvæði á Norðurlandi árið 2016. Hins vegar er stór ástæða fyrir vali á þessum mörkuðum sú að kostnaður við markaðssetningu á viðkomandi markaði er ekki eins mikill og að fara á markaðssvæði eins og til dæmis Asíumarkað, þar sem aukningin hefur þó verið 81% á tímabilinu 2015–2017.

209 *A Practical Guide To Tourism Destination Management*. 1st ed. Spain: World Tourism Organization; 2018. Tekið af <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284412433>. Sótt 4. júní, 2017.

210 Ferðamenn um Keflavíkurlugvöll | Ferðamálastofa. *Ferðamálastofa*. 2018. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>. Sótt 3. apríl, 2018.

211 Ferðamenn um Keflavíkurlugvöll | Ferðamálastofa. *Ferðamálastofa*. 2018. Tekið af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>. Sótt 3. apríl, 2018.

Slíkt markaðssvæði kostar gríðarlega fjármuni bæði í uppbyggingu á þekkingu, markaðssetningu og ferðakostnaði. Mesti kostnaðurinn á mörkuðum eins og Frakklandi og Hollandi liggur í greiningarvinnu á markaðsvæðinu, framleiðslu á efni á viðkomandi tungumáli og síðan almennum markaðskostnaði.

5.3. Möguleikar svæðisins

Norðurland hefur alla burði til að verða áfangastaður á heimsmaelikvarða, allan ársins hring. Til að uppbygging ferðapjónustu nái því takmarki eru fjölmargir og mismikilvægir þættir sem verður að horfa til svo að upplifun ferðamannsins verði sem best, og greinin sem blómlegust – landsmönnum öllum til heilla. Hér verður farið yfir nokkra lykilþætti sem gætu aukið möguleika svæðisins til framtíðar.

5.3.1. Samgöngur

Eðli málsins samkvæmt eru samgöngur og aðgengi grunnforsendur þess að hægt sé að byggja upp áfangastað í dreifbýli og ferðapjónustu þar með. Á Norðurlandi eru mikil tækifæri og mikil þörf fyrir uppbyggingu samgangna hvort sem um ræðir úr lofti, á láði eða legi. Mikilvægt er að ná að byggja upp ákveðna þætti sem fyrst, en þeir eru beint áætlanarflug á svæðið, bættar vegasamgöngur að okkar helstu náttúruperlum og bættar aðstæður til móttöku skemmtiferðaskipa víðar um fjórðunginn. Óhætt er að segja að samgöngur séu eitt mikilvægasta uppbyggingaratriði í ferðapjónustu á Norðurlandi og kemur það skýrt fram í stefnuáherslum Norðurlands með verkefnum eins og Air 66N og forgangsverkefnum í vegamálum á Norðurlandi. Þessar áherslur sjást ennfremur í þeim forgangsverkefnum sem íbúar og aðrir hagaðilar völdu sem forgangsverkefni DMP á Norðurlandi.

5.3.2. Sérhæfðari ferðir

Mikil tækifæri eru í því að byggja upp sérhæfðar ferðir sem nýta styrkleika svæðisins. Má nefna verkefni eins og MICE ferðir þar sem hægt væri að nýta betur þá innviði sem eru í boði. Markaðsstofa Norðurlands er að gera greiningu á möguleikum Norðurlands sem ráðstefnusvæðis.

5.3.3. Upplýsingar

Miklar breytingar hafa orðið á undanföllum árum á því hvernig áfangastaður er markaðssettur og hvaða upplýsingar er verið að veita á vefsíðum, samfélagsmiðlum, í prentefni o.þ.h. Mikilvægt er að tryggja sé að allir þessir miðlar séu nýttir eins vel og kostur er. Eitt dæmi um slíka þróun er að Markaðsstofa Norðurlands vill koma Norðurlandi í samkeppnishæfa stöðu hvað varðar tækni og þróa smáforrit (e. app) sem gefur sérhæfðar upplýsingar um þá vöru og þjónustu sem í boði er á svæðinu. Ekki hefur tekist að fjármagna það verkefni þegar þessi skýrsla er skrifuð.

5.4. Lágmarkun neikvæðra áhrifa

Í kafla 3.5 Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæðinu má sjá greiningu á því sem geta talist neikvæð áhrif ferðapjónustu á svæðið. Í þessum kafla reynum við að sjá hvað gætu orðið áskoranir næstu ára hvað varðar neikvæð áhrif ferðapjónustu á svæðið og hvernig hægt sé að fyrirbyggja þau áhrif.

Greiningin var unnin í samvinnu við stýrihópinn þar sem tekin voru fyrir áhrif sem gætu verið neikvæð og mátu viðstaddir þetta út frá eigin reynslu. Ekki var farið í vinnu að greina hvernig væri hægt að eiga við þessi neikvæðu áhrif en hér er reynt að tæpa á þeim leiðum sem gætu komið til greina. Það þarf þó að greina þessi áhrif betur, viðbrögð og ábyrgð til að vera viðbúin þeim. Eftirfarandi voru þau málefni sem komu helst upp:

5.4.1. Umferð

Undanfarin ár hafa reynst vegakerfinu og heilbrigðiskerfinu þung og ef ekki verður unnið frekar í þessum málum þá er hætt á að dauðsföllum fari fjölgandi. Fyrir utan hversu alvarlegt hvert dauðaslys er þá getur aukin tíðni slysa og dauðsfalla haft veruleg áhrif á ferðapjónustuna heilt yfir.

Hvað er til ráða? Byggja vegakerfið upp, auka framlög verulega því enn í dag er Vegagerðin ekki að fá sömu framlög til vegakerfisins og árið 2007 þrátt fyrir gríðarlega aukningu umferðar og aukið álag. Setja upp kerfi sem varar öku-menn við ef verið er að fara yfir á rangan vegarhelming t.d. í formi akgreinavara eða með rifflum. Hér á landi eru strangar öryggiskröfur fyrir bílaleigur og rútufyrirtæki og halda verður áfram að fara eftir þeim. Mögulega þarf að þróa þær frekar. Erlendis er boðið upp á námskeið á netinu til að uppfæra ferðamenn²¹² og einnig eru oft strangari kröfur um hvað teljast gild ökuskirteini.²¹³ Mögulega ætti að skoða þetta hér á landi.

Hverra er ábyrgðin? Ríkisins og ferðapjónustuaðila.

²¹² Driving in New Zealand - Guide for Tourists. Drivingtestsconz. 2018. Tekið af <https://www.drivingtests.co.nz/roadcode/tourist/>. Sótt 23. febrúar, 2018.

²¹³ Guide to driving in the UK. Visitbritainshopcom. 2018. Tekið af <https://www.visitbritainshop.com/world/articles/guide-to-driving-in-the-uk/>. Sótt 23. febrúar, 2018.

5.4.2. Skemmtiferðaskip

Stór skip og mikið af farþegum. Það er mikil áhætta fólgin í móttöku þeirra. Hvað ef það verður sjóslys eða það brýst út plága um borð í skipinu? Við erum ekki tilbúin í slíkt slys og mikilvægt að hafa viðbragðsáætlun tilbúna.

Hvað er til ráða? Það mætti fara í að skoða getugreiningar líkt og hefur verið gert erlendis. Þessar getugreiningar draga fram getu samfélaga, umhverfis og ferðapjónustuaðila til að mæta því sem höfnin tekur við af skipum. Þar undir tilheyrir heilbrigðiskerfið. Útbúa áætlanir til að takast á við stærri slys og sjúkdóma.

Hverra er ábyrgðin? Almannaþing

5.4.3. Of mikið af ferðamönnum?

Það eru nokkrar áhyggjur af því að hingað komi hreinlega of mikið af ferðamönnum og með ágangi hafi þeir neikvæð áhrif á lífsgæði Íslendinga og náttúru.

Hvað er til ráða? Það þurfa að fara fram getugreiningar fyrir ferðamenn í heild. Hvað þolum við sem samfélag og land af ferðamönnum án þess að skerða upplifun þeirra og ganga of langt á lífsgæði íbúa.

Hverra er ábyrgðin? Ríkis, ferðapjónustuaðila, hagsmunaaðila ferðapjónustunnar og sveitarfélaga.

5.4.4. Samdráttur í fjölda ferðamanna

Mikil fjölgun ferðamanna getur verið neikvæð en hinsvegar gæti of mikil fækkun snarpt einnig haft gríðarlega neikvæð áhrif. Við mikla fækkun yrðu tekjutap mikið og uppbygging sem búið er að fjárfesta í til marga ára stæði ónotuð. Áhrif á hagkerfið yrði gríðarlegt en ferðapjónusta er stærsta atvinnugreinin á Íslandi í dag.

Hvað er til ráða? Vinna í því að minnka neikvæða upplifun ferðamannsins af Íslandi. Vera með menntað starfsfólk, góða þjónustu og innviði sem geta tekið á móti fjöldanum. Einn af stærstu póstumum hvað það varðar er að veita ferðamönnum út um allt land og nýta allt landsvæðið sem er í boði.

Hverra er ábyrgðin? Hagsmunaaðila ferðapjónustu, ríkis og ferðapjónustuaðila.

Aðaláhbyggjuefni flestra er ofálag á fáa staði og sofandaháttur stjórvalda í garð ferðapjónustunnar. Það þarf innviðauppbyggingu og samvinnu. Í dag eru margar stofnanir, skrifstofur og rannsóknaraðilar að vinna í málefnum ferðapjónustu með mismikla ábyrgð og er óljóst hver á að sjá um stefnumótum í málefnum ferðapjónustu og verkaskiptingu. Verið er að vinna sambærilega vinnu og gagnaöflun á fleiri en einum stað á meðan það vantar upp á ýmislegt þessu tengt því yfirsýn er takmörkuð.

Hvað varðar innviðina hafa þeir verið vanræktir í mörg ár og þessu mikla álagi sem ferðapjónustunni fylgir ekki verið svarað þrátt fyrir gríðarlegar tekjur af greininni. Þessu verður að kippa í lag.

5.5. Aðgerðaáætlun

Í Áfangastaðaaætlun-DMP Norðurlands er óskað eftir forgangsörðun verkefna á svæðinu. Það er svo í höndum stjórvalda hvernig þessi forgangslisti verður notaður á næstu þremur árum. Markaðsstofa Norðurlands ákvað að fara leið þar sem allir gætu tekið þátt í ferlinu og lagði áherslu á að aðalhagsmunaaðilar verkefnisins myndu ákveða forgangsörðunina. Í upphafi þessa ferlis var haldinn kynningarfundur með ferðamálafulltrúum og formönnum ferðamálasamtaka og félaga á svæðinu. Þar var kynnt hvernig forgangsörðun verkefna yrði unnin. Síðan var sendur póstur á alla ferðamálafulltrúa, formenn ferðamálasamtaka og/eða ferðamálafélaga, auk sveitarstjóra, þar sem óskað var eftir að þeir skiluðu inn topp 5 lista yfir þau verkefni sem þeir teldu mikilvægust fyrir uppbyggingu ferðapjónustu á þeirra svæði. Með því væri tryggt að niðurstöður stefnumótunar sveitarfélaga gætu komist á forgangslista. Einnig var óskað eftir öllum þeim greiningarskýrslum sem svæðin hafa gert. Auk þess hefðu hagsmunaaðilar á svæðinu tækifæri til að koma verkefnum á framfæri. Í framhaldi var kynnt að endanleg forgangsörðun yrði ákveðin á svæðisfundum sem haldnir yrðu á hverju svæði fyrir sig. Mögulegur fjöldi innsendra verkefna var 115 verkefni en 68 verkefni bárust.


Fimm svæðisfundir voru haldnir á Norðurlandi í október og nóvember. Fundirnir voru auglýstir opnir öllum og komu ferðapjónustuaðilar, sveitarstjórnarfolk og íbúar. Lögð var áhersla á að fá sem flesta á fundina. Voru þeir auglýstir í svæðisblöðum viðkomandi svæða, Facebook-hópum, markpóstum ferðamálafulltrúa, landshlutasamtaka og markpósti Markaðsstofu Norðurlands. Á fundunum var ákveðið hver forgangsverkefni hagsmunaaðila á svæðinu yrðu og farið var yfir markaðsáherslur Norðurlands. Í upphafi fundanna var farið yfir DMP verkefnið og hvað væri þegar búið að gera. Eftir það var kynning á topp 5 listum sem bárust fyrir viðkomandi svæði. Síðan voru

teknar umræður um hvert atriði, en auk þess mátti leggja fram tillögur um verkefni sem ekki voru á þessum listum. Því næst var gengið til kosninga og fundið út hvaða topp þrjú verkefni stæðu eftir.

Eftir alla fundina stóðu í heildina 15 verkefni upp úr sem eru því forgangsverkefni áfangastaðaaætlunar DMP á Norðurlandi. Að kosningu lokinni var þátttakendum skipt í umræðuhópa þar sem fjallað var um markaðsáherslur MN og reynt að dýpka þær út frá viðkomandi svæði. Að lokum var farið yfir framtíðarsýn MN og rætt hvort fundargestir væru sammála henni. Á fundina mættu um 130 manns.

5.5.1. Forgangsverkefni áfangastaðaráætlunar Norðurlands

Niðurstaða svæðisfunda á forgangsörðun verkefna á áfangastaðnum voru eins og sést hér að neðan. Fengu þessi verkefni flest stig í kosningu svæðisfunda. Samantekt á öllum verkefnum er í viðauka 3.



Mynd 45 Forgangsverkefni áfangastaðaaætlunar Norðurlands

Hér að neðan verður síðan hverju verkefni lýst nánar.

KÁLFSHAMARSVÍK

Lýsing: Kálfshamarsvík getur þjónað veigamiklu hlutverki í uppbyggingu ferðapjónustu á Norðurlandi vestra. Þar er bæði horft til stuðlabergsvikurinnar sjálfar, hins sérstaka vita sem þar er, og sögu staðarins og minja hennar sem þar er að finna. Eða eins og segir í gömlum Þjóðvilja:

„Norðarlega á vestanverðum Skaga í A-Húnavatnssýslu er lítil bogadregin vík með fallegum stuðlabergsklettum á báða vegu. Allbreiður sjávargrandi er fyrir botni vikurinnar og tjörn innan við. Vikin heitir Kálfshamarsvík og norðan við hana er Kálfshamarsnes. Þar gnæfir viti við himin [...]. Á við og dreif um nesið og víkina eru tóttir af húsum. Hér var kominn vísir að sjávarútvegsþorpi á fyrri hluta aldarinnar en nú er hver mannsródd þögnuð á þessum stað.“²¹⁴

Núverandi staða: Í Kálfshamarsvík hafa húsarústir verið merktar með nöfnum húsanna sem þar stóðu ásamt nöfnum ábúenda. Einnig hefur þar verið sett upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn.²¹⁵ Afleggjarinn frá vegi 745 (Skagavegi) niður að vikinni er langur, og fremur lakur. Bilastæði, þjónustuhús, salerni, útsýnispalla og göngustíga skortir sárlega, auk skilta og annarra túlkunaleiða á fleiri tungumálum og á fleiri stöðum, auk uppbyggingar á afleggjaranum öllum. Skagavegur er ekki með vetrarþjónustu, og hamlar það mjög ábyrgri nýtingu Kálfshamarsvíkur sem seguls sem ferðapjónusta getur notað til heilsársuppbýggingar greinarinnar í héraðinu. Kálfshamarsvík er alfarið í eigu sveitarfélagsins Skagabyggðar, sem nú er í deiliskipulagsferli fyrir svæðið. Staðurinn er lítt þekktur, og markar ekki djúp spor á samfélagsmiðlum.

Aðgerða sem er þörf: Fyrsta skref er deiliskipulag svæðisins, og áætlað sveitarfélagið að hafa ráðið aðila í það verk snemma árs 2018. Það er í raun ekki fyrr en það ferli er vel á veg komið að það er hægt að koma með ábyrga kostnaðartölu eða verkáætlun. Samhliða skipulagsferlinu er nauðsynlegt að unnið sé að gerð kynningarefnis um svæðið, sem sé þá tilbúið og fer í dreifingu um leið og svæðið er tilbúið til að taka við meiri umferð.

Ávinningur: Innviðauppbýgging þessi styður við verkefnið Norðurstrandarleið, stuðlar að auknum fjölda gistinguáttum á svæði sem hefur lítið notið fjölgunar ferðamanna á landinu, bætir dreifingu ferðamanna bæði í tíma og rúmi, hægir á yfirferð ferðafólks, fylgjar tækifærum til atvinnuuppbyggingar á heilsársgrundvelli og kristallar á einum stað flestar markaðsáherslur Norðurlands; auk þess að bæta samgöngur. Kálfshamarsvík varð efst í forgangs röðun verkefna á svæði 1, og ríkti mikill einhugur um mikilvægi verkefnisins á svæðisfundinum.

Fjárförð: Gróflega má áætla að fjárförðin sé um 250 milljónir, að föstum, árlegum kostnaði við vetrarþjónustu á vegi 745 frátöldum. Árið 2018 var veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að gera deiliskipulag og hanna vegna uppbygginga göngustíga. Styrkurinn er að upphæð 2.700.000 kr.

Ábyrgð: Þar sem staðurinn er í eigu Skagabyggðar ber sveitarfélagið ábyrgð á verkinu við Kálfshamarsvík, en þarf opinber fjáframlög til að ráða við uppbygginguna. Vetrarþjónusta á Skagavegi er á ábyrgð ríkisins.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðurstrandarleið, samgöngur, náttúra, menning, saga, jarðfræði.

VATNSNESVEGUR

Lýsing: Vatnsnesvegur ber vagnúmerið 711 og liggur norður frá Hvammstanga, fyrir Vatnsnes og sameinast Þjóðvegi 1 á vegamótum bæjanna Vatnshóls og Neðra-Vatnshorns. Vegurinn er um 90 kílómetrar að lengd, og er aðeins með bundnu slitlagi í u.þ.b. fimm kílómetra, eða frá Hvammstanga að Syðri-Karástöðum.

Hvítserkur er eitt best þekkta kennileiti og náttúruvætti landsins, og hann stendur við Vatnsnesveg. Við veginn eru einnig sum af aðgengilegustu sellátrum landsins, enda hefur svæðið markað sér sérstöðu á landsvísi sem selaskoðunarsvæði. Á Vatnsnesi er líka Ánastaðastapi, Skarðshver, og Hamarsrétt auk Illugastaða og fjölda annarra sögustaða sem tengjast þeim málum sem ýmist eru kennd við Illugastaði eða Natan. Ætla má að áhugi á þeirri sögu muni fara hraðvaxandi og umferðarþunginn stigmagnast, eftir að fyrirhuguð stórmynd kemst í sýningu.²¹⁶ Vatnsnesvegur tengist líka veginum að Borgarvirki, en flestir þeir sem fara Vatnsneshringinn heimsækja líka Borgarvirki og Kolugljúfur í Víðidal.

214 GFr. Þorpið sem hvarf. *Þjóðviljinn*. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=2889289. Published 1983. Sótt 6. desember, 2017.

215 Náttúruperlur. *Skagabyggd.is*. 2017. Tekið af <http://skagabyggd.is/natturuperlur.asp>. Sótt 6. desember, 2017.

216 Valgerðardóttir S. Tökulið Burial Rites skoðar Vatnsnesið. *RÚV*. 2017. Tekið af <http://www.ruv.is/frett/tokulid-burial-rites-skodar-vatnsnesid>. Sótt 28. desember, 2017.

Núverandi staða: Byggðarráð Húnaþings vestra sendi erindi til Alþingis til að mótmæla vegaáætlun 2015-2018 almennt, og er ástandinu á Vatnsnesvegi ágætlega lýst þar: „Dæmi um það er Vatnsnesvegur (711) en ástand vegarins er orðið hættulegt og farið að varða öryggi vegfarenda eins og bent hefur verið á á fundum með þingmönnum og fjárlaganefnd. [...] Byggðarráð krefst þess að ríkisstjórnin setji aukð fé til vegamála til að mæta stóru aukinni umferð og skorti á viðhaldi á síðustu árum. Þá ætti viðhald Vatnsnesvegjar að vera í forgangi, tafarlaust þarf að bæta við og merkja útskot á veginum og sem fyrst að byggja veginn upp, breikka og leggja á bundið slittlag.“²¹⁷ Við þetta má bæta að fjöldi ferðapjónustufyrirtækja hafa ferð fyrir Vatnsnes ekki með í sínum pökkum, eða hafa tekið hana út, sökum ástands vegarins og hve illa hann fer með bæði farartæki og farþega. Erlendir fjölmiðlar hafa fjallað um bágborið ástand vegarins²¹⁸ og því ljóst að núverandi ástand er bæði hamlandi fyrir ferðapjónustuna og ekki síður til vandræða fyrir íbúa á svæðinu. Vegurinn er helsta orsök óánægju íbúa með fjölgun ferðamanna og álagi sem þeim tengist.

Aðgerða sem er þörf: Vatnsnesveg þarf að breikka, á hann allan leggja bundið slittlag, og bæta við útskotum á völdum útsýnisstöðum.

Ávinningur: Vatnsnesvegur er lífæð ferðapjónustunnar í Húnaþingi vestra, hefur mikla þýðingu fyrir áframhaldandi uppbyggingu öflugrar ferðapjónustu á heilsársgrundvelli á Norðurlandi vestra, og skiptir allt Norðurland máli sem hluti af Norðurstrandarleið.

Fjárförð: Ekki hefur verið gerð kostnaðargreining á verkefninu.

Ábyrgð: Alþingi, Samgönguráðuneytið, Vegagerðin

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðurstrandarleið, dreifing ferðamanna, samgöngur, náttúra, menning, saga, jarðfræði, samfélagssátt.

VATNSDALSHÓLAR

Lýsing: „Vatnsdalshólar eru yst í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu, á númlega fjögurra ferkílómetra svæði. Talið er að þeir hafi myndast af hruni úr Vatnsdalsfjalli löngu fyrir Íslandsbyggð. Hafa þeir verið taldir með þremur óteljandi náttúruferðum hér á landi ásamt vötnunum á Amarvatnsheiði og eyjunum á Breiðafirði.“²¹⁹ Auk þess að vera einstakt náttúruferð hafa hlutar Vatnsdalshóla, svokallaðir Prístapar, mikið sögu- og menningarlegt gildi, en þar fór fram síðasta aftaka á Íslandi árið 1830. Þessi örlagasaga Agnesar, Natans, Friðriks, Sigríðar og Péturs hefur lengi verið mörgum hugleikin, en ef af fyrirhugaðri stórmynd eftir skáldsögu Hannah Kent, Náðarstund²²⁰ verður, þá má reikna með stórkostlega auknu álagi á viðkvæm svæði og enn meiri ógn við umferðaröryggi á þjóðvegi 1.

Núverandi staða: Delliskipulagi er lokið, og breyting á aðalskipulagi bíður aðeins undirskrift ráðherra. Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun liggur fyrir.

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum Vatnsdalshóla, og skapast nú þegar mikil hættu þegar bílar (bæði einkabílar og fólksflutningabílar) eru að fara af og á veginn við Prístapa. Mikill misbrestur er á aðgengi að svæðinu, og hefur viðkvæm náttúran traðkast út og skemmst sökum ágangs og skorts á innviðum. Meðal annars vantar skilti, en þar sem ókunnugum er ekki alltaf ljóst hvar minjarnar eru þá þarf fólk oft að leita þeirra, með því aukna álagi sem það skapar. Því er bráðnauðsynlegt að styrkja innviði vegna öryggissjónarmiða, minjaverndarsjónarmiða, og náttúruverndarsjónarmiða.

Aðgerða sem er þörf: Gera þarf svæðið öruggt og aðgengilegt fyrir ferðamenn; útbúa bílastæði og göngustíg að aftökustaðnum, og efla upplýsingaveitu á staðnum með skiltagerð og annari fræðslu, auk þess að leggja göngustíga um hólana alla og tengja við þær gönguleiðir sem fyrir eru. Leitast verður við að raska sem minnst náttúru og minjum svæðisins, en haft að leiðarljósi að gera staðinn aðgengilegan. Lýsing spilar stórt hlutverk í núverandi framkvæmdaáætlun, og má geta þess að sveitarfélagið hefur verið í samstarfi við Þjóðminjasafnið varðandi uppbyggingu á svæðinu. Stefnt er að notkun vistvænna efna eins fremi og kostur er.

217 Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál. *Althingi.is*. 2017. Tekið af <https://www.althingi.is/altext/erin-di/145/145-1367.pdf>. Sótt 28. desember, 2017.

218 Zeitung B. Pferdezucht auf Island - Reise - Badische Zeitung. *Badische-zeitung.de*. 2017. Tekið af <http://www.badische-zeitung.de/reise-1/pferdezucht-auf-island--109610743.html>. Sótt 28. desember, 2017.

219 Umhverfislustaverk skapað í hinum óteljandi Vatnsdalshólum 1000 hælir reknir í. *Mbl.is*. 1993. Tekið af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/109272/>. Sótt 28. desember, 2017.

220 Valgerðardóttir S. Tökulið Burial Rites skoðar Vatnsnesið. *RÚV*. 2017. Tekið af <http://www.ruv.is/frett/tokulid-burial-rites-skodar-vatnsnesid>. Sótt 28. desember, 2017.

Ávinningur: Umferðaröryggi um þjóðveg 1 þarf að tryggja, og uppbygging á þessum stað gerir það. Í ferðaþjónustulegu tilliti er frumskilyrði fyrir öflugri og ábyrgri uppbyggingu í kringum Illugastaðamál að aftökustaðurinn sé aðgengilegur og öruggur. Slíkt leiðir aftur til betri dreifingar ferðamanna í tíma og rúmi, og rennir styrkari stoðum undir möguleika menningar- og sögutengrar ferðaþjónustu á Norðurlandi. Þess utan, er svæðið afar athyglisvert í jarðfræðilegu tilliti, en skiptar skoðanir hafa löngum verið á milli fræðimanna um tilurð hólanna, og hafa margar kenningar komið fram um það mál. Svæðið er líka einkar fallegt, og uppbygging göngustíga um það byður upp á marga möguleika og tengingu við gönguleiðir sem fyrir eru, og hina fallegu náttúru Vatnsdalsins.

Fjárförð: Kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar er 70.876.000 kr.

Ábyrgð: Húnavatnshreppur, Alþingi

Lykilorð: Innviðaupbygging, náttúra, menning, saga, jarðfræði, dreifing ferðamanna

AUSTURDALUR/JÖKULSÁRGLJÚFUR

Lýsing: Austurdalur í Skagafirði er þröngur og djúpur dalur sem nær frá ármótum Austari- og Vestari Jökulsáa, þar sem Héraðsvötn myndast og nær tæpa 50 km inn í landið. Hamrabelti er að finna beggja vegna dalsins og gróður og leifar skóga finnast í Jökulsárgli. Mikið gljúfur er í dalnum þar sem Austari Jökulsá fellur sem er ein besta á landsins til flúðasiglinga og eru tvö fyrirtæki sem bjóða upp á þá afþreyingu.²²¹

Núverandi staða: Mikið er um fallega og áhugaverða áfangastaði í Austurdal sem eru nokkuð ósnortnir en ferðamannastraumur hefur aukist verulega síðustu ár. Áhugaverðir áfangastaðir austan megin við Jökulsána eru t.d. Merkgilið, eyðibýlið Merkgil, Monikubrí, Ábær, Nýibær og Fagrahlið sem er náttúrulegur birkiskógur. Vestan megin við Jökulsána má finna Skatastaði og kláf sem fer yfir ána. Í þessum fallega dal eru margar gönguleiðir og reiðleiðir. Ekki hefur verið neitt gert til að merkja þessar leiðir né að afmarka þær með vegvísun eða stikum. Kláfurinn yfir Jökulsána er ekki merktur og enginn merktur stígur að honum.

Aðgerða sem er þörf: Fyrsta skref er deiliskipulag svæðisins. Það er í raun ekki fyrr en því ferli er lokið að hægt er að koma með ábyrga verkáætlun. Nauðsynlegt er að fara í innviðaupbyggingu á svæðinu, þ.e.a.s. uppbyggingu og merkingar á gönguleiðum, merkingar fyrir kláfinn sem og salemisaðstöðu en einnig þarf að halda við brúnni yfir jökulsána. Annað verkefni sem myndi auka jákvæða upplifun ferðafólks á svæðinu er gerð útsýnispalls yfir gljúfrið og ána en þannig gæti ferðafólk bæði notið útsýnisins sem og horft yfir flúðasiglingar.

Ávinningur: Verkefnið fellur undir skipulag, forvarir og uppbyggingu en mikil aukning er í fjölda ferðafólks um svæðið síðustu ár. Með tilkomu endurútgáfu á bókinni Konan í dalnum og dæturnar sjö og nýjum göngukortum um Austurdal sem koma út fjótlega mun verða meiri vakning á þessum afskekktu stað sem er viðkvæmur gróðurfarslega.

Fjárförð: Þar til að deiliskipulag liggur fyrir er illmögulegt að segja til um hvað verkefni af þessari stærð mun koma til með að kosta.

Ábyrgð: Sveitarfélagið Skagafjörður.

Lykilorð: Innviðaupbygging, skipulag, samgöngur, náttúra, menning.

REYKJAFÖSS/FOSSLAUG

Lýsing: Reykjaföss er foss í Svartá í Skagafirði og steinsnar þar frá er náttúrulega Fosslaug, heit náttúruleg sem nýtur mjög vaxandi vinsælda.

Núverandi staða: Mikill straumur ferðamanna er á báða staði en innviðir til móttöku gesta nær engir. Þarna vantar upplýsinga- og fræðsluskilti, auknar merkingar, salemisaðstöðu, snyrti- og skiptiaðstöðu til baðferða, sorptunnur og það sem hvað brýnast er, afmörkun öruggs útsýnissvæðis/palls og leiðandi stíga til að forðast frekari umhverfisskemmdir en orðnar eru. Í dag er umgengni um svæðið eins og í villta vestrinu og hagar hver og einn umgengni sinni eins og viðkomandi helst vill.

Aðgerða sem er þörf: Fyrsta skref er að klára hönnun/deiliskipulagsgerð þar sem huga þarf sérstaklega að öryggi ferðafólks, fræðslu, sorphirðu og salemis- og skiptiaðstöðu. Setja þarf upp aðkomuskilti til að skýra nánar hvert fara skal en einnig til að stýra umferð. Gott

221 AUSTURDALUR MERKGIL SKAGAFJÖRÐUR. *Natís*. 2017. Tekið af https://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_austurdalur_skag.htm. Sótt 29. desember, 2017.

Útsýni er yfir Reykjafoss að austanverðu en öryggis vegna þarf að koma upp útsýnispalli með grindverki. Talsvert ber á því að ferðamenn geri þarfar sínar á svæðinu og því er þörf á salernisaðstöðu eða kömrum. Hanna þarf stíga um svæðið til að tryggja öryggi ferðamanna að sumri sem vetri. Gerð útsýnispalls/afmörkun svæðis til að gæta öryggis ferðamanna við Reykjafoss, gerð göngustíga til að verja viðkvæma náttúru við fossinn og laugina.

Ávinningur: Náttúrulegar og jarðböð eru ein allra verðmætasta vara sem íslensk ferðaþjónusta hefur fram að bjóða og er stór hluti af ímynd Íslands og sérstöðu í alþjóðlegu tilliti. Fosslaug er einstök að því leiti að þar fer saman náttúruleg og foss – en fossar eru einmitt líka hluti af þeirri sérstæðu ímynd sem Ísland hefur á alþjóðavettvangi. Þegar saman er komin foss og laug er ljóst að um er að ræða tækifæri á heimsmeðillvarða sem getur stutt rækilega við ferðaþjónustu á Norðurlandi og Íslandi öllu, í heilsárstilliti og auknið dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi.

Fjárför: Verkefnið er lítt á veg komið og ekki búið að klára deiliskipulag fyrir svæðið. Ná þarf sátt hagsmunaaðila um framtíðarskipan og umsýslu svæðisins áður en lengra verður komist. Ekki er hægt að áætla fjárför fyrir en það liggur fyrir.

Ábyrgð: Landeigendur, Sveitarfélagið Skagafjörður og Alþingi.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, samfélagssátt, náttúra, menning, náttúruleg.

GLAUMBÆR

Lýsing: Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ er fjölsóttasti ferðamannastaður á Norðurlandi vestra, þar sem greitt er inn, með 45 þúsund greiddandi gesti á árinu 2016 og um 55-60 þúsund gesti í heildina þegar meðtaldir eru þeir gestir sem ganga um bæjarhlaðið utan opnunartíma. Bærinn í Glaumbæ er samstæða þrettán húsa en fyrsta sýning safnsins var opnuð þar þann 15. júní 1952 en hún fjallaði um mannlíf í torfbæjum. Bærinn var friðlýstur árið 1947 en sama ár fluttust síðustu íbúarnir burtu frá bænum.²²²

Núverandi staða: Aðstaðan sem nú er til staðar til að selja miða og taka á móti fólki er afar lítil. Aðgengi að því húsi er ekki gott og húsakynni öll þröng eins og gefur að skilja í svo gömlu húsi. Núverandi aðstaður bjóða ekki upp á að hægt sé að aðgangsstýra svæðinu með nokkrum hætti. Vegna mikillar aukningar ferðamanna ár frá ári í safnið er komið að mörkum þess ágangs sem gamli torfbærinn, Áshús, Gilshús og bæjarhlaðið þola. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir skemmdir, m.a. með því að leggja striga yfir öll moldargólf í gamla bænum svo ferðamenn beri gólfíð bókstaflega ekki út með skóssólum sínum. Einnig með því að hætta með skipulagðar leiðsagnir fyrir hópa innan gamla bæjarins, með því að hækka aðgangseyri og skipuleggja ferðir hópa um svæðið með sem bestum hætti til að draga úr álagi á ákveðnum tímum, o.s.frv. Verði ekkert að gert er ljóst að takmarka þarf með einhverjum hætti þann fjölda sem heimsækir safnið, eigi safnið og sá menningararfur sem þar er ekki að liggja undir skemmdum.

Aðgerða sem er þörf: Ganga þarf frá samningum á milli Þjóðkirkju, Þjóðminjasafns og Sveitarfélagsins Skagafjarðar svo unnt sé að ljúka deiliskipulagi. Strax í kjölfarið er afar brýnt að ráðast í byggingu nýs þjónustuhúss sem búi yfir aðstöðu fyrir móttöku gesta, upplýsingarými/sýningarsvæði, safnabúð, kaffihúsi/kaffistofu, salernisaðstöðu, skrifstofu, starfsmannaaðstöðu og geymslu en einnig gera ráð fyrir bílastæðum. Gera þarf ráð fyrir göngustíg milli minja og auka vatnsrennsli í bæjarlæknum. Einnig þarf að fara út í byggingu á sambærilegri girðingu og þeirri sem finna má í kringum Árbæjarsafn en ástæða þess er að vernda Glaumbæ fyrir ágangi og vernda húsin fyrir þeim sem hafa átt það til að klífa á þeim. Fjöldi gesta heimsækir Glaumbæ, mun fleiri en þeir sem greiða sig inn á safnið, og hefur það oft komið fyrir að gestir klífa upp á húsin til að ná sem bestu myndefni. Afar brýn þörf er á að vernda húsin fyrir slíkum ágangi og grindverk sem slíkt myndi aðstoða við það.

Ávinningur: Brýn innviðauppbýgging sem þessi og forvarnir gegn skemmdum eru afar áriðandi fyrir verndun á sögumunum. Fjárför: Þar til að deiliskipulag liggur fyrir er illmögulegt að gera ráð fyrir kostnaði hvað þetta verkefni varðar.

Ábyrgð: Árið 1948 var Byggðasafn Skagfirðinga stofnað og fékk það bæinn fyrir starfsemi sína en Glaumbæ er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.²²³

Lykilorð: Innviðauppbýgging, söguminnar, aðgangsstýring, menning, saga.

²²² Skagfirðinga B. Glaumbær | Byggðasafn Skagfirðinga. *Byggðasafn Skagfirðinga*. 2017. Tekið af <http://www.glaumbaer.is/is/safnid-1/safnhusin/glaumbaer>. Sótt 28. desember, 2017.

²²³ Skagfirðinga B. Glaumbær | Byggðasafn Skagfirðinga. *Byggðasafn Skagfirðinga*. 2018. Tekið af <http://www.glaumbaer.is/is/safnid-1/safnhusin/glaumbaer>. Sótt 25. apríl, 2018.

KLÁFUR Í HLÍÐARFJALLI

Lýsing: Kláfur í Hlíðarfjall er verkefni sem hefur verið til umræðu svo að hægt sé að nýta Hlíðarfjall sem heilsársáfangastað. Í ferðamála-stefnu Akureyrar 2016 – 2026 kemur fram að „kannað verði sérstaklega hvort kláflytta upp á efstu brúnir Hlíðarfjalls geti orðið að veruleika sem einkaframkvæmd“. ²²⁴ Markmið verkefnisins er að hægt sé að bjóða upp á viðtæka möguleika til útivistar og afþreyingar allt árið um kring fyrir bæjarbúa, íþróttaiðkendur og ferðamenn. Í þessu verkefni er lögð áhersla á að allir helstu þættir í innviðauppbýggingu verði skoðaðir eins og göngu- og hjólaleiðir, hótél, veitingahús o.fl.

Núverandi staða: 25. október 2017 var undirritaður samningur um stofnun undirbúningsfélags sem ber nafnið Hlíðarhryggur ehf. Að félaginu standa Sannir Landvættir, Íslensk Verðbréf, Yrki Arkitektar, Akureyrarbær, Verkís og Umsýslufélagið Verðandi. Félaginu er ætlað meðal annars að kanna áhuga fjárfesta á verkefninu, auk þess að fara í nauðsynlega greiningarvinnu á ástandi svæðisins, greiningu á rekstrarforsendum og hugsanlegri fjármögnun. ²²⁵

Á svæðisfundi var þetta verkefni valið sem forgangsverkefni fyrir Eyjafjörð og var það skoðun fundarins að þetta verkefni skipti gríðarmiklu máli í uppbyggingu á áfangastaðnum Norðurlandi. Jafnvel þó verkefnið sé komið í ákveðið ferli er lögð áhersla á að stjórnvöld komi að verkefninu með fjárhagslegum stuðningi, því það geti skipt gríðarlega miklu máli fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Aðgerða sem er þörf: Eins og kemur fram þarf að gera heildstæða innviðagreiningu á svæðinu og mat á kostnaði við verkefnið.

Ávinningur: Ávinningur verkefnisins er mjög fjölbættur en þó aðallega út frá ferðaþjónustu, nýr og spennandi áfangastaður sem er ná-lægt alþjóðaflugvelli, öflugar göngu- og hjólaleiðir, skemmtilega staðsett veitingahús, aukin tækifæri á skiðum og fleira.

Fjárförð: Í dag er Hlíðarhryggur ehf. að vinna að greiningu á mögulegri fjárförð vegna verkefnisins en tillaga félagsins er að sjá um Hlíðar-fjallsvæðið næstu 30 – 40 árin.

Ábyrgð: Er í höndum Hlíðarhryggs ehf. og Akureyrarbæjar.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðurstrandarleið, gönguleiðir, náttúra, hjólaleiðir, skiði, upplifun, útivist.

HJARTAÐ Í VAÐLAHEIÐI

Lýsing: Markmiðið er að reist verði hjarta í Vaðlaheiði. Hjartað verður á stærð við fótboltavöll og er samansett af staurum sem tengjast saman og á hverjum staur er ljós sem blikkar/slær eins og hjarta. Þetta verða ledljós og hægt verður að stjórna bæði tíðni og lit hjartans. Verkefnið byggir á grunni verkefnisins Brostu með hjartanu sem varð til árið 2008 eftir fall bankanna og árinu áður í tengslum við fjölskyldu-hátíðina „Ein með öllu“ sem fram fór um verslunarmannahelgina þegar sett voru hjörtu í fjölda umferðarljósa á Akureyri. Hjartað myndi slá samkvæmt ákveðnu skipulagi sem ákveðið er af stjórn hjartans. Hjartað verður samansett úr 365 staurum sem tákn fyrir hvern dag ársins og 12 staurum sem eru fyrir máttarstólpa hjartans. Verkefnastjórn hjartans samanstendur af verkefnastjóra frá Akureyrarstofu, tveimur frá Rafeyri og sveitarstjóra Svalbarðsstrandarhrepps.

Núverandi staða: Segja má að verkefnið skiptist í þrennt: 1) Framkvæmdin við að koma hjartanu fyrir í heiðinni 2) Fjármögnun og ým-iskonar leyfis- og skilgreiningarmál 3) Markaðsmál/markaðsefni.

1) Verið er að þrýsta á að kláuð verði ákveðin tæknivinna við hönnun ljóssins svo að hægt sé að fara í prófanir og í kjölfarið framleiðslu á því. Vonir standa til að því geti verið lokið á vordögum. Að því loknu tekur við vinnan við að undirbúa jarðveg, koma staurunum niður og setja ljósin á.

2) Hugmyndin er að fjármagna hjartað annarsvegar með stuðningi svokallaðra máttarstólpa og hafa þeir verið skilgreindir sem einstak-lingar/fyrirtæki sem leggja fjármagn, efni og/eða vinnuframlag í verkefnið og er unnið með tvær upphæðir 1.200.000 og 600.000. Hins-vegar er hugmyndin að selja staurana. Haldinn var fundur í desember með fulltrúum fyrirtækja sem hafa þau aðföng og þekkingu sem hjartað þarf og var einhugur um að taka höndum saman um þetta einstaka verkefni. Búið er að gera drög að samningi fyrir máttarstólpa þar sem skilgreint hvað felst í því að vera máttarstólpi. Sveitarfélagið er búið að veita leyfi fyrir framkvæmdinni – búið að fara athugasemda-laust í gegnum grenndarkynningu. Búið að ræða við lóðareigenda sem eru fylgjandi verkefninu og drög að samningi tilbúin sem á eftir að undirrita. Búið er að ræða við og fá ráðleggingar hjá Deloitte um stofnun félags um hjartað. Búið er að gera drög að skilgreiningu fyrir notkun/nýtingu hjartans.

²²⁴ GFr. Ferðamálastefna Samþykkt. Akureyri.is. https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/akstofa-ferdamalastefna-samth-i-baejarst-jorn-20-des-2016.pdf. Sótt 14. desember, 2017.

²²⁵ Kláfur á tind Hlíðarfjalls? | Akureyrarbær. Akureyrarbær. 2017. Tekið af <https://www.akureyri.is/is/frettir/klafur-a-tind-hlidarfjalls>. Sótt 14. desember, 2017.

3) Búið að ákveða íslenskt og enskt heiti – Hjarta Íslands og Iceland Heart. Búið að gera ákveðna þarfagreiningu vegna heimasíðu. Búið að vinna drög að lógói sem þarf að breyta lítillega.

Aðgerða sem er þörf: Það mikilvægasta er að klára hönnunina á ljósinu og í kjölfarið prófa svo að hægt sé að fara í framleiðslu og svo uppsetningu. Þegar prófunum er lokið og tímabært að fara í uppsetningu þarf að skipuleggja fund með þeim máttarstólpum sem tóku þátt í fundinum í desember 2016. Klára undirritun á lóðasamningi og stofna félag um hjartað. Klára allar skilgreiningar á notkun, gera markaðsáætlun og skilgreina heimasíðuna betur. Klára lagfæringar við lógóið.

Ávinningur: Hjarta Íslands / Iceland Heart verður algjörlega einstakt í heiminum. Það er hvergi annarsstaðar slíkt hjarta að finna. Hjartað vakti mikla athygli bæði innlendra og erlendra ferðamanna þegar það sló á sínum tíma og mun án efa gera það aftur. Hjarta Íslands mun kallast á við hjörtun sem eru í umferðarljósunum og hafa vakið mikla athygli.

Fjárförð: Það er rennt nokkuð blint í sjóinn með kostnaðinn en áætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdin muni kosta í kringum 20-25 milljónir. Hugmyndin er að stauramir verðir seldir á u.þ.b. 35 þúsund kr og mega fleiri en einn eiga hvern staur. Verkefnið er ekki komið á þann stað að tímabært sé að leita formlega eftir fjármagni. Fyrst er að klára tæknihlöðina og tryggja að hún sé framkvæmanleg.

Ábyrgð: Á þessari stundu er verkefnahópur um hjartað en það kemur til með að vera stjórn þegar félag verður stofnað.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðustrandarleið, merkingar, ferðamannastaðir, áfangastaðir, upplifun, skilti.

MERKINGAR Í EYJAFIRÐI

Lýsing: Verkefnið kemur frá Dalvíkurbyggð þar sem þetta verkefni er eitt af áhersluverkefnum til úrbóta á svæðinu. Aðallega er um að ræða merkingar á ferðamannastöðum og þjónustu fyrir ferðamenn. Á svæðisfundi var rætt um að þetta verkefni ætti við á öllu svæðinu og því var ákveðið að breyta forsendum verkefnisins í merkingar í Eyjafirði.

Núverandi staða: Í dag vantar merkingar/skilti sem vísa á helstu ferðamannastaði á viðkomandi svæði. Hafa sveitarfélög reynt að gera sitt besta í að merkja slíka staði en gallinn er að það er gert með mismunandi hætti. Á svæðisfundi kom fram að hagsmunaaðilum fannst þetta vera stórt vandamál og því mikilvægt að ráðist verði í samræmdar aðgerðir til að bæta úr þessu. Auk þess er í þróun stórt verkefni á Norðurlandi, ferðamannavegur sem heitir Norðustrandarleið eða Arctic Coast Way, en þar er ein meginforsendan góðar og skilvirkar merkingar.

Á heimasíðu Vegagerðarinnar ber eitt af almennum verkefnum ársins 2017 nafnið „Vegvísun að ferðamannastöðum – brún skilti“, en þar á að endurskoða í ljósi vaxandi fjölda ferðamanna, notkun brúnna vegvísa sem þekktir eru víða um lönd. Þar kemur fram að „Tilgangur verkefnisins er að í lok þess verði til stefnumótun fyrir Vegagerðina með skýrum og góðum viðmiðum fyrir vegvísun að skilgreindum ferðamannastöðum, upplýsingamiðstöðum ferðamanna, skiltum í og við aðkomu í þjóðgarða og friðlönd o.þ.h.“²²⁶ Ekki kemur fram hvenær þessu verkefni eigi að vera lokið en niðurstaða þess á að skila mati á hvort og þá hverju þurfi að breyta varðandi merkingar á ferðamannastöðum.

Aðgerða sem er þörf: Með innleiðingu brúnna skilta er líklegt að hægt sé að minnka þann vanda sem áfangastaðir standa fyrir varðandi merkingar og aðgengi.

Ávinningur: Ávinningur verkefnisins er mjög skýr en með því að geta bætt merkingar/skilti á helstu ferðamannastöðum innan áfangastaðarins er tryggt að ferðamenn komist með greiðum hætti á áfangastað og bætir öryggi þeirra.

Fjárförð: Mat á fjárförð verkefnisins er í höndum Vegagerðarinnar.

Ábyrgð: Ábyrgð verkefnisins er hjá Vegagerð og sveitarfélögum.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðustrandarleið, öryggi, merkingar, ferðamannastaðir, áfangastaðir, upplifun, skilti.

²²⁶ Almenn verkefni 2017. Vegagerðin. 2017. Tekið af <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/ransoknaverkefni/alm2017/868288d941af017e002580f300518eea?OpenDocument>. Sótt 19. desember, 2017.

DETTIFOSSVEGUR

Lýsing: Byggja þarf upp og leggja þarf bundið slitlag á hluta af þeim vegi sem tengir Dettifoss og Ásbyrgi vestan Jökulsár á Fjöllum. Með þeirri vegtengingu yrði lokað hringtengingu sem nefnist Demantshringurinn og inn í honum er Mývatn, Húsavík, Dettifoss og Ásbyrgi. Svona hringtenging myndi efla ferðaþjónustu í Öxarfirði gríðarlega ásamt því að bjóða hinum stöðunum upp á fjölbreyttari valmöguleika í skipulagningu ferða. Fjöldi ferðamanna í Ásbyrgi gæti þrefaldast miðað við þann fjölda sem heimsækir Dettifoss á ári hverju en skila sér ekki í Öxarfjörð.

Núverandi staða: Verið er að vinna í hluta af veginum og leggja bundið slitlag og verður það tilbúið næsta sumar ef allar áætlanir ganga eftir. Þá á eftir að fjármagna og bjóða út um átta kílómetra kafla, veginn niður í Hólm Tungur um 2,6 km og Vesturdal um 4,2 km ásamt áningarstöðum. Áætlað er að hafa bílastæði í Hólm Tungum og við Langavatnshöfða svo og áningarstað við Svínadalsháls.

Aðgerða sem er þörf: Áætlun er til staðar og búið að hluta verkið niður eins og þarf. Það sem þarf núna er skuldbinding ríkissjóðs við verkefnið og klára það.

Ávinningur: Í dag koma um þrefalt fleiri ferðamenn að Dettifossi en í Ásbyrgi eða um 110 þúsund ferðamanna að Ásbyrgi sumarið 2017 á móti 310 þúsund að Dettifossi.²²⁷ Í dag forðast ferðaþjónustufyrirtæki að keyra ómalbikaða veginn vegna álags á rúturmar skv. stórum ferðaþjónustuaðila á svæðinu²²⁸ og einnig mega bílaleigubílar ekki fara um þá. Að loka þessum hring væri algjört þarfaþing fyrir svæðið í Öxarfirði en í greiningu sem var gerð í framhaldi af verkefni Brothættra byggða er ferðaþjónusta helsta sóknartækifæri svæðisins og því mikilvægt fyrir byggðaeftingu þar að hlúa að þessum innviðum. Auk þess þegar vegurinn er kominn er hægt að fara markaðsetja einn stærsta segul svæðisins sem er Demantshringurinn. Forsenda þess að hægt sé að fara í markaðsetningu á honum er heilsársvegur sem tengir Dettifoss við Ásbyrgi. Með því að loka hringnum er ferðaþjónustunni kleift að byggja enn frekar undir atvinnugreinina á svæðinu sem á mikið inni.

Fjárförð: Það liggur fyrir greining á þeim hlutum sem eftir á að fjármagna hjá Vegagerð ríkisins og er heildarfjárförð 1,6 milljarður.

Ábyrgð: Þetta er vegur á ábyrgð ríkisins. Það er þeirra að stýra innviðauppbýggingu í landinu þannig að hvert landsvæði geti nýtt sín tækifæri til uppbyggingar og atvinnusköpunar.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, öryggi, samgöngur, ferðamannastaðir, áfangastaðir, upplifun.

HJÓLA- OG GÖNGUSTÍGUR UMHERFIS MÝVATN

Lýsing: Mývatnssveit dregur árlega til sín fjölda innlendra og erlendra ferðamanna enda er þar að finna marga eftirsóttu ferðamannastaði. Fjöldi ferðamanna sem ferðast um sveitina á hjóli fer vaxandi. Vegalengdir eru viðráðanlegar og margar hringleiðir sem hægt er að fara á hjóli. Leiðin í kringum Mývatn er 36 kílómetrar.

Aðstaða til hjóleiða er þó bágborin og hjóleiðamenn þurfa víða að hjóla á vegöxlum þjóðveganna eða finna sér sínar eigin krókaleiðir. Umferð er mikil og þung á háannatíma ferðatímabilsins. Umræða verður því æ háværi um að nauðsynlegt sé að fara í aðgerðir til að auka umferðaröryggi og huga að öruggum og góðum lausnum sérstaklega fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Í Mývatnssveit er rætt um að sveitarfélagið eigi möguleika á að ná forskoti í móttöku hjóleiðamanna. Hafa verður í huga að hjóleiðar verða ekki fýsilegur samgöngumáti fyrr en til verða greiðar og öruggar leiðir fyrir hjóleiðamenn.

Núverandi staða: Búið er að sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamálastaða fyrir fyrstu 7,6 kílómetrunum frá Reykjahlíð í Dimmu-borgum en hann fékkst ekki.

Aðgerða sem er þörf: Byrjað er á hönnun en þörf er á að hanna stígin til fullnustu og svo fjármagna.

Ávinningur: Ávinningur af góðum hjólaleiðum fellur að markmiði samgöngufyrivalda um aukinn hlut vistvænna samgangna og aukið umferðaröryggi. Fyrir hjóleiðamenn felur ávinningur í sér heilsuefingu og aðgengi að útivist.

²²⁷ Silja Jóhannesdóttir. Ferðamenn Dettifoss og Ásbyrgi. 2017.

²²⁸ Silja Jóhannesdóttir. Ferðir um ómalbikaða vegi í kringum Dettifoss. 2018

Fjárbörf: EFLA verkfræðistofa er búin að meta vegkafila frá Reykjahlíð til Dimmuborga sem eru um 5,3 km. upp á 170 milljónir og svo leiðina frá Dimmuborgum til Voga sem er um 2,3 km upp á 70 milljónir svo ljóst er að ekki er hægt að taka einn kafla og margfalda til að finna kostnað. Séu þessar tvær tölur teknar saman og deilt á km fjölda þá gæti heildarkostnaður verið um 1,1 milljarður. Það er þó bara til að gefa hugmynd um kostnað við heildaraðgerð.²²⁹

Ábyrgð: Sveitarfélag og ríki.

Lykilorð: Innviðauppbýgging, náttúran, heilsutengd ferðaþjónusta, gönguferðir, hjólaferðir, afþreying, öryggi, ferðamannastaður.

HEIMSKAUTSGERÐI

Lýsing: Heimskautsgerðið er steinlistaverk sem er 50 metrar í þvermál og með sex metra há hlið sem vísa til höfuðáttanna. Í miðju hringsins er 10 metra há súla á fjórum stöplum. Fjórir skúlpútar verða inn í Gerðinu hver með sínu sniði;

- Pólstjörubendir sem vísar á Pólstjörnum.
- Hásæti sólar þar sem birtan í ákveðinni stöðu boðar sumarkomu.
- Geislakór er rými á milli hárra stöpla þar sem hægt verður að setjast niður, tæma hugann og endurnýja orku sína.
- Altari elds og vatns sem virkjar frumkraftana.

Inn í Gerðinu verður áhringur dverga, steinar sem hver um sig tákna ákveðinn dverg. Þessir dvergar eru alls 72 talsins og er getið í íslenskum fornþekktum. Með þeim fjölda á hver dvergur sitt „vik“ í árinu, ef miðað er við fimm daga viku. Áhringur dverga er þannig orðinn einskonar almanak, þar sem hver dvergur ræður fimm dögum. Fjórir af þessum „dvergum“ eru hliðin sem vísa í höfuðáttirnar. Hringinn í kring verður svo steinhleðsla sem um leið verður sólúr. Þannig er Gerðið að leika með sólinni, bæði hvað varðar útsýni þegar sól sest og þegar sól rís og einnig sólarhringinn í heild.

Í dag stýrir verkefninu stjórn þriggja einstaklinga sem bera hag verkefnis fyrir brjósti og í forgrunni er þar Guðný Hrund Karlsdóttir.

Núverandi staða: Í dag eru hliðin fjögur komin, súlan í miðjunni og búið að steypa grunn fyrir tvo skúlpúta. Bætt var við hönnunina bílastæði og göngubru frá því sem nefnist Bifröst, hönnunin á henni er tilbúin og byrjað er að vinna við framkvæmdina. Aðgerða sem er þörf: Klára Bifröst, smíða skúlpútana og að lokum setja upp dvergana og steinhleðsluna.

Ávinningur: Ef Heimskautsgerðið yrði klárað og markaðssett yrði það gífurlegur segull fyrir allt Norðausturhorn Íslands. Þetta er frumleg framkvæmd með skirskotun í söguna og nýtir um leið staðsetninguna til hins ítrasta þar sem sólin spilar stóran part í hönnuninni.

Fjárbörf: Samkvæmt stjórn Heimskautsgerðisins þarf um 150 milljónir. Vorið 2018 úthlutaði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða kr. 22.500.000 styrk til að byggja brú sem er hluti af hönnuninni. Það dregst þá frá þeim 150 milljónum sem taldar eru þurfa til að ljúka verkinu.

Ábyrgð: Stjórn Heimskautsgerðisins

Lykilorð: Innviðauppbýgging, Norðurstrandarleið, áfangastaður, upplifun, náttúran, afþreying, saga.

ÞEISTAREYKIR

Lýsing: Eftir opnun Þeistareykjavirkjunar myndaðist aðgengi að Þeistareykjum sem býður upp á að gera þar ferðamannastað. Þar eru hverir sem munu laða að sér ferðamenn og brýn þörf á að byggja þar upp aðstöðu svo að land eyðileggist ekki. Einnig getur flott aðstaða byggt upp segul á svæðinu sem hverasvæði.

Núverandi staða: Lítið er mótað í þessum málum og er það þegjandi samkomulag ferðaþjónustuaðila á staðnum að fara ekki þarna uppeftir meðan að ekki er gott aðgengi, því öllum er umhugað að eyðileggja ekki landið og þannig framtíðarmöguleika svæðisins. Afar brýnt er að grípa strax til aðgerða þar sem aðgengið hefur batnað svo gríðarlega með malbikuðum vegi frá Bakka.

Aðgerða sem er þörf: Fyrsta skrefið er að setja svæðið í hugmynda- og hönnunarvinnu til að átta sig á möguleikum og vinnunni sem þarf.

²²⁹ Silja Jóhannesdóttir. Hjóla- og göngustígur í kringum Mývatn. 2018

Ávinningur: Á svæðið kemur talsverður fjöldi ferðamanna og aðallega í leit að fagurri náttúru og við verðum að bera það mikla virðingu fyrir okkar náttúru að það sem þeir sjá, sé í takt við ímyndina. Þarna myndast einn hringur í viðbót til að fara um svæðið ef ákveðið væri að malbika frá Þeistareykjum að Hólasandi.

Fjárförð: Algerlega óvíst á þessum tímapunkti en bæði þarf að fara í hönnunarvinnu og svo framkvæmd.

Ábyrgð: Þingeyjarsveit sem landeigendur og í samvinnu við Landsvirkjun sem er að opna upp á svæðið og þannig gera það aðgengilegt.

Lykilorð, segull, náttúra, innviðaupbygging.

BAKKAFJARÐARVEGUR

Lýsing: Vegur 85 milli Bakkafjarðar og Þórshafnar, sem í daglegu tali er nefndur Langanesströnd, er enn með þrjá malarkafla sem þarf breyta í malbikaðan/klæddan veg sem allra fyrst. Þessi veghluti er hluti af hringferð sem væri afar gagnleg viðbót við ferðapjónustu á svæðinu. Þá myndi opnast hringur sem inniheldi Dettifoss, Ásbyrgi, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafjörð og Vopnafjörð.

Núverandi staða: Þrír vegarkaflar eru ómalbikaðir á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Það stöðvar allt flæði um svæðið því rútur neita að keyra ómalbikaða vegi og einnig er bilaleigubílum oft bannað að fara ómalbikaða vegi. Búið er að kostnaðarmeta tvo parta en þriðji parturinn er erfiðari viðfangs og enn verið að skoða hvað væri best að gera þar. Fyrir utan þá staðreynd að það hættulegt að keyra malarkafla og oft óvanir bílstjórar, þá er þetta sérstaklega hættulegur kafli þar sem komið er þrisvar inná malarkafla á milli malbikaðra vegbúta á þessari stuttu leið. Það eykur áhættu mikið.

Aðgerða sem er þörf: Að leggja bundið slitlag.

Ávinningur: Að tengja Þórshöfn við Vopnafjörð og þannig ná inn á flæði ferðamanna um Austurland. Þetta kemur öllu svæðinu til góða og myndar einnig hringtengingu, Þórshöfn - Vopnafjörður - Möðrudalsöræfi - Mývatn - Húsavík - Ásbyrgi - Þórshöfn. Einnig yrði þetta gríðarleg samgöngubót fyrir íbúa sem keyra þennan veg daglega vegna vinnu og skóla. Þetta er eina haftið á norðausturvegi 85.

Fjárförð: Um er að ræða þrjá vegakafla. Vegagerðin hefur kostnaðarmetið tvo af þremur. Fell og Helluland að Skeggjastöðum- einn milljarður. Brekknaheiði- óljóst.

Ábyrgð: Ríkið.

Lykilorð: Innviðaupbygging, Norðurstrandarleið, samgöngur.

5.5.2. Upplýsingar um önnur verkefni

Hér fyrir neðan má sjá þau verkefni sem tilnefnd voru sem forgangsverkefni en komust ekki á 15 verkefna forgangslista á Norðurlandi. Hafa verður í huga þegar þessi verkefni eru listuð upp er ekki búið að ræða við landeigendur varðandi listann. Þetta eru verkefni sem voru valin af hagsmunaaðilum á svæðinu sem vænleg ferðapjónustutengd verkefni en ekki er búið að útfæra þau neitt frekar. Hægt er að sjá stigafjölda verkefna á hverju svæði fyrir sig í Viðauka 2.

Svæði 1

Húnaþing vestra

- Stofnun og styrking heilsársafþreyingar fyrir ferðamenn; söfn, setur, upplýsingamiðstöðvar, menningar- og listahús og –félög.
- Uppbygging og kortlagning gönguleiða.
- Áframhaldandi uppbygging á núverandi selaskoðunarstöðum þegar kemur að öryggi, aðgengi, náttúruvernd, dýravelferð, sem og uppbygging nýrra selaskoðunarstaða.
- Áframhaldandi uppbygging hvað varðar öryggi, aðgengi, náttúruvernd á núverandi ferðamannastöðum, og uppbygging nýrra ferðamannastaða.

Austur-Húnavatnssýsla

- Stefnumótun sýslunnar í heild sinni og samvinna aðila á svæðinu hvað varðar ímyndarsköpun.
- Efla afþreyingarmöguleika á svæðinu til að hafa áhrif á lengri viðveru gesta á svæðinu.
- Almenn uppbygging á Skaga; vetrarþjónusta á vegum, bundið slitlag, merking gönguleiða o.s.frv.
- Klára vinnu við brú yfir Blöndu.

Svæði 2**Skagafjörður**

- Vinna að uppbyggingu innviða við Ketubjörg; aðgengi, upplýsingar, útsýnisvallur.
- Vinna að uppbyggingu innviða hjá Biskupslaug og Hjúlaug.
- Vinna að uppbyggingu hvað varðar öryggi við Amarstapa; stækka bílastæðið og tengja það betur við þjóðveginn.
- Bæta aðgengi til og í Drangey/Málmey ásamt því að bæta hafnaraðstöðu. Hafa svæðin opin fyrir alla alltaf.
- Uppbygging í kringum orrustur í Skagafirði – setur/sýning/útgáfa á efni.
- Uppbygging innviða hvað varðar fuglaskoðun við Sauðárkrók.
- Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu við Reyki í Lýtingsstaðahreppi. Um er að ræða leirbaðahús þar sem gestir geta farið í sánu, leirböð o.s.frv.

Akrahreppur

- Uppbygging í kringum Örygsstaði – setur/sýning/útgáfa á efni.

Fjallabyggð

- Merkingar á gönguleiðum í Fjallabyggð en þar vantar skilti til að merkja gönguleiðir.
- Nýtt tjaldsvæði á Leirutanga Siglufirði.
- Varúðarskilti til göngu- og ferðamanna við upphaf helstu gönguleiða í Fjallabyggð.
- Hönnun og uppsetning skilta á áningastaði vegna næturdvalar ferðamanna.
- Uppsetning og hönnun grillsvæðis á tjaldsvæðinu í Ólafsfirði.
- Áningarstaður við Brú í Ólafsfirði.

Dalvík

- Uppbygging innviða á Friðlandi Svarfdæla sem er útivistarsvæði sem á vantar gönguleiðir, áningastaði, merkingar, salerni o.s.frv.
- Uppbygging innviða á Fólkvangi í Böggvisstaðafjalli sem á vantar gönguleiðir, áningastaði, merkingar, salerni o.s.frv.
- Almennar merkingar í sveitarfélaginu þegar að kemur að gönguleiðum, áningarstöðum, salemum o.s.frv.
- Almenn uppbygging innviða á áningarstaðnum við fuglaskoðunarstaðinn Hrísatjörn; ruslatunnur, klósett, stólar, borð o.s.frv.
- Formleg ímyndarvinna Dalvíkurbyggðar.

Akureyri

- Almenn innviðauppbygging á útivistarsvæðunum Glerárdal, Glerárgili og Glerá.
- Útivistaruppbygging og bætt aðgengi að Súlum.
- Uppbygging á fuglaskoðunarstöðum.
- Almenn útivistaruppbygging í Hrísey; gönguleiðir, merkingar og byggja skjólvegg við áningarstað sem og að laga göngustíg, vernda fornleifastað og merkja. Einnig að fara í verkefni tengt deiliskipulagi á hafnarsvæðinu.
- Bæta aðgengi að Grímsey ásamt upplýsingum að nýjum áfangastað. Uppbygging á fuglaskoðunarskýli sem og skjólvegg og bæta snyrtingar og aðgengi að vatni/rafmagni.

Grýtubakkahreppur

- Undirbúningsvinna og stofnun Útgerðaminjasafns.
- Almenn uppbygging á fuglaskoðunarsvæði á Bárðaströnd og Laufáshólma.
- Almenn útivistaruppbygging í Dalsmynni Fjóskaðal.
- Uppbygging á innviðum og öryggisatriðum við Laufás.

Svæði 3**Pingeyjarsveit**

- Áframhaldandi uppbygging við Goðafoss vestan megin öryggis- og aðstöðu vegna.
- Uppbygging við Aldeyjarfoss, bætt aðgengi og öryggi, WC, vernda svæðið.
- Vegabætur á Bárðardalsvegi vestri (sem er hluti af Sprengisandsleið).

Norðurþing

- Arctic Coast Way eða Norðurstrandarleið er metnaðarfullt verkefni sem lýtur að því að skapa ferðamannaleið á Norðurlandi sem verður um 800 km. löng og með áherslu á strandalíf.
- Uppbygging sléttuvegar 870, sem er ómalbikaður vegur fyrir Melrakkasléttu. Tengir Kópasker og Raufarhöfn.
- Halda áfram með verkefnið „Fuglastígur“ eða Birding trail sem er grasrótarverkefni og er því ætlað að hanna fuglastíg á Norðurlandi.

Mývatn

- Uppbygging Höfða sem stendur út í Mývatn og vilji er til að gera aðgengilegri fyrir ferðamenn en fólk sækir í það að komast út í hann.
- Hverarönd, virkt leirsvæði rétt við Þjóðveg 1 en þetta svæði verður fyrir miklum ágangi ferðamanna og er brýn þörf á að verja hann með pöllum, stígum og grindverki.
- Leirhnjúkur og Víti við Kröflu en þetta svæði er nátengt Hverarönd og er á sama svæði. Það eru sömu áskoranir, að tryggja góða meðferð á svæðinu svo að þetta haldist áfram að vera ferðamannasvæði.
- Í Grjótagjá er skemmtileg náttúruleg laug ofan í hrauninu en það getur verið erfitt fyrir fólk að komast ofan í og stundum hættulegt ef veður og færð eru slæm. Þörf er á að gera aðgengi betra bæði fyrir ferðamenn og einnig til að vernda náttúruna.

Svæði 4

Langanesbyggð

- Almenn uppbygging á veginum út á Langanes.
- Bryggjan á Bakkafirði. Það þarf að bæta aðgengi og tryggja öryggi fólks sem fer þar um.
- Salemnisaðstaða á Skoruvíkurbjargi en þar er fuglaútsýnisstaður sem var byggður fyrir nokkrum árum. Það fór því miður ekki saman að setja upp klósettaðstöðu á þeim tíma og nauðsynlegt að gera þar úrbætur eins fljótt og auðið er.
- Göngustígur út á hafnargarðinn á Þórshöfn. Hann er vinsæll meðal ferðamanna en það er erfitt að fóta sig á honum því hann er settur saman úr grjóti. Vilji er til að gera hann aðgengilegri og þannig gefa fólk einstakan stað til að dást að ústýninu.

Norðurhjar

- Almenn uppbygging á veginum við Langanesströnd.

6. Mælikvarðar

Við mælingu á árangri áfangastaðarinnar Norðurlands er eðlilegt að litið sé til þeirrar framtíðarsýnar sem Markaðsstofa Norðurlands vinnur eftir og fundnir séu mælanlegir afkastavísar sem tengjast beint helstu markmiðunum, en þau eru: Ferðaþjónusta allt árið, uppbygging innviða, greiðari samgöngur, fleiri heilsársstörf og meiri framlegð.

Helsta vandamál árangursmælinga áfangastaða er óskýrt orsakasamband aðgerða á áfangastaðnum og þeirrar þróunar sem mæld er. Þetta er ekki einstakt vandamál fyrir Norðurland, heldur almennur annmarki á heimsvísu.

Áfangastaðurinn Norðurland hefur ekki sett sér mælikvarða og afkastavísa, en sú vinna er á dagskrá í framhaldi þessarar skýrslu.

Eftirfarandi eru því aðeins dæmi og hugmyndir um mælanlega markmiðasetningu og afkastavísa, eða kveikjur að umræðum, og ber að taka sem slíkum. Hér á eftir fara nokkur dæmi:

- DÆMI 1 Forgangsverkefni DMP: 10 af 15 forgangsverkefnum DMP á Norðurlandi séu hafin fyrir árslok 2020.
- DÆMI 2 Auglýsingaígildi: Andvirði fjölmiðlaumfjöllunar um Norðurland sem auglýsingaígildi aukist um 20% fyrir árslok 2020.
 - Fjölmiðlaspor (e. impression): Fjölmiðlasporum fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Blaðamannaheimsóknir: Blaðamannaheimsóknum til svæða N1 og N4 fjölgi um 10% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 3 Ánægjuvog/púls hagsmunaaðila á Norðurlandi: Sett verð upp á netinu ánægjuvog hagsmunaaðila ferðaþjónustu, þar sem geirinn getur komið sínum viðhorfum á framfæri og þar sem hægt er að mæla í rauntíma ástand og horfur til framtíðar. Fyrsta ár vogarinnar yrði viðmiðunarmarkið og afkastavísar yrðu settir fram í framhaldi af því.
- DÆMI 4 Lengd malbikaðra vega: Heildarlengd malbikaðra vega á Norðurlandi aukist um xx% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 5 Gistináttafjölgun: Gistinóttum á háðönn fjölgi um 10%, á öxlum um 15%, og á lágönn um 25% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 6 Dvalarlengd: Meðaldvalarlengd gesta á Norðurlandi aukist um 0,4 gistinætur fyrir 2020.
- DÆMI 7 Flugfarþegafjölgun: Farþegum um flugvelli Norðurlands fjölgi í heild um xx% fyrir árslok 2020.
 - Innanlandsfarþegum um Akureyrarflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Millilandafarþegum um Akureyrarflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Innanlandsfarþegum um Húsavíkflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Innanlandsfarþegum um Grímseyjarflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Innanlandsfarþegum um Þórshafnarflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
 - Innanlandsfarþegum um Sauðárkróksflugvöll fjölgi um xx% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 8 Innviðauppbygging: Opinber fjárframlög til uppbyggingar áfangastaða á Norðurlandi vestra aukist um 40% og á Norðurlandi eystra um 30% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 9 Íbúafjöldi: Íbúum á Norðurlandi fjölgi um 5% fyrir árslok 2020.
- DÆMI 10 Vakinn: Norðlenskum þátttakendum í Vakanum fjölgi um 40% fyrir árslok 2020.

Ofangreindar hugmyndir að afkastavísam eru aðeins dæmi um mögulegar stefnur sem þessi vinna gæti tekið. Meðfram því að Norðurland setji sér formlega afkastavísa er brýnt að hið opinbera greini þau gögn er það safnar, svo fremi sem auðið er og lög leyfa, niður á póstnúmer svo þau nýtist til ákvarðanatöku og eftirfylgni um land allt.

7. Kostnaður, mannafla og úrræði

Þegar kemur að kostnaði, mannafla og úrræðum við áfangastaðaaætlun er mikilvægt að greina með hvaða hætti þessum þáttum yrði fylgt eftir. Því er hægt að skipta upp í tvo þætti sem eru annars vegar almennt um kostnað og mannafla og úrræði vegna áfangastaðaaætlunar og síðan út frá þeim forgangsverkefnum sem valin voru í verkefninu.

7.2. Almennt um kostnað, mannafla og úrræði

Þegar farið er í áfangastaðaaætlun er Mjög mikilvægt að átta sig á hvert sé framhald verkefnisins og hvað kostar að fylgja verkefninu eftir. Markaðsstofa Norðurlands ætlar sér að fylgja því eftir með því að tryggja stöðu sína sem Destination Management Organisation (DMO) á svæðinu sem hefur það að markmiði að fylgja eftir þeim verkefnum og áherslum sem komu úr áfangastaðaaætlun DMP á Norðurlandi. Mikilvægustu eiginleikar DMO eru að vera leiðandi aðili í markaðssetningu áfangastaðar og í þróun samvinnu og samstarfs innan svæðisins.²³⁰ Þær áherslur snúast meðal annars um að styðja og framfylgja þeim forgangsverkefnum sem valin voru, hafa frumkvæði að öflun gagna sem nýtast áfangastaðnum, styðja við samvinnu lykilhagsmunaaðila á svæðinu og uppfæra viðkomandi áfangastaðaaætlun.

7.3. Forgangsverkefni áfangastaðaráætlunar DMP

Þegar skoðuð eru forgangsverkefni áfangastaðaaætlunar á svæðinu eru þau á mismunandi stað í ferlinu sem gerir það að verkum að ekki er hægt að setja upp raunhæft mat á kostnaði né mannafla við framkvæmd forgangsverkefna. Af þeim 15 forgangsverkefnum eru fimm verkefni sem er búið að áætla kostnað á:

7.3.1 Samgönguverkefni:

- Dettifossvegur = áætlað 1,6 milljarðar
- Bakkafljarðarvegur. Búið að kostnaðarmeta 2/3 af leiðinni = áætlað 1 milljarður

7.3.2 Innviðaverkefni:

- Vatnsdalshólar = áætlað: 70 milljónir (fengu styrk úr landsáætlun 2,5 milljónir og 57 milljónir úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2018)
- Heimskautsgerðið = áætlað 150 milljónir fyrir að klára verkefnið (fengu 22 milljónir í styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2018)
- Hjartað í Vaðlaheiði = áætlað að kosti 25 milljónir

Önnur verkefni hafa ekki verið kostnaðargreind. Flest verkefni eru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og stjórnvalda.

²³⁰ A Practical Guide To Tourism Destination Management. 1st ed. Spain: World Tourism Organization; 2018. Tekið af <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284412433>. Sótt May 4, 2017.

Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (2017). *Akureyrarstofa flutti á afmælisdaginn*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.akureyri.is/is/frettir/akureyrarstofa-flutti-a-afmaelisdaginn>
- Akureyrarbær. (2017). *Kláfur á tind Hlíðarfjalls?* Sótt 14. desember 2017 af <https://www.akureyri.is/is/frettir/klafur-a-tind-hlidarfjalls>
- Akureyri. (2016). *Ferðamálastefna Akureyrar*. Sótt 14. desember 2017 af https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/akstofa-ferdamalastefna-samth-i-baejarstjorn-20-des-2016.pdf
- Almannavarnir. (2011). *Áhættuskoðun almannavarna*. Sótt 13. mars 2018 af <http://almannavarnir.gre.is/wp-content/uploads/2016/05/Inngangur-%C3%81h%C3%A6ttusko%C3%B0un-og-umd%C3%A6min.pdf>
- Alþingi. (5. október, 2007). *Húnavatnshreppur, Fundur Með Fjárlaganefnd Alþingis*. Sótt 5. október 2017 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-60.pdf>
- Alþingi. (2015). *Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. Mál*. Sótt 28. desember 2017 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1367.pdf>
- Alþingi. (2017). *Skýrsla, ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku*. Sótt 12. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>
- Alþingi. (2018). *Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Sótt 12. október 2017 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2016.020.html>
- Alþingi. (2018). *Lög um náttúruvernd*. Sótt 9. febrúar 2018 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.060.html>
- Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga. (2018). *Útsýnisvallur við Skoruvíkurbjarg vígður*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://www.atthingi.is/2014/25/05/utsynispallur-vid-skoruvikurbjarg-vigdur/>
- Ágústsóttir, Á. (Febrúar, 2015). *Ímynd Íslands: Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli 2010*. Sótt 25. febrúar af <https://skemman.is/handle/1946/20275>
- Árnason, S., Karlsdóttir, E. G., Þorgrímsdóttir, S. K. og Þórðardóttir, S. E. (Maí 2012). *Samfélag, avinnulíf og íbúðarþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. Í Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Byggðastofnun.
- Ballantyne, R., Packer, J. og Hughes, K. (2009). Tourists' Support for Conservation Messages and Sustainable Management Practices in Wildlife Tourism Experiences. *Tourism Management*, 30, no. 5 (2009): 658–64, doi:10.1016/j.tourman.2008.11.003.
- Barðadóttir, Þ. (2017). *„Það er bara, hver á að taka af skarðið?“ Móttaka skemmtiferðaskipa við Norðurland – niðursöður viðtalsrannsóknar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. Sótt 17. febrúar 2018 af <http://www.rmfi.is/static/research/files/mottaka-skemmtiferdaskipa-rmf-2017-03pdf>
- Bjarnadóttir, E. og Huijbens, E. (2012). *Millilandaflug Um Akureyrarflugvöll - Könnun Meðal Brottfararfarþega Sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2012:47, 49, 51, 63, 66, 72. Sótt 22. mars 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/akflugvollur-2012.pdf>
- Bjarnadóttir, E. J. (2018). *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Sótt 8. mars 2018 af <http://www.rmfi.is/static/research/files/nordurlandpdf>
- Brynjólfssdóttir, G. D. (Maí, 2016). *Skipulag, staða og stefnumótun ferðaþjónustu í aðalskipulagi sveitarfélaga á Íslandi*. Sótt 23. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/25097>
- Burns, G. L. (2015). Animals as Tourism Objects: Ethically Refocusing Relationships between Tourists and Wildlife. Í K. Markwell (ritstj.), *Animals and Tourism: Understanding Diverse Relationships*, (bls. 44–59). London: Routledge
- Burns, G. L. (2015). Ethics in Tourism. Í Hall, C. M., Gossling, S. og Scott, D. (ritstj.) *The Routledge Handbook of Tourism and Sustainability*, (bls. 117–126). London: Routledge
- Butler, R.W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management and resources. *The Canadian Geographer*, XXIV (1), 5–12.
- Byggðasafn Skagfirðinga. (2017). *Byggðasafn Skagfirðinga*. Sótt 28. desember 2017 af <http://www.glaumbaer.is/is/safnid-1/safnhusin/glaumbaer>
- Byggðastofnun. (Ágúst, 2016). *Byggðaðróun á Íslandi, Stöðugreining 2006*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016.pdf>
- Byggðastofnun. (2016). *Hagvöxtur landshluta 2008-2015*. Sótt 7. mars 2018 af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvextur/hagvextur_landshluta_2008-2015.pdf
- Byggðastofnun. (Apríl, 2017). *Stöðugreining 2017, Byggðaðróun á Íslandi, apríl 2017*. Sótt 16. apríl 2018 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>
- Byggðastofnun. (2017). *Atvinnutekjur 2008-2016 eftir atvinnugreinum og svæðum*. Sótt 7. mars 2018 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2016>
- Byggðastofnun. (2018). *Grimsey*. Sótt 16. apríl 2018 af <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/grimsey>
- Byggingar.is. (11. desember 2017). *Framkvæmdir við sjóbóð skammt norðan við Húsavík eru í fullum gangi*. Sótt 16. apríl 2018 af <http://byggingar.buildingsgroup.com/archives/11302>

- Cassini, M.H., Szteren, D. og Fernández-Juricic, E. (2004). Fence effects on the behavioural responses of South American fur seals to tourist approaches. *J Ethol*, 2004;22(2):127-133. doi:10.1007/s10164-003-0112-0;
- Central Alberta Destination Management Plan. (Desember, 2015). Sótt 16. maí 2018 af http://visitreddeer.com/wp-content/uploads/2016/02/Final_Destination_Plan_LowRes.pdf
- Daðason, Á. E. (12. febrúar, 2018). Átak í uppbyggingu á landsbyggðinni. Sótt 22. mars 2018 af <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/velferdarraduneyti/felags-og-jafnrettismalaradherra/stok-raeda-felags-og-jafnrettismalaradherra/2018/02/13/Atak-i-uppbyggingu-a-landsbyggdinni/>
- Driving tests. (e.d.) *Driving in New Zealand - Guide for Tourists*. Sótt 23. febrúar 2018 af <https://www.drivingtests.co.nz/roadcode/tourist/>.
- Dr. Ungar, M. (22. nóvember, 2015). The End of Rural Communities: Why Young People Leave. *Psychology Today*. Sótt 7. mars 2018 af <https://www.psychologytoday.com/us/blog/nurturing-resilience/201511/the-end-rural-communities-why-young-people-leave>
- Emery, M. og Flora, C. (2006). Spiraling-Up: Mapping Community Transformation with Community Capitals Framework. *Community Development*, 37, no. 1 (2006): 19–35, doi:10.1080/15575330609490152.
- Faxaflóahafnir. (2018). *Skemmtiferðaskip*. Sótt 20. febrúar 2018 af <http://www.faxaflaohafnir.is/cruiseships/index.php?csyear=2018>
- Ferðamálafélag Húnaþings vestra. (e.d.). *Um sveitarfélagið*. Sótt 3. október 2017 af <http://www.visithunathing.is/is/hunathing-vestra/sveitarfelagid-hunathing-vestra>
- Ferðamálastofa. (5. mars 2018). *Landsmenn sátir við ferðamenn og ferðaþjónustu*. Sótt 7. mars 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/landsmenn-sattir-vid-ferdamenn-og-ferdathjonustu>
- Ferðamálastofa. (2018). *Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll*. Sótt 3. apríl 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>
- Ferðamálastofa. (2018). *Spurt og svarað um leyfismál*. Sótt 20. mars 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/spurt-og-svarad-um-leyfismal>
- Ferðavefur Norðurlands vestra. (e.d.). *Blönduósbær*. Sótt 4. október 2017 af <http://www.northwest.is/blonduos.asp>
- Ferðavefur Norðurlands vestra. (e.d.). *Skagaströnd*. Sótt 4. október 2017 af <http://www.northwest.is/skagastrond.asp>
- Feykir. (2017). *Hauganesbardagi í túninu heima*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://www.feykir.is/is/frettir/hauganesbardagi-i-tuninu-heima>
- Fjallabyggð. (2017). *Atvinna í Ólafsfirði*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.fjallabyggd.is/is/ibuar/fjallabyggd/ertu-ad-flytja-i-fjallabyggd/um-olafsfjord/atvinna-i-olafsfirdi>
- Fjallabyggð. (2017). *Ferðafólk í Fjallabyggð*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.fjallabyggd.is/is/gestir/ferdafolk>
- Fjallabyggð. (e.d.). *Tölulegar upplýsingar*. Sótt 13. október 2017 af <https://www.fjallabyggd.is/is/ibuar/fjallabyggd/tolulegar-upplysingar>
- Fjölmenningarsetur. (2017). *Akureyrarkaupstaður*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://www.mcc.is/sveitarfelagid/nordurlandeystra/akureyrarkaupstadur>
- Forgangsverkefni Eyþings um svæðisskipulag ferðamála. (2018). Sótt 23. mars 2018 af <https://www.eythingferdamal.com/>
- Granquist, S.M., Sigurjonsdóttir, H. (2014). The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (*Phoca vitulina*) in Iceland. *Appl Anim Behav Sci*, 2014;156:85-93. doi:10.1016/j.applanim.2014.04.004.
- Granquist, S. M. og Nilsson, P. (2016). Who's Watching whom?—An Interdisciplinary Approach to the Study of Seal-Watching Tourism in Iceland. *Journal of Cleaner Production*, 111 (2016): 471–78, doi:10.1016/j.jclepro.2014.11.060.
- Grenivík. (2017). *Um sveitarfélagið*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.grenivik.is/is/mannlifid/um-sveitarfelagid-1>
- Guðmundsson, R. (2017). *Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016*. Akureyri: Markaðsstofa Norðurlands; 2017:24. Sótt 12. mars 2018 af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir-ferdamenn_a_nordurlandi_2010_2016.pdf
- Guðmundsson, R. (2018). *Erlendir Ferðamenn Á Norðurlandi 2010-2017*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf; 2018:1.
- Gunnarsson, J. A. (17. ágúst, 2017). Segir „öldu samruna“ liða yfir ferðaþjónustuna. *Kjarninn*. Sótt 11. apríl 2018 af <https://kjarninn.is/frettir/2017-08-17-segir-oldu-samruna-lida-yfir-ferdathjonustuna/>
- Hagstofa Íslands. (2018). Fjöldi launþega í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu. Sótt 15. apríl 2018 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_ferdaidnadhagvisar/SAM08051.px/table/tableViewLayout1/?rxid=5e54d9a4-e083-42f7-914d-c66032515f91
- Hagstofa Íslands. (2018). *Gistinætur á hótélum 1997-2018*. Sótt 13. mars 2018 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_1_hotelgistiheimili/SAM01102.px/
- Hagstofa Íslands. (2018). *Mýting herbergja og rúma á hótélum 2000-2018*. Sótt 13. mars 2018 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_1_hotelgistiheimili/SAM01104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4570f-c4d-9f9d-4971-a830-3a47b1de4772
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 2000-2018, Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Sótt 17. nóvember 2017 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/

- Hérðasskjaasafnið á Akureyri. (29. ágúst 2017). *Akureyrarkaupstaður er 155 ára í dag*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.herak.is/news/akureyrarkaupstadur-er-155-ara-i-dag/>
- Héraðskjalasafn Skagfirðinga. (2017). *Akrahreppur*. Sótt 5. október 2017 af http://atom.skagafjordur.is/index.php/akrahreppur;isaar?sf_culture=en&limit=70
- Higginbottom, K. (2004). *Wildlife Tourism: An Introduction*. Í Higginbottom, K. (ritstj.) *Wildlife Tourism: Impacts, Management and Planning* (bls. 1-14). Illinois: Common Ground Publishing Pty Ltd
- Hrísey. (2018). *Um Hrísey*. Sótt 16. apríl 2018 af <http://www.hrisey.is/is/um-hrisey>
- Huijbens E, Gunnar Þór Jóhannesson. *Ferðamál Á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning; 2013.
- Húnahornið. (4. júlí 2006). *Blönduósbær á afmæli í dag*. Sótt 4. október 2017 af <https://www.huni.is/index.php?pid=32&cid=1976>
- Húnavatnshreppur. (e.d.). *Húnavallaskóli*. Sótt 5. október 2017 af <https://www.hunavatnshreppur.is/hunavallaskoli/page/umskola>
- Ingason, H, Jónasson, H. (2011). *Stefnumótunarfærni*. Reykjavík: JPV
- Ísland í hnotskurn. (2017). *Dalvík*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://www.islandihnotskurn.is/Page.aspx?ID=67>
- Íslandsbanki. (Apríl 2018). *Íslensk ferðaþjónusta*. Sótt 12. apríl 2018 af https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/1%CC%81slen-sk%20fer%C3%B0a%C3%BEjo%CC%81nusta-apri%CC%81-2018_vef.pdf
- Íslandsstofa. (2017). *Ný markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu*. Sótt 28. febrúar 2018 af <http://www.islandsstofa.is/frettir/ny-markhópagreining-fyrir-islenska-ferdathjonustu/975>
- James, S. P. (2015). *Environmental Philosophy: An Introduction*. Cambridge: Cambridge
- Jónsdóttir, H. S. Og Karlsdóttir, E. G. (2016). *Ferðaþjónusta, staða og horfur 2016*. Sótt 13. mars 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/byggdastofnun-ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016pdf>
- Jónsson, K. I. (2018). Útlendingar á vinnumarkaði aldrei fleiri þótt tölur sé líklega vanmetnar. *Vísir*. Sótt 12. febrúar 2018 af <http://www.visir.is/g/2017170919683>
- Karlsson, G. (29. september, 2016). *Hvað er Haugsnesbardagi, getið þig sagt mér frá honum?* Sótt 5. október 2017 af <https://www.visindav-efur.is/svar.php?id=70993>
- Karlsson, V., Jóhannesson, H. og Pétursson, J. (2017). *Fjöldi ferðamanna og tekjur og kostnaður íslenskra sveitarfélaga*. Sótt 8. mars 2018 af <http://www.irpa.is/article/view/a.2017.13.2.3/pdf>
- Kosningasaga. (2017). *Árskógshreppur 1911-1998*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/nordurland-eystra/dalvikurbyggd/arskogshreppur/>
- Kosningasaga. (2017). *Fjallabyggð 2006*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/nordurland-eystra/fjallabyggd/fjallabyggd-2006/>
- Kovacs, K.M., Aguilar, A., Auriolos, D., Burkanov, V., Campagna, C., Gales, N., Gelatt, T., Goldsworthy, S.D., Goodman, S.J., Hofmeyr, G.J.G., Härkönen, T., Lowry, L., Lydersen, C., Schipper, J., Sipilä, T., Southwell, C., Stuart, S., Thompson, D. og Trillmich, F. (2012). Global threats to pinnipeds. *Marine Mammal Science*, 28, 414–436; <https://doi.org/10.1111/j.1748-7692.2011.00479.x>
- Kristjánsdóttir A, Stefánsdóttir Þ, Loftsson Y. (9. október 2009). Greinargerð með Deiliskipulagi. Kópavogur: Landmótun; 2009:4. Sótt 5. október 2017 af https://www.hunavatnshreppur.is/static/files/deiliskipulag_thettbyli.pdf
- Landsbankinn. (2018). *Ferðaþjónusta*. Sótt 15. apríl 2018 af <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Umraedan/Radstefnur/Ferdathjonusta-2015.pdf>
- Lund, K. og Jóhannesson, G. (október, 2012). Samgöngur og hreyfanleiki: Áfangastaðurinn Strandir. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.): *Þjóðarspejillinn 2012*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; 2012:2. Sótt 21. mars 2018 af http://www.rmfi.is/static/research/files/katrinlund_gunnar_johannes_samgongur_og_hreyfanleiki.pdf
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Langanes, Fuglalíf, fjöruferðir, fuglaskoðun, gönguferðir*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.northiceland.is/is/north/place/langanes>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2017). *Akureyri*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.northiceland.is/is/north/search?q=akureyri&page=3>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2017). *Grenivík*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.northiceland.is/is/north/search?q=greniv%C3%ADk>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Erlendir Ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016*. Sótt 13. mars 2018 af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir_ferdamenn_a_nordurlandi_2010_2016.pdf
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Norðurland*. Sótt 22. Mars 2018 af <https://www.northiceland.is/is>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *North Iceland, The official Tourist Guide*. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.northiceland.is/static/files/Baeklingar/north-iceland-official-tourist-guide-2017-2018.pdf>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Sauðanes, kirkjustaður, menningarsetur, Langanes*. Sótt 17. nóvember 2017 af <https://www.northiceland.is/is/north/place/saudanes>
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Skálar á Langanesi, eyðipörp*. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.northiceland.is/is/north/places/history-and-culture/skalar-in-langanes-peninsula>

- Marschall, S., Granquist, S. M. og Burns, G. L. (mars 2016). Interpretation in Wildlife Tourism: Assessing the Effectiveness of Signage on Visitor Behaviour at a Seal Watching Site in Iceland. *Journal of Outdoor Recreation and Tourism*, 17, mars 2016 (2017): 11–19, doi:10.1016/j.jort.2016.11.001.
- Maskína. (2015). *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi - Vetur 2013/2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 2014:10. Sótt 12. mars 2018 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-10-24_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_maskinuskyrsla_islenska-pdf
- Maskína. (2015). *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi - Sumar 2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa; 2014:10. Sótt 12. mars 2018 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-12-17_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_an_vaka_maskinuskyrsla_islenska-pdf
- Maskína. (2017). *Erlendir Ferðamenn Á Íslandi, Vetur 2015-2016*. Ferðamálastofa; 2017:98, 129, 130, 140, 141, 304, 305 & 399. Sótt 12. mars 2018 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vetur_15_16_isl_mpdf
- Maskína. (2017). *Erlendir Ferðamenn á Íslandi, sumar 2016*. Reykjavík: Ferðamálastofa:91, 92, 93, 260 og 355. Sótt 12. mars 2018 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf
- McIntosh, D. og Wright, P. A. (2017). Emotional Processing as an Important Part of the Wildlife Viewing Experience. *Journal of Outdoor Recreation and Tourism*, 18, júní 2015 (2017): 1–9, doi:10.1016/j.jort.2017.01.004.
- Mbl.is. (1993). *Umhverfislístaverk skapað í hinum óteljandi Vatnsdalshólum 1000 hælur reknir í*. Sótt 28. desember 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/109272/>
- Mbl.is. (7. apríl, 2018). *Yfir 218 þúsund gestir í Jarðböðin*. Sótt 16. apríl 2018 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/04/07/yfir_218_thusund_gestir_i_jardbodin/
- Náttúrufornun Íslands. (2017). *Austurdalur Merkigil Skagafjörður*. Sótt 29. desember 2017 af https://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_austurdalur_skag.htm
- Nilsson, P. (2012). *Tourist Background and Local Acceptance: A Case Study of Tourists in Northern Iceland*. Akureyri.
- Nordic adventure Travel. (2017). *Skagaströnd, höfðakaupstaður*. Sótt 4. október 2017 af https://www.nat.is/travelguide/skagastrond_ferdavisir.htm
- O'Brien, M. A. (Febrúar, 2014). *Sustainable Cruise Ship Tourism: A Carrying Capacity Study for Ísafjörður, Iceland*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. Sótt 17. febrúar 2018 af https://skemman.is/bitstream/1946/20649/1/MOB_Thesis_Final.pdf
- Óladóttir, O. P. (2017). *Tourism in Iceland in Figures*. Sótt 24. mars 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/juli/tourism-in-iceland-2017-9.pdf>
- Reykjörð Gylfadóttir P. (28. september, 2017). Álagsstýring og almannaréttur. *Medium*. 2018. Sótt 4. apríl 2018 af <https://medium.com/@thordiskolbrun/%C3%A1lagsst%C3%BDring-og-almannar%C3%A9ttur-52a5f3c3eb34>
- Ringbeck, J. og Pietsch, T. (2013). How To Succeed As A Tourism Destination In A Volatile World. *World Economic Forum*. Sótt 23. mars 2018 af http://www3.weforum.org/docs/TTTCR/2013/TTTCR_Chapter1.2_2013.pdf
- Ríkisendurskoðun. (2018). *Stjórnýsla ferðamála skoðuð sérstaklega*. Sótt 20. janúar 2018 af: <https://rikisendurskodun.is/stjornsysla-ferdamala-skodud-serstaklega/>
- RÚV. (5. maí, 2014). *Blönduósbaer*. Sótt 4. október 2017 af <http://ruv.is/frett/blonduosbaer>
- RÚV. (2018). *Meirihluti telur skemmtiferðaskipin of mörg*. Sótt 25. apríl 2018 af <http://www.ruv.is/frett/meirihluti-telur-skemmtiferdaskipin-of-morg>
- RÚV. (22. september, 2016). *Minntist flugmanns sem brotlenti á Langanesi*. Sótt 18. nóvember 2017 af <http://www.ruv.is/frett/minntist-flugmanns-sem-brotlenti-a-langanesi>
- Rögnvaldsdóttir, L.B. (2016). *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 28, 30, 33, 34. Sótt 12. mars 2018 af <http://www.rmfi.is/static/research/files/2016-10-husavik.pdf>
- Rögnvaldsdóttir, L.B. (2016). *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:23, 27, 29, 32 og 33. Sótt 12. mars 2018 af <http://www.rmfi.is/static/research/files/siglufjordur-07-2016pdf>
- Rögnvaldsdóttir, L.B. (2016). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála; 2016:22, 26, 27, 29, 32 og 33. Sótt 12. mars 2018 af http://www.rmfi.is/static/research/files/myvatn_07-2016-redpdf
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Dalvík*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitar%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Blönduósbaer*. Sótt 3. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Akureyrarkaupstaður*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitar%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Grenivík*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitar%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Hörgársveit*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitar%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Langanesbyggð*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1I+sveitar%E9laga>

- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Norðurþing*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitarf%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Svalbarðshreppur*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitarf%E9laga+++>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Svalbarðsstrandarhreppur*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitarf%E9laga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Flatarmál sveitarfélaga, Þingeyjarsveit*. Sótt 13. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=100FLATA&path=../database/Ymislegt/&lang=3&ti=Flatarm%E1l+sveitarf%E9laga>
- Samband Íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Húnavatnshreppur*. Sótt 5. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>
- Samband Íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Húnaþing vestra*. Sótt 3. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2017). *Sveitarfélagið Akrahreppur*. Sótt 5. október 2017 af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/nordurland-vestra/akrahreppur/>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2017). *Sveitarfélagið Skagafjörður*. Sótt 5. október 2017 af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/nordurland-vestra/sveitarfelagid-skagafjordur/>
- Samband Íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Sveitarfélagið Skagafjörður*. Sótt 5. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>
- Samband Íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Sveitarfélagið Skagaströnd*. Sótt 3. október 2017 af <http://upplysingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>
- Samkeppnisráðgjöf. (2018). *Bylgja samruna í ferðaþjónustu*. Sótt 11. ágúst 2017 af <http://www.samkeppnisradgjof.is/samthjoppun-i-ferdathjonustu/>
- Scheyvens, R. (1999). Ecotourism and the Empowerment of Local Communities. *Tourism Management*, 20, 245–49, doi:10.1016/S0261-5177(98)00069-7
- Schiedel, V. K. (14. ágúst, 2015). Pferdezucht auf Island. *Badische Zeitung*. Sótt 28. desember 2017 af <http://www.badische-zeitung.de/reise-1/pferdezucht-auf-island--109610743.html>
- Sebele, L. S. (2010). Community-Based Tourism Ventures, benefits and Challenges: Khama Rhino Sanctuary Trust, Central District, Botswana, *Tourism Management*. Sótt 24. mars 2018 af <http://hdl.handle.net/10311/503>
- Seðlabanki Íslands. (27. febrúar 2018). *Ný rannsóknarritgerð um mat á áhrifum Airbnb á íbúðamarkað*. Sótt 7. mars 2018 af <https://www.sedlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2018/02/27/Ny-rannsoknarritgerd-um-mat-a-ahrifum-Airbnb-a-ibudamarkad/>
- Sekercioglu, C. H. (2002). Impacts of birdwatching on human and avian communities. *Environmental Conservation*, 29(3), pp. 282–289. doi: 10.1017/S0376892902000206.
- Skagabyggð. (2017). *Náttúruperlur*. Sótt 6. desember 2017 af <http://skagabyggd.is/naturuperlur.asp>
- Skagabyggð. (e.d.). *Stjórnsýsla*. Sótt 3. október 2017 af <http://skagabyggd.is/stjornsysla.asp>
- Skútustaðahreppur. (2017). *Skútustaðahreppur*. Sótt 13. október 2017 af <http://skutustadahreppur.is/v/19493>
- Skútustaðhreppur. (2018). *Mývetningar yfir 500 í fyrsta skipti í 25 ár*. Sótt 16. apríl 2018 af <http://www.skutustadahreppur.is/v/20021>
- Stjórnarráð Íslands. (30. nóvember 2017). *Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflinu Alþingis, 30. nóvember 2017*. Sótt 27. febrúar af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/>
- Stone, M. T. og Nyaupane, G. P. (16. ágúst 2017). Protected Areas, Wildlife-Based Community Tourism and Community Livelihoods Dynamics: Spiraling up and down of Community Capitals. *Journal of Sustainable Tourism*, 1–18, doi:10.1080/09669582.2017.1349774
- Svalbarðsstrandarhreppur. (2017). *Fyrirtæki*. Sótt 21. nóvember af <https://www.svalbardsstrond.is/is/starfsemi-fyrirtaeki/fyrirtaeki>
- Sveitarfélagið Langesbyggð. (2018). *Afþreng*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://www.langanesbyggd.is/is/ferdamenn/afthreng>
- Sveitarfélagið Skagafjörður. (2017). *Flugumýri*. Sótt 5. október 2017 af <https://www.skagafjordur.is/sturlungaslod/sogustadir/flugumyri>
- Sveitin okkar. (2017). *Hrafnagilshreppur*. Sótt 17. nóvember 2017 af <http://svo.is/eyjafjardarsysla/municipality/hrafnagilshreppur>
- Sveitin okkar. (2017). *Hríseyjarhreppur*. Sótt 13. október 2017 af <http://sveitin.len.is/public/eyjafjardarsysla/municipality/hriseyjarhreppur>
- Sýslumenn á Íslandi. (2018). *Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga*. Sótt 16. mars 2018 af [http://www.syslumenn.is/media/eydublod/Rekstrarleyfi-umsoknareydublad-\(1\).pdf](http://www.syslumenn.is/media/eydublod/Rekstrarleyfi-umsoknareydublad-(1).pdf)
- Sæþórsdóttir, A. D., Hall, C. M. og Saarinen, J. (2011). Making Wilderness: Tourism and the History of the Wilderness Idea in Iceland. *Polar Geography*, 34, no. 4 (2011): 249–73, doi:10.1080/1088937X.2011.643928.
- The Boston Consulting Group. (september, 2013). *Northern Sights: The future of tourism in Iceland*. Sótt 25. apríl 2018 af <http://www.icelandictourism.is/servlet/file/store36/item699669/version1/report%20from%20bcg%20on%20the%20future%20of%20tourism%20in%20iceland.pdf>

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2018). *Stefnumarkandi Landsáætlun Um Uppbyggingu Innviða Til Verndar Náttúru Og Menningarsögulegum Minjum, (bls. 7-8)*. Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Umhverfisstofnun. (2017). *Rauði Listinn- Svæði Í Hættu*. Sótt 15. apríl af <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefing-efni/Annad/Rau%C3%B0listask%C3%BDrsla%202017%20finale.pdf>
- Vakinn. (e.d.). *Umhverfi*. Sótt 12. október 2017 af <https://www.vakinn.is/is/gaedakerfi/umhverfi>
- Vakinn. (e.d.). *Um Vakann*. Sótt 12. október 2017 af <https://www.vakinn.is/>
- Valgerðardóttir S. (2017). Tökulið Burial Rites skoðar Vatnsnesið. *RÚV*. Sótt 28. desember 2017 af <http://www.ruv.is/frett/tokulid-burial-rites-skodar-vatnsnesid>
- Vatnajökulsþjóðgarður. (e.d.). *Jökulsárgljúfur*. Sótt 13. febrúar 2018 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/jokulsargljufur/naturutulkun-og-fraedsla/um-jokulsargljufur>
- Vefur Hörgársveitar. (2017). Lónsbakki, auglýsing um skipulagslýsingu. Sótt 17. nóvember 2017 af http://www.horgarsveit.is/default.asp?sid_id=58237&tld=1
- Vefur Hörgársveitar. (2017). *Sveitarlýsing*. Sótt 17. nóvember 2017 af http://www.horgarsveit.is/default.asp?sid_id=8368&tld=1&Tre_Rod=005|001|&qsr
- Vegagerðin. (2017). *Almenn verkefni 2017*. Sótt 19. desember 2017 af <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/ransoknaverkefni/alm2017//868288d941af017e002580f300518eea?OpenDocument>
- Visit Britain Shop. (e.d.). *Guide to driving in the UK*. Sótt 23. febrúar 2018 af <https://www.visitbritainshop.com/world/articles/guide-to-driving-in-the-uk/>
- World Tourism Organization. (2007). *A Practical Guide To Tourism Destination Management*. 1. Útg. Spain: World Tourism Organization; Sótt 4. maí 2017 af <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284412433>
- Pingeyjarsveit. (2017). *Um sveitarfélagið*. Sótt 13. október 2017 af <https://www.thingeyjarsveit.is/is/mannlif/um-sveitarfelagid>
- Þjóðviljinn. (1983). *Þorpið sem hvarf*. Sótt 6. desember 2017 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=2889289

Viðauki 1

Náttúru-, ævintýra- og vistvæn ferðapjónusta

Svæði 1

Sérstaða

Sérstaða Húnavatnssýslanna þegar kemur að náttúru er margskonar. Nefndar voru göngu- og akstursleiðir, til dæmis á Vatnsnesinu, Vatnsdalnum, Spákonufelli, Kálfshamarsvík o.s.frv, en það sem einkenndi þær var tengingin við sögu svæðisins. Heiðarnar með sitt víðerni, kyrrð og myrkur ásamt Hveravöllum þótti mikil sérstaða ásamt heitri uppsprettu á Vatnsnesinu. Það sem oftast var nefnt var dýralífið og flóran á svæðinu en Húnavatnssýslurnar eru eini blettur landsins sem hélt þurr á Ísöld og því um annað að ræða en þegar talað er um landið í heild. Dýralífið einkennist af hestum, fuglum, selum og fiskum og afþreyingu þeim tengdum líkt og veiði í vötnum og ám, selaskoðun og selasigling, fuglaskoðun, t.d. hjá Gauksmýrartjörn og Heggstaðanesinu, og síðast ekki síst allar þær hestaferðir, réttir og hvað annað sem hestum tengjast.

Hvað vantar

Húnavatnssýslurnar telja að það vanti að koma skipulagi á ferðapjónustuna t.d. með samvinnu ferðapjónustuaðila, uppbyggingu á aðgengi og afþreyingu, merkingum til ferðafólks á svæðinu og bættari samgöngum innan svæðisins. Einnig var talinn skortur á gistisvæðum sem og nýtingu á matvöru úr héraði með veitingastöðum eða bar.

Skilaboðin

Það sem talið var að ætti að nýta sem skilaboð svæðisins var náttúran, víðernið, kyrrðin og ró ásamt fjölbreyttu dýralífi.

Svæði 2 - Skagafjörður/Fjallabyggð

Sérstaða

Sérstaðan var að mestu landslagið og aksturs- og gönguleiðir, líkt og Austurdalurinn, Bólugil, Ketubjörg, Þórðarhöfðinn ásamt afþreyingu líkt og margar útgáfur af skíðaferðum, flúðasiglingum og eyjaferðum. Íslenski hesturinn ásamt fuglaskoðun og veiði er einnig mikil sérstaða þegar kemur að náttúruferðamennsku ásamt náttúrulegum svæðisins. Síðast en ekki síst voru nefnd til sögunnar myrkrið, sólarlagið og norðurljósin ásamt matarmenningu svæðisins, byggingamenningunni, líkt og Glaumbæ, Gestastofu Sútarans, sem og það að staðsetning svæðisins gerir það að verkum að þar er gátt upp á hálendið.

Hvað vantar

Mikið þykir vanta uppá þegar kemur að samgöngum bæði innan og inná svæðið ásamt uppbyggingu á innviðum, líkt og salemisaðstöðu og merkingar. Betri markaðssetningu og sterkari ímyndarsköpun er talið geta bætt svæðið til muna ásamt ferðamálafulltrúa og samvinnu innan svæðisins. Stórt hótél, auknir afþreyingarmöguleikar ásamt leiðsögumönnum og markvissari upplýsingagjöf til ferðamanna var nefnt að lokum.

Skilaboð

Það sem talið var að ætti að nýta sem skilaboð svæðisins voru fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar ásamt háu þjónustustigi sem býður uppá nálægð við byggðakjarna ásamt góðum samgöngum. Svæðið er staðsett við lengsta fjörð landsins, hefur sól allan sólarhringinn á sumrin og er fremur auðveldur áfangastaður þegar kemur að aðgengi. Íbúar telja svæðið vera tengingu við hið „alvöru Ísland“

Svæði 2 - Eyjafjörður

Sérstaða

Íbúar svæðisins töldu sérstöðu þess vera fjölbreytta afþreyingarmöguleika af ýmsum erfiðleikastigum líkt og hvalaskoðun, fuglaskoðun, veiði sem og ýmsar gönguleiðir, fjallanga, skíði, köfun og kajak en á svæðinu er lengsta fjallahjólaleið Íslands. Orkan á svæðinu er einnig sérstaða en þar er gott aðgengi að nýjum og gömlum virkjunum. Matarmenningin er vistvæn og fjölbreytt en þar má finna fjölbreyttasta og elsta örbrugghús landsins. Líkt og annars staðar á Norðurlandi eru norðurljósin og sólsetrið einnig sérstaða svæðisins.

Hvað vantar

Íbúar telja betri nýtingu þess sem nú þegar er til staðar verða til bóta, líkt og betri nýtingu á sjávarútveginum og samgöngum á sjó í tengslum við ferðapjónustu, þjóðsögunar, íslenski hesturinn sem og orkan. Íbúar nefna vöntun á afþreyingarmöguleikum og nefna ýmis dæmi líkt og hjólræðið, margs konar setur; jarðskjálfta-, hamfara- og draugasetur, jöklagöngur sem og kláfferju og loftbelg. Einnig er talin vöntun á uppbyggingu innviða, líkt og salemisaðstöðu, merkinga og kortlagningu svæða ásamt leiðum til að efla sjálfbærni svæðisins.

Skilaboðin

Það sem talið var að ætti að nýta sem skilaboð svæðisins var stórbrotin náttúra, menningin sem og kyrrðin, hreinleikinn, fjölbreytileikinn og víðáttan. Mikið er um að vera á svæðinu þar sem að íbúar telja það vera „alvöru“ Ísland þar sem ferðafólk fær að upplifa „alvöru“ landbúnaðarhérað.

Svæði 3

Sérstaða

Íbúar svæðisins töldu sérstöðu þess vera vistvæna ferðapjónustumöguleika líkt og hvalaskoðun og skíði, Demantshringinn og það hve vel Mývatn nýtir jóln í skemmtun, matarmenningu o.þ.h. Það þykir vera mikil sérstaða að geta haft möguleikann á að liggja í heitu sjóbaði að sumri til, horfa á hnúfubak og upplifa miðnætursólina. Einnig var nefnd sú sérstaða að nánast öll þjónusta er á á sama stað og ekki þarf að fara langt til að sækja hana. Þó er þar hægt að vera fjarri byggð og vegum og þannig lítil ljósmengun til stjörnuskoðunar og norðurljósa. Einstök jarðmyndun og eldsupptök eru á svæðinu en þar má einnig finna margar fuglategundir. Góðir innviðir eru til staðar og þar er staðsett eina hvalarannsóknasetur landsins en þar má sjá eina steypireiðina á Norðurlöndum.

Hvað vantar

Íbúar telja vanta betra regluverk þegar kemur að ferðapjónustunni ásamt umferðarstýringu og stefnumótun, merkingar og leiðsöguþólk. Íbúar nefndu einnig að auknari afþreyingarmöguleika vantaði á svæðið líkt og skipulagðar gönguferðir, köfunarþjónustu, nýta göngur og réttir fyrir ferðafólk sem og skíðasvæði og önnur mannvirki sem má nýta yfir allt árið. Norðurljósin ættu einnig að vera nýtt og þannig bjóða uppá ljósaþýringu og norðurljósaþýringu. Íbúar telja mikilvægt að náttúrusjónarmið séu höfð að leiðarljósi og efla verndun á ungum við Mývatn en einnig að nýta ætti meira „Whale Capital of Iceland“.

Skilaboðin

Íbúar telja að nýta ætti söguna og náttúruna þegar kemur að því að senda út skilaboð varðandi svæðið en þeir nefna þar að heimsækja fortíðina þegar norræn byggð hófst á Húsavík og þegar Ísland varð kristin þjóð en einnig að þar mætti upplifa dreifbýlismenningu Íslands. Þegar kemur að náttúrunni telja íbúar að svæðið ætti að þekkjast sem „Whale Capital of Iceland“ og samnýta þá markaðssetningu fyrir aðra afþreyingu en einnig ætti að markaðssetja betur Demantshringinn, kyrrðina við náttúruupplifun og hversu fríðsælt og öruggt svæðið er í raun.

Svæði 4

Sérstaða

Íbúar telja sérstöðu svæðisins vera hve mikil fjölbreytni ríkir þar en þar eru mikil veðuröfl, stórgrýttar strendur, einstök eyðibýli, ísaldarleir enn sjáanlegur, kvímar við Rauðhóla, virkt eldfjallasvæði, Melrakkarsléttan sem og eitt fjölbreyttasta fuglavarp á Íslandi. Afþreying er af ýmsum toga til að mynda kajakferðir, veiði og heimskauntsbaugur í siglingafæri. Tenging við náttúruna er sterk á svæðinu og þar má upplifa einveru og ósnortið víðemi. Matarmenningin er sjálfbær og lífræn sem íbúar telja mikla sérstöðu.

Hvað vantar

Íbúar telja vanti betri þjónustu í samgöngum, betri merkingar og leiðsögn til ferðafólks ásamt stýringu og uppbyggingu þegar kemur að fuglaskoðunarstöðum. Einnig er talin vöntun á öruggeri og meiri raforku á svæðið til að gera það vistvænna og sjálfbærara. Íbúar telja einnig mikilvægt að einblína á það sem er einstætt á svæðinu og nýta það til markaðssetningar og uppbyggingar á afþreyingarmöguleikum líkt og bátsferðir til fuglaskoðunar, dagsferðapakka og gönguleiðir. Einnig telja þeir mikilvægt að auðvelda aðgengi að hráefni á svæðinu.

Skilaboðin

Íbúar telja skilaboðin eiga að vera friðurinn og róin á svæðinu, víðemið, litir, fuglalífið og hrá náttúran ásamt lítilli byggð. Íbúar telja einnig að áhersla skuli vera lögð á að svæðið er staðsett svo norðarlega að það er bæði dimmasti og bjartasti staður landsins og hentar því vel þegar kemur að norðurljósaþýringu og telja þeir að hugtakið „heimsendi“ eigi vel við staðsetningu svæðisins.

Samantekt

Öll svæðin töldu sérstöðu sína vera fjölbreytni þess og náttúrufegurð. Á öllum svæðum eru í boði fallegar göngu- og akstursleiðir þó að þegar kemur að annari afþreyingu sé misjafnt á milli staða hvort mikið sé í boði. Saga svæðanna er mikilvæg í öllum tilvikum. Sérstaða svæðanna allra kemur að einhverju leita að fuglum og veiði ásamt öðrum dýrum en jarðfræðin kemur einnig sterk inn.

Öll svæðin nefna að samgöngum og aðgengi sé ábótavant ásamt auknum afþreyingarmöguleikum. Uppbygging innviða sem og aukin markaðssetning er einnig samnefnari þegar kemur að öllum svæðunum.

Skilaboðin hjá flestum svæðunum tengjast rólegri ferðamennsku (e. Slow travel) þó sum svæðin bjóði einnig uppá háskaferðamennsku. Matarmenningin og saga svæðisins er mikilvæg ásamt norðurljósum og miðnætursólinni en annar samnefnari er að íbúar svæðanna vilja leyfa ferðafólki að upplifa hið „alvöru Ísland“ og eiga þá við að hægt sé að upplifa dreifbýlismenningu og hráa náttúru.

Lykilorð: Dýralíf, jarðfræði, gönguleiðir, uppbygging, samgöngur, afþreying, Slow Travel, sagan, matarmenning.

Vetrarferðamennska

Svæði 1

Sérstaða

Íbúar svæðisins telja myrkrið og þar af leiðandi norðurljósin vera einu helstu sérstöðu svæðisins ásamt hálendinu og víðerninu. Afþreying er af ýmsum toga, líkt og vetrarveiði, hestamannamót, menningarviðburðir, gönguferðir, skíði, ljósmyndaferðir, fuglaskoðun og hestaferðir.

Hvað vantar

Íbúar telja vöntun á gistingu og ymmiss konar, líkt og hótél í stærri kanntinum og gistingu í torfbæjum, en einnig á afþreyingarmöguleikum, og nefna hér snjóþrúgur, uppbyggingu náttúrulega, kirkjuferðir og fleiri skipulagðar ferðir. Íbúar telja mikilvægt að auka enn heldur það ferðafólk sem ferðast hingað á eigin vegum og að gera Grímsunguheiði að eðalferðaþjónustu.

Skilaboðin

Íbúar telja að nýta ætti kyrrðina og rónna ásamt myrkrinu, norðurljósum og víðerninu sem skilaboð sem send eru út til ferðafólks ásamt náttúrunni.

Svæði 2 - Skagafjörður/Fjallabyggð

Sérstaða

Íbúar svæðisins telja sérstöðuna vera menningu svæðisins þ.e.a.s söngmenningin, handverkið, byggingarnar, torfhúsin, landbúnaðurinn, þorrablot og aðrir tónlistarviðburðir. Afþreying er af fjölbreyttum toga allt frá hestaferðum, fuglaskoðun og refaveiði að skíðum, river rafting og náttúrulegum. Myrkrið, engin ljósmengun og þar af leiðandi norðurljósskoðun/ferðir er einnig mikil sérstaða að mati íbúa.

Hvað vantar

Íbúar telja vöntun á betri markaðssetningu og aðila/ráðgjafa sem myndi sjá alfarið um það fyrir svæðið. Þeir telja mikilvægt að nýta betur það sem til er líkt og fuglaskoðunarskýli allt árið um kring ásamt því að bæta aðgengi og aðstöðuhús. Einnig var talin þörf á stóru hóteli og auknum opnunartíma safna og sundlauga ásamt aukinni afþreyingu.

Skilaboðin

Íbúar telja að nýta ætti kyrrðina, víðáttuna sem og friðinn og einsemdina sem þar má upplifa ásamt menningararfi svæðisins sem skilaboð til ferðafólks. Einnig telja íbúar að nýta ætti fjallaskíði og laugar á svæðinu.

Svæði 2 - Eyjafjörður

Sérstaða

Íbúar telja sitt svæði vera Vetrarborg Íslands og búa því yfir sérstöðu af mörgum toga, líkt og staðsetningin, veðrið, stutt í útivist, gott úrval ferða, miklir möguleikar þegar kemur að skíðum, góð fjallahæð ásamt myrkrinu, þögninni og norðurljósum. Einnig er mikið um böð og sundlaugar, menningarviðburði og lítið af fólki. Hvalaskoðun er ávallt möguleiki ásamt því að auðvelt er að fá að upplifa landbúnað á svæðinu.

Hvað vantar

Íbúar telja samgöngur og aðgengi þurfi að bæta ásamt því að verð á flugi þurfi að lækka. Afþreyingarmöguleikar mættu verða enn fjölbreyttari og bæta hér við afþreyingarhöll, gönguleiðum, veðurupplifunum sem og auknum opnunartíma á söfnum. Íbúar benda einnig á kosti þess að bæta við kláf þegar kemur að skíðasvæðunum.

Skilaboðin

Íbúar telja mikilvægt að nýta skíðin sem best sem skilaboð til ferðafólks og svæðið verði þekkt sem Skíðasvæði Íslands.

Svæði 3

Sérstaða

Íbúar töldu sérstöðu síns svæðis liggja í kyrrðinni og myrkrinu, snjónum og ísnum sem og í norðurljósunum. Afþreying er öflug og fjölbreytt allt frá skíðum til fjölbreyttra menningarviðburða til jólasveinanna í Dimmuborgum. Dýralífið er fjölbreytt á svæðinu en þar er boðið uppá úrval hestaferða og hvalaskoðunarferða. Sérstaða svæðisins er einnig Mývatn sem og Fosshótel sem nýlega reis á svæðinu.

Hvað vantar

Íbúar telja mikilvægt að efla samvinnu innan svæðisins og pakka inn vörum með því að búa til ferðir og afþreyingarmöguleika ásamt því að einblína á markhóp sem er tilbúinn að ganga enn lengra. Íbúar telja vöntun á frekari viðburðum ásamt uppbyggingu á skíðasvæðum.

Skilaboðin

Íbúar svæðisins telja mikilvægt að senda þau skilaboð að nánast er hægt að tryggja snjó fyrir fjölbreytta afþreyingu ásamt nálægð svæðisins við alla þjónustu sem og nálægðin við Arctic Circle. Svæðið er þurrasta svæði landsins og því flestir sólardagar.

Svæði 4

Sérstaða

Íbúar svæðisins telja sérstöðuna liggja í myrkrinu, einverunni og þögninni ásamt veðrinu og víðáttunni sem og stjörnuskoðun og norðurljósunum. Þjónusta á svæðinu er að aukast yfir vetrartímann en hægt er að sækja í jeppaferðir eða á refaslóðir. Sérstaða liggur einnig í matarmenningunni sem og í áttúrunni en íbúar telja svæðið vera fyrir ævintýrafólk.

Hvað vantar

Íbúar telja vöntun á markhóp sem er tilbúinn að dvelja lengur á svæðinu ásamt aukinni afþreyingu, líkt og lafabrauðsferðir, fuglaskoðunarhús, köfunarmöguleika og stað fyrir norðurljósa- og stjörnuskoðun.

Skilaboð

Myrkrið, kyrrðin, ró og fámenni ásamt ósnortinni náttúru og fjölbreyttu fuglalífi eru skilaboðin sem íbúar telja að senda eigi út til ferðafólks. Svæðið þar sem hægt er að upplífa „alvöru“ Ísland eða staðurinn sem er frábær að heimsækja þegar komið er aftur til Íslands.

Samantekt

Öll svæðin voru sammála um að þeirra sérstaða væru norðurljósin, kyrrðin og róin ásamt víðáttunni og hestamennskunni. Öll svæðin utan eins nefndu möguleika í skíðamennsku og eins með sérstöðuna þegar kemur að náttúrunni.

Öll svæðin eru á því að það vantar betri afþreyingarmöguleika. Að sama skapi nefndu öll svæðin utan eins vöntun á betri samgöngum og uppbyggingu á gistingu.

Menningararfur svæðanna ætti, samkvæmt íbúum, að nýta sem skilaboð til ferðafólks ásamt kyrrðinni og rónni.

Lykilorð: Myrkur, skíði, afþreying, norðurljós, kyrrð og ró, hestar, samgöngur, menningararfur, fjölbreytni.



Saga, menning og listir

Svæði 1

Sérstaða

Svæðið er gífurlega ríkt af sögulegum stöðum en að baki hvers náttúruundurs býr saga. Hér má nefna Kólugljúfur, Hvítserk, Kálfshamarsvík, Víðidalstungu og Borgarvíki og svo lengi mætti telja. Saga svæðisins er einnig af mörgum toga líkt og Grettissaga, sagan af Flóabardaga, Breiðabólstaður, Sturlungasaga, sem og sögur af hrepparíg. Saga Agnesar Magnúsardóttur og þeir staðir sem henni tengjast hafa nýverið öðlast miklar vinsældir og er spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér hvað það varðar. Saga nútímans er þó engu síðri og þykir mörgum ótrúlegt hvernig fólk býr enn á svæðinu. Mikil er um söfn og setur á svæðinu tengd sögu, menningu og listum, líkt og Hildebrandshúsið, Spákonuhof, Heimilisiðnaðarsafnið, Byggðasafnið á Reykjum ásamt tveimur listamiðstöðvum og brúðuleikhúsi. Íbúar svæðisins nefndu einnig Þingeyrarkirkju, Húsmæðraskólann á Blönduósi, sauðfjárrækt á svæðinu og réttir sem sérstöðu sem og afþreyingu tengda sögu svæðisins, líkt og sögugöngur Kristínar. Ásgeir Trausti var einnig nefndur af íbúum sem og jólamarkaðurinn á Hvammstanga.

Hvað vantar

Íbúar telja mikilvægt að farið verði út í meiri markaðssetningu, og þá helst fyrir veikari svæðin, ásamt öflun upplýsinga og skrásetningu sögu svæðisins sem og gerð minjagripa tengdum svæðinu. Fræðsla bæði fyrir þá sem starfa við ferðaþjónustu sem og fyrir ferðamenn er mikilvæg. Aukinn samvinna hagsmunaaðila og fjárhagslegur styrkur er álitinn nauðsynlegur til að efla trú á svæðinu. Íbúar telja einnig þörf á auknum gistimöguleikum þegar kemur að stærri hópum sem og aukinn opnunartími þjónustuaðila og meira úrval í afþreyingu, líkt og ferðir með leiðsögn, gönguleiðir, gestastofur sem og veitingastaði sem bjóða uppá mat frá svæðinu.

Skilaboðin

Íbúar telja að þau skilaboð sem skulu vera send út til ferðafólks varðandi svæðið skulu vera tengd því að öll náttúra svæðisins er tengd við menningu og söguna sem og að afþreying er í boði allt árið um kring sama hvernig viðrar. Á svæðinu ríkir kyrrð og ró í náttúrufergðinni en skilaboðin má gera skýrari með samvinnu aðila á svæðinu. Landbúnaðurinn er mikilvægur en hann tengist handverkinu og afþreyingunni en á svæðinu eru fleiri hestar en fólk og því tryggt að hægt er að sjá hest að meðaltali á tveggja kílómetra fresti.

Svæði 2 - Skagafjörður/Fjallabyggð

Sérstaða

Íbúar telja sérstöðu svæðisins vera í sögu svæðisins líkt og Sturlungasögu, Grettissögu, byggðasögunni, landbúnaðinum, biskupssetrinu, álfasögum og Vesturfarasetrinu. Söng- og matarmenning svæðisins er einnig ríkuleg og eru oft viðburðir því tengdir á svæðinu. Ýmis skáld eru af svæðinu sem íbúar telja vera mikla sérstöðu ásamt kirkjulistinni. Hér nefndu íbúar einnig Gestastofu sútarans og Lundasetrið sem hluta af sérstöðu svæðisins.

Hvað vantar

Íbúar telja markaðssetningu ábótavant sem og samvinnu þjónustuaðila á svæðinu. Gera mætti sýnilegra það sem nú þegar er til á svæðinu með því að bæta aðgengi ferðafólks að sögu svæðisins, t.d. með sögumiðstöð, söngmenningu svæðisins sem og að byggingarlista-sögunni. Íbúar telja einnig mikilvægt að mikilvægi ferðaþjónustunnar sé viðurkennd sem og meðvitund fólks á sjálfbærni. Íbúar telja mikilvægt að fjármagn verði aukið í ferðaþjónustu ásamt mannskap tengt henni.

Skilaboðin

Íbúar telja mikilvægt að svæðið verði þekkt sem Sögustaður Íslands þar sem kynnst má íslenska hestinum og matarmenningunni betur. Skilaboðin ættu einnig að vera hreinleiki, nærvera við upprunann og sjálfbærni þar sem að næga afþreyingu er að finna.

Svæði 2 - Eyjafjörður

Sérstaða

Íbúar svæðisins telja sérstöðuna liggja í fólkinu sem hefur skapað söguna, t.d. Hákarla Jörundur, Magnús á Grund, Guðmundur ríki, Nonni og Manni, Jónas Hallgrímsson o.s.frv. Svæðið er afar ríkt af skáldamenningu og eru á Akureyri að finna fleiri skáldasöfn en í Reykjavík. Saga svæðisins er einnig mikil sérstaða að mati íbúa en hér var nefnd Sturlungasaga, Laufás, Gásir ásamt snjóflóðasögunum og þjóðsögunum. Munkaklastrin og torfbæirnir og kirkjurnar ásamt öllum söfnunum sem á svæðinu er að finna er einnig sérstaða sem og handverk og menningarviðburðir ýmis konar. Leiklistarhefðin er rík og skólaflóran fjölbreytt ásamt matarmenningunni. Hjartað í Vaðlaheiði og Græni hatturinn voru einni nefnd sem sérstaða.

Hvað vantar

Íbúar telja að bæta meitti ímynd landbúnaðar og kynna matvörur betur ásamt því að styðja þá staði sem bjóða uppá kynni við húsdýr. Íbúar telja þörf á betra upplýsingaflæði t.d. vefsíðu sem myndi geyma alla helstu opnunartíma og annað, ásamt kortum eða skiltum sem gætu frætt ferðafólk betur um svæðið. Menningarviðburði ýmskonar meitti efla ásamt hestasýningum, norðurljósasetri og byggingu sem hýsir mörg söfn. Íbúar leggja áherslu á aukin fjárframlög til að hægt sé að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu.

Skilaboðin

Íbúar telja skilaboðin eiga að tengjast hinni fjölbreyttu og ríkulegu afþreyingu og menningu ásamt því að vera hjartnæmt og öruggt samfélag.

Svæði 3

Sérstaða

Íbúar svæðisins telja sérstöðuna vera margs konar til dæmis í sögu svæðisins þar sem að Húsavík er elsta staðarheiti Íslands, kristnitaka Íslendinga hófst á svæðinu og í álfa- og tröllasögum, einnig í jarðfræðinni en sifellit fleiri upplýsingar eru að koma um eldri minjar sem og í matarmenningunni sem er rík á svæðinu þar sem boðið er uppá hverabrauð, kæst egg, ræktun á grænmeti og reykhus. Safnaflóran er rík á þessu svæði en þar má finna Safnahúsið, hvalasafn, fuglasafn, o.s.frv. Sjávarfengingin er mikil með Sjóminjasafninu og rekavið í fjörum. Íbúar nefna einnig landbúnaðinn sem sérstöðu en á svæðinu er að finna stærsta sláturhús á landinu sem og flestar sagnir um forystukindur koma frá þessu svæði. Skrúðgarðurinn á Húsavík er einnig talin sérstaða ásamt Húsavíkurkirkju, Laxárvirkjun, Flatey og Flateyjardalnum sem og vörðumar á Mývatnsöræfum. Handverk úr héraði er einnig sérstaða samkvæmt íbúum og nú hefur fatahönnun út frá náttúrunni færst í aukana.

Hvað vantar

Íbúar telja mikilvægt að gera meira úr sögu svæðisins, t.d. með sögukorti, og með því gefa gestum dýpri upplifun af svæðinu. Þeir telja áriðandi að fara í markhópagreiningu og efla upplýsingaflæði til ferðafólks með t.d. skiltum. Íbúar nefna margar tegundir afþreyingar sem meitti bæta við á svæðinu og má hér nefna setur fyrir fyrsta reista býlið, möguleika á að sjá og kaupa ferskan fisk, nýta Skrúðgarðinn fyrir menningarviðburði ásamt því að nýta göngur og réttir sem og hugtakið mæra betur. Íbúar telja einnig vanta að auka við eða breyta opnunartíma safna.

Skilaboðin

Íbúar telja skilaboð svæðisins til ferðafólks eiga að vera að á svæðinu sé að finna rótgróna menningu þar sem kynnast má einstakri sögu allt frá landnámi. Íbúar nefna einnig jarðhitann og allan fjölbreytileikann sem hægt er að upplifa á svæðinu.

Svæði 4

Sérstaða

Íbúar nefna að sérstaða svæðisins sé í sögu þess, m.a. Grettissaga, síldveiðiárin, Fóstbræðrasaga, Byggðasafnið á Snartarstöðum ásamt sögu þess hvernig íbúar gátu lifað af náttúrunni og hvernig samfélagið er í dag en ferðafólk getur farið í sögugöngu um svæðið til að kynnast því betur. Mikla viðáttu og náttúrutengingu er að finna á svæðinu og telja íbúar þetta góðan stað fyrir listamenn til að finna ró og frið til að skapa öðruvísi list en einnig er í boði svokallaður listaslóði fyrir gesti en Heimskautsgerðið er listaverk svæðisins. Menningar- og íþróttaviðburðir eru af ýmsum toga en einnig má heimsækja setrin á svæðinu, Skjálftasetrið og Forystufjársetrið, sem eru afar áhugaverð.

Hvað vantar

Íbúar telja vöntun á samvinnu, bæði þegar kemur að markaðssetningu en einnig þegar kemur að upplýsingagjöf til ferðafólks, að þeir þjónustuaðilar sem eru á svæðinu kynni sér það sem aðrir eru að gera og bjóða uppá, til að hægt sé að upplýsa ferðafólk um hvað sé í boði á svæðinu. Þegar að kemur að upplýsingum telja íbúar það einnig mikilvægt að teknar sé saman upplýsingar og myndir af svæðinu til að ferðafólk geti kynnt sér svæðið áður en komið er á staðinn og besta staðurinn fyrir það væri á einhvers konar upplýsinga- og/eða menningarmiðstöð. Íbúar telja einnig mikilvægt að ráðin séu til starfa fólk sem getur sinnt leiðsögn og þýðingum á efni en einnig fræðinga sem geta gefið dýpri þekkingu á hverju efni fyrir sig, líkt og fuglum og fiskum. Íbúar telja að enn sé verið að byggja upp ferðaþjónustu yfir sumartímann og ekki sé komið að því að byggja hana upp yfir vetrartímann en lyklatríði hvað það varðar er aðgengi, en eftitt sé að komast á svæðið og þegar þangað væri komið væru fáir dagar eftir af fríinu. Íbúar telja einnig að fjármagn og frumkvöðla vanti til uppbyggingar sem og eftirspurnina.

Skilaboðin

Íbúar telja að skilaboð svæðisins vera að svæðið sé kjörið til að ferðast á til að geta verið útaf fyrir sig vegna fámennis en auðvelt sé að finna tenginuna við samfélagið, söguna og hina sérstöku íslensku menningu. Þar sé að finna kyrrð, viðerni, frið og ró. Á svæðinu getur ferðafólk upplifað hið „alvöru“ Ísland; sjávarútveginn, sauðfjárbúskapinn, jarðfræðina, mannlífið og fengið að sjá hvernig fólk býr eins og það hefur gert í gegnum aldirnar en þetta er staðurinn sem fólk heimsækir þegar það kemur í seinni skiptin til Íslands. Íbúar telja þó mikilvægt að skilaboðin komi skýrt fram í upplýsingum sem ferðafólk sækir áður en það heimsækir svæðin og að einungis þeir sem þekkja vel til mega gefa þær upplýsingar.

Samantekt

Íbúar svæðanna telja sögu síns svæðis vera hina mestu sérstöðu hverju sinni og eru sammála um að ekki þarf að fara langt innan svæðisins til að fræðast um nýja sögu. Íbúarnir telja einnig að hin ýmsu söfn og setur séu mikil sérstaða ásamt hátíðum og viðburðum. Landbúnaðurinn er sérstaða sem íbúar vilja fræða gesti um ásamt því að kynna ferðafólk fyrir matarmenningu svæðanna.

Íbúar telja uppbyggingu á ferðaþjónustu, hvort sem er á afþreyingu, innviðum eða samgöngum ábótavant á svæðunum. Þeir telja nauðsynlegt að veittur sé stuðningur til hvers kyns uppbyggingar eða stuðningur við frumkvöðla. Einnig er þörf á upplýsingum, bæði samantekt og miðlun til ferðafólks, sem og samvinnu og markaðssetningu, en það eru einnig punktar sem íbúar vilja að tekið sé á.

Söguferðaþjónusta, kyrrð og ró eru helstu skilaboð svæðanna allra. Íbúar telja að á Norðurlandi sé hægt að koma til að finna nánd við samfélögin, söguna og náttúruna allt árið um kring og kynnast betur hinu „alvöru“ Íslandi.

Lykilorð: Saga, söfn/setur, viðburðir, uppbygging, stuðningur, upplýsingar, nánd, friður og ró, landbúnaður, alvöru.



Viðauki 2

Húnavatnssýslur

	Stig
Kálfshamarsvík	33
Vatnsnesvegur	29
Vatnsdalshólar	29
Stefnumótun sýslunnar	14
Selaskoðunarstaðir	7
Áfangastaðir	7
Gönguleiðir	4
Gamli bærinn Blönduós	3
Blöndubrá	0
Hrútey	0
Afþreyingarmöguleikar	0
Heilsársafþreying	0

Skagafjörður og Fjallabyggð

	Stig
Austurdalur/Jökulsárgljúfur	32
Reykjafoss/Fosslaug	29
Glaumbær	20
Orustur í Skagafirði	19
Íslenski hesturinn (setrið)	12
Gönguskiðasvæði	12
Amarstapi	6
Formminjar/Landnámsbær	4
Ketubjörg	4
Drangey	2
Biskupslaug/Hjúalaug	2
Fuglaskoðun við Sauðárkrók	1
Grillsvæði Ólafsfirði	0
Næturðvalarskilti	0
Brú í Ólafsfirði	0
Varúðarskilti	0
Tjaldstæði á Siglufirði	0
Gönguleiðir í Fjallabyggð	0
Leirbaðshús við Reyki	0
Örlygsstaðir	0

Eyjafjörður og Dalvíkurbyggð

	Stig
Kláfur/Hlíðarfjall	39
Merkingar í Eyjafirði/Norðurlandi	38
Hjartað í Vaðlaheiði	30
Glerárdalur og gönguleiðir	21
Hjólástígar í Eyjafirði	18
Friðland Svarfdæla	8
Laufás	7
Útgerðaminjasafn	5
Sjávarþorpið Hrísey	4
Ímynd Dalvíkurbyggðar	0
Heimskautsbaugurinn	0
Dalsmynni	0
Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli	0
Fuglaskoðunarsvæði	0

Svæði 4- Norðurhjarasvæði

	Stig
Dettifossvegur	59
Heimskautsgerðið	47
Langanessströnd- vegur (Bakkafjörður- Þórshöfn)	37
Bryggjan á Bakkafirði	8
Göngustígur út á hafnargarðinn á Þórshöfn	4
Salemisaðstaða á Skoruvíkurbjargi	2
Vegurinn út á Langanes	1
Fjallahöfn	1

Svæði 3-Þingeyjarsýsla norður að Jökulsá

	Stig
Dettifossvegur	36
Þeistareikur	27
Hjóla- og göngustígur við Mývatn	25
Leirhnjúkur og Víti	15
Skiðasvæðið við Reyðarárhjúk	10
Norðurstrandarleið	3
Skemmtiferðaskip Húsavík	3
Bárðardalsvegur	2
Uppbygging við Aldeyjarsfoss	1
Uppbygging við Höfða	1
F88 vegurinn	1
Hverarönd	0
Áframhaldandi uppbygging við Goðafoss	0
Fuglastígur	0



Viðauki 3 • Áfangastaðaaætlun Norðurland - Aðgerðir 2018-2020

Framtíðarsýn: Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðaþjónustu allt árið sem tryggi uppbyggingu innviða,greiðar samgöngur, fleiri heilsársstörf og meiri framlegð í greininni.

MEGINMARKMIÐ						
Samgöngur						
NR						
Vegaframkvæmdir						
1	Vatnsvegur					
	NR	ADGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
		Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
		Að gera aðgengi að Vatnsdalshólum og Þristöpum þannig úr garði gerð að aðgengi sé öruggt.	Útbúa bílastæði, göngustig að aftökustað, efla upplýsingaveitu á svæðinu, byggja upp gönguleiðir á svæðinu	2020	Sveitarfélagið Húnavatnshreppur, minjavernd, Þjóðminjasafnið, stjórnvöld	Það er búið að gera greiningu á fjármögnun en hún er 70.876.000.-
1						
NR						
STARFSMARKMIÐ						
Vegaframkvæmdir						
2	Dettifossvegur					
	NR	ADGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
		Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
		Klára að fjármagna verkefnið - áætlun er til staðar hvernig eigi að vinna verkefnið	8 kílómetra kaflí þar sem þarf að leggja bundið slitlag, veginn niður í Hólmatungur um 2,6km og Vesturdal um 4,2km ásamt áningarstöðum	2019	Alþingi, Samgönguráðuneyti,Ve-gagerðin	Ríkið fjármagnar verkefnið. Fjármögnun verkefnisins hefur verið greind en heildarþörf er talin 1,6 milljarður
1						
NR						
STARFSMARKMIÐ						
Vegaframkvæmdir						
3	Bakkafjarðarvegur					
	NR	ADGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
		Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
		Setja bundið slitlag á 3 kafla á Bakkafjarðarvegi sem oftast er nefndur Langanesströnd. Með því myndist opnast öflug viðbót við ferðaþjónustu á svæðinu	Þrír vegarkafar eru ómalbikaðir á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Það stöðvar allt flæði um svæðið því rútur neita að keyra ómalbikaða vegi og einnig er bilaleigubíllum oft bannað að fara ómalbikaða vegi.	2020	Alþingi, Samgönguráðuneyti, Vegagerðin	Ríkið fjármagnar verkefnið. Vegagerðin hefur kostnaðarmetið tvo af þremur vegakafla. • Fell og Helluland að Skeggjastöðum- 1 milljarður • Brekkaheidi- óljóst
3						



					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANABKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Fjöldi ferðamanna á svæðinu	Er í Landsáætlun 2018 - 2020	Töluverð undirbúningsvinna hefur nú þegar verið gerð þannig að það ætti að vera auðvelt að framkvæma verkefnið	Beðið eftir fjármagni	X				X	

					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANABKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	3x fleiri ferðamenn koma að Dettifossi en í Ásbyrgi - Uppbygging Dettifossvegjar er líka mikilvæg fyrir svæðið í Óxarfirði og er eitt helsta sóknartækifæri og byggðaeftling svæðisins		Búið að gera allar áætlanir þarf bara fjármagn	Vantar fjármagn				X		

					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANABKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Að tengja þórshöfn við Vopnafjörð og þannig auka flæði ferðamanna um Austurland. Þetta kemur öllu svæðinu til góða og myndar einnig hringtengingu þórshöfn - Vopnafjörður - Möðrudalsöræfi - Myvatn - Húsavík - Ásbyrgi - Þórshöfn.		Raunhæft að hægt sé að fara í verkefnið, þar sem er búið að meta flesta hluta verkefnisins					X	X	

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Innviðaupbygging					
4	Kálfshamarsvík				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Þarf að gera nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og undirbúa kynningarefni fyrir svæðið	Þær áherslur sem koma útúr deiliskiplagi	2020	Sveitarfélagið Skagabyggð og stjórnvöld	
3					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Ný uppbygging á núverandi stað					
5	Vatnsdalshólar				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Að gera aðgengi að Vatnsdalshólum og Þristöpum þannig að aðgengi sé öruggt.	Útbúa bílastæði, göngustíg að aftökustað, efla upplýsingaveitu á svæðinu, byggja upp gönguleiðir á svæðinu.	2020	Sveitarfélagið Húnavatnshreppur, Minjavernd, Þjóðminjasafnið, stjórnvöld.	Það er búið að gera greiningu á fjármögnun en hún er 70.876.000,-
3					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
6	Austurdalur / Jökulsárgljúfur				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Gert sé deiliskipulag fyrir svæðið - í framhaldi af því gerð verkáætlun fyrir svæðið.	Nauðsynleg er innviðaupbygging er nauðsynleg á svæðinu eins og göngustígar, salernisaðstaða og merkingar.	2020	Sveitarfélagið Skagafjörður.	Sveitarfélagið Skagafjörður og stjórnvöld
3					

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháðersla: Norðurstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Þegar hægt er að markaðssetja svæðið sem hagsmunaaðilar telja mikilvægan áfangastað fyrir Norðurland vestra		Það er á áætlun sveitarfélags að gera deiliskipulag 2018 fyrir svæðið. Ef fjármagn fæst er auðvelt að fara í framkvæmd á verkefninu	Deiliskipulag í undirbúningi				X		

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháðersla: Norðurstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Fjöldi ferðamanna á svæðinu	Er í Landsáætlun 2018 - 2020	Töluverð undirbúningsvinna hefur nú þegar verið gerð þannig að það ætti að vera auðvelt að framkvæma verkefnið	Beiðð eftir fjármagni	X				X	

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháðersla: Norðurstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Fjöldi ferðamanna á svæðinu.		Raunhæft verkefni	Verkefnið fellur undir skipulag, forvarir og uppbyggingu en mikil aukning er í fjölda ferðafólks um svæðið síðustu ár. Með tilkomu endurnýgðu á bókinni Konan í dalnum og dæturnar 7 og nýjum göngukortum um Austurdal sem koma út fjórtílega mun verða meiri vakning á þessum afskekktu stað sem er viðkvæmur gróðurfarslega.						

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Uppbygging á núverandi stað					
7	Reykjafoss / Fosslaug				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
1	Bætt aðgengi við Reykjafoss og skipulagning við svæðið	Útsýnispallur austan megin við fossinn.	2020	Eigandi og sveitarfélagið Skagafjörður	Eigandi, Sveitarfélagið Skagafjörður og stjórnvöld
	Bætt aðgengi við Fosslaug og skipulagning við svæðið	Merkingar, salernisaðstaða, gönguleiðir og öryggi ferðamanna	2020	Eigandi og Sveitarfélagið Skagafjörður	Eigandi, Sveitarfélagið Skagafjörður og stjórnvöld
2					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Uppbygging á núverandi stað					
8	Glaumbær				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
1	Ganga frá deiliskíplagi fyrir svæðið og til þess að hægt sé að gera það þarf að klára samning við Þjóðkirkju, Þjóðminjasafn og Sveitarfélagsins Skagafjarðar	Nýtt þjónustuhús, bílastæði, göngustíg og auka vatnsrennsli í bæjarlæknunum	2020	Sveitarfélagið Skagafjörður, Þjóðkirkja, Þjóðminjasafn	

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
9	Heimskautsgerði				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
1	Klára gerð Heimskautsgerðis við Rauðarhöfn	Göngubrú, gera steinhleðslu og búa til dvergskulptúra	2020	Norðurland, stjórn Heimskautsgerðis, stjórnvöld	Fjárfert er 150 milljónir

					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Fjöldi ferðamanna á svæðinu.		Raunhæft verkefni	Verkefnið er í byrjunarstigi						
	Fjöldi ferðamanna á svæðinu		Raunhæft verkefni	Verkefnið er lítt á veg komið og ekki búið að klára deiliskipulag fyrir svæðið. Nást verður sátt hagaðila um framtíðarskipan og umsýslu svæðisins áður en lengra verður komist.						

					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Bætt aðgengi að einum helsta áfangastað í Skagafirði		Raunhæft verkefni	Verkefnið er í vinnslu en þarf samvinnu aðila til að klárast						

					TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuáhersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STADA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Nýr segull fyrir Norðausturland sem þegar hefur sannað sig.		Raunhæft verkefni	Vantar fjármagn til að klára lokauppbyggingu við verkefnið					X	

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Uppbygging á núverandi stað					
10	Merkingar við Eyjafjörð				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Bæta merkingar á svæðinu - innleiðing brúnna skilta	Sambærileg skilti á svæðinu sem tryggir aðgengi og öryggi ferðamanna	2020	Alþingi, Samgönguráðuneyti, Vegagerðin	
1					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
11	Kláfur í Hlíðarfjall				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Uppbygging kláfs í Hlíðarfjalli	Innviðagreining á svæðinu	Innviðagreining á svæðinu	Akureyrarkaupstaður, Hlíðarhryggur, Stjórnmöld	
1					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
12	Hjartað í Vaðlaheiði				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Byggt verið upp hjarta á stærð við fótboltavöll og blikki í takt við hjartslátt.	Klára hönnun og gera prófanir.	2020	Akureyrarkaupstaður, Svalbarðstrandahreppur, stjórnmöld	Ekki búið að full greina kostnað við verkefnið en áætlað um 25 milljónir
1					

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Bætt aðgengi og öryggi á svæðinu		Raunhæft verkefni	Hjá Vegagerðinni er stefnumótun í gangi vegna brúnna skilta				X	X	

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Fjöldi ferðamanna á svæðið		Er verið að meta hversu raunhæft verkefnið er	Hliðarhryggur ehf er að vinna að greiningu á mögulegri fjárför					X	

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháersla: Norðrstrandarleið	Aðrar áætlanir
	ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA						
	Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?						
	Verður einstakt í heiminum og á því eftir að draga að fjölda ferðamanna	Fyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar á svæðinu sem geta styrkt verkefnið	Er verið að meta hversu raunhæft verkefnið er	Verkefnahópur verkefnisins er að vinna að undirbúningi verkefnisins.					X	

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
13	Uppbygging við þeistareyki				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Þarf að gera greiningu á svæðinu með tilkomu vegar niður að Hólasandi sem gerir þetta að skemmtilegri hringleið	Greina svæðið og hvaða hönnunarvinnu þarf að fara í.	2020	Þingeyjarsveit, Landsvirkjun, stjórnvöld	
1					

NR					
STARFSMARKMIÐ					
Nýr áfangastaður					
14	Göngu- og hjólaleið við Mývatn				
NR	AÐGERÐ	VÖRÐUR	TÍMARMÖRK	ÁBYRGÐ	FJÁRMÖGNUN
	Hver er aðgerðin?	Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?	Hver er tímarammi aðgerðarinnar?	Hver ber ábyrgð á framkvæmd og hverjir eru stuðningsaðilar?	Hverjir fjármagna aðgerðina?
	Hanna og byggja upp hjóla- og göngustíg frá Reykjahlöð að Dimmuborgum. Það væri 1. áfangi verkefnisins en heildarverkefnið er að leggja stíg kringum vatnið.	Hanna leiðina og fjármagna	2020	Skútustaðahreppur og stjórnvöld	Skútustaðahreppur og ríkið
1					

					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháhersla: Norðurstrandarleið	Aðrar áætlanir
ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA							
Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?							
Fjöldi ferðamanna, en þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað er nauðsynlegt að bregðast við svo svæðið skemmist ekki með tilkomu nýrrar hringleiðar.	Önnur sveitarfélög á svæðinu eins og Norðurþing og Skútustaðahreppur		Eins og staðan er í dag eru engin áform um uppbyggingu á svæðinu							
					TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR					
					Landsáætlun um uppbyggingu innviða	Sóknaráætlun Norðurlands Vestra	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra	Samgönguáætlun	Stefnuháhersla: Norðurstrandarleið	Aðrar áætlanir
ÁRANGURSMAT	UTANADKOMANDI ÞÆTTIR	RAUNHÆFT	STAÐA							
Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?	Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum?	Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?	Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?							
Þegar búið er að leggja stíg		Auðvelt ef fjármagn fæst	Já hjá sveitarfélagi							X

